FRÆNDAFUNDUR 8

Frændafundur 8

Greinasavn frá føroysk-íslendskari ráðstevnu
í Tórshavn 24. og 25. august 2013

Greinasafn frá færeysk-íslenskri ráðstefnu
í Þórshöfn 24. og 25. ágúst 2013

Ritstjórar
Turið Sigurðardóttir
María Garðarsdóttir

Fróðskapur
Tórshavn 2015

ISBN 978-99918-65-20-1
ISSN 0365-6772
EAN 9789991865201

© 2015 Høvundar

Forlag: Fróðskapur, Tórshavn
Umbróting, repro, prent og innbinding: Føroyaprent

ANNALES SOCIETATIS SCIENTIARUM FÆROENSIS – SUPPLEMENTUM 49

INNIHALD

Formáli 7

Þórunn Blöndal: Móðurmálskennslan og tíminn 9

Vár í Ólavsstovu: Føroysklærugreinin í studentaskúlanum 31

Kolbrún Friðriksdóttir: Styðjandi námsumhverfi Icelandic Online 45

Þórhildur Oddsdóttir: Stöðumat og þróun orðaforða á fyrsta misseri í BA-námi í dönsku 75

Erla Olsen: Týðandi og minni týðandi lærugreinar – ella søgan um hugvísindahugaða skúlan 99

Amalía Björnsdóttir: Viðhorf færeyskra og íslenskra nemenda til skólagöngu sinnar. Hversu vel ríma viðhorf nemenda við þær áherslur sem birtast í lögum og kennsluskrám? . . 117

Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir: Fall eða setningarstaða? Þróun falla í máltileinkun 135

Guðrún Þórhallsdóttir: Notkun málfræðilegra kynja í íslensku og færeysku . 159

Höskuldur Þráinsson: Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. 183

Zakaris Svabo Hansen: Máltøka í broyting: Sagnorðsflyting hjá føroyskum børnum 215

Sigríður Sigurjónsdóttir: Afturbeyging í máli færeyskra barna með nokkrum samanburði við íslensku 229

Jóhannes Gísli Jónsson: Endurtúlkun ia-stofna í íslensku og færeysku 253

Remco Knoohuizen: Málsamband og málbroyting í Hetlandsorðabókini eftir Jakob Jakobsen 267

Gudlaug Nedrelid: Øynordisk (vestnordisk) som studieemne i nordiskfaget ved norske universitet 281

Marjun Arge Simonsen: Nøkur orð um málreinsing í sambandi við frøðimálið í føroyskum frálærutilfari 301

Björn Ægir Norðfjörð: Íslensk kvikmyndagerð: Þjóðleg, þverþjóðleg og loks alþjóðleg 319

Noomi í Dali: Føroysk bindimentan í søguligum og nútíðarligum høpi. 343

Hlynur Helgason: Höfundarverkan Níelsar Hafsteins 355

Anne-Kari Skarðhamar: Myndabøkurnar um skrímslini í undirvísingarfrøðiligum perspektivi 371

Sigríður Magnúsdóttir: Talmeinafræði við Háskóla Íslands. Kynning á nýrri námsbraut. 383

Greinahøvundar 387

Formáli

Granskingarsamstarvið millum Fróðskaparsetur Føroya og Hugvísindadeild Háskóla Íslands helt áttanda frændafund í Føroyum dagarnar 24. og 25. august 2013. Har bóru granskarar úr Íslandi, Føroyum og aðrastaðni frá fram fyrilestrar um føroysk og íslendsk evnir, til samans 36 fyrilestrar. Ætlanin var at varpa ljós á serliga tvey ávís evnir. Annað var móðurmál og námsfrøði, hitt filmsgerð í Føroyum og Íslandi. Tað fyrra evnið varð viðgjørt í tveimum innbodnum høvuðsfyrilestrum og nøkrum stuttum fyrilestrum. Tað seinna, filmsgerð, í tveimum innbodnum høvuðsfyrilestrum. Haraftrat var ein nøgd av fyrilestrum við fjølbroyttum evnisvali. Fyrilestrarnir vórðu hildnir á føroyskum og íslendskum, einstakir á donskum og norskum. Áhoyrarafjøldin var stór og umrøðurnar áhugaverdar og lívligar.

Ráðstevnubókin er eitt úrval av fyrilestrunum. Summir fyrilestrahaldarar valdu ikki at lata ritstjórnini fyrilestur sín við útgávu í huga. Greinarnar í bókini eru javnlíkamettar. Harafturat kemur kunning um tað nýggja námið við Háskóla Íslands í logopedi, sum Sigríður Magnúsdóttir bar fram á ráðstevnuni.

Nú bókin kemur, eru vit fullvísar í, at lesarar í ymsum londum hava eina ríka lestrarupplivan í væntu takkað veri tí góða samstarvinum millum høvundarnar, javnlíkametararnar og ritstjórnina. Lena Reinert, Føroyamálsdeildini, Alwin-Jon Hills og Sigríður Þorvaldsdóttir, bæði við Háskóla Íslands, eiga somuleiðis tøkk fyri sín lut í at gera bókina prentbúna.

Ráðstevnuhaldið og útgávan eru liðir í at menna granskingarsamstarv millum Fróðskaparsetur Føroya og Háskóla Íslands. Tað eru Íslandsnevndin á Fróðskaparsetri Føroya og Føroyanevndin á Megindeild fyri hugvísindi, Háskóla Íslands, sum hava havt ráðstevnuna og útgávuna um hendur. Í Føroyanevndini sótu Ingi Sigurðsson (form.), Auður Hauksdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Hjalti Hugason, Magnús Snædal og María Garðarsdóttir (ritari). Í Íslandsnevndini sótu Turið Sigurðardóttir (form.), Anfinnur Johansen, Hans Andrias Sølvará, Jóhan Hendrik W. Poulsen, Lena Reinert og Malan Marnersdóttir.

Samstarvið byggir á sáttmála frá árinum 1990 millum Fróðskaparsetrið og Heimspekideild Háskóla Íslands. Sáttmálin varð í 2013 dagførdur til at fevna um allar megindeildir Háskóla Íslands, og í tí viðfangi eru nevndirnar tvær

eisini víðkaðar við umboðum úr fleiri megindeildum. María Garðarsdóttir er nýggjur formaður í teirri íslendsku nevndini og Hans Andrias Sølvará í teirri føroysku.

Ráðstevnan fekk stuðul frá Mentanargrunni Landsins, Stiftelsen Clara Lachmanns Fond, Letterstedska Föreningen og Fróðskaparsetri Føroya.

Frændafundur 7 er atkomuligur á http://hugvis.hi.is, og innihaldsyvirlit yvir útgávurnar er at finna á heimasíðu Setursins (http://setur.fo > foeroya-malsdeildin > gransking > samstarv > fraendafundir).

RITSTJÓRAR

ÞÓRUNN BLÖNDAL

Móðurmálskennslan og tíminn

Inngangur

Ég heyrði haft eftir Jóni Gnarr, borgarstjóra í Reykjavík, að það væri álíka erfitt að breyta skólakerfinu og að færa kirkjugarð, í hvorugu tilvikinu væri að vænta hjálpar innan frá. Það er sannleikskorn í þessum ummælum. Skólinn er í eðli sínu íhaldssöm stofnun og íslenskan sem skólanámsgrein er sennilega íhaldsömust allra greina. Umræða um íslenskt mál verður oft tilfinningaþrungin og virðist nátengd lífsskoðun fólks. Tungumálið er mikilvægur hluti af sjálfsmynd og sjálfskilningi einstaklinga og þjóðarinnar í heild og þannig hefur þessu verið farið á öllum tímum.

Í því sem hér fylgir verður rætt um íslensku sem skólanámsgrein. Aðallega verður staldrað við í okkar tíma en þó verður litið til þess liðna og þess sem er framundan. Það er einhvern veginn eðli skólans að dvelja lítið í „núinu“. Í skólanum er hugað að fortíð með því að kynna menningararfinn og með því að ganga inn í hefðir og venjur sem skapast hafa í skólastarfi gegnum tíðina. Þar er einnig litið fram á veginn og reynt að sinna því hlutverki skólans að búa nemendur undir framtíð sem enginn veit hvað ber í skauti sér og það er gert með því að kenna þær greinar sem enn eru taldar grundvallarþættir í námi, þ.e. lestur, skrift, stærðfræði og tungumál. Nútíminn og það sem hann hefur upp á að bjóða á ekki greiða leið inn fyrir veggi skólans. Þar má nefna hinar ótrúlegu breytingar á samskiptaháttum sem átt hafa sér stað á síðustu áratugum og aðrar tækninýjungar samtímans sem skólinn skiptir sér sáralítið af enn sem komið er en eru mikilvægur hluti þess veruleika sem nemendur búa við.

Spurningarnar sem vakna þegar rætt er um kennslu móðurmálsins eru m.a. þessar: Hvað þurfa nemendur að kunna sem nú eru að hefja skólagöngu og verða enn í blóma lífsins um miðja þessa öld? Hvert er hlutverk móðurmáls og móðurmálskennslu á okkar tímum? Hver er sérstaða móðurmáls og að hvaða leyti er það hluti af sjálfsmynd okkar? Gerir málið okkur virkilega að þjóð? Og loks: Hvaða máli skiptir þjóðerni á tímum hnattvæðingar? Allt

sem drepið verður á snýr að einni og sömu spurningunni sem hér svífur yfir vötnum: Að hvaða marki stefnum við með móðurmálskennslunni?

Greinin er í þremur hlutum. Fyrst er fjallað um sjálfsmynd einstaklinga og þjóða og birtingarmyndir hennar en sú umræða er náskyld umræðu um þjóðerni og þjóðerniskennd. Næst verður litið á nútímann og tæknina og loks verður hugað að framtíðarmarkmiðum og þá einkum því hver þörfin sé fyrir móðurmál og móðurmálskennslu og hverju slík kennsla ætti að skila.

Þjóð á meðal þjóða

Ferskir vindar

Umtalsverðar breytingar urðu á skólamálum í Evrópu á síðari hluta 19. aldar og víða var skólaskylda tekin upp. Þessir fersku vindar bárust til Íslands og lög um fræðslu barna frá 1907 marka skýr þáttaskil í skólasögu Íslendinga. Þau fólu í sér reglur um hvaða námsgreinar skyldu kenndar og hvert innihald þeirra ætti að vera. Síðan þá hefur móðurmálið – íslenskan – verið aðalnámsgrein skólans. Og ólíkt því sem var t.d. í Færeyjum hefur alltaf verið kennt á móðurmáli flestra landsmanna á Íslandi. Í upphafi bar námsefnið í mörgum greinum þess merki að reynt var að höfða til tilfinninga barnanna, ekki síst þjóðernis-tilfinningar, eins og gert var í langlífri Íslandssögu Jónasar Jónssonar frá Hriflu, sem enn er oft vitnað til, þar sem höfundur dregur upp mynd af kjarkmikilli íslenskri þjóð, baráttu hennar og „átökum milli góðra Íslendinga og vondra útlendinga“ (Gunnar Karlsson 1982: 186; sjá einnig Ólaf Rastrick 2008: 197). Þetta var sú mynd sem dregin var upp fyrir íslensk börn um áratuga skeið því kennslubók Jónasar (kom fyrst út 1915) var ein langlífasta kennslubók Íslands-sögunnar og í raun má líta á hana sem „minnisvarða þeirrar kynslóðar sem bar uppi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga“ (landsbokasafn.is 2010). Þetta var hið þjóðlega veganesti sem kynslóðir Íslendinga héldu með út í lífið.

Sjálfsmynd Íslendinga

Hver einstaklingur hefur einhverja sýn á sjálfan sig, einhverja sjálfsmynd eða sjálfsvitund. Þegar margir einstaklingar koma saman í hóp sem skilgreinir sig sem þjóð verður til sameiginleg sjálfsmynd hópsins (eða *samvitund* innan hóps, sjá Braga Guðmundsson 2009). Íslendingar þurftu áður fyrr að sýna og sanna að þeir væru gjaldgengir sem menningarþjóð og fullgildir í samfélagi þjóða. Sjálfsmyndin sem þarna varð til byggðist mikið til á tungumálinu og menningararfinum sem að mestu leyti er bundinn í mál. Lýðveldið Ísland er ungt og það tekur tíma fyrir einstaklinga og þjóðir að þroska með sér heil-

brigða sjálfsmynd. Sjálfsmynd einstaklings hlýtur alltaf að vera samsett úr þeirri mynd sem hann hefur af sjálfum sér og því hvernig hann speglar sig í samfélagi sínu. Sjálfsmynd þjóðar felst þá í sáttmála sem samfélagið gerir með sér um þá mynd sem þjóðin vill gefa af sjálfri sér og því viðmóti sem hún fær í samskiptum við aðrar þjóðir. Á árunum fyrir hrun var sú mynd sem dregin var upp af þjóðinni og veifað framan í umheiminn mjög fjarlæg þeirri mynd sem drjúgur hluti þjóðarinnar hafði af sjálfum sér. Sá hluti þjóðarinnar var hins vegar ekkert spurður álits.

Sjálfsmynd þarf að byggjast á raunsæju mati en ekki því sem einstaklingar – eða þjóð – vilja trúa að sé satt. Íslendingum virðist hafa hætt til að upphefja sjálfa sig gegnum tíðina og líta á sig sem sérstök eintök – það er í besta falli broslegt en í versta falli hættulegt eins og dæmin sanna. Þörfin til að upphefja sig kemur snemma fram, líka í tengslum við menntamál. Árið 1889 skrifar Gestur Pálsson, rithöfundur:

> Það hefur lengi verið þjóðtrú hér á landi, að alþýðan á Íslandi væri betur menntuð heldur en nokkur önnur alþýða í heimi. Og það eru ekki alþýðumenn einir, sem hafa haldið þessari skoðun fram, heldur einmitt margir menn, sem taldir hafa verið vel menntaðir. Þetta mál er þess vert, að það sé skoðað nákvæmlega, því sé það satt, að alþýðan íslenzka sé sú bezt menntaða í heimi, þá er það svo mikil þjóðarfrægð, að henni væri aldrei of hátt á lopt haldið; en sé þetta röng skoðun, þá er sú lýgi svo háskaleg fyrir alla þjóðarframför og allan þjóðarþroska hér á landi, að nauðsynlegt er, að vinna sem allrafyrst bug á henni (Gestur Pálsson 1889: [165]).

Í stuttu máli sagt kemst Gestur að því að þessi mynd sem þjóðin dró upp af sjálfri sér á síðasta hluta 19. aldar ætti ekki við rök að styðjast. Þarna var sem sé rof á milli þeirrar myndar sem gefin var af þjóðinni og þess hvernig ástandið var í raun og veru. Sjálfsupphafning getur verið til marks um brotna sjálfsmynd, jafnvel vanmetakennd; einstaklingur sem „hvílir vel í sjálfum sér“ þarf ekki að grípa til sjálfshóls og ýkjukenndra lýsinga á eigin ágæti til að ná athygli út á við. Það sama hlýtur að eiga við um sjálfsmynd þjóðar. Þessi sjálfsmyndarkrísa Íslendinga hefur haft margar birtingarmyndir gegnum tíðina. Sorglegasta dæmið um ofmetnað íslenskra athafnamanna sem héldu að þeir hefðu fundið upp töfraformúlu í bankastarfsemi endaði í bankahruninu 2008.

Birtingarmyndir brotinnar sjálfsmyndar tel ég einkum vera tvær: Annars vegar getur brotin sjálfsmynd komið fram í hroka og stærilæti og hins vegar í ofurviðkvæmni fyrir gagnrýni og aðfinnslum. Hrokinn birtist oft í

samskiptum við samferðamenn og kemur stundum í veg fyrir að Íslendingar taki vinsamlegum tilmælum eða leiðbeiningum um það sem betur mætti fara, saki jafnvel hinn aðilann um fáfræði eða skort á heimildum til að byggja gagnrýnina á. Viðkvæmnin kemur fram í því að menn eru hörundsárir og taka nærri sér hvað aðrir segja um land og þjóð. Þegar Íslendingar spyrja útlendinga: „How do you like Iceland" þá ætlast þeir bara til að fá jákvæð svör, annað kemur ekki til greina. Að sama skapi verður fólk – sérstaklega frægt fólk – Íslandsvinir um leið og það stígur fæti á íslenska jörð, það nærir þjóðaregóið.

Þjóðernishyggja eða þjóðhyggja?

Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld var lögð áhersla á mikilvægi íslensks máls fyrir íslenska þjóð og enn eimir eftir af þeirri skoðun að það sé fyrst og fremst málið sem geri okkur að þjóð (sjá t.d. Ástráð Eysteinsson 2013: 316–323).

Þar sem tungumálið er svo nátengt sjálfsmynd þjóðarinnar fer ekki hjá því að umræða um íslenskt mál og menningu verði oft tilfinningaþrungin og svolítið upphafin. Þetta viðhorf til tungumálsins hefur verið allútbreitt og heyrist oft í tímamótaræðum ráðamanna og -kvenna. Á slíkum stundum er sagt að tungan sé okkar sameiningartákn, hún varðveiti menningararf okkar og tengi saman fortíð og framtíð (Guðmundur Hálfdanarson 1996: 7).

Íslenskt samfélag okkar daga er þó ólíkt flóknara að allri gerð en bændasamfélag fyrri ára og móðurmál Íslendinga mörg. Í landinu býr nú ekki aðeins fólk með rætur á Íslandi heldur líka fjöldi fólks af ólíkum uppruna, íslenskir ríkisborgarar en fólk sem er alið upp við aðra menningu og aðra siði (Bragi Guðmundsson 2009: 9–10). Sífellt stærri hópar eiga annað tungumál en íslensku að móðurmáli og ekki er lengur hægt að ganga út frá því að allir Íslendingar tali íslensku hiklaust og án hnökra.

Bragi Guðmundsson (2009: 10) veltir því fyrir sér hvað liggi að baki sameiginlegri sjálfsmynd Íslendinga, því sem hann kallar *samvitund*, og hvaðan hún fái sína næringu. Það er augljóst að á Íslandi má finna marga hópa sem skilgreina sig ekki síður út frá sameiginlegri menningu upprunalands heldur en því að vera Íslendingur, þeir deila sem sé menningarlegri samvitund (s.h.: 18). Þetta nýja íslenska samfélag er því langt í frá jafn einsleitt og íslenskt bændasamfélag fyrri tíma sem þó virðist vera það viðmið og sá útgangspunktur sem gengið er út frá í máli sumra ráðamanna. Þessi sýn varð augljós þegar ný ríkisstjórn framsóknarflokks og sjálfstæðisflokks kom til valda vorið 2013 og mörgum fannst eins þeir væru að hlusta á stefnuræður og áform fyrri tíðar manna.

Eftir að ríkisstjórnin birti stefnuskrá sína á vordögum 2013 heyrðist orðið „þjóðmenning“ alloft í umræðum manna. Mörgum þótti gæta þjóðernissjónarmiða í stefnumálum stjórnarliða þar sem „merk saga landsins“ skipaði sérstakan sess en það blómlega fjölmenningarsamfélag sem þrífst á Íslandi okkar daga var ekki á dagskrá. Málflutningar ráðamanna þótti mörgum úr tengslum við tímana sem við lifum; slík sjónarmið ættu ekki að eiga mikinn hljómgrunn nú á tímum hnattvæðingar og menningarlegrar fjölbreytni.

Það er fín lína á milli þess að rækta menningu sína og tungumál og þess að upphefja það og setja á stall. Í nýlegri bók er gerður greinarmunur á *þjóðernishyggju* sem grundvölluð er á uppruna fólks og *þjóðhyggju* sem varar við einstaklingshyggju en lítur svo að einstaklingur sé skuldbundinn þjóð sinni:

> Þjóðhyggjumenn trúa því að hver þjóð sé að einhverju marktæku leyti einstök, öðru vísi en aðrar, beri með sér og í sér og ali af sér einhver verðmæti mennsku og mannlegrar reisnar og sköpunar sem ekki verða slík fundin annars staðar eða meðal annarra mannhópa en sjáist í sérstakri þjóðtungu, sérstökum siðvenjum, bókmenntum, listum, stofnunum, eða í félagslegum, efnalegum og menningar-legum arfi og afurðum þjóðarinnar (Jón Sigurðsson 2013: 253).

Sennilega er óhætt að slá því fram að þótt flestir hafi ímugust á þjóðernishyggju munu líklega allmargir bornir og barnfæddir Íslendingar, aðhyllast einhvers konar þjóðhyggju; þ.e. að þeim finnist þeir skuldbundnir sinni þjóð og vilji standa vörð um sjálfstæði hennar og menningarleg verðmæti. Og allir eru sammála um að móðurmálskennslan þurfi að vera í lagi en skoðanir um það hvernig að henni skuli staðið eru óneitanlega skiptar. Ísland og Færeyjar eru ekki eylönd nema í þröngum landfræðilegum skilningi og hvorug þjóðin kemst af án samskipta við aðrar þjóðir. Á okkar tímum þarf skólinn vissulega að huga að rótunum en líka að því hvernig nemendur verði best búnir undir samskipti, vinnu og jafnvel líf í öðru umhverfi en því sem fóstraði þá í æsku. Við þurfum að mennta heimsborgara með þjóðlegar rætur, fólk með heilbrigða sjálfsmynd og veganesti sem dugir því í hvaða umhverfi sem er. Við þurfum líka að huga að þeim Íslendingum sem eiga annað móðurmál og annan menningarlegan uppruna; hvernig verður þeim best þjónað? Umfram allt þurfum við að svara þessum spurningum: Hvað viljum við að fólkið okkar taki með sér í annað umhverfi? Hvaða gildi? Hvaða hefðir og siði? Hvaða menningu? Og hvert er hlutverk skólans – ekki síst íslenskukennslunnar – í þeirri menningarmótun?

Það eru áhugaverðar spurningar sem þau leggja upp með Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra (2004) þar sem þau rannsaka menningarímynd ungs fólks á Íslandi rétt eftir aldamótin síðustu. Þau greindu orðræðu ungmennanna og athuguðu hvernig „hið íslenska“ og „hið hnattræna“ kæmi fram í viðtölum við þau.

Niðurstöður sýndu að sitthvað virðist vera til í þeirri mynd sem Íslendingar draga jafnan upp af sér, þ.e. að samkennd sé mikil og þjóðarvitund sé sterk og ráðandi en greinilegt er þó að myndin breytist lítillega með hækkandi aldri viðmælenda og þá þannig að heimsmyndin stækkar þótt ekki dragi úr þjóðarvitundinni. (s.h.: 55).

Svör nýbúa á framhaldsskólaaldri voru mjög á einn veg; þeir telja að þeir geti varla orðið Íslendingar þótt þeir hafi öðlast rétt sem ríkisborgarar (s.h.: 56). Þeir skilgreina sig gjarnan út frá upprunalandinu og menningu þess en einhverjir virtust hafna upprunalandinu án þess að líta á sig sem Íslendinga. Þeir virðast því „fara á mis við þá samkennd sem þjóðarsjálfsmyndin eða þjóðarvitundin veitir“ (s.h.: 56). Rannsakendur telja mikilvægt að nýir Íslendingar líti frekar á sig sem „bæði og“ en „hvorki né“, sem sé að þeir rækti sína upprunamenningu en lagi sig líka að íslenskri menningu (s.h.: 59).

Grein þeirra Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og Sergio Morra er komin til ára sinna og margt hefur breyst í íslensku samfélagi síðan hún var skrifuð. Greinin gefur hugmynd um sjálfsmynd ungra Íslendinga í samfélagi þjóða á einum tíma og hvernig hún breytist með auknum þroska. Íslenska sem námsgrein í skóla er menningarmótandi grein (sbr. hugtakið Bildung, Lea 2012: 8) og það kemur því að miklu leyti í hlut íslenskukennarans að vinna með þessi viðhorf og ræða þau í tengslum við viðfangsefni í íslenskutímum, t.d. í bókmenntum. Þyddar bókmenntir fá lítið rými í framhaldsskólum (sbr. Svanhildi Kr. Sverrisdóttir, Ragnheiði Margréti Guðmundsdóttur og Sigurlínu Davíðsdóttur 2011: 24) og kvikmyndir eru lítið nýttar til kennslu (s.h.: 5). Vitræn umræða um efni vandaðra verka af því tagi veitir innsýn í ólíka menningarheima og getur stuðlað að því að nemendur setji sig inn í líf og lífskjör fólks víða um heim og öðlist á þann hátt aukinn skilning og dýpri samkennd en sjónvarp og fréttamiðlar veita.

Tíminn, tæknin, tungan

Hvað er kennt og hvernig?

Til þess að skipuleggja móðurmálskennsluna til framtíðar er nauðsynlegt að líta til þess hvað við vitum um kennsluna eins og hún fer fram á okkar dögum.

Rannsóknir á íslenskukennslu hafa verið takmarkaðar gegnum tíðina en hafa þó heldur glæðst undanfarin ár.

Umræða um íslenskukennslu fer ekki hátt í samfélaginu þótt vissulega heyrist gagnrýnisraddir öðru hverju. Stöku sinnum gerist það að umræðan nær á prent. Það gerðist t.d. í mars 2013 en þá skrifaði einn af föstum pistlahöfundum *Fréttablaðsins*, Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur, grein sem bar yfirskriftina: Er íslenska útlenska? Þar vitnar Guðmundur Andri í erindi sem Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistamaður og rithöfundur, hélt á málþingi Bandalags íslenskra listamanna skömmu áður. Í erindinu vék Þorvaldur að íslensku máli og þeim aðferðum sem hefur verið beitt í kennslu. Þorvaldur segir í erindi sínu að íslensk börn séu býsna leikin í því að nota móðurmálið en kennslan taki ekki mið af því. Börnin hafa, telur hann, almennt ámóta færni í að nota íslensku og konsertpíanisti hefur í því að leika á hljóðfæri sitt. Kennsluháttum mætti hins vegar líkja við það að konsertpíanistinn einblíndi í þjálfun sinni á feilnóturnar. Krakkarnir skilgreina málnotkun sína út frá feilnótunum og áherslan á greiningu og lýsingu málsins fremur en beitingu þess jafngildir því að láta konsertpíanistann einbeita sér að því að taka flygilinn í sundur og setja hann saman í réttri röð (Guðmundur Andri Thorsson 2013). Og Guðmundur Andri spinnur þráðinn áfram:

> Stundum hefur hvarflað að manni að markmið íslenskukennslu í skólum sé að sýna börnum fram á að íslenska sé útlenska. Og ekki bara útlenska heldur ákafalega erfið útlenska sem þau muni aldrei ná tökum á. Er þetta atviksorð? Er þetta óákveðið fornafn (hvur fjárinn sem það nú er)? Kenniliður? Sagnliður? Veistu þetta ekki? Þá kanntu ekki íslensku. Íslenska er nefnilega útlenska.

Börnin fái á tilfinninguna að íslenskan sé svo erfið og þau muni aldrei ná tökum á henni. Og afleiðingarnar geta orðið alvarlegar, málþótti þeirra sem þykjast kunna, málótti hinna og jafnvel málflótti. Með orðum Guðmundar Andra: „Málþótti eins er málótti annars. Og málflótti þess þriðja“ (s.h.).

Grein Guðmundar Andra vakti tölvuverða athygli á samskiptamiðlunum, það mátti sjá á viðbrögðunum. Ekki virtust allir kennarar sáttir við innihald greinarinnar og ekki leið á löngu þar til birtist í sama blaði grein til varnar íslenskukennurum. Greinarhöfundur segir kveikjuna að skrifunum þá að „ýmsir menningarvitar“ hafi farið með „dylgjum og svigurmælum um andleysi og doða kennarastéttarinnar“ (Þröstur Geir Árnason 2013). Ekki verður séð við hverja höfundur á en hugsanlegt er að þar hafi hann í huga skoðanir þeirra félaga Guðmundar Andra og Þorvaldar á kennsluháttum í móðurmálinu.

Greinarhöfundur er harðorður í garð menningarvitanna og vill hreinsa kennara af ásökunum um „andleysi og doða“. Viðbrögðin við aðfinnslunum eru kunnugleg; tónninn í greininni sýnir að greinarhöfundur telur ómaklega vegið að kennarastéttinni og honum er misboðið.

Undanfarin ár hafa nokkrar vandaðar rannsóknir birst og við þær má styðjast til þess að fá vísbendingu um stöðu mála. Niðurstöður rannsóknanna benda til þess að Guðmundur Andri og Þorvaldur Þorsteinsson hafi haft ýmislegt til síns máls í gagnrýni sinni á móðurmálskennsluna (sjá t.d. Rúnar Sigþórsson 2008; Svanhildi Kr. Sverrisdóttur o.fl.; Gerði G. Óskarsdóttur 2012). Í viðamikilli rannsókn sem fram fór árið 2005 á áhrifum samræmdra prófa á kennslu í fjórum heildstæðum grunnskólum kemur ýmislegt forvitnilegt fram. Í rannsókninni er kennurum skipt niður í fjóra hópa eftir því hvort þeir álitu sig nær því að teljast hefðbundnir *fræðarar* eða hvort þeir stefndu frekar að því að nemendur nýttu sér *lausnaleit* og *rannsóknarvinnu*. Þeir íslenskukennarar sem litu á sig sem fræðara og kenndu í þeim anda voru almennt mjög sáttir í sinni kennslu; þeir halda sig innan hefðarinnar og leggja mesta áherslu á að miðla efni til nemenda og þeir „halda tryggð við gamlar kennslubækur þar sem byggt er á skýrri aðgreiningu efnisþátta … og [þar sem] greininga- og eyðufyllinga-verkefni eru ríkjandi“ (Rúnar Sigþórsson 2008: 144–145). Þessir kennarar segjast ekki ná sambandi við nýrra námsefni þar sem áherslur eru aðrar. Hinn kennarahópurinn, þ.e. sá sem leitast við að nýta aðrar aðferðir en þær hefðbundnu, er ekki eins sáttur í sinni kennslu; kennarar í þeim hópi eru óöruggari með sjálfa sig. Þessir kennarar leitast við að nota samvinnunám í kennslunni, flétta saman efnisþáttum íslenskunnar og koma til móts við áhugasvið nemenda (s.h.: 146). Kennarar í þessum hópi eru líklegri til að taka upp nýtt kennsluefni og ráða við notkun þess (170).

Í sömu rannsókn kemur fram að „[s]votil allir [íslenskukennarar] nota verkefnabækurnar *Fallorð, Sagnorð* og *Smáorð* … í 8. og 9. bekk og gjarnan til upprifjunar í 10. bekk“ (170). Í 10. bekk mátti segja að *Kennslubók í málvísi og ljóðlist* væri ríkjandi hjá báðum hópunum; aðeins einn kennari úr hópi þeirra sem aðhylltust samvinnunám hafði valið aðra og nýstárlegri bók veturinn sem rannsóknin var gerð. Þessar bækur, sem eru enn mikið notaðar í grunnskólum, eru afar hefðbundnar og fjarlægar skapandi vinnu og sjálfstæðri hugsun. Verkefnavinnan í bókunum felst aðallega í því að fylla í eyður og beygja orð, stundum orð sem ólíklegt er að nemendur skilji. Lítið er gert af því að setja þessi orð í samhengi þannig að notkun þeirra virðist ekki skipta máli né hlutverk þeirra í texta, aðeins formið er hér til skoðunar. Slík vinna og slík ofuráhersla á formið hefur verið einkennandi fyrir íslenskukennslu í grunnskóla

frá upphafi til okkar tíma. Árið 1903 lýsti Guðmundur Finnbogason, sem þá var meðal fremstu skólamanna á Íslandi, þessari iðju svo:

> Hingað til hefur mest áhersla verið lögð á orðmyndafræðina, að kenna að skipa orðunum niður í flokka og beygja þau, eftir kyni, tölu, föllum, stigum, tíðum, persónum, háttum, myndum o.s.frv., og eflaust má leika sér að þessu, ef ekki er annað þarfara að nota tímann til (1994/[1903]: 76).

Með „orðmyndafræði“ á Guðmundur líklega við beygingarfræði og orðflokkagreiningu og orðin „hingað til“ vekja athygli vegna þess að það er eins og Guðmundur búist við breytingu á þessu í næstu framtíð (sjá Þórunni Blöndal 2004). Og nú, 111 árum síðar, staðhæfi ég að enn sé aðaláherslan þarna, ekki vegna þess að kennarar geti ekki valið aðrar áherslur í námsefni sem þeim stendur til boða heldur vegna þess að þeir *kjósa* þetta greiningarefni fram yfir annað og fjölbreytilegra efni. Þetta val kennara leiðir óneitanlega hugann að undirbúningi kennara, kennaramenntuninni.

Það sem hér hefur verið tínt til um íslenskukennslu í grunnskóla bendir til þess að hefðbundnar kennsluaðferðir frá töflu séu ríkjandi í grunnskólum og e.t.v. algengari á unglingastigi en miðstigi (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir o.fl. 2011: 57 nm.). Jafnvel hefur verið ýjað að því að hægt sé að tala um „íslenska kennsluhefð sem einkennist af fábreyttum kennsluaðferðum, kennarastýrðri miðlun efnis, kennslubókastýringu og áhrifaleysi nemenda“ (Rúnar Sigþórsson 2008: 267).

Til þessa benda niðurstöður ýmissa rannsókna sem ná yfir nokkuð langt tímabil og í rauninni er þetta rannsóknarefni í sjálfu sér. Mikil íhaldssemi hefur líka ríkt í samningu kennslubóka, ekki síst í málfræðikennslubókum þar sem sömu þáttum hafa verið gerð skil á svipaðan hátt um áratuga skeið þótt vissulega hafi verið gerðar nokkrar tilraunir til að brjótast út úr forminu á undanförnum áratugum (sjá Þórunni Blöndal 2001).

Víkjum nú að framhaldsskólunum. Í úttekt á íslenskukennslu í átta framhaldsskólum kemur fram að „viðhorf nemenda til námsgreinarinnar [íslensku] var almennt heldur neikvætt“ (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir o.fl. 2011: 51).

Mörgum nemendum finnast kennsluhættir einhæfir, nemendur hlusti á kennarann og fáist svo við eitthvað annað til tilbreytingar. Nemendur vildu gjarnan geta „nýtt tölvutækni betur, einnig horft á myndir og gert verkefni í tengslum við þær“ (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir o.fl. 2011: 4). Kennarar telja sig of bundna af námskrá og námsefni, nemendahópa of stóra, aðgengi að tölvum lítið og nemendur áhugalausa; allt þetta geri þeim erfitt fyrir.

Sterkar hliðar í íslenskukennslunni að mati skýrsluhöfunda eru m.a. þær að kennarar hafa sterkan faglegan grunn, eru jákvæðir í garð starfsins og þeir eru „almennt meðvitaðir um mikilvægi þess að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir“ (s.h.: 5). Meðal veikra hliða kennslunnar eru einhæfar kennsluaðferðir, lítið val nemenda og lítil áhersla á skapandi verkefni. Auk þess er námsmat fábreytt (s.st.). Þegar á allt er litið virðist hér lýst heldur íhaldssömum, stöðnuðum skóla þar sem athyglin er á kennaranum megnið af tímanum, hann talar, nemendur eiga að hlusta og nema.

Móðurmálið og tæknin

Það er athyglisvert að nemendur í framhaldsskóla nefndu að þeir vildu gjarnan nýta tölvutækni betur en gert var og nýta betur kvikmyndir í kennslu. Þetta eru einmitt þeir tveir miðlar sem ungt fólk notar mest og þeir eru mikilvægur hluti lífs þeirra; hér skiptir ekki máli hvað okkur af eldri kynslóðum finnst um það. Það er sérkennilegt hversu litla athygli þessir tveir miðlar fá í skólastarfinu í ljósi þess hversu stórt hlutverk þeir leika í lífi nemendanna. Auðvitað nota margir nemendur – einkum í framhaldsskóla – ritvinnslu við alla verkefna-vinnu, bæði í skólanum og heima; grunnskólanemendur nýta tæknina aðallega heima vegna almenns tölvuskorts í grunnskólunum. Margir nemendur horfa líka á eina til tvær kvikmyndir á ári í skólanum og skrifa um þær. Þetta getur tæplega kallast að nýta miðlana til fulls. Tölvan býr yfir ótrúlegum möguleikum til sköpunar og til að nálgast upplýsingar og þá þarf að nýta; kvikmyndir eru sérstök textategund sem þarf að kenna nemendum að lesa, skilja og túlka að því ógleymdu að íslenskar kvikmyndir eru mikilvægur hluti íslenskrar menningar.

Á ráðstefnu um skólaþróun haustið 2013 hélt Ragnar Þór Pétursson erindi sem hann kallaði Nátttröll í nýju ljósi og vakti talsverða athygli. Ragnar gerir að umtalsefni hversu fast íslenskt skólafólk og áhrifamenn menntamála halda í hefð sem ætti að heyra fortíðinni til: „Við viðhöldum tímaskekkju. Skólakerfið heldur tryggð við úrelta kennsluhætti“. Íslenskir skólar eru vanbúnir til að gera tækninýjungar að þeim þjóni sem þær ættu að verða og „kennari við töflu getur hvorki né á að stjórna straumi upplýsinga með þeim hætti sem við erum vön. Nýtt hlutverk kennara er óumflýjanlegt. Það þýðir ekki að afneita því“. Skólar geta brugðist við tækninýjungum með tvennum hætti: Hið fyrra er að banna alla notkun slíkra tækja nema í sérstökum kennslustundum í tölvuveri en þær aðfarir eru líklegar til að gera tæknitólin enn meira spennandi en þau ella væru. Hin aðferðin er sú sem sums staðar er notuð, sem sé sú að skapa tækninni eðlilegt rými, nýta þá möguleika sem hún býður upp á til að

námið verði einstaklingsmiðaðra og markvissara. Hlutverk kennara verður að breytast með breyttu aðgengi að upplýsingum. „Við stöndum nú á síðustu dreggjum réttlætingarinnar fyrir því að kennari sé hin æskilega uppspretta upplýsinga“, segir Ragnar Þór. Kennarar okkar tíma eiga að nýta sér það rými sem tæknin skapar, þeirra hlutverk er að styrkja, hvetja, styðja og ræða. Kennarar eiga að „hlusta meira og tala minna“.

Nú er í kennaranámi kynslóð fullorðinna Íslendinga sem þekkir ekki líf án sjónvarps, farsíma, tölvu og tölvupósts og sem hefur vanist því að hafa aðgang að neti og upplýsingaveitum. Þessir nemendur þekkja ekki tækjalausan heim og hann er þeim framandi. Með nútímatækni í samskiptum og afþreyingu sækir enskan hratt fram. Æ yngri börn spila tölvuleiki þar sem fyrirmæli eru á ensku, þau spyrja sig áfram og öðlast orðaforða til að ráða við verkefnin: „Börn kunna að gúgla áður en þau læra að reima“, sagði Ragnar Þór á ráðstefnunni sem nefnd er hér að framan. Barnaefni í sjónvarpi er talsett en um leið og börn vaxa upp úr því er fátt um fína drætti á móðurmálinu. Sjónvarpsefni er mestmegnis á ensku, aðallega ameríska, og RUV, sjónvarp allra landsmanna, stendur sig illa í því að framleiða íslenskt sjónvarpsefni. Enskan er því fyrirferðarmikil í lífi íslenskra barna og er ráðandi í afþreyingu barna og unglinga, í leikjum, tónlist og kvikmyndum.

Skólinn hefur áreiðanlega ekki brugðist sem skyldi við breyttum tímum. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, gerði tækniþróunina að umræðuefni við útskrift vorið 2013. Þegar fólkið sem hún talaði til fæddist var netið að verða til almenningsnota en nú „er ekki óalgengt að sjá 1–2 ára börn með snuð í munninum og spjaldtölvu í fanginu“, sagði rektor. Kristín sagði að það væri brýnt að endurnýja kennsluaðferðir á öllum skólastigum til að tryggja að kennarar hafi getu til að vinna með upplýsingatækni og nýta þá tækni sem ungt fólk býr yfir í dag. Það þarf að vera tryggt, sagði Kristín, að kennararnir geti tekið á móti kynslóð sem

> kemur inn í skólakerfið með allt aðra getu en kynslóðir okkar sem hér erum í salnum … Ef við undirbúum okkur ekki koma þessi börn inn í skólakerfið með meiri getu á vissum sviðum og meiri tækniþekkingu en margir kennarar sem taka við þeim (Kristín Ingólfsdóttir 2013).

Það er áreiðanlega ýmislegt til í orðum Kristínar rektors, t.d. er brýnt að endurhugsa kennsluaðferðir og tryggja að kennarar hafi getu til að nýta tæknina. Þó má ekki gera þá kröfu að kennarar þurfi að búa yfir allri kunnáttu sem nemendur hafa aflað sér eftir ýmsum leiðum. Það er úrelt hugsun að

kennarar „kenni“ og nemendur „læri“. Nemendur hafa oft þekkingu á einhverju sem kennarinn veit ekkert um og þá er sjálfsagt að hann nýti sér kunnáttu nemendanna og hvetji þá til að beita henni í náminu. Eftirminnilegustu kennslustundirnar eru oft þær þegar kennari leggur upp í óvissuferð með nemendum, ferð sem enginn veit hvernig endar og þar sem kennari og nemendur vita jafnlítið um það hver niðurstaðan verður. Ef kennarinn einn kann og hefur öll svörin, til hvers ættu þá nemendur að leggja sig fram við að leita þeirra?

Móðurmálið í tímans rás

Eins og fyrr er nefnt fá ung börn snemma tilfinningu fyrir því hvernig á að höndla tæknina. Það auðveldar þeim leikinn síðar meir. Þessa kunnáttu öðlast þau fyrirhafnarlítið með umgengni við tæki og tól. Þessi tæknivæddu börn verða fljótt handgengin ensku til að komast áfram í leikjum og annarri afþreyingu sem tölvurnar bjóða upp á. Þau hafa þó væntanlega betri tök á móðurmálinu en leikjamálinu og það skiptir miklu máli á okkar dögum að ungt fólk eigi „heima“ í móðurmálinu og hafi það góð tök á því að það gagnist þeim til að hugsa og skapa. Það sem málnotandi kallar *móðurmál* þarf ekki að vera það mál sem hann talar oftast eða best en það hefur eigi að síður sérstöðu í hans huga og er honum nákomnara á einhvern hátt.

Íslenska er lítið tungumál í þeim skilningi að þeir sem eiga hana að móðurmáli eru ekki margir, enn færri tala færeysku. Bæði málin eru þó stór í þeim skilningi að meirihluti landsmanna talar málin og þau hafa opinbera stöðu í samfélögunum. Lítil mál glatast, málum fækkar hratt og með þeim hverfur svo margt, menning, minningar og þekking. Arfur kynslóðanna. Íslenskt mál hefur hingað til verið talið heilbrigt mál og ég vona að færeyskan sé í sömu stöðu. Við sem kennum þessi mál þurfum að sjá til þess að málin vaxi og dafni með nýjum kynslóðum.

Móðurmálskennslan – markmið til framtíðar

Umræða um móðurmálskennslu

Það sem hefur einkennt umræðu um móðurmálskennslu undanfarna áratugi er ákall um breytingar – strax; skyndilausnir, plástra. Og margt hefur verið reynt. Allt hafði það vafalaust góð áhrif á kennsluna á sínum tíma en skyndilausnir ráða ekki við grunnvandann sem er sá að við vitum ekki nógu vel að hverju við stefnum. Það vantar heildarsýn á námsgreinina; það vantar að kljást við spurningar eins og *hver er sérstaða móðurmáls? Hvað þarf að kenna nemendum í móðurmáli og til hvers?*

Stefnan sem tekin er hverju sinni þarf að koma fram í opinberum plöggum eins og námskrám og hún þarf að ganga í gegn í þeim stofnunum sem mennta kennara; hennar þarf líka að sjá stað í því sem gert er hjá matsstofnunum og í námsgagnaútgáfu. Þetta þarf allt að haldast í hendur. Það skiptir líka höfuðmáli að menn gangi í takt í kennaramenntuninni sem fer fram á nokkrum stöðum á Íslandi. Ekki til þess að steypa alla í sama mót heldur til þess að allir viti hvað aðrir eru að gera og virði það. Að sama skapi er mikilvægt að námsþættir tengist innan þess ramma sem settur er um námið. Þeir sem skipuleggja nám og kennslu þurfa að endurmeta inntak námsins ekki síður en aðferðirnar: Hvað á að kenna, hvernig og til hvers? Hvað mætti matreiða með nýju móti? Hverju ætti að sleppa? Þessar spurningar um inntak og efni leiða hugann að því óumflýjanlega, arfleifð okkar, tungumálinu og bókmenntunum.

Arfurinn

Spurningarnar sem mæta okkur þegar hugað er að menningararfinum eru stórar og þeim er ekki auðsvarað. Ein sú brýnasta er þessi: Getum við haldið áfram að kynna bókmenntaarf Íslendinga og formgerð íslensks máls á sama hátt og gert hefur verið frá fyrstu tíð og látið þar við sitja? Lífshættir þjóðarinnar lifa í bókmenntum og tungumáli og gegnum mál og bókmenntir getum við átt í samtali við löngu gengna forfeður. Arfurinn er líka nefndur mjög framarlega í íslenskuhluta nýrrar námskrár (*Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið* 2013: 97). Þetta leggur íslenskukennurum skyldur á herðar, þetta er hinn „óbærilegi léttleiki" menningararfsins; „óbærilegur" vegna þess hversu fyrirferðarmikill hann er og fjölbreyttur en á sama tíma „léttur" vegna þess að íslenskukennarar vinna þetta vandasama verk almennt af ánægju og áhuga og telja sig með því fá nemendum í hendur tæki til að fást við framtíðina.

Arfurinn fær sem sé talsvert rými en þó aðallega í framhaldsskólum. Það vakti undrun norskrar fræðikonu sem kynnti sér móðurmálskennslu í sjö íslenskum framhaldsskólum. Henni fannst þversögn felast í því að í nærri gjaldþrota landi skyldu miðaldabókmenntir, eins og Íslendingasögur og Eddukvæði, þjóðararfurinn, vera álitnar það mikilvægasta í námskrá fyrir framhaldsskóla (Lea 2012: 5). Henni þótti námsgreinin íslenska bera mikinn svip af akademísku námi í íslensku, þ.e. bókmenntum og málfræði, en það er sú menntun sem allir íslenskukennarar í framhaldsskóla hafa. Á sama tíma líta framhaldsskólakennararnir svo á að þeirra hlutverk sé að búa nemendur sem best undir lífið, bæði að byggja upp sjálfsmynd þeirra sem einstaklinga og sem samfélagsþegna (Lea 2012: 7) og þá gæti það þótt skjóta skökku við

að námsefnið tengist að stórum hluta formi tungumálsins og texta á fornum bókum.

En hvernig getum við þá nýtt menningararfinn og hvaða verk á að velja? Okkar hlutverk er að vekja áhuga á arfleifðinni, ekki gera nemendur frábitna henni. Sjálfsagt er að kynna arfinn á því formi sem nemendur þekkja best, t.d. nýta nýlegar kvikmyndir, teiknimyndasögur og leiki sem fást við goðsagnir eða hetjusögur á nýstárlegan hátt (sjá Úlfhildi Dagsdóttur 2014). Það skal tekið fram að margir kennarar eru útsjónarsamir og nýta sér alla tiltæka miðla. Það sem vantar er almennur vilji og vakning til þess að færa arfleifðina til framtíðarbarna sem alast upp við nýja miðla sem bjóða upp á allt aðra nálgun en hefur tíðkast til þessa.

Framtíðarsýn á gamla námsgrein

Þegar upp er staðið, þegar nemendur útskrifast eftir 14 ára nám í grunn- og framhaldsskólum, ættu þeir að hafa dágóð tök á málinu og beitingu þess við ólíkar aðstæður í ræðu og riti. Til þess að svo verði þarf að endurskoða ýmislegt í íslenskukennslunni í ljósi breyttra tíma og breyttra aðstæðna í samfélaginu, bæði inntak námsins og umgjörð. Eitt af því mikilvægasta er að námsgreinin verði heildstæðari en nú er, þ.e. að þættir hennar verði færri og tengist betur en þeir gera nú. Námsgreininni hefur löngum verið skipt niður í einstaka þætti sem hver um sig er kenndur án teljandi tengsla við aðra þætti málsins. Hugsanlega væri gott að skipuleggja kennsluna út frá tveimur meginlínum, þ.e. færniþáttum eins og lestri og ritun, og svo þeim þáttum sem snerta tungumál og menningu, þ.e. málfræði og bókmenntum. Þá væri auðvelt að skipuleggja alla þætti kennslunnar út frá textum af ýmsu tagi og gera nemendum ljóst að ritun, málfræði, stafsetning og aðrir þættir sem eru undir í móðurmálskennslunni tengjast í málnotkuninni (sjá Þórunni Blöndal 2010; Wright 2012: 61–71). Áherslan yrði þá á því að tengja saman form og virkni málfræðieininga með því að skoða notkun málsins í völdum textum af ýmsu tagi; sem sé skoða málið út frá *virkni* (e. *function*) ekki bara formi (sjá Þórunni Blöndal 2005a og 2005b). Í textaumfjölluninni yrðu upphafsskrefin þau að greina textategundina og einkenni hennar en því hefur lítið verið sinnt í íslenskum skólum, t.d. hvaða málsnið hæfir ákveðnum textategundum og hvaða hömlur hefðir og venjur setja þeim.

Kennsla um samskipti hefur alveg verið vanrækt í íslenskum skólum og líklega er lítið rætt við nemendur um venjur í samskiptum fólks. Þessi flötur á málinu myndar þó heila fræðigrein, samskiptamálfræði (sjá t.d. Couper-Kuhlen, Elizabeth og Margret Selting 2001; Steensig 2001; Þórunni Blöndal

2005b og Lindström 2008). Samtöl eru algengasta tegund málnotkunar og þau þyrftu vitaskuld að fá athygli. Þá mætti leggja áherslu á að öll málnotkun, talað mál og ritað, byggist á samskiptum. Hvort sem við notum málið í samtölum eða ritun verðum við alltaf að huga að viðtakandanum og hugsa um hann, þ.e. þann sem hlustar eða les, og haga máli okkar á þann hátt að hann skilji. Í kennaranáminu þyrfti að leggja áherslu á díalógíska sýn á tungumálið (sjá Linell 1998). Þar þurfa þeir sem um véla sífellt að minna sig á að þeir eru ekki að mennta málfræðinga og bókmenntafræðinga heldur kennara sem þurfa að geta skoðað móðurmálið og skilið út frá samfélagslegu og menningarlegu samhengi.

Samanburður reynir talsvert á nemendur og mætti nota meira af honum, jafnvel er hægt að bera saman það sem við fyrstu sýn virðist ósambærilegt eins og skáldsögu og kvikmynd (sjá t.d. Wright 2012: 58–61). Hér mætti nefna kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir skáldsögum. Samanburðurinn gæti t.d. falist í því að athuga inn í hvaða samfélagshópa og inn í hvaða tíma skáldsagan/kvikmyndin talar og hvernig miðillinn sjálfur, prentmiðill/kvik-mynd, hefur áhrif á efnistök og úrvinnslu. Þess háttar samanburður krefst bæði þroskaðrar hugsunar og orðaforða til að lýsa hugsuninni og þetta tvennt þyrfti að þjálfa í skólanum. Samanburður á málum annarra norrænna þjóða gæti líka verið heppilegur til að skilja eitt og annað í okkar máli, t.d. málbreytingar eins og klofningu og hljóðvörp. Þá mætti hæglega bera saman búta úr tal- og ritmáli og láta nemendur finna út að hvaða leyti þessi tvö málform eru lík og hvað greinir þau að. Meðvituð hugsun um ólíka málnotkun í tal- og ritmáli er mjög mikilvæg fyrir nemendur í öllu því sem þeir taka sér fyrir hendur og það er áhrifameira að þeir finni út sjálfir hver munurinn er heldur en að þeim sé sagt það.

Eins og getið er um hér að framan hafa stálpaðir nemendur oft talsverða þekkingu á tækni nútímans og þeim möguleikum sem hún opnar. Því ætti að gefa nemendum eins oft og hægt er val um verkefni og þá miðla sem þeir nota til þess að vinna verkefni. Sjálfsagt er að gefa nemendum tækifæri á því að nýta tækniþekkingu sína í upplýsingaöflun, rannsóknarvinnu og í skapandi verk-efnum. Skapandi vinna þyrfti að fara fram í íslenskutímum, ekki aðeins í tengslum við ritun heldur gætu stálpaðir nemendur fengið að nota símana sína eða spjaldtölvurnar til að vinna að kvikmynd upp úr skáldverki, skáldsögu, smásögu eða ljóði svo dæmi sé tekið. Þeir gætu t.d. skrifað fullkomið handrit, valið í hlutverk og rökstutt valið, tekið upp mynd, klippt hana og hljóðsett, sett upp lista yfir þátttakendur og hvað annað sem tilheyrir frágangi slíkra mynda. Til eru kennarar sem vinna á þennan hátt en

þeir mættu alveg vera fleiri, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Kennararnir sjálfir þurfa ekki að hafa þekkingu á tæknihliðinni, mörgum nemendum er alveg treystandi til að sjá um þá hlið. Nemendur þyrftu líka að fá að nýta leitarvélar í kennslustofunni, það þarf ekki að kenna þeim. Nú um stundir er kannski brýnast að nemendur fái þjálfun í því að hugsa upp efnileg leitarorð, velja trausta vefmiðla og kunna að vinna úr þeim upplýsingum sem berast þeim úr ólíkum áttum.

Í skólastofu framtíðarinnar þyrfti að ríkja vinnufriður, ekki grafarþögn. Ég sé skólastofu framtíðarinnar sem vinnustað þar sem hver nemandi hefur sitt hlutverk og allir fá að njóta sinna styrkleika um leið og þeir vinna að því að efla veikar hliðar. Eins og á vinnustað ættu nemendur að geta gengið um, farið í tölvu um stund og skoðað efni sem tengist því sem unnið er að, rætt við samstarfsmenn í hópvinnu og átt orð við kennara og félaga í öðrum hópum.

Nemendur þurfa að læra vinnubrögð, læra að leita uppi, velja og rökstyðja heimildaval; þeir þurfa að kunna að nýta sér nýja tækni til að skapa sín eigin verk og til að matreiða gamalt efni á nýjan hátt fyrir nýja menningarneytendur. Þeir þurfa að læra að vinna í hóp og byggja upp þekkingu í samvinnu við aðra. Nemendur þurfa að hafa meira val um hvernig þeir haga námi sínu og hvaða aðferðum þeim beita við verkefnaúrlausnir. Þeir þurfa að geta bjargað sér hvar sem er í veröldinni, þeir eiga að geta borið með sér menningu heimahaganna en átt gott með að laga sig að nýrri. Þeir þurfa að læra fleiri tungumál en þeir gera nú, og einkanlega ætti að leggja áherslu á samskiptaþáttinn. Móðurmálið skiptir þó enn miklu máli, það verður líklega alltaf málið sem stendur fólki næst og nýtist því til frjórrar hugsunar. Við viljum að út úr skólakerfinu okkar komi fólk með heilbrigða sjálfsmynd og raunsanna mynd af því samfélagi sem mótaði það. Málið gerir okkur kannski ekki að þjóð en það er enn mikilvægt sameiningartákn þess hóps sem elst upp við það – rétt eins og önnur móðurmál eru líka. Þjóðerni skiptir enn máli á okkar tímum og hver þjóð hefur sitt fram að færa til heimsmenningarinnar. Ef þjóðleg einkenni dofnuðu eða þurrkuðust út yrði heimsmenningin fábreytilegri og fátækari; þess vegna er lögð áhersla á að rækta tungu og menningu smárra þjóða jafnt sem stórra.

Til þess að ná sem bestum árangri í íslenskum skólum þurfa kennarar og yfirvöld að dansa í takt þegar kemur að ákvarðanatöku um markmið og leiðir í móðurmálskennslu; allar þeirra ákvarðanir þurfa að ganga út frá nemandanum.

Framtíðarkennarinn

Framtíðarkennarinn er í lykilstöðu eins og kennarar eru á hverjum tíma.

Hvaða eiginleika þarf hann að hafa? Hvaða fag- og verkkunnátta ætti að fylgja kennurum fram á veg á 21. öldinni?

Íslenskir kennaranemar sem hefja nám sitt haustið 2014 munu útskrifast eftir fimm ára háskólanám vorið 2019 ef allt gengur að óskum. Þeir munu sumir hverjir verða í starfi fram yfir 2060. Hvað verður þá nauðsynlegt að kunna? Hvað sjá þeir fyrir í framtíð sinna nemenda?

Þeir sem hyggjast kenna íslensku í grunnskólum geta sótt sína menntun á þrjá staði, á Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í Háskólann á Akureyri og á Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Þessar stofnanir þyrftu að stilla saman strengi þegar kemur að skipulagi kennaramenntunar. Framhaldsskólakennarar í íslensku eru undantekningalítið menntaðir á Hugvísindasviði og hafa því mjög einsleita menntun eins og bent hefur verið á (Lea 2012: 3). Þess vegna er mikilvægt að þeir fái í sínu námi val um efnisþætti og áherslur sem gagnast þeim í því framtíðarstarfi sem þeir kjósa sér.

Framtíðarkennarinn þarf að leggja áherslu á skapandi vinnu, samhengi hlutanna, samskipti í tali og ritun, samvinnu og samkennd. Framtíðarkennarinn þarf að hafa lag á að virkja skilningarvitin fimm í sinni kennslu, ekki bara sjón og heyrn. Hann þarf að nýta allar færar leiðir til upplýsingaöflunar og hann þarf að leiðbeina nemendum við að vinsa úr því gríðarlega magni sem berst gegnum miðlana. Hann þarf að gæta þess að festast ekki í viðjum vanans. Umfram allt þarf hann að hafa áhuga á nemendum sínum og kennslugreininni. Framtíðarkennarinn þarf að búa nemendur sína undir að þeir verði frumkvöðlar og gerendur fremur en þiggjendur eða þolendur, svo vitnað sé til orða fyrrverandi forseta Menntavísindasviðs, Jóns Torfa Jónassonar (2013). Þetta er aðeins brot af þeim kröfum sem gerðar verða til framtíðarkennarans. Það er því engin hætta á að íslenskukennarar verði verkefnalausir í fyrirsjáanlegri framtíð.

Að lokum

Hér að framan ræddi ég um sjálfsmynd þjóðar en líka nauðsyn þess að skólinn sæi nemendum fyrir veganesti sem nýttist hvar í veröldinni sem þeir setjast að. Sjálfsmynd og sérkenni þjóða skapa grundvöll fyrir samskipti, samkennd, samvinnu og samheldni. Umfram allt eiga Íslendingar að rækta menningu sína án þess að stæra sig af henni eða loka sig inni í henni. Menning einnar þjóðar verður að þola nálægð og samskipti við aðra menningarheima; hún ætti ekki að skaðast við slíka nálægð heldur miklu fremur að nærast og eflast á samskiptunum. Hnattvæðingin vinnur ekki á móti okkur þegar kemur að því að rækta tungu og menningu, þvert á móti ýtir hún undir þörf til að rækta

staðbundna menningu og halda lífi í litlum tungumálum. Með þeirri ræktun stuðlum við ekki aðeins að betra mannlífi í okkar litlu samfélögum heldur leggjum við líka okkar að mörkum til að bæta heiminn allan.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið. 2013. Íslenska, bls. 96–105. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Ástráður Eysteinsson. 2013. Íslensk málstefna, menning og fræðastörf. *Skírnir* 187: 314–336.

Bragi Guðmundsson. 2009. Landið er eitt – samfélagið er breitt/breytt. Um samvitund Íslendinga og undirstöður hennar. *Uppeldi og menntun* 1: 9–35.

Couper-Kuhlen, Elizabeth og Margret Selting. 2001. Introducing Interactional Linguistics. Margret Selting og Elizabeth Couper-Kuhlen (ritstj.) *Studies in Interactional Linguistics*, bls. 1–22. John Benjamins, Amsterdam.

Gerður G. Óskarsdóttir. 2012. *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Gestur Pálsson. 1889. *Menntunarástandið á Íslandi*. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík. [Fjölritað hefti: *Þættir úr íslenskri skólasögu*. 1986. Bragi Jósepsson tók saman, bls. 165–180. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.]

Guðmundur Finnbogason. 1994/[1903]. *Lýðmenntun*. Rannsóknarstofnun Kennara-háskóla Íslands, Reykjavík.

Guðmundur Hálfdanarson. 1996. Hvað gerir Íslendinga að þjóð? *Skírnir* 170: 7–31.

Auk ofangreinds í (2) hafa Icelandic Online-námskeiðin nýst víðar fyrir Háskóla Íslands. Þau hafa verið gerð að forkröfu fyrir umsækjendur: a) á 1. ár í BA-nám í íslensku sem öðru máli; b) á alþjóðleg sumarnámskeið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; c) í norræna miðaldafræði hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; og d) hafa reynst mikilvægt stoðefni fyrir sendikennara í íslensku erlendis.

Blásið hefur verið til sóknar á ný hjá Icelandic Online-teyminu. Hafin er frekari endurskoðun og tækniþróun Icelandic Online-námskeiðanna svo unnt sé að svara kalli tímans og veita notendum aðgang að þeim á nýjustu fartækjum, s.s. snjallsímum og spjaldtölvum. Auk þess er til skoðunar leið til samskipta á milli nemenda og kennara innan námsumhverfisins. Samhliða þessari þróun er framundan frekara rannsóknarstarf á tileinkunarferli og námshegðun málnema á Icelandic Online.

Kennslufræði Icelandic Online

Inngangsorð

Kirkwood og Price (2005 og rit sem þar er vísað í: 257, 268) hafa m.a. fjallað um mikilvægi þess að skýr námsmarkmið og kennslufræði vísi veginn í kennsluefni á netinu:

> […] although ICTs can *enable* new forms of teaching and learning to take place, they cannot *ensure* that effective and appropriate learning outcomes are achieved. It is not technologies, but educational purposes and pedagogy, that must provide the lead […] So, students need to know not only *what* they are supposed to do, but also *why* they are expected to do it and *how* it will contribute to their learning. Otherwise 'learner control' will prove to be counterproductive, as it can promote the adoption of 'unfocussed and inconclusive' approaches.

Fyrsta Icelandic Online-námskeiðið, Icelandic Online 1, var í um fjögur ár í þróun en með þeirri vinnu var síðan lagður grunnur að námskeiðunum sem á eftir komu. Lögð var áhersla á að saman færi kennslufræði byggð á rannsóknum á tileinkun annarra/erlendra mála og nýting þeirra möguleika sem

6 Þátttakandi í rannsókninni sem er rædd hér á eftir nefnir kosti þess að geta hagað námi sínu á Icelandic Online að vild og að hann vinni iðulega í námsefninu uppi í rúmi á kvöldin.

margmiðlun býður upp á. Námsmarkmið voru útgangspunkturinn við þróun Icelandic Online-námsefnisins, byggt var á þekkingu og reynslu kennara í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, skýr kennslufræði var skilgreind og viðeigandi tæknilausnir síðan fundnar og útfærðar til að ná settum markmiðum (Birna Arnbjörnsdóttir 2004, 2006, 2008a). Farin er sú leið á Icelandic Online að flétta saman kennslu orðaforða og málfræði og þættirnir eru lagðir inn[7] beint og óbeint í merkingarlegu samhengi. Styrkur margmiðilsins er nýttur til að vekja athygli á breytilegum formum og beygingarendingum orða og orðaforði er kenndur með myndrænum og gagnvirkum hætti þar sem kostur er. Upplýsingar um íslenskt málkerfi og reglur um málnotkun eru jafnframt settar fram á þann hátt að málneminn geti áttað sig á þeim þrátt fyrir litla færni í málinu á fyrstu stigum. Ekki er rúm til að fjalla nánar um þessa þætti hér en Birna Arnbjörnsdóttir (2004, 2006, 2007, 2008a, 2008b) hefur fjallað ítarlega um fræðilegan grundvöll Icelandic Online, kennslufræði og útfærslu hugmyndafræðinnar í heild.

Eitt grundvallaratriða í kennslufræði Icelandic Online er s.k. *stoðir*[8] en með því er átt við leiðir eða tæki sem beitt er í þeim tilgangi að auðvelda málnemum skilning á efni á markmáli sem þeir hefðu annars ekki nægilega málfærni til að skilja. Málneminn fæst þá við innlagnaratriði í þrepum, eða e.k. vinnupöllum, og er megintilgangur stoðanna að styðja við skilning og tileinkun stig af stigi. Stoðirnar eru ekki síst mikilvægar í ljósi þess að Icelandic Online-námskeiðin eru í grundvallaratriðum hugsuð sem efni til sjálfsnáms. Nánar verður rætt um stoðir í tengslum við orðaforða og lestur á Icelandic Online hér á eftir.

Í rannsókninni sem verður til umfjöllunar í næsta aðalkafla koma fram tvíþætt sjónarmið málnema á Icelandic Online 2, þ.e. tvö þemu, sem varpa ljósi á kennslufræðilegan styrk námsefnisins. Umfjöllunarefni auk skjáskota af tilteknum þáttum námsefnisins í næstu tveimur undirköflum taka mið af þemunum tveimur.

Möguleikar margmiðilsins nýttir

Á Icelandic Online er margmiðillinn nýttur til hins ýtrasta, bæði hvað varðar tæknilegar lausnir og meðferð efnisinnihalds (sjá hjá Birnu Arnbjörnsdóttur

7 Í tungumálakennslu er talað um að „leggja inn“ ákveðna þætti tungumáls, innlagnarþættir geta þá t.d. varðað orðaforða eða málfræði.

8 Hugtakið *stoðir* er hér notað yfir enska orðið *scaffolds* í þeirri merkingu sem almennt tíðkast í kennslu erlendra tungumála. Sjá hjá Birnu Arnbjörnsdóttur (2004, 2006, 2008a og rit sem þar er vísað í).

2004, 2008a), en margþætt miðlun getur leitt af sér víðtækt sjónarhorn í kennslu og námi tungumáls:

> Multiple media can provide learners with a richer perspective and greater flexibility than could be achieved with just one medium (Kirkwood og Price 2005: 269).

Farnar eru ólíkar leiðir á Icelandic Online til að nýta möguleika miðilsins á áhrifaríkan hátt til kennslu. Þar eru um 40 gerðir æfingamynstra sem eru notuð á margvíslegan hátt eftir umfjöllunarefni og námsmarkmiðum hverju sinni. Tæknileg útfærsla verkefna og æfinga á Icelandic Online þjónar skýrum kennslufræðilegum tilgangi, en um mikilvægi þess segja Kirkwood og Price (2005: 268 og rit sem þar er vísað til):

> One of the most important functions of any educational use of ICT is to actively engage learners. Students can work with interactive exercises in a variety of forms […] However, to achieve meaningful and appropriate educational outcomes, software development must follow from the design of activities that help learners achieve desired educational goals.

Fjölbreytt námsumhverfið á Icelandic Online og breytileg miðlun efnisins býður upp á mikla möguleika til náms. Æfingar eru gjarnan gagnvirkar og endurgjöf veitt jafnharðan innan kerfisins. Orðaforði er kenndur eftir margvíslegum leiðum; með mynd, vídeói og hljóði og auk þess í textasamhengi. Margmiðlunarumhverfið er þannig til þess fallið að svara mismunandi þörfum nemenda m.t.t. ólíkra námsstíla (e. *learning styles*). Plass o.fl. (2003: 236) hafa sýnt fram á að margmiðlunarefni sé kjörið til að kenna orðaforða þar sem hægt er að setja fram orðskýringar í margvíslegu formi:

> […] we found a general multimedia effect for vocabulary acquisition: participants learned more vocabulary words when both visual and verbal annotations were present than when only one type of annotation or no annotations were present […].

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt um margbreytilegt námsumhverfi Icelandic Online verða nú sýnd nokkur dæmi um tæknilega útfærslu innlagna og verkefna á Icelandic Online 2 sem jafnframt þjóna skýrum kennslufræðilegum tilgangi. Umfjöllunarefni þessa námskeiðs varðar m.a. daglegt líf nemenda

og kennara við Háskóla Íslands og öll dæmin hér tengjast því efni. Skjáskot á mynd 1 sýnir dæmi um gagnvirka æfingu þar sem málnemunum er ætlað að aðstoða nýjan kennara við að koma sér fyrir á skrifstofu sinni. Fyrirmæli eru gefin bæði með hljóði og rituð og nemarnir eiga að draga rétta hluti á tilgreindan stað á myndinni. Sjálfvirk endurgjöf felst í því að hlutur fer á upphaflegan stað í rammanum ef ekki er farið eftir fyrirmælum. Tilgangur æfingarinnar er að kenna orðaforða sem er sýndur með sjónrænum hætti:

Mynd 1: Dæmi um gagnvirka orðaforðaæfingu á Icelandic Online 2; orðaforðinn er sýndur ritaður, í mynd og með hljóði.

Næsta skjáskot sýnir dæmi um hvernig miðillinn er nýttur til að fylgja eftir þeim þáttum sem kenndir eru í æfingunni á mynd 1. Í skilningsæfingunni á næstu mynd er líka sjálfvirk endurgjöf:

Mynd 2: Dæmi um æfingu á Icelandic Online 2 þar sem fylgt er eftir skilningi á orðaforða. Merkja á við réttar eða rangar fullyrðingar.

Á næstu tveimur myndum má svo sjá dæmi um tvenns konar tæknilega útfærslu þar sem skerpt er á skilningi og orðaforða sem tengist nýja háskólakennaranum og starfi hans. Nemendur fá sjálfvirka endurgjöf ef ýtt er á örvarhnappinn neðst í hægra horni:

Mynd 3: Dæmi um orðaforðaæfingu á Icelandic Online 2 þar sem fylgt er eftir skilningi á orðaforða. Para á saman orð eða setningarhluta sambærilegrar merkingar.

Mynd 4. Dæmi um orðaforðaverkefni á Icelandic Online 2. Merkja á við orð í hverri línu sem passar ekki í merkingarlegu samhengi.

Loks er á mynd 5 sýnt dæmi um enn eina tæknilega útfærslu en textasamhengið er á sama sviði og áður. Tilgangur æfingarinnar er að æfa orðaforða og ritun á heitum fræðigreina sem kenndar eru við Háskóla Íslands, tengdum störfum og starfsvettvangi:

Mynd 5: Dæmi um orðaforða- og ritunaræfingu á Icelandic Online 2. Rita á starfsheiti og starfsumhverfi í eyður. Efst í æfingunni eru krækjur í sambærilegt efni til upprifjunar sem unnið var með á fyrra stigi, Icelandic Online 1 (þemun Menning og Náttúra).

Eins og sjá má af dæmunum sem hér hafa verið sýnd í mynd miðar tæknileg og kennslufræðileg útfærsla Icelandic Online-námskeiðanna umfram allt að því að styðja við nám og auðvelda máltileinkun. Fram kemur í næsta aðalkafla greinarinnar að þátttakendur í rannsókninni telja fjölbreytni æfinga og meðferð efnis eiga þátt í því að gera námsumhverfið á Icelandic Online 2 áhugavert og skemmtilegt.

Stuðningsefni er hluti Icelandic Online-námskeiðanna[9]. Innan námsumhverfisins eru veforðabækur, þ.e. íslensk-ensk orðabók[10] og Íslex[11]. Auk þess er þar annað stuðningsefni: málfræðigrunnur sniðinn að efninu og tengill á Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN). Sjá má á mynd 6 hvernig stuðningsefnið er haft sem órjúfanlegur hluti námsumhverfisins. Hægra megin við textann liggja veforðabækur og annað stuðningsefni sem málnemar geta nýtt eftir þörfum:

9 Hjá Birnu Arnbjörnsdóttur (2006, 2008a) má sjá umfjöllun um hugmyndafræði og þróun stuðningsmiðla á Icelandic Online.
10 Orðabókin byggist á Íslensk-enskri orðabók (Sverrir Hólmarsson o.fl. 1989).
11 Íslex er margmála orðabók fyrir norrænu málin íslensku, færeysku, norsku, dönsku og sænsku.



Mynd 6: Stuðningsefni er haft sem órjúfanlegur hluti námsumhverfisins á Icelandic Online 2.

Bent hefur verið á gildi þess að hafa viðbótar- og stuðningsefni í vefumhverfi sem hluta af kennslufræði námsumhverfisins:

> When other materials and resources are embedded in the pedagogy – including those involving ICT use – they are perceived by students as being integral to the course rather than as optional extras. As such, they are much more likely to be used and valued than those that are not (Kirkwood og Price 2005: 270).

Áhersla á efnisinnihald og stoðir

Umfjöllunarefni á Icelandic Online er ætlað að höfða til fullorðinna nemenda og áhugasviðs þeirra og notaður er almennur og hagnýtur orðaforði í málinu. Tungumálið er kennt og unnið með það í tengslum við áhugaverðan söguþráð og sögusvið þar sem sömu persónum er fylgt eftir í leik og starfi. Málneminn heyrir og sér sömu innlagnaratriði margendurtekin í námsefninu og með margvíslegri miðlun: í gagnvirkum æfingum, myndbandsskeiðum, texta, skilningsverkefnum o.s.frv. Leitast er við að tvinna saman lestur texta, skilning, ritun og hlustun og setja efnið jafnframt fram á sjónrænan hátt.

Eins og fram hefur komið byggist kennslufræði Icelandic Online m.a. á margvíslegum stoðum til að aðstoða málnemann í tileinkunarferlinu. Stoðirnar birtast þ. á m. í framsetningu texta og orðskýringa en auk þess er málnotkun löguð að færni nemandans í tungumálinu og námsmarkmiðum hverju sinni. Orðskýringar eru settar fram í merkingarlegu samhengi og orðaforði útskýrir sig jafnan sjálfur í texta og sjónrænni framsetningu. Stoðir eru jafnframt veittar við lestur texta á þann veg að hann er settur fram í stuttum einingum, eða lestrarlotum, til að aðstoða málnemann við lestur og skilning. Textum er fylgt eftir með margvíslegum verkefnum til að tryggja skilning og auðvelda tileinkun. Auk þeirra stoða sem nú hafa verið ræddar vita málnemar

á Icelandic Online alltaf hvað framundan er í upphafi hvers bálks. Hér má sjá skjáskot sem sýnir námsmarkmið í upphafi annars bálks Icelandic Online 2 og upplýsingar um söguþráð hans sem hverfist um Þjóðverjann Michael, skiptistúdent við Háskóla Íslands:



Mynd 7: Dæmi um námsmarkmið og efnisinnihald sem blasir við málnemum í upphafi hvers bálks, hér í öðrum bálki á Icelandic Online 2.

Uppbygging hvers bálks á Icelandic Online 2 er þríþætt, þ.e.: a) *forkennsla*, b) *textar* og c) *eftiræfingar*. Byggingin lýtur þannig lögmálum stoða. Framsetning efnis er textamiðuð sem þýðir að textar eru kjarni efnis í bálkunum; áður en málnemarnir vinna með textann er viðkomandi orðaforði, auk málfræðiatriða, forkenndur; í eftiræfingahluta fá málnemar frekari þjálfun í því sem á undan kom í forkennslu- og textahluta. Með framsetningunni sem hér er lýst eru stoðir veittar til að auðvelda skilning og máltileinkun.

Á næstu mynd er sýnt skjáskot úr forkennsluhluta námskeiðsins. Þar er málneminn búinn undir orðaforðann sem lagður er inn í textasamhengi í öðrum hlutanum, textahluta. Neminn er þá undirbúinn áður en hann les texta um skiptistúdentinn Michael sem gefur uppáhaldsuppskriftina sína. Lögð er áhersla á að kenna nýjan orðaforða á sjónrænan hátt áður en tekist

er á við texta þar sem orðaforðinn kemur fyrir aftur, hér á að para saman mynd og orð:

Mynd 8: Dæmi um orðaforðaæfingu í forkennsluhluta Icelandic Online 2.

Textahlutinn sjálfur einkennist líka af stoðum. Textarnir (eða í sumum tilvikum samtöl) eru settir fram í stuttum textalotum eins og áður sagði þar sem nemanum er ætlað að vinna með markmálið í viðráðanlegum textaeiningum[12] studdum myndefni.

Á myndum 9 og 10 má sjá dæmi um framsetningu textans í textahluta námskeiðsins. Textar eru jafnframt settir fram í hljóðskrá sem málneminn hefur val um að hlusta á í heild eða í lotum[13]. Hér eru sýndar tvær textalotur (flettur) af alls sex lotum en samhengið er „bloggfærsla“ Michaels um daglegt líf sitt á Íslandi:

12 Hjá Chun (2001) hefur komið fram að málnemar annars máls telji lestur texta á netinu í lagi svo framarlega sem textarnir séu stuttir og hafi skýran tilgang eða verkefni séu tengd þeim.

13 Þátttakendur í rannsókninni sem verður fjallað um í næsta kafla nýta sér undantekningarlaust hljóðskrár með textunum til að þjálfa hlustunarskilning og framburð.

Mynd 9: Dæmi um framsetningu texta og umhverfi lesturs í textahluta Icelandic Online 2. Hér er fletta 1/6. Texti birtist líka sem hljóðskrá, í heild og í lotum.

Mynd 10: Dæmi um framsetningu texta og umhverfi lesturs í textahluta Icelandic Online 2. Hér er fletta 6/6. Texti birtist líka sem hljóðskrá, í heild og í lotum.

Í þessum sama hluta, textahlutanum, vinnur málneminn svo markvisst með textann í kjölfarið og fæst við verkefni sem taka til orðaforða, lesskilnings og málnotkunar[14]. Stutt er enn frekar við skilning með því að taka búta úr textanum og setja inn í æfingaumhverfi:



Mynd 11: Dæmi um les- og hlustunarskilningsæfingu í textahluta Icelandic Online 2 sem varðar tímann.

Nánar er unnið með lesskilning í textahlutanum um sama efni en með breytilegu æfingamynstri eins og má sjá á næstu mynd. Málneminn velur um að rita inn rétta tímasetningu sjálfur eða smella á hnapp undir æfingunni til að kalla fram rétt svar:

14 Chun o.fl. (2004) hafa bent á að lesskilningsspurningar í tengslum við nettexta hafi þau áhrif á málnema að þeir lesi textann af meiri athygli semýti jafnframt undir frekari ígrundun orðaforða og skilning.



Mynd 12: Dæmi um lesskilnings- og ritunaræfingu í textahluta Icelandic Online 2 sem varðar tímann.

Í þriðja hlutanum, eftiræfingum, fær málneminn enn frekari þjálfun í að beita málkunnáttu sinni til að leysa margs konar verkefni. Í þessu skjáskoti má sjá ritunarverkefni sem varðar dagskrá og háskólanám Michaels og málnemanum er ætlað að fylla út:

Mynd 13: Dæmi um lesskilnings- og ritunaræfingu í eftiræfingahluta Icelandic Online 2 sem varðar dagana.

Í þessum kafla hefur nú verið fjallað um fjölbreytilega miðlun námsefnis á Icelandic Online 2. Einnig hefur verið sýnt hvernig kennslufræðilegri uppbyggingu er ætlað að halda þétt utan um málnemann í þeim tilgangi að einfalda og styðja við lestur og máltileinkunarferlið. Í næsta kafla er komið að því að varpa ljósi á sýn notenda Icelandic Online 2.

Icelandic Online frá sjónarhóli málnema

Í þessum kafla verður fjallað um rannsókn höfundar á námshegðun málnema á Icelandic Online 2 og hvernig þeir takast á við nám orðaforða og lestur þar.

(3) Rannsóknarspurningin sem var lögð til grundvallar er þessi:
Styður námsumhverfið Icelandic Online 2 við tileinkun orðaforða og lesskilning?

Um rannsóknina

Rannsóknaraðferð, gagnasöfnun og -greining

Við rannsóknina var beitt eigindlegri (e. *qualitative*) rannsóknaraðferð, nánar tiltekið er um að ræða viðtalsrannsókn. Með eigindlegri rannsóknaraðferð beinist athyglin að reynslu eða daglegu lífi fólks og markmiðið er að skilja hlutina frá sjónarhóli þess. Rannsakandinn er aðalrannsóknartækið, hann leitast við að leggja til hliðar eigin viðhorf eða fyrirframgefnar hugmyndir og hlutverk hans er að öðlast djúpan skilning á merkingu rannsóknargagna. Byggt er á grundaðri kenningu (e. *grounded theory*) sem felur það í sér að kenningar eru þróaðar eða uppgötvaðar út frá rannsóknargögnum. Rannsóknin byggist þá ekki á fyrirframmótuðum kenningum heldur gengur aðferðafræðin út á að mynda kenningar á grundvelli rannsóknargagna. Gögnin eru þá lýsandi (e. *descriptive data*); þau eru látin tala og ummæli þátttakenda í rannsókn túlkuð og útskýrð. Á þennan hátt nálgast rannsakandinn viðfangsefnið með aðleiðslu á túlkandi hátt (e. *analytical induction*) (Taylor og Bogdan 1998: 3–23; 134–163 og Creswell 2007).

Rannsóknin byggðist á hálfopnum viðtölum við tvo málnema til að fá fram lýsingu þeirra á eigin reynslu og upplifun. Viðtölin tóku mið af fyrirframákveðnum ramma, eða opnum viðmiðunarspurningum, en slíkur viðtalsrammi er nauðsynlegur til að tryggja að markmiði rannsóknarinnar verði náð. Annað viðtalið tók 61 mínútu og hitt tæpar 32 mínútur. Í viðtölunum var tölva höfð opin til hliðar með það í huga að þátttakendur gætu farið fram og til baka í Icelandic Online 2 ef þeir kysu til að lýsa eigin reynslu og sjónarmiðum. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Gögnin voru dulkóðuð (opin kóðun) en kóðunin byggðist á þemagreiningu (Taylor og Bogdan 1998: 134–163). Þannig fór rannsakandi kerfisbundið og ítrekað yfir afrituð viðtalsgögnin, leitaði að og dró út úr þeim hugtök og lykilatriði í lýsingum þátttakenda m.t.t. þess hvernig þeir takast á við nám orðaforða og lestur á Icelandic Online 2 og á þeim grunni loks fundnir út ákveðnir kóðar og kóðunarflokkar, eða þemu. Um meginþemu rannsóknarinnar er fjallað í næsta undirkafla.

Rannsakandi talaði íslensku í viðtölunum að ósk þátttakenda en notaði stöku enskt orð eftir þörfum. Annar þátttakandinn kaus að tala ensku í viðtalinu og skaut inn einstaka orði á íslensku en hinn valdi að tala íslensku og notaði ensku ef íslenskt orð skorti. Við afritun viðtalanna tók rannsakandi ekki afstöðu til málfarslegra atriða, þ.e. afritaði orðrétt eftir hljóðskrám. Þátttakendur í rannsókninni fengu íslensk gervinöfn og um þá verður fjallað í næstu undirköflum undir gervinöfnunum.

Þátttakendur

Farin var sú leið að leita beint eftir þátttöku tveggja málnema í námskeiðinu ÍSE009G Sjálfsnámi í íslensku 2 vorið 2014[15]. Um er að ræða 10 eininga námskeið á öðru misseri í hagnýtri íslensku sem öðru máli. Þátttakendur voru tvær stúlkur, 23 og 20 ára. Önnur er með norrænt mál sem móðurmál, hér eftir nefnd *Lára*, hún flutti til Íslands sumarið 2013 og hafði verið í sjö mánuði á Íslandi þegar viðtalið var tekið. Hún hafði einhverja forkunnáttu í málinu áður en hún flutti til landsins. Lára býr með íslenskum kærasta hérlendis og á íslenska tengdafjölskyldu. Hinn málneminn sem tekinn var tali, hér eftir nefndur *Inga*, er með slavneskt mál sem móðurmál. Hún flutti til Íslands ásamt móður sinni sumarið 2013 og hafði búið hér í átta mánuði þegar viðtalið var tekið. Inga hafði enga íslenskukunnáttu þegar hún kom til landsins, hún vinnur með íslenskunáminu. Báðir þátttakendur nota upplýsingatæknina að einhverju leyti í daglegu lífi, s.s. tölvupóstsforrit, leitarsíður á netinu, skype o.s.frv.

Eins og áður segir voru þátttakendur í rannsókninni nemar í námskeiðinu Sjálfsnám í íslensku 2 en það er blandað námskeið þar sem Icelandic Online 2 er helmingur námsefnis til prófs og hinn hlutinn er hefðbundnara námsefni, sem er þá valgrein. Nemendur geta þar valið um lestur, málfræði eða hlustun, þ.e. færniþætti sem þeir vilja leggja sérstaka áherslu á. Lára og Inga höfðu báðar valið sér valgreinina *lestur*[16] í námskeiðinu sem þýðir þá að þær vinna með lestur texta, orðaforða og lesskilning í bókaformi eða í pdf-skjölum á innra neti námskeiðsins. Í viðtölunum við Láru og Ingu kom fram að þær hafa báðar almennt mikinn áhuga á lestri og hafa alla tíð lesið mikið. Eins og

15 Val á þátttakendunum tveimur sem voru fengnir í rannsóknina helgaðist af því að rannsakandi hafði fullvissu um að þeir hefðu unnið af kappi í námsefni námskeiðsins; bæði á Icelandic Online 2 og valgreinarhluta námskeiðsins (lestrarhlutanum). Með þá vitneskju taldi rannsakandi líklegra að þátttakendur hefðu forsendur til að lýsa reynslu sinni og námshegðun á Icelandic Online 2.

16 Í lestrarvalgrein námskeiðsins eru lesnar bækurnar *Ugla sat á kvisti …*, *Átti börn og missti …*, *Eitt, tvö, þrjú …* og *Og það varst þú!* (Kristín Steinsdóttir o.fl. 1990) auk texta í pdf-skjölum úr bókinni *Græna höndin og aðrar draugasögur* (Vilborg Dagbjartsdóttir 1987).

kemur fram í næsta kafla fer umræðan í viðtölum við þátttakendur stundum út í það að bera á einhvern hátt saman lestur texta í vefnámskeiðinu Icelandic Online og lestur texta á pappír í valgreinarhluta námskeiðsins.

Rannsóknarniðurstöður

Markmið rannsóknarinnar var að afla vitneskju um það hvernig íslenskunemar takast á við lestur texta og tileinka sér orðaforða á Icelandic Online 2 og svara þeirri spurningu hvort námsumhverfið feli í sér stuðning við máltileinkunina. Leitast var við í viðtölunum að fá þátttakendur til að gaumgæfa námshegðun sína þar. Við greiningu rannsóknargagnanna komu í ljós eftirfarandi tvö meginþemu:

(4) a. Þema 1: *Skemmtilegt og fjölbreytt námsumhverfi*: Í gögnunum kemur fram jákvætt viðhorf þátttakenda til efnisinnihalds og fjölbreytts námsumhverfisins á Icelandic Online.
b. Þema 2: *Stuðningur við lestur og skilning*: Gögnin sýna að þátttakendur njóta stuðnings í mörgu tilliti af kennslufræðilegri upp-byggingu Icelandic Online við nám orðaforða, lestur texta og skilning.

Rannsóknargögnin verða látin tala í næstu tveimur undirköflum en kaflarnir markast af meginþemunum tveimur sem greint var frá í (4) að ofan. Eins og fram hefur komið var Icelandic Online 2 opið á tölvuskjá þar sem viðtölin fóru fram og verða hér birt skjáskot úr námskeiðinu sem þátttakendur bentu á til skýringa.

Þema 1: Skemmtilegt og fjölbreytt námsumhverfi

Í rannsóknargögnunum kemur skýrt fram að báðir þátttakendur hafa jákvætt viðhorf til Icelandic Online-námskeiðanna og telja það kost að takast á við margmiðlunarnámsefnið í bland við hefðbundnara námsefni í valgrein námskeiðsins Sjálfsnám í íslensku 2. Jákvæð afstaða þátttakenda til Icelandic Online helgast þá einkum af þrennu:

(5) a. Verkefni og æfingar eru fjölbreytt með tilliti til innihalds og tækni.
b. Notkun margmiðlunar í íslenskunáminu gerir það að verkum að námið verður skemmtilegt.
c. Efnisinnihaldið sem fengist er við er áhugavert og tengt daglegu lífi fólks sem hægt er að samsama sig við.

Öll atriðin í (5) má túlka sem staðfestingu á hvetjandi námsumhverfi Icelandic Online. Hér á undan var rætt um tækifærin sem liggja í því að geta kynnt orðaforða með margbreytilegum hætti í margmiðlunarefni. Rannsóknargögnin sýna að þátttakendur telja myndræna framsetningu orðaforða hjálpa til við að muna og læra orðin. Um þetta segir Inga:

> Það er mjög gott, betra fyrir muna orðin … fyrir skilningur. Já, það er mjög gott að sjá myndin.

Á mynd 14 er skjáskot úr Icelandic Online 2 sem Lára benti á sem dæmi um gagnlega framsetningu nýrra orða. Hér á að para saman orð og mynd en efnið tengist umfjöllun um háskólamenntun og ýmis starfssvið:



Mynd 14: Dæmi um myndræna orðaforðaæfingu á Icelandic Online 2 sem auðveldar skilning og tileinkun.

Tölvutæknin er vel nýtt á Icelandic Online eins og fram hefur komið sem leiðir til margbreytilegra viðfangsefna. Rannsóknargögnin sýna að þátttakendur sjá kost í fjölbreytni æfinga á Icelandic Online 2, eða eins og kom fram í ummælum Láru:

> I liked Icelandic Online because there were so many different things … not just *one* thing you are doing all the time […].

Margbreytnin á líka sinn þátt í að gera námsumhverfið skemmtilegt, um það segir Inga:

> Það er ekki svo leiðinlegt þegar ég er að læra … það hjálpar þegar það er gaman að gera … þegar efnið er skemmtilegt.

Inga fylgdi eftir orðum sínum með því að benda á tvær æfingar (myndir 15 og 16) úr Icelandic Online 2 sem ættu m.a. þátt í að gera námið þar skemmtilegt. Eftirfarandi æfing er gagnvirk og textasamhengið daglegt líf og störf kennara við Háskóla Íslands. Hér er unnið með orðaforða um fatnað og fylgihluti auk orðaforða um líkamsheiti. Þá reynir jafnframt á skilning málnemans á fyrirmælum sem eru gefin sem hljóðskrá og texti:

Mynd 15: Dæmi um gagnvirka orðaforðaæfingu á Icelandic Online 2 sem á þátt í því að gera námsefnið skemmtilegt. Fyrirmæli eru gefin sem hljóðskrá og texti, endurgjöf er sjálfvirk.

Á næstu mynd má sjá annað dæmi um verkefni sem Inga hafði sérstaklega gaman af að fást við, bæði með tilliti til tæknilegrar útfærslu og efnisinnihalds, sem hún gat tengt við eigið háskólalíf. Viðfangsefnið er að rata um háskólasvæðið en hér er um að ræða „ferðalag“ um svæðið í flash-forriti. Spurt er til vegar og viðmælandinn vísar veginn, málnemanum er ætlað að beygja til hægri eða vinstri eða halda beint áfram eftir fyrirmælum sem eru birt bæði í texta og með hljóði. Hér eru sýnd tvö þrep æfingarinnar af alls níu:



Mynd 16: Dæmi um ratleiðangur um háskólasvæðið sem á þátt í því að gera námsefnið áhugavert og fjölbreytt.

Um æfinguna sem sýnd er á mynd 16 segir Inga:

> Þetta er mjög gott. Þetta er mjög skemmtilegt (hlær) … góð æfing.

Efnið sem tekið er til umfjöllunar á Icelandic Online er margt hvert áhugavert í augum þátttakenda. Inga lýsir því að textar um íslenska sögu og menningu, um þjóðlegan fróðleik og íslenskt umhverfi, höfði mjög til hennar:

> Og það er mjög skemmtilegt að mörg text … margir textar vera um íslenska history … og allir um Ísland.

Nánar verður rætt um efnisinnihald á Icelandic Online og áhrif þess á skilning í næsta undirkafla.

Það sem hefur komið fram í þessum undirkafla sýnir fram á að námsumhverfið á Icelandic Online 2 er fjölbreytt og áhugavert. Jákvætt viðhorf málnemanna er ekki lítils virði enda sýna rannsóknir að máltileinkun í margmiðlunarumhverfi og árangur sé nátengt hvata og viðhorfi þeirra sem stunda þar nám (Ushida 2005; Birna Arnbjörnsdóttir 2007, 2008a).

Þema 2: Stuðningur við lestur og skilning
Af rannsóknargögnunum má ráða að kennslufræðileg uppbygging á Icelandic Online reynist sú stoð sem henni er ætlað að vera við nám orðaforða, lestur texta og lesskilning. Stuðningurinn grundvallast einkum á fjórum þáttum:

(6) a. Aðferðir til að kenna orðaforða styðja við tileinkun.
b. Umfjöllunarefnið sem málneminn á auðvelt með að samsama sig við hjálpar til við skilning.
c. Þyngdarstig texta sem er lagað að málfærni málnemans, framsetning hans og tengd skilningsverkefni ýta undir lesskilning.
d. Veforðabækur og sjálfsmat innan námsumhverfisins styðja við lestrarferlið.

Eins og fram hefur komið er áhersla lögð á það í Icelandic Online að málnemar geti tengt umfjöllunarefni námskeiðanna við athafnir daglegs lífs. Orð Láru um efnisinnihaldið á Icelandic Online 2 sýna að slíkt styður við skilning:

> The texts were not difficult, I understood most of it […] because this was mostly talking about everyday life and I know that pretty well.

Jafnframt er þess gætt að tenging haldist á milli bálka og námskeiða (eða stiga; t.d. á milli Icelandic Online 1 og 2) m.t.t. efnis og að ný orð komi oft fyrir í margvíslegu samhengi og í ýmsu formi (mynd, texti, hljóð). Ummæli Láru sýna að þessi aðferð auðveldar skilning og tileinkun:

> … Also, I'm in a choir so … so I have heard the choir words you know, and also there is a lot about choir in Menning[17] which I thought was fun …

17 Hér er hún að vísa í innihald efnis á Icelandic Online 1, í þemanu Menningu, sem hún vann í námskeiðinu ÍSE006G Sjálfsnámi í íslensku 1 á fyrra misseri í hagnýtri íslensku. Þar voru til umfjöllunar æfingabúðir kórs. Á Icelandic Online 2 er félagslíf í kringum kórstarf einnig til umfjöllunar.

Tíðni sömu eða sambærilegra orða í gegnum námsefnið hefur greinilega sín áhrif til að læra ný orð og festa þau í minni ef marka má orð Láru:

> … I don't know … some of the words I just remembered … because they were multiple times but some of them … I don't know … I don't know if I ever *learned* them … but I mean I saw them once and some of them just stuck in my head …

Til að reyna að átta sig betur á því hvernig hún tileinkar sér nýjan orðaforða skoðar Lára lesskilningsverkefni á tölvuskjánum sem koma í kjölfar textalotanna á Icelandic Online 2 (sjá um þetta myndir 9–12). Af orðum hennar má ráða að lesskilningsverkefnin styðji við tileinkunina:

> Yeah … so I'm guessing the ones … they are asking about[18] … you know … you learn better.

Í viðtalinu við Ingu spyr rannsakandi út í það hvort það sé eitthvað ákveðið við Icelandic Online-námsefnið sem henni finnist sérstaklega gagnlegt. Inga bendir þá á þetta:

> Já, það er … parts of texts … ég get að hlusta og lesa á sama tíma. Og eftir gera verkefna … *frá textanum*. Það er mjög gott. […]. Það hjálpa að skilja. Ég fyrst … ég skil ekki texta og orðin, nokkur … sum orðin, svo ég get að skilja það *eftir*, þegar ég er að gera verkefna.

Þannig telur Inga helstu kosti Icelandic Online 2 liggja í framsetningu textanna og tengdum skilningsverkefnum; henni finnst stuðningur í því að fá textana í lestrarlotum og leggur jafnframt áherslu á það að skilningsverkefnin í kjölfar texta hjálpi til við að útskýra orð í textunum.

Eins og áður var sagt eru veforðabækur innan Icelandic Online-umhverfisins auk fleiri stuðningsmiðla (sjá mynd 6). Í rannsóknargögnunum kemur fram að þátttakendur líta á veforðabækurnar sem hluta af námsumhverfinu og nýta þær eftir þörfum við lestur texta og verkefnavinnu í námskeiðinu[19]. Þeir líta

18 Hér er hún að vísa til þess að orðaforði sem unnið er með í lesskilningsspurningum í kjölfar textalesturs lærist frekar.

19 Báðir þátttakendur velja til þægindaauka að hafa veforðabókina (íslensk-ensku orðabókina eða Íslex) í sérglugga á skjánum við lestur texta á Icelandic Online – eða í fartæki, þ.e. fartölvu eða í snjallsíma.

jafnframt á það sem mikinn kost við lestur texta á Icelandic Online að hafa fljótvirkar tengingar í veforðabók og annað stuðningsefni sem veldur því að lesturinn gengur hraðar fyrir sig[20]. Í viðtölunum við Ingu og Láru spannst nokkur umræða um hvernig þær halda utan um merkingu orða sem þær hafa leitað skýringa á í veforðabókunum á Icelandic Online. Í umræðunni hugleiddu þær til samanburðar aðferðir sem þær beita við lestur texta á Icelandic Online annars vegar og hins vegar við lestur bóka í námskeiðinu (t.d. *Ugla sat á kvisti …*). Rannsóknargögnin sýna ólíkar aðferðir þátttakendanna í þessu sambandi. Inga lýsir því að hún glósi ný orð á Icelandic Online í sérstaka stílabók, á sama hátt og hún vinnur með orðskýringar með bókinni *Ugla sat á kvisti …* Lára beitir hins vegar mismunandi aðferðum eftir því hvort hún er að vinna með texta á Icelandic Online eða í prentmiðlum; hún glósar aldrei orð úr textunum á Icelandic Online en það gerir hún hins vegar með *Ugla sat á kvisti …* Um ólíkar aðferðir sínar segir Lára:

> And when I work on Icelandic Online I just read … and maybe there is something I don't understand and then I look the word up but I don't write the word down. I just […],[21] and then okay, it's this meaning … and then I continue. […] But then when I do it in *Ugla sat á kvisti …* then I always have this […][22]

Spurt er út í það í viðtalinu hver sé möguleg ástæða þess að hún glósar ekki úr lesefni Icelandic Online á sama hátt og hún gerir við lestur bókarinnar. Lára segist ekki vita ástæðuna. Þegar spurt er nánar út í það hvort henni finnist þyngdarstig textanna á Icelandic Online 2 og í bókinni *Ugla sat á kvisti …* vera sambærilegt eða mismunandi[23] metur hún það svo að þyngdarstigið sé svipað.

Þessar upplýsingar eru athyglisverðar en í viðtalinu við Láru kemur svo í ljós að hún nýtir sér ákveðinn þátt innan kerfisins á Icelandic Online til að styðja við lestrarferlið og skilning í stað þess að glósa ný orð: Innan námsumhverfisins er málnemanum gefinn kostur á sjálfsmati og að fylgjast þannig með framvindu eigin náms. Lára nýtir sér þennan möguleika til að hjálpa sér við yfirferð textanna og merkir sérstaklega við þá sem krefjast

20 Taylor (2006, 2009) hefur fjallað um jákvæð áhrif veforðabóka við lestur texta í netnámi. Þannig hafi hin fljótvirka leið að orðskýringum í slíku umhverfi þau áhrif að sjálfstraust málnemans aukist, lestur texta gangi hraðar fyrir sig og upplifun nemans verði sú að hann ráði betur við textann.

21 Hún sýnir hér hvernig hún flettir þá upp (þ.e. slær inn orð) í Íslex-orðabókinni.

22 Þegar Lára segir „this" tekur hún stílabók upp úr tösku og sýnir þéttskrifaðar glósur úr bókinni *Ugla sat á kvisti …*

23 Vangaveltur rannsakanda snúast um það hvort þyngdarstig textanna geti hér skipt máli, þ.e. að textinn í *Ugla sat á kvisti …* sé þyngri og geti þá skýrt þörf Láru fyrir að glósa úr bókinni.

meiri yfirlegu. Á myndum 17 og 18 má sjá skjáskot af neðsta hluta skjásíðu úr Icelandic Online 2; þar hefur neminn tækifæri til að meta stöðu sína og velja hvort námsþáttum á hverri síðu sé lokið eða ólokið. Hér sjást tvenns konar möguleikar:



Mynd 17: Sjálfsmat neðst á skjásíðum Icelandic Online gefur færi á að merkja síður þar sem sum verkefni hafa verið unnin. Þá birtist gulur hringur.



Mynd 18: Sjálfsmat neðst á skjásíðum Icelandic Online gefur færi á að merkja síður þar sem öll verkefni hafa verið unnin. Þá birtist grænn hringur.

Á mynd 19 má svo sjá skjáskot úr sama námskeiði sem sýnir hvernig málneminn fær þannig yfirsýn yfir námsframvinduna út frá sjálfsmatinu. Rauður hringur á framvindugluggunum hægra megin þýðir þá að engin verkefni hafi verið gerð á viðkomandi síðu í viðkomandi hluta bálksins, gulur hringur merkir að sum verkefni hafi verið leyst og sá græni að öll verkefnin hafi verið unnin.



Mynd 19: Með sjálfsmati neðst á skjásíðum Icelandic Online birtist málnemanum mynd af framvindu námsins í tilteknum bálkum og hlutum námskeiðsins; framvindugluggginn er hægra megin á skjásíðunni.

Þennan stuðning innan námsumhverfisins nýtir Lára sér í vinnu við erfiðari texta á Icelandic Online[24]. Í gögnunum kemur fram lýsing á því hvernig hún

24 Lára nefnir að stöku textar hafi reynst henni erfiðir á Icelandic Online 2, t.d. umfjöllun um ljóð fyrri tíma og ljóðskáld.

fæst við lestur slíkra texta á Icelandic Online 2, í undirbúningi fyrir lokapróf úr efninu:

> I just went through them[25] once and then before the test … I went through them again … and was looking for […] so I was just looking through all of them to find things like „okay, maybe I need to repeat this" … so I was looking them through and then marked which ones by putting them on yellow instead of green … so then I just knew which ones to go back to and then I went through them all that I felt I needed to go through again … for the test.

Eins og hér kemur fram reynist námsumhverfið á Icelandic Online Láru mikilvæg stoð við lesturinn; hún fer kerfisbundið yfir textahluta bálkanna á Icelandic Online 2 fyrir próf og gulmerkir þá texta sem henni finnst hún ekki hafa skilið nægilega vel og vill lesa aftur.

Fram komnar upplýsingar um ólíkar aðferðir Láru þegar hún les textana á Icelandic Online og í bókinni *Ugla sat á kvisti …* (hún telur þyngdarstig textanna á miðlunum tveimur vera svipað, sbr. framar) vekja upp spurningar um hvort skýringarnar megi finna í kennslufræðilegri uppbyggingu og áherslum á Icelandic Online 2. Þeirri tilgátu er í fyrsta lagi varpað hér fram að efnisinnihald, málsnið og aðlagað færnistig texta á Icelandic Online skipti hér máli[26] sem eigi sinn þátt í því að Lára hefur almennt ekki þörf fyrir að glósa úr textunum þar en lætur sér nægja að gulmerkja textana sem hún skilur ekki nægilega vel og vinnur nánar með þá síðar. Í öðru lagi er líka ástæða til að ætla út frá rannsóknargögnunum að margmiðillinn geti hér skipt máli þar sem orðaforði á Icelandic Online er kenndur með myndefni, í texta og með hljóði, og svo að segja lifnar í gagnvirkum æfingum af ýmsu tagi. Í þriðja lagi má vænta þess að stoðirnar sem felast í þrískiptingu efnis á Icelandic Online 2 í *forkennslu* orðaforða, *textahluta* þar sem forkenndur orðaforði birtist í textasamhengi og *eftiræfingar* með sama orðaforða þjóni hér einnig sínum tilgangi í að styðja við tileinkun og skilning. Sömu sögu má svo vafalaust segja um framsetningu lestrarlotanna og skilningsæfingarnar í kjölfarið þar sem klifað er á sama orðaforða og stutt er við skilning. Rannsóknargögnin í heild gefa vísbendingar um að öll þau atriði sem hér hafa verið nefnd eigi þátt í

25 Hér er hún að vísa til þeirra texta í textahluta Icelandic Online 2 sem reyndust henni erfiðir.

26 Efnið í *Ugla sat á kvisti …* varðar daglegt líf unglinga og málsniðið getur ekki talist vera í samræmi við málnotkun ungs fólks nútímans, efnið er ekki heldur samið með íslensku sem annað mál í huga. Textainnihald og málnotkun á Icelandic Online er hins vegar lagað að áhugasviði fullorðinna og færnistigi nema á fyrstu stigum íslensku sem annars máls.

að styðja við tileinkun og skilning texta á Icelandic Online og geta skýrt það af hverju Lára telur sig ekki þurfa að glósa úr textum Icelandic Online, ólíkt því sem hún gerir við lestur í *Ugla sat á kvisti* … Áhugavert verður að skoða þessa þætti frekar með framhaldsrannsóknum.

Umræða og lokaorð

Hér hefur verið fjallað um vefnámsefnið Icelandic Online, sagt frá því hverjum námskeiðin hafa gagnast og hvernig þau hafa styrkt nám og kennslu íslensku, innan og utan Háskóla Íslands. Rætt hefur verið um kennslufræðilegar forsendur efnisins og þá hvaða leiðir hafa verið farnar í meðferð efnis og fjölbreytilegri útfærslu. Jafnframt hefur verið greint frá niðurstöðum rannsóknar á notendum Icelandic Online, þ.e. nemum í hagnýtri íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands sem stunduðu nám á Icelandic Online 2. Rannsóknarspurningin sem var lögð til grundvallar var þessi: *Styður námsumhverfið Icelandic Online 2 við tileinkun orðaforða og lesskilning?*

Við greiningu rannsóknargagnanna komu í ljós tvö meginþemu sem benda til þess að svara megi rannsóknarspurningunni játandi. Niðurstöðurnar sýna annars vegar að málnemarnir hafa jákvætt viðhorf til efnisinnihalds og fjölbreyttra viðfangsefna á Icelandic Online 2 og hins vegar að kennslufræðileg uppbygging og áherslur séu til þess fallnar að halda þétt utan um málnema í tileinkunarferlinu og styðja vel við nám orðaforða, lestur texta og lesskilning. Þegar á heildina er litið má sjá skýrar vísbendingar í rannsóknargögnunum um að námsumhverfið Icelandic Online sé styðjandi og feli í sér hvata til máltileinkunar.

Rannsóknarniðurstöður sem hér hafa komið í ljós gefa mikilvæga innsýn í námshegðun og tileinkunarferli málnema í margmiðlunarnámsumhverfi og veita auk þess gagnlegar upplýsingar m.t.t. framhaldsþróunar og endurskoðunar Icelandic Online-námskeiðanna. Fleiri spurningar hafa jafnframt vaknað sem væri vert að skoða með frekari rannsóknum: Þátttakendur í rannsókninni reyndust hafa afar jákvætt viðhorf til Icelandic Online-námsefnisins og rætt hefur verið hér að námsárangur sé nátengdur hvata og viðhorfi málnema; en hvað einkennir þá tileinkunarferli Icelandic Online-nema sem hafa neikvæðara viðhorf til náms í slíku margmiðlunarumhverfi og hvernig væri rétt að bregast við því[27]? Áður hafa verið ræddar hugmyndir fræðimanna um að vefnámsefni ali af sér sveigjanleika í námi og geti ýtt undir persónubundna þætti nemenda eins og sjálfstæði, frumkvæði og frelsi til að fara eigin leiðir í

27 Benda má á í þessu sambandi að þátttakandinn Inga nefndi að henni hefði þótt stressandi í fyrstu að þurfa að fást við íslenskunám á netinu. Fljótlega eftir að hún hóf námið á Icelandic Online og lærði á námsumhverfið breyttist afstaða hennar.

námsferlinu; hvernig reynist Icelandic Online-námsumhverfið þá þeim sem eiga ekki auðvelt með að vera leiðandi í eigin námi og hverjar væru þarfir þess hóps? Ljóst er að í hinum stóra og sístækkandi hópi notenda Icelandic Online felst mikill fjársjóður til framhaldsrannsókna á námshegðun og þörfum málnema í margmiðlunarnámsumhverfi.

HEIMILDIR

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN): http://bin.arnastofnun.is. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2004. Teaching Morphologically Complex Languages Online: Theoretical Questions and Practical Answers. Peter Juel Henrichsen (ritstj.): *CALL for the Nordic Languages. Tools and Methods for Computer Assisted Language Learning*, bls. 79–94. Copenhagen Studies in Language 30. Samfundslitteratur, Copenhagen.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. Orðabækur, málfræðigrunnur og netkennsla. *Orð og tunga* 8: 9–25. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra mála. Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.): *Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra mála*, bls. 13–47. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Reykjavík.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2008a. Kennsla tungumála á netinu: Hugmyndafræði og þróun Icelandic Online. *Hrafnaþing* 5: 7–31. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2008b. Covcell and Less Commonly Taught Languages: Views, Experiences and Opportunities. Birna Arnbjörnsdóttir og Matthew Whelpton (ritstj.): *Open Source in Education and Language Learning Online*, bls. 47–71. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Reykjavík.

Chun, D. M. 2001. L2 Reading on the Web: Strategies for Accessing Information in Hypermedia. *Computer Assisted Language Learning* 14(5): 367–403.

Chun, D. M. og J. S. Payne. 2004. What makes students click: working memory and look-up behavior. *System* 32(4): 481–503.

Creswell, J.W. 2007. *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions* (2. útg.), bls. 53–84. Sage Publications, Thousand Oaks.

Evrópska tungumálamappan – framhaldsskólastig. 2006. Sótt 28. apríl 2014 af http://www.nams.is/pdf/elp_upper_disa_3.pdf.

Garrett, N. 2009. Computer-Assisted Language Learning Trends and Issues Revisited: Integrating Innovation. *The Modern Language Journal* 93 (Focus Issue): 719–740.

Icelandic Online 1–5: www.icelandiconline.is.

ÍSLEX: http://www.islex.hi.is. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Kirkwood, A. og L. Price. 2005. Learners and learning in the twenty-first century: what do we know about students´ attitudes towards and experiences of information and communication technologies that will help us design courses? *Studies in Higher Education* 30(3): 257–274.

Kristín Steinsdóttir og Jean Posocco. 1990. *Ugla sat á kvisti …* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Kristín Steinsdóttir og Jean Posocco. 1990. *Átti börn og missti …* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Kristín Steinsdóttir og Jean Posocco. 1990. *Eitt, tvö, þrjú …* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Kristín Steinsdóttir og Jean Posocco. 1990. *Og það varst þú!* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Liu M., Z. Moore, L. Graham og S. Lee. 2002. A look at the Research on Computer-Based Technology Use in Second Language Learning: Review of Literature from 1990–2000. *Journal of Research on Technology in Education* 34(3): 250–274.

Plass, J. L., D. M. Chun, R. E. Mayer og D. Leutner. 2003. Cognitive load in reading a foreign language text with multimedia aids and the influence of verbal and spatial abilities. *Computers in Human Behavior* 19: 221–243.

Sverrir Hólmarsson, C. Sanders og J. Tucker. 1989. *Íslensk-ensk orðabók/Concise Icelandic-English Dictionary. Iðunn, Reykjavík.* [Slóð að veforðabókinni á Icelandic Online: http://digicoll.library.wisc.edu/IcelOnline/ Search.TEId.html.]

Taylor, A. 2006. The Effects of CALL versus Traditional L1 Glosses on L2 Reading Comprehension. *CALICO Journal* 23(2): 309–318.

Taylor, A. 2009. CALL-Based Versus Paper-Based Glosses: Is There a Difference in Reading Comprehension? *CALICO Journal* 27(1): 147–160.

Taylor, S. J. og R. Bogdan. 1998. *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource.* Wiley, New York.

Ushida, E. 2005. The Role of Students' Attitudes and Motivation in Second Language Learning in Online Language Courses. *CALICO Journal* 23(1): 49–78.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 1987. *Græna höndin og aðrar draugasögur.* (Ulf Palmenfeldt safnaði og endursagði). Mál og menning, Reykjavík.

SUMMARY

Multimedia tools and software can provide students with innumerable opportunities to learn a new language. This paper focuses on an online language course, *Icelandic Online* (icelandiconline.is), and its potential to enhance L2 vocabulary learning and reading comprehension.

The University of Iceland plays an active role in the developing field of computer-assisted language learning. With Icelandic Online, available in six proficiency levels, the University provides an appealing and effective learning environment, based on

recent developments in second language acquisition research combined with the best available technology.

The Icelandic Online courses have benefitted students, scholars and others around the world who are interested in Icelandic language and culture. The courses are student-centered, self-instructed, guided and sequenced with interactive and visual exercises. Users of Icelandic Online today number around 140,000.

In this paper, methods for the presentation of vocabulary in a meaningful context are explained. The theoretical foundation that guided the development of the course content, in which the notion of scaffolding is an important pedagogical approach, is discussed. As will be demonstrated, the courses are organized around various oral and written texts aligned to the L2 learner's level, followed by comprehension, accuracy and fluency exercises.

Finally, the results of a qualitative study on Icelandic Online 2 users' views and experiences in acquiring vocabulary and reading comprehension are introduced and discussed. The results show that learners are positive towards the varied content and multimedia environment and that they benefit from the pedagogical underpinnings and structure of the course in their learning.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein verður fjallað um vefnámskeiðin Icelandic Online (http://icelandic-online.is) og möguleikana sem þau bjóða upp á við tileinkun íslensku sem annars máls. Greint verður frá því hvernig námskeiðin hafa verið hagnýtt við nám og kennslu við Háskóla Íslands og víðar um heim. Á þróunarstigum Icelandic Online var lögð rík áhersla á kennslufræði námskeiðanna, námsmarkmið voru þar höfð í brennidepli og viðeigandi tæknilausnir síðan útfærðar á margbreytilegan hátt til að ná settum markmiðum. Sýnt verður hvernig kennslufræðilegri uppbyggingu er ætlað að halda þétt utan um málnema í þeim tilgangi að einfalda og styðja við lestur og tileinkun orðaforða.

Meginmarkmið umfjöllunarinnar er að varpa ljósi á Icelandic Online frá sjónarhóli málnema og svara þeirri spurningu hvort námsumgjörðin veiti þeim ætlaðan stuðning við máltileinkunarferlið. Greint verður frá niðurstöðum viðtalsrannsóknar þar sem nemar í íslensku sem öðru máli lýsa því hvernig þeir takast á við nám orðaforða og lestur á Icelandic Online 2. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fjölbreytt námsumhverfi Icelandic Online feli í sér hvata til máltileinkunar og að aðferðafræðin sem í umgjörðinni felst veiti nemunum mikilvægan stuðning við nám orðaforða, lestur texta og lesskilning.

ÞÓRHILDUR ODDSDÓTTIR

Stöðumat og þróun orðaforða á fyrsta misseri í BA-námi í dönsku

Inngangur

Stöðumat við upphaf náms í öllum færniþáttum tungumálsins er til þess fallið að meta þekkingu og færni nemenda, jafnt þeirra sem koma beint úr framhaldsskólum landsins og svo hinna sem hafa bætt við sig þekkingu og færni í erlendu máli oft með dvöl um lengri eða skemmri tíma erlendis. Einnig er stöðumat forsenda þess að geta metið hvaða framfarir verða í náminu og hvernig málnotkun, orðaforði, málvitund og námshvöt endurspegla þekkingu og færni nemenda.

Skilgreining á færniþáttum tungumálsins tekur til viðtökuhluta málsins (e. *receptive competence*), sem er hlustun og lesskilningur annars vegar, og frálegðarhluta málsins (e. *productive competence*) hins vegar, sem er tal/samtal og ritun.

Ritunarþáttur tungumálanáms er höfundi einkar hugleikinn, ekki síst sá hluti sem snýr að því hvernig nemendur geti orðið meðvitaðir um eigin framfarir og hvaða leiðir þeir geta farið í viðleitni sinni til að bæta málfærni sína á þessu sviði. Það er erfitt að meta ritfærni nemenda því margir ólíkir þættir þurfa að fara saman til að ritaður texti verði góður, og jafnvel enn erfiðara að slá máli á ritfærni svo óyggjandi sé. Í stuttu máli má segja að *ritfærni* felist í framsetningu á efni, uppbyggingu texta, því málsniði sem notað er, málfræði og setningagerð. Mat á ritfærni samkvæmt þessum skilningi er margþætt og byggir að talsverðu leyti á huglægu mati. Ýmsar matsaðferðir hafa verið notaðar við mat á ritun, en oft eru notaðir kvarðar þar sem vegnir eru saman ýmsir þættir ritunar svo sem innihald, uppbygging texta, málbeiting, málfræði, orðaforði og heildarsvipur. Slíkir kvarðar eru gjarnan mismunandi eftir aldri og bakgrunni nemenda, en einnig eru notaðir kvarðar sem miðast við eðli þess verkefnis sem meta skal. Kvarðar eru alltaf huglægir að einhverju marki hversu vel sem reynt er að takmarka þann þátt. Líka má benda á að oft spila aðrir þættir en færni í öðru tungumáli inn í þegar skrifaður er texti. Nemandi

sem ekki skrifar góðan texta á móðurmálinu, er alla jafna ólíklegur til að gera það á erlendu máli. Orðaforði telst ekki til færniþátta tungumálsins frekar en málfræði, en er engu að síður snar þáttur í tungumálafærni. Sá sem ekki ræður yfir góðum orðaforða verður seint talinn fær í tungumálinu og gildir þá einu hvort um er að ræða talmál eða ritmál. Vissulega er hægt að búa yfir góðum viðtökuorðaforða og skilja ágætlega bæði talað mál og ritað, en ólíklegt er að sá orðaforði sé tiltækur þegar kemur að framleiðslu á tungumáli.

Í þessari grein verður fyrst og fremst hugað að orðaforða í ritun á dönsku á háskólastigi og þróun hans fyrsta misserið í námi. Meginviðfangsefnið verður stærð orðaforða, lengd og þyngd texta, sem eru mælanlegar stærðir og tiltölulega auðvelt að nota hugbúnað sem telur heildarorðafjölda í einstökum texta, skráir lista yfir einstakar orðmyndir og gefur upp hversu oft þær koma fyrir í textanum. Einnig verður vikið að því hvaða áhrif val og framsetning á ritunarverkefnum gæti haft á úrlausnir nemenda. Efniviðurinn er aðallega sóttur í stöðumat fyrir nýnema í dönsku sem haldin hafa verið við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (hér eftir DET), í september árin 2012 og 2013 og lokapróf þeirra sömu nýnema í skyldunámskeiði í dönsku máli og málnotkun í desember sömu ár.

Megintilgangur greinarinnar er tvíþættur. Annars vegar verður hugað að hvað megi bæta í kennslu og þjálfun ritunar á fyrsta misseri, fara undir yfirborðið og athuga nánar hvort skjóta megi frekari stoðum undir einhverja þætti í mati á ritun[1]. Frá þessu verður greint í fyrsta hluta greinarinnar.

Annar megintilgangur er að gera tilraun til þess að stíga fyrsta skrefið í áttina að því að marki að finna matskvarða til að lýsa þróuninni á ritfærni nemenda á hlutlægari hátt en almenn próf gera. Tilraunin beinist að því að meta orðaforða, lengd og þyngd texta nemenda þegar þeir hefja nám í dönsku og skoða hvaða þróun verður hjá hverjum einstaklingi á fyrsta misseri námsins. Sagt verður frá rannsókninni sjálfri í öðrum hluta greinarinnar. Að lokum verður rætt um niðurstöður og dregnar ályktanir út frá þeim.

Vangaveltur …

Af hverju stöðumat?

Í kennslunefnd grunnnáms í DET var ákveðið vorið 2012 að efna til stöðuprófa í byrjun september sama ár og fékkst til þess styrkur frá Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

1 Ef til vill má finna farveg fyrir mat þegar lengra er komið í náminu. Jafnvel að þróa megi leið til að meta á víðtækari hátt en sem viðkemur orðaforða (sjá Þórhildi Oddsdóttur 2012 – þar sem gefið er yfirlit um mat á ritun).

Stöðuprófin eru hugsuð til að meta stöðu nemenda við upphaf náms í fjórum tungumálum; dönsku og svokölluðum þriðju málum framhaldsskólanna, þ.e. frönsku, spænsku og þýsku. Því veldur einkum tvennt: Í fyrsta lagi eru lokapróf úr framhaldsskólum ekki samræmd og einkunnir á prófskírteinum því tæplega haldbær viðmið til að meta raunverulega stöðu nemenda, enda hafa framhaldskólarnir kallað eftir inntökuviðmiðum frá háskólum landsins. Í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 verður tungumálanám til stúdentsprófs metið í hæfniþrepum þar sem tekið er mið af þrepaskiptingu Evrópurammans í færniþáttum tungumáls. Í öðru lagi má nefna minnkandi áherslu á tungumál í framhaldsskólum og færri tíma til ráðstöfunar í þeim námsgreinum. Með stöðuprófum fæst vitneskja um stöðu hvers nemanda strax í upphafi, sem gefur möguleika á að aðstoða þá nemendur sem eru á mörkum þess að uppfylla inntökuviðmið í DET (Þórhildur Oddsdóttir o.fl. 2012).

Gefin eru upp viðmið um færni í tungumáli við upphaf náms í Háskóla Íslands í þeim tungumálum sem eru skyldugreinar í framhaldsskóla[2], mismunandi eftir því hvaða tungumál um er að ræða, og er viðmið fyrir dönsku þrep B2 samkvæmt svokölluðum Evrópuramma[3]. Nemendum er þó ekki vísað frá nái þeir ekki tilskildum viðmiðum, heldur leitast við að benda þeim á úrræði til framfara.

Hvers konar próf?

Í kennslunefnd DET var samstaða um að prófa í fjórum tungumálum, dönsku, frönsku, spænsku og þýsku. Danska er hið eina þessara tungumála sem er skyldugrein í grunnskóla og skyldi prófið miðað við færniþrep B2, en hin tungumálin, svokölluð þriðju mál, eru nánast eingöngu kennd í framhaldsskólum og þá skyldi miðað við færniþrep B1. Ákveðið var að færast ekki of mikið í fang í fyrsta sinn og prófa aðeins í tveimur færniþáttum, lesskilningi og ritfærni, en láta hina tvo færniþættina, hlustun og tal, liggja milli hluta að sinni. Prófið átti að leggja fyrir í annarri kennsluviku haustmisseris og hvetja en ekki skylda nemendur til að taka prófið. Árið eftir fékkst aftur styrkur úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands og var þá prófað með sama fyrirkomulagi, en þó bætt við hlustun og auk þess tali í dönsku.

Ákveðið var að semja prófin út frá viðmiðum Evrópska viðmiðunarrammans og varð franska DELF[4]-prófið fyrir valinu sem fyrirmynd, en frá 2005 hafa

2 Gert er ráð fyrir því að færni nemenda við upphaf BA-náms í dönsku sé B2. Allir nýnemar taka leiðbeinandi próf í fyrstu eða annarri viku misseris. https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=31544 (danska).

3 Nánar verður fjallað um Evrópurammann síðar í greininni.

4 DELF = Diplôme d'études en langue française. Próf þessi eru samin af franskri prófastofnun

prófin frá CIEP[5] tekið mið af þessum ramma. Formlegt heiti á Evrópska tungumálarammanum er *The Common European Framework of Reference for Languages*, skammstafað CEFR[6]. Að baki Evrópurammanum (CEFR) eru margra ára rannsóknir á tungumálanámi sem taka yfir fjóra skilgreinda færniþætti; hlustun, lestur, tal (einræða/samræður) og ritun. Hugmyndafræðin að baki rammanum er sú, að skólar, stofnanir og vinnustaðir geti á grundvelli samræmds mats áttað sig á raunverulegri tungumálakunnáttu nemenda, starfsmanna og atvinnuumsækjenda. Í Evrópu eru fjölmörg ríki og tungumál, en mikil hreyfing á fólki milli landa og samræmdur matsgrunnur getur auðveldað að mun skilning á því hver raunveruleg kunnátta einstaklinga er, en líka hvar mest þörf er á frekari þjálfun færniþátta. Útbreiðslu og notkun Evrópska viðmiðunarrammans verða ekki gerð skil hér að öðru leyti en því að nefna, að mörg Evrópulönd hafa þýtt viðmiðunarrammann í heild á sín tungumál og fengið gildingu frá Evrópuráðinu[7]. Námsbækur í tungumálum sem byggja á einstökum þrepum viðmiðunarrammans eru víða notaðar í íslenskum framhaldsskólum, t.d. í frönsku-, spænsku- og þýskukennslu. Loks má nefna að í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011[8] er gert ráð fyrir að allt tungumálanám verði metið í hæfniþrepum og taki mið af sjálfsmatsrammanum (Þórhildur Oddsdóttir 2013).

Viðmið um færni í tungumálum ná til fjögurra færniþátta, sem skipt er upp í sex þrep, byrjendaþrepin eru A1 og A2, lengra komnir eru á þrepi B1 og B2, loks eru þeir sem nálgast móðurmálsfærni á þrepi C1 og C2. Færniþættirnir sem horft er til á hverju þrepi eru hlustun, lesskilningur, munnleg færni sem skiptist í tal- og samtalsfærni og loks ritun. Sá hluti viðmiðunarrammans sem kallast sjálfsmatsrammi er í raun kjarni hans þar sem lýst er í stuttu og hnitmiðuðu máli þeim viðmiðum sem nota skal til að greina og lýsa færni sem nemendur verða að tileinka sér á hverju þrepi. Sjálfsmatsramminn og

= CIEP: Centre International D'études Pédagogique. Sótt af http://www.ciep.fr/en/delfdalf/DELF.php (http://www.ciep.fr/en/delf-prim-delf-delf-junior-version-dalf-diplome-detudes-langue-francaise-diplome-approfondi-langue/ type-of-tests#B2).

5 Á heimasíðu CIEP er að finna opinber sýnispróf í frönsku í öllum færniþáttum og öllum færniþrepum A1–C2 og hafa einmitt þessi sýnispróf, DELF, verið lögð til grundvallar í stöðuprófunum í öllum fjórum tungumálunum við DET. Meginhugmyndin að baki þessum prófum er að allir færniþættir séu metnir að jöfnu inn í heildareinkunn. Þess vegna vegur hver prófþáttur 25 stig – og allir fjórir samanlagt 100 stig.

6 Þróun þessa matsramma hefur orðið að tilhlutan Evrópuráðsins og hefur staðið yfir frá því á 8. áratugnum, þegar frumkvöðullinn van Ek skilgreindi Threshold Level árið 1975 og Wilkins þróaði nýjar námskrár 1976 (Pawley og Syder 1983).

7 http://culture2.coe.int/portfolio. Enn sem komið er, hefur aðeins sjálfmatsramminn og leiðbeiningar um notkun hans verið þýdd á íslensku.

8 Erlend tungumál. Viðauki 3, bls. 99–102.

tungumálamappan (ETM[9]) eiga að auðvelda tungumálanemum að fylgjast með framförum sínum meðan á námi stendur og hvetja þá til ábyrgðar og sjálfstæðis í náminu.

Matskvarði Evrópurammans

Matskvarðinn[10] sem notaður er fyrir B2-þrepið í DELF-prófinu er ætlaður til að meta hversu vel er farið að fyrirmælum, hversu tjáskiptamiðuð ritunin er, samhengi, orðaforða og málfræði. Ríflega helmingur matsins snýr að samskiptatengdum atriðum, en orðaforði, málfræði og tengd atriði vega tæpan helming. Kvarðinn fyrir þetta þrep er, eins og kvarðar fyrir önnur þrep viðmiðunarrammans, vel sundurliðaður og því tiltölulega auðveldur í notkun við þau verkefni sem koma til mats hverju sinni. Þó er það með þennan kvarða eins og aðra að mat verður aldrei nákvæmlega eins frá einum tíma til annars, frá einum aðila til annars, sem undirstrikar að huglægt mat hefur ávallt ákveðið rými í slíku mati.

Tegund og gerð verkefna skiptir máli

Lengd texta í ritunarprófi byggist annars vegar á þeirri þjálfun sem nemendur búa yfir og hins vegar hlýtur eðli og framsetning viðfangsefnis að skipta máli. Alanen o. fl. (2010) gerðu tilraun til að skilgreina atriði í ritfærni tungumálanema (L2)[11] út frá færniþrepum viðmiðunarrammans. Öll verkefnin í rannsókninni voru tjáskiptamiðuð auk þess sem lagt var mat á spennivídd[12] þeirra, þ.e. hve vel þau hentuðu nemendum á ólíkum færnistigum. Að semja sögu eða ævintýri handa ákveðnum markhópi var það verkefni sem reyndist best að þessu leyti vegna þess að slíkt verkefni reynist vera aðgengilegt og flækjustig lítið. Einnig telja þau mat verkefnishöfunda á þyngdarstigi verkefna ekki óbrigðult, og viðbrögð nemenda verða oft önnur en vænst er. Ótvírætt niðurstaða Alanen og félaga er sú, að aðgengileiki verkefnis skipti máli.

Í Evrópska viðmiðunarrammanum er viðfangsefnum skipt upp í fjögur svið (e. *domains*): einkarými (e. *personal*), ytra rými (e. *public*), menntun (e. *educational*) og atvinnu (e. *occupational*) (CEFR: 2.1.4). Viðfangsefni

9 ETM: Evrópska tungumálamappan 2006, sá hluti viðmiðunarrammans (CEFR) sem þýddur hefur verið á íslensku (Hafdís Ingvarsdóttir 2006).

10 Matskvarðinn, sem fylgir með í viðauka var þýddur úr frönsku á íslensku, dönsku, þýsku og spænsku af fulltrúum kennslunefndar DET.

11 L2 er stytting fyrir „Language 2“ eða „second language“, þ.e. tungumál sem fólk lærir seinna á ævinni en „L1“ eða „first language“, sem þá er móðurmálið.

12 Hugtakið *spennivídd verkefnis* er notað til að tjá hversu vel breiður hópur, í aldri og færni, getur leyst verkefnið á eigin forsendum. Því breiðari hópur sem getur gert sér mat úr verkefninu, því meiri spennivídd telst það hafa.

hvers sviðs henta nemendum misvel og fer það eftir aldri, þroska og færni í (erlenda) tungumálinu. Einkarými og ytra rými eru þau svið sem eðlilegast er að nemendur hafi fengist við og hugsað um í daglegu lífi. Kunnátta í málinu og þekking á málefnum tengjast í mestum mæli þeim sviðum.

Einmitt í þessu samhengi geta hæglega skapast þær aðstæður að prófverkefni henti misvel, til dæmis ef nemendur geta valið um tvö mismunandi verkefni á sama prófi, án þess að verkefnin séu að öllu leyti sambærileg eða kalli fram þá færni sem nemendur búa yfir. Svipuð staða getur komið upp ef bera á saman árangur hópa milli ára, eins berlega kom í ljós þegar höfundur fór að rýna betur í gögn sín, og gerð verður grein fyrir í niðurstöðukafla greinarinnar.

Af hverju orðaforði?

Orðaforði, þar með talið vald á orðasamböndum hvers konar, er undirstaða fyrir kunnáttu og færni í erlendu tungumáli. Lengd texta eða heildarorðafjöldi segir nokkuð til um hversu auðvelt nemandinn á með að koma hugmyndum eða skoðunum á framfæri. Samsetning orðaforðans segir enn meira um þekkingu og vald viðkomandi á tungumálinu. Slíkri greiningu verður þó ekki viðkomið í þessari grein.

Til eru margar rannsóknir á orðaforða, einkum í ensku (sjá t.d. Nation 2001), þar sem útbúin hafa verið sérstök orðaforðapróf til að kanna hversu breiðan orðaforða nemendur hafa og hvernig hann skiptist í almennan, tæknilegan og akademískan orðaforða. Orðaforði hefur einnig verið flokkaður eftir notkunartíðni, þúsund algengustu orðin, næstu þúsund orðin o.s.frv. (Nation 2001). Texta á ensku má greina á augabragði í til þess ætluðu forriti.

Við greiningu texta á dönsku er slíku hagræði ekki til að dreifa. Þó er til tíðniorðabók þar sem orðaforða úr blöðum og bókum frá 9. áratugnum hefur verið raðað í tíðniröð frá 1–5000 (Bergenholtz 1992), og gerð hefur verið rannsókn sem skilgreinir kjarnaorðaforða í dönsku (Ruus 1995). Skilgreining á akademískum orðaforða Norðurlandamála er enn á teikniborðinu. Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til að meta orðaforða í rituðum texta og er gerð nokkur grein fyrir þeim í tímaritinu Milli mála 2012 (Þórhildur Oddsdóttir).

Áður hefur verið vikið að því að erfitt geti verið að meta framfarir í ritun á heildstæðan hátt, þar sem svo margir þættir skipta máli. Það sem leitað er eftir er einföld aðferð sem mælir alltaf eins.

Hugtakið o*rðmynd* er notað til að tákna hvert orð sem hefur sinn eigin rithátt, t.d. teljast orðin *skrifa, skrifar* og *skrifaði* vera þrjár ólíkar orðmyndir

(e. *unique words*) í þessu samhengi. Fjöldi orðmynda í texta (Nation 2001)[13] segir til um hversu fjölbreyttur orðaforði er notaður til að semja texta eða tjá sig um það efni sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Heildarorðafjöldi er heildartala allra orða sem tilheyra texta, án tillits til þess hver tíðni einstakra orðmynda í textanum kann að vera. Hér má vísa til þess sem á ensku er kallað *type/token-ratio*. „Type" svarar til „orðmyndar" og „token" til „heildarorðafjölda". Síðar í greininni verður gerð grein fyrir talningu á heildarorðaforða hvers nýnema og skoðað hversu margar orðmyndir koma fyrir í hverjum texta, en hlutfall orðmynda og orðafjölda látið liggja milli hluta að sinni.

Að mæla hlutfall orðmynda og heildarorðaforða (e. *type/token ratio*) er ein þeirra aðferða sem notuð hefur verið til að meta og bera saman „gæði" orðaforða nemenda. Sjö orða setning þar sem notuð eru sjö mismunandi orðmyndir mælist með hlutfallið 1/1 = 1,0. Augljóst er að ekki verður hjá því komist að nota sum orðin aftur og aftur að ákveðnu marki ef textinn er lengri en þessi eina setning. Meðal mest notuðu orða í tungumálinu eru svokölluð kerfisorð, t.d. fornöfn, forsetningar, atviksorð og samtengingar. Þetta eru tiltölulega fá orð, sem taka þó talsvert rúm í texta. Fjölbreytni orðaforðans birtist fyrst og fremst í notkun inntaksorða (nafnorð, lýsingarorð, sagnorð) (Golden 2000: 31). Þeir sem ráða yfir góðum orðaforða og beita honum í skrifum sínum geta náð býsna góðu hlutfalli eða allt að 0,5 (t.d. 150/300 = 0,5). Flestir mælast þó með lægra hlutfall – og því lægra sem fjöldi orðmynda er minni (Golden, 2000: 72). Þessi aðferð er því aðeins nothæf til samanburðar að textar sem unnið er með séu jafnlangir, þ.e. að heildarfjöldi orða sé nokkurn veginn sá sami.

Með því að skoða þróun í heildarfjölda orða annars vegar og orðmynda hins vegar hjá hverjum nemanda fyrir sig er hægt að fylgjast með framförum hvers og eins, ásamt því að skoða hvern hóp nýnema og bera saman. Þetta er einfalt í framkvæmd þegar textar eru komnir á rafrænt form. Vissulega væri æskilegt að geta flokkað orðaforðann í tíðniflokka á tiltölulega einfaldan máta, að sjá hve stór hluti orða í texta er meðal þúsund algengustu orða í tungumálinu, hve stór hluti heyrir til næsta þúsund orða flokki, og svo áfram. Því meiri sem notkun nemenda er á lágtíðniorðum því stærri er orðaforði þeirra. Orðaforði enskunnar hefur verið flokkaður á þennan hátt og auk þess hefur akademískur orðaforði verið skilgreindur (Nation 2001). Til er tíðniorðabók fyrir dönsku (Dansk Frekvens Ordbog), en þar er aðeins að finna

13 Hlutfall milli fjölda orðmynda (*unique words*)/fjöldi orða alls, er oft notað til að meta orðaforða. Í þessu samhengi er oft talað um T/T hlutfall (*type/token ratio*).

röðun á algengustu fimm þúsund orðunum. Bókin er ekki til á rafrænu formi og útheimtir því talsverða handavinnu að nota hana að því marki sem hún þó býður upp á. Talning orða og orðmynda gefur litlar sem engar upplýsingar um gæði ritunar, hvorki hvað varðar málsnið, setningagerð, málfræði né rétta notkun orða og orðasambanda. Þessi aðferð hefur því takmarkað gildi þegar á heildarmyndina er litið. Eftir sem áður verður að meta ritaðan texta með öðrum og stundum huglægari aðferðum. Kvarðar[14] sem notaðir eru við mat á ritun í stöðuprófum DELF eru ágæt dæmi, þar sem hluti mats tekur til hvernig farið er að fyrirmælum og hversu tjáskiptavænn textinn er.

Í rannsókninni, sem gerð verður grein fyrir í næsta kafla, var fyrst og fremst hugað að því sem hægast er að mæla, þó að síðar megi fara dýpra undir yfirborðið og skoða hvað megi bæta í máltileinkun nemenda og á hvaða hátt. Þess vegna verður einkum fjallað um stærð orðaforðans við upphaf náms og síðan við lok fyrsta misseris. Hér er það fjöldi orða annars vegar í textanum sem mældur er og hins vegar fjöldi orðmynda, þ.e. hversu mörg einstök orð eru notuð í textanum.

Rannsóknin

Þátttakendur

Fyrsta stöðuprófið fór fram í byrjun september 2012 með þátttöku tólf nýnema. Tíu þeirra luku námskeiði í ritun í desember og lögðu þar með sinn skerf til rannsóknarinnar. Árið eftir tóku ellefu nýnemar stöðupróf, sex þeirra luku ritunarnámskeiði í desember. Ritunartextar þessara sextán nemenda er efniviður rannsóknarinnar sem þessi grein fjallar um.

Sökum þess að báðir stöðuprófshóparnir voru fámennir og próftakar í desember enn færri er brugðið á það ráð að fjalla um nýnemahópana sem einn. Samanburður milli hópa er því ekki tekinn fyrir í þessum þætti rannsóknarinnar heldur litið til þess hvernig nemendur sem einstaklingar standa sig á hvoru prófi og hvernig framförum þeirra er háttað.

Rétt er að geta þess að allir nemendur, sem tóku stöðupróf 2012 og 2013 náðu því lágmarki sem viðmiðunarramminn gerir kröfu um. Helstu veikleikar voru annars vegar að nemendurnir fóru ekki nógu vel að fyrirmælum og hins vegar að heildarorðafjöldi var helst til lágur í sumum tilvikum. Þessa annmarka má mögulega skrifa á æfingaleysi við próftöku. Með því að skoða niðurstöður úr stöðuprófum og desemberprófum yfir árabil má vænta þess að fá skýrari mynd af færni nemenda við upphaf náms og framförum á fyrsta misseri. Eins

14 Matskvarði í ritun á færniþrepi B2 sem fylgiskjal.

og áður er getið standa vonir til að hægt verði að skoða fleiri byrjendahópa og að einnig verði unnt að meta færni nemenda síðar á námsferlinum. Það er ekki aðeins mikilvægt að skoða byrjendahópa og bera þá saman, ekki er síður mikilvægt að skoða hvernig þróunin verður hjá hverjum og einum nemanda frá upphafi náms. Til að byrja með er aðeins eitt misseri undir, en vonandi verður hægt að fylgja einstaklingum eftir yfir lengra tímabil.

Rannsóknargögn

Rannsóknargögnin eru tvö ritunarpróf, stöðumat í byrjun september og lokapróf í þjálfunarnámskeiði í desember. Stöðumatið tekur í heild sinni til allra fjögurra færniþátta tungumálsins, sem auk ritunar eru: lesskilningur, hlustun, tal (frásögn og samtal) og einkunn gefin með þeim hætti sem uppbygging og samsetning stöðumats hvers þáttar gerir ráð fyrir. Hver þáttur er metinn til 25 stiga. Ritun er metin á kvarða[15] sem fylgir prófforminu, en þar vegur orðaforði og beiting hans 16% (4 af 25 stigum).

Eins og fyrr er getið var ákveðið að fyrsta stöðuprófið skyldi aðeins taka á tveimur þáttum – lesskilningi og ritun. Árið eftir var prófað í öllum færniþáttunum fjórum. Fyrra árið leystu nemendur lesskilningspróf áður en kom að ritun, seinna árið var bæði hlustun og lesskilningur undanfari ritunarþáttarins.

Lesskilningspróf á færniþrepi B2 gerir ráð fyrir 60 mínútum til að leysa tvö verkefni, sem byggja á lestri tveggja texta, alls um það bil 2000 orð.

60 mínútur eru ætlaðar til ritunar og var um að ræða val milli tveggja verkefna:

- að skrifa endi á fyrri hluta smásögu sem notuð var í öðru lesskilningsverkefninu
- að skrifa lesendabréf og rökstyðja hvers vegna yfirvöld menntamála ættu að verja meiri fjármunum til tungumálakennslu í Háskóla Íslands

15 Matskvarði DELF á ritun á færniþrepi B2 birtist síðast í greininni sem fylgiskjal.

Það var meðvituð ákvörðun að bjóða upp á val milli tveggja verkefna þar sem meirihluti nýnema hefur ekki stundað formlegt dönskunám í skóla um árabil[16], og því getur það verið talsverð áskorun að skrifa þau 250 orð sem miðað er við. Að skrifa endi á smásögu krefst rökstuðnings og samræmis við fyrri hluta sögunnar, en sumum gæti þótt aðgengilegra að skrifa um slíkt efni en að skrifa opið bréf til yfirvalda menntamála og rökstyðja erindið án stuðnings[17]. Val nemenda á verkefnum skiptist nokkuð jafnt bæði árin, þó voru það heldur fleiri sem skrifuðu bréf en botn á smásögu.

Nemendur skiluðu tíu verkefnum jafnt og þétt yfir misserið eftir að hafa lesið og unnið með margvíslegt efni þeim tengt:

> Munnleg verkefni: A. Heimili mitt, B. Hversdagsmenning og hámenning, C. Ævintýri að eigin vali, D. Hamingjusamasta fólk í heimi.
> Skrifleg verkefni: 1. Vinsæl hljómsveit, 2. Frjálst efni (t.d. bók, kvikmynd), 3. Bygging eða minnismerki, 4. Menningarnótt í Kaupmannahöfn, velja viðburði og rökstyða val, 5. Samanburður á tveimur kvikmyndum, 6. Fjalla um kvikmynd byggða á smásögu Karenar Blixen.

Skriflegi hluti desemberprófsins byggðist annars vegar á beinu lesskilningsverkefni þar sem leitað var eftir nákvæmum skilningi efni texta. Sjálfur ritunarþátturinn byggðist á lestri greinar um ákveðið málefni, sem nemendur áttu að nota sem kveikju að ritun, án þess að vera of bundnir texta greinarinnar. Fyrra árið var lögð fyrir grein sem fjallaði um Dani sem hamingjusama þjóð og nemendur beðnir um að bera saman Íslendinga og Dani, kosti, galla og helstu einkenni hvorrar þjóðar. Árið eftir áttu nemendur at leggja út af grein sem fjallaði um framtíðarhorfur barna miðað við hversu fastheldin börnin voru á móðurmálsku heimahéraðsins – og bera saman við íslenskar aðstæður.

Niðurstöður

Í þessum hluta verður gerður samanburður á heildarorðaforða hópsins í september annars vegar og desember hins vegar, sem og þróun hjá einstaklingum innan hópsins. Á sama hátt verður borinn saman fjöldi orðmynda hópanna í september og desember, ásamt þróun yfir tímabilið. En fyrst verður fjallað um þátt verkefnagerða í þróun einstaklinga innan hópanna hvort ár.

16 Í mörgum framhaldsskólum taka nemendur lokapróf í dönsku eftir tvær annir, annars staðar eftir þrjár eða fjórar. Margir hafa gert hlé á námi í nokkur ár og ætla að taka upp þráðinn, stundum eftir dvöl í Danmörku.

17 Þess má geta, að til eru tvær aldurstengdar útfærslur af DELF-prófi á færnistigi B2 og miðast ritunarverkefnið við ætlaðan reynsluheim hvors hóps – og prófinu ætlað að meta færni nemenda í eða við lok náms.

Áhrif verkefnagerða á lengd texta, fjölda orðmynda og þyngdarstig
Þegar höfundur fór að rýna í verkefni og niðurstöður úr ritunarverkefnum nemendahópanna sem tóku stöðupróf og desemberpróf árin 2012 og 2013 kom í ljós að það þarf að huga að ýmsu við prófagerð og mat á prófum.

Ritunarverkefni sjálfra stöðuprófanna reyndust sambærileg að öllu leyti. Niðurstöður úr mati sýndu að hópurinn sem tók prófið 2013 var jafnari að getu en hópurinn frá 2012 og bar öllum meðaltalstölum saman í því efni, þótt ekki væri sá munur stór. Í hópnum frá 2012 reyndust vera einstaklingar sem skáru sig úr, einkum á neðri hluta skalans. Þegar kom að mati á desemberprófi hópsins frá 2013 stóðu tölfræðilegar væntingar til þess að sá hópur sýndi betri árangur en hópurinn frá 2012. Raunin varð önnur, og skýringa leitað í skrifum Alanen og lýsinga á fjórum sviðum (*domains*) viðmiðunarrammans.

Eðli viðfangsefnis eða spennivídd gæti skýrt hvers vegna niðurstöður á desemberprófi 2013 urðu aðrar en vænta mátti miðað við árangur á stöðuprófinu. Í desember 2012 áttu nemendur að bera saman Íslendinga og Dani, kosti, galla og helstu einkenni hvorrar þjóðar. Slíkt viðfangsefni er bæði aðgengilegt og hefur talsverða spennivídd, því allir Íslendingar hafa að minnsta kosti einhverja staðalímynd af Dönum og dönsku þjóðfélagi, auk þess sem nemendur lásu og fjölluðu um ýmis málefni þessu tengd á misserinu. Árið eftir áttu nemendur at leggja út af grein sem fjallaði um framtíðarhorfur barna miðað við hversu fastheldin börnin voru á mállýsku heimahéraðsins – og bera saman við íslenskar aðstæður. Þetta verkefni krefst grunnþekkingar á mállýskum og hvaða hlutverki þær gegna í þjóðfélagi. Í þessum efnum hafa Íslendingar yfirleitt lítið að byggja á. Greinin sjálf var aðgengileg og auðlesin, en innihaldið ekki að sama skapi auðvelt til umfjöllunar þeim sem ekki þekkja því betur til. Mállýskur eru ekki hluti af námsefni á fyrsta misseri dönskunámsins og ekki þess að vænta að nemendur hafi þekkingu á því málefni á hraðbergi. Í verkefninu sem lagt var fyrir í desember 2012 var nemendum gefið færi á að nýta þessa þekkingu til hins ýtrasta. Í verkefninu frá 2013 var í raun gerð krafa um að nemendur tileinkuðu sér nýja vitneskju á sviði menntunar án þess að hafa tök á að tengja hana við fyrri þekkingu og hefur trúlega haft veruleg áhrif á fjölda orða sem nemendur skrifuðu á desemberprófinu það ár.

Einn þeirra mælikvarða sem brugðið var á ritunarverkefni stöðuprófshópanna frá 2012 og 2013 er svokölluð LIX-tala (d. *læselighedsindex*), sem er mælikvarði á þyngdarstuðul texta. Þar er mælt hlutfall langra orða í texta og meðalfjölda orða í setningu. Þetta þykir ekki vísindalega marktæk aðferð, en gefur góða vísbendingu um þyngdarstig texta. Nokkuð er mismunandi hvar

sett eru mörk milli mjög auðlesinna texta og þeirra sem þyngri eru, sem og hvernig stigun milli þyngdarflokka er háttað.

Í sænsku[18] útgáfunni, sem hér er notuð, er viðmiðið að sé lix-talan undir 30 á hún við mjög léttar barnabækur. Talan frá 30 til 40 tekur til auðlesinna bókmennta og vinsælla vikublaða. Talan frá 40 til 50 á við meðalþungan, venjulegan dagblaðatexta. Talan frá 50 til 60 á við erfiðan texta, venjulega opinbera texta. Tala yfir 60 á við mjög þungan eða þvælinn stjórnsýslutexta.

Nokkuð kom á óvart hvernig lix-tölur hópanna frá 2012 og 2013 birtust á ólíkan hátt. Hér að framan er gerð grein fyrir ólíkum ritunarverkefnum á desemberprófum, en hér er einnig litið til þess að nemendur höfðu val milli tveggja ritunarverkefna í stöðuprófinu, að skrifa bréf til menntamálayfirvalda eða botna smásögu. Bæði árin valdi helmingur hvors hóps hvort verkefni, og var ekki að sjá í fljótu bragði að valið hefði áhrif á niðurstöður prófanna. Aðeins tæpu prósentustigi munaði á meðatali hópanna á stöðuprófi, hópnum frá 2013 í vil. Við skoðun á desemberprófum hefur 2012-hópurinn lækkað að meðaltali um eitt prósentustig, úr 31,8 í 30,8. En 2013-hópurinn hafði aftur á móti hækkað um 7,7 prósentustig, úr 32,6 í 40,3. Á mynd 1 hefur hópunum verið blandað saman, en engu að síður sést vel hvernig þróunin hefur verið hjá hverjum einstaklingi.

Tekið skal fram að hver nemandi hefur sama númer á öllum myndum sem sýna tölulegar upplýsingar.

Mynd 1 sýnir talsverðan breytileika í lix-tölu bæði í september og desember og ekkert afgerandi samræmi innan hóps eða stöðu hvers nemanda. Það sem vekur athygli er breytileiki hjá hverjum nemanda, mesta sveiflan eru hjá nemanda nr. 13, þar sem lix-talan lækkar úr 49 í 31, sem svarar til þess að texti nemandans í september hafi verið á pari við dagblaðatexta, en í desember svarað til bókmenntatexta af léttara taginu. Stærstu sveifluna upp á við á nemandi nr. 6, fór úr lix-tölu 19 í 38, sem svarar til þess að skrifa texta á einföldu barnabókarstigi í september, en í desember er textinn farinn að nálgast dagblaðastigið. Í heildina tekið jafnast lix-tala hópsins frá því að vera á bilinu 19 til 49 til þess að vera á bilinu 27–44. Í samræmi við það er meðaltal í hvoru prófi fyrir sig nánast það sama, eða 33 og 34.

Við nánari athugun má greina að fimm nemendur skila lægri lix-tölu í desember, sem allir reyndust vera úr 2012-hópnum. Í ljós kemur að það eru einmitt þeir sem völdu að skrifa bréf á stöðuprófinu, með einni undantekningu þó, nemandi nr. 8. Þeir sem völdu að skrifa endi á smásögu skila hærri lix-tölu

18 http://lix.se/.

í desember. Nemendur nr. 2 og einkanlega nr. 6 taka miklum framförum yfir misserið að þessu leyti, sá fyrrnefndi úr 29 í 42 og sá síðarnefndi úr 19 í 38. Báðir þessir nemendur skrifuðu endi á smásögu í stöðuprófinu og reyndar líka nemandi nr. 12, sá með jafnhæsta skorið.



Mynd 1: LIX-tölur í september og desember. Alls 16 nemendur. Nr. 17 sýnir meðaltal hvors prófs.

Sé þessi niðurstaða skoðuð betur, má sjá að þeir sem skrifuðu endi á smásögu hækka allir, og á það við um bæði árin. Þeir sem skrifuðu bréf 2013 hækka líka, en mun minna en þeir sem botnuðu smásögu.

Báðir hóparnir eru litlir og varlegt að fullyrða of mikið út frá niðurstöðunum sem að framan eru raktar. Engu að síður má velta því fyrir sér hvort mismunandi gerð ritunarverkefna í desember 2012 og 2013 eigi þátt í því að lix-tala er mun hærri seinna árið. Efni sem er þyngra, eða hefur hærra, flækjustig dregur úr lengd texta, en ýtir undir hærri lix-tölu.

Þá má einnig skoða betur muninn á því að skrifa bréf til opinberra aðila og semja endi á smásögu – það virðist fylgja þeim sem skrifuðu bréf að koma út með hærri lix-tölu og þar með verður það áhugavert að velta fyrir sér hvort verkefnin sem velja má um á stöðuprófi kunni að krefja nemendur um mismunandi færni þegar grannt er skoðað.

Í ljósi ofangreindrar reynslu þarf ekki aðeins að vanda til vals á verkefnum hvað varðar þyngd og auðlæsi texta. Efni textans sem unnið er út frá verður að hafa tengingu við eitthvað sem nemendur hafa þekkingu á og loks verða fyrirmæli að vera skýr og hafa svigrúm fyrir talsverða spennivídd. Í verkefnum

sem hér eru til umræðu er ekki verið að prófa í tiltekinni þekkingu á málefnum, heldur leitast við að nemendur geti beitt málþekkingu sinni til að setja saman eins góðan texta og kostur er á þeim tíma sem til ráðstöfunar er.

Hér hefur verið rætt um mikilvægi verkefnagerða og umfjöllun um hvernig til tókst hjá hvorum hópi um sig og hvaða breytur gætu hafa haft áhrif á magn ritaðs texta hvort ár, sem og þyngdarstig textanna. Í næsta kafla verður gerð grein fyrir því textamagni sem raunverulega leit dagsins ljós án tillits til þess hvort árið framleiðslan átti sér stað.

Heildarorðafjöldi í stöðuprófum og desemberprófum 2012 og 2013[19]

Í stöðuprófi sem þessu er ekki hægt að ganga að því gefnu að nemendur hafi t.d. þemabundinn orðaforða tiltækan eða hafi sérhæft sig á ákveðnu sviði tungumálins og því ekki hægt að meta á þeim grunni. Engu að síður hlýtur lengd texta í orðum talið að gefa ákveðnar upplýsingar hversu nemendur eiga auðvelt með að koma orðum að hugsunum sínum, þótt augljóst sé að gæði texta fara ekki eingöngu eftir orðafjölda. Sumum lætur vel að koma miklu að í fáum orðum, meðan aðrir þurfa fleiri orð til að koma hugsun sinni á framfæri. Tekið skal fram að röðun miðað við orðafjölda er óháð öðrum mælingum og því alls ekki unnt að ganga að því vísu að hæsta einkunn skv. matskvarða DELF-prófsins tilheyri þeim sem skrifaði flest orðin.

Næstu tvær myndir sýna þróun í lengd texta og stærð orðaforða nemenda yfir tímabilið frá september til desember – annars vegar heildarfjölda orð og hins vegar fjölda orðmynda.



Mynd 2: Heildarorðafjöldi og fjöldi orðmynda á stöðuprófum (2012 og 2013). Alls 16 nemendur. Súlur nr. 17 sýna meðaltal allra nemenda.

19 Hóparnir sem tóku stöðupróf árin 2012 og 2013 eru litlir og gildi þess að bera saman þessa hópa takmarkað – og er það heldur ekki meginviðfangsefni þessarar greinar. Hóparnir eru því settir saman og skoðaðir í einu lagi með tilliti til aukningar orðafjölda og fjölda orðmynda frá september til desember.

Mynd 2 sýnir annars vegar fjölda orðmynda og hins vegar heildarfjölda orða sem hver hinna 16 nemenda skrifaði í ritunarhluta stöðuprófa 2012 og 2013. Röðun nemenda miðast við heildarorðafjölda á stöðuprófi og helst sú röðun á öllum myndum, sá sem skrifaði flest orð raðast lengst til vinstri og síðan koll af kolli og loks er sýnt meðaltal hópsins sem nr. 17. Lengd textanna, heildarorðafjöldi, er breytilegur allt frá 341 orði (nr. 1) niður í 107 orð (nr. 16) þar sem þau eru fæst, eða 219% munur. Ekki er jafn mikill breytileiki í fjölda orðmynda þar sem breiddin spannar frá 156 orðum (nr. 5) til 63 (nr. 15), sem er 148% munur.

Rétt er árétta að hlutfall milli orðmynda og heildarorðafjölda einstakra nemenda er breytilegt og því minni munur milli þessara tveggja stærða sem heildartextinn er styttri. Ástæðan er sú, að því lengri sem texti er, því líklegra er að hluti orðanna séu notuð aftur og aftur í textanum.

Í viðmiðunarramma Evrópuráðsins er gert ráð fyrir að nemendur á stigi B2 ráði við að skrifa 250 orð. Sex nemendur eru yfir þeim mörkum, aðrir sex rétt undir þeim mörkum, en þrír eru talsvert frá markmiðinu, einkum nemandi nr. 16.

Nemendum til málsbóta er rétt að taka fram, að viðmið Evrópurammans taka að öllum líkindum til nemenda sem eru í námi og eiga trúlega tiltölulega auðvelt með að virkja þá færni sem þeir í raun búa yfir á prófatímanum. Nemendur sem ekki hafa stundað formlegt nám árum saman búa eðlilega ekki að þeirri þjálfun í stöðuprófinu.

Orðafjöldi einn og sér segir ekki alla söguna um gæði texta. Stuttur texti getur verið vel orðaður skilað þeim boðskap sem höfundur hefur fram að færa á þeirri stund sem ætluð er til ritunar.



Mynd 3: Heildarorðafjöldi og fjöldi orðmynda á desemberprófum (2012 og 2013). Alls 16 nemendur. Súlur nr. 17 sýna meðaltal allra nemenda.

Mynd 3 sýnir fjölda orðmynda og heildarorðaforða sem nemendur skila á

ritunarprófi í desember eftir þriggja mánaða ritunaræfingar. Flest orð, 1151, skrifar nemandi nr. 3 og fæst orð, 438, nemandi nr. 15. Munurinn þar á milli er 163%.

Munur milli þeirra sem nota flestar orðmyndir, 419 (nr. 5) og fæstar orðmyndir, 219 (nr. 2, 6, 9, 12) er 91%. Meðaltalsmunur á fjölda orðmynda og heildarorðafjölda í desember er 160%, mun meiri en í stöðuprófi þar sem hann er 95%. Þessi aukning helgast af lengri textum í desember.

Röðun nemenda miðað við orðafjölda á stöðuprófi breytist talsvert. Þar sem áður var fallandi röð frá vinstri til hægri er nú óreglulegt mynstur. Hið sama á raunar við um fjölda orðmynda þótt sveiflur séu minni. Nemendur 1, 3, 5 og 11 fara yfir þúsund orða texta, meðan nemendur 6, 9, 12 og 15 eru ekki hálfdrættingar í orðafjölda, ná ekki að skrifa 500 orð. Nemendur nr. 5 og 11 skera sig nokkuð úr með mestan fjölda orðmynda, nemandi 15 er með fæstar orðmyndir, 214, en síðan eru fjórir nemendur, 2, 6, 9, og 12 með ögn fleiri orðmyndir, allir með sömu tölu, eða 219 talsins.

Myndir 2 og 3 sýna talningar úr báðum prófum, en næstu tvær myndir samanburð á hverjum nemanda við sjálfan sig hvað snertir heildarorðafjölda og fjölda orðmynda.



Mynd 4: Samanburður á orðafjölda í stöðuprófi og desemberprófi (2012 og 2013). Alls 16 nemendur. Súlur nr. 17 sýna meðaltal allra nemenda.

Mynd 4 sýnir heildarorðafjölda nemendahópsins, annars vegar í stöðuprófi og hins vegar í desemberprófi. Á myndinni má glöggt sjá hverju þriggja mánaða þjálfun skilar í textalengd.

Ljóst er að ekki hafa allir tekið sömu, eða jafnmiklum, framförum. Í texta

með mynd 4 eru tölur um mesta mun milli einstaklinga í heildarorðafjölda í desemberprófi, 163%, en vert er að gefa gaum að hverjum einstaklingi fyrir sig og skoða framfarir hvers og eins á tímabilinu. Sá sem skrifaði 341 orð á stöðuprófi fór upp í 1103 orð í desember sem svarar til 223% aukningar. Sá sem skrifaði næstflest orðin í september náði því að skrifa flest orð í desember, 1151, sem er aukning um 834 orð, eða 263%.

Nemandi nr. 16, reyndist hástökkvari hópsins þar sem 107 orð í september urðu að 837 orðum í desember, sem er tæplega áttföldun á orðafjölda, eða 682% aukning. Næstur er nemandi nr. 11 með 364% og nemandi nr. 5 í þriðja sæti með 290%. Meðalaukning hópsins í heild er 203%, þannig að nemendur með minnstu aukninguna, 78% (nr. 6), 82% (nr. 2) og 107% (nr. 9), draga meðaltalið talsvert niður.

Þeir nemendur sem stóðu best að vígi í stöðuprófinu, halda ekki endilega stöðu sinni í desember, samanber nemendur nr. 2 og 6 sem bæta minnstu við sig. Aftur á móti hafa tveir nemendur, nr. 11 og 16, sem ekki höfðu eins vænlega stöðu í september bætt sig hlutfallslega mest.

Þrátt fyrir mikla dreifingu innan nemendahópsins í orðafjölda er ljóst að allir bæta sig verulega, en ekki virðist unnt að spá um röðun nemenda í desemberprófi út frá niðurstöðum stöðuprófs. Aðrar breytur[20] ráða þar trúlega of miklu.

Mynd 4 sýnir miklar framfarir í magni af rituðu máli, en framfarirnar eru ekki alfarið bundnar við fyrri árangur. Þeir sem stóðu vel að vígi í september, höfðu forskot sem hefði mátt ætla að fleytti þeim hraðar fram en þeim sem verr voru staddir í september. Sú varð þó ekki raunin heilt yfir. Ýmsar ástæður geta legið til þess, dagsformið hefur alltaf sitt að segja, en líka má reikna með að eins misseris æfing í ritun hafi leyst úr læðingi fyrri þekkingu þar sem hún hefur verið til staðar og/eða losað nemendur við ýmsar hömlur. Ekki er heldur hægt að horfa fram hjá einstaklingsmun í ástundun og snerpu.

Í heild er veruleg aukning á orðafjölda hjá öllum sem taka bæði prófin, dreifing aukningarinnar er einstaklingsbundin og ekki tengd árangri hvers og eins á stöðuprófi.

Meðalorðafjöldi beggja hópa eykst um 203%, sem verður að teljast býsna mikil aukning á einu misseri. Það hlýtur því að teljast nokkuð ljóst að ritþjálfun skilar nemendum umtalsverðum og mælanlegum árangri. Gæði textanna verða svo mæld á öðrum en ekki jafn hlutlægum kvarða, og að sjálfsögðu full ástæða til að vinna að árangri á því sviði líka

Fjöldi orðmynda í texta gefur hugmynd um hversu fjölbreyttur og breytilegur

20 Sbr. umfjöllun um mikilvægi verkefnagerðar hér að framan.

orðaforði er notaður. Að hluta til skrifast fjölbreytnin á notkun mismunandi orðmynda sama grunnorðs, en að hluta til sýnir hún raunverulega breidd orðaforða hvers og eins. Mikil aukning hefur líka orðið á þessu sviði hjá öllum nemendum, en afar mismikil eins og sjá má á næstu mynd.



Mynd 5: Samanburður á fjölda orðmynda í stöðuprófi og desemberprófi (2012 og 2013). Alls 16 nemendur. Súlur nr. 17 sýna meðaltal allra nemenda.

Mynd 5 sýnir að nemendahópurinn notar frá 63 til 156 orðmynda í stöðuprófinu, munur milli hæsta og lægsta fjölda orðmynda er 148%, en meðaltal hópsins er 122,6 orðmyndir. Þegar litið er til lokaprófsins má sjá talsverða breytingu. Nemendur nota 214 til 419 mismunandi orðmyndir í ritunartexta sínum, munurinn á þeim hæsta og lægsta er 96%, að meðaltali 278,9 orðmyndir. Ef miðað er við meðaltalstölur hópsins, fjölgar orðmyndum um 127%.

Nemandi nr. 16 nær hlutfallslega mestri fjölgun orðmynda, eða 395%, næst mesta aukning kemur frá nr. 15, eða 240%, og síðan er nr. 11 með 201%. Minnsta aukningin er hjá nr. 2, eða 48%, næst minnst hjá nr. 6, eða 56%, og síðan nr. 9, eða 65%.

Fjöldi orðmynda vex ekki í sama hlutfalli og fjöldi orða, enda eðlilegt að því lengri sem texti er, því lægra verður hlutfallið milli orðmynda og orða (e. *type/token ratio*). Þeir sem sýna mesta aukningu í fjölda orðmynda eru ekki endilega þeir sem skrifa flest orð alls. Nemandi nr. 16 nær mestri hlutfallsaukningu í báðum tilvikum. Síðan er það nemandi nr. 15 sem bætir næst mestu við sig, og tekur þar forskot á þá sem voru nánast jafnir honum á stöðuprófi. Sumum nemendum fer mjög mikið fram frá september til desember hvað varðar fjölgun orðmynda. Áhugavert væri að rannsaka ástæður þess að nemendur

taka svo stórstígum framförum, ekki síst þegar um er að ræða nemendur eins og nemanda 5, sem hafði flestar orðmyndir í september, og svo aftur nemendur nr. 15 og 16, sem byrjuðu misserið með fæstar orðmyndir.

Umræður og niðurstöður

Með stöðuprófunum er verið að athuga hvort nemendur sem hefja nám við dönsku í Háskóla Íslands hafi færni í tungumálinu sem skilar þeim inn á stig B2 í Viðmiðunarrammanum. Stöðuprófin í frönsku, spænsku og þýsku eru sömuleiðis ætluð til að kanna hvort nemendur hafi færni sem svarar til B1 í matsrammanum. Fram til þessa hafa verið haldin þrjú stöðupróf, en þar sem fyrirkomulagi á málnotkunarnámskeiðum í dönsku var breytt haustið 2014 þótti ekki rétt að taka það til krufningar fyrr en a.m.k. eitt stöðupróf til viðbótar hefur verið haldið. Full þörf er að halda áfram að kanna stöðu nemenda þegar þeir hefja nám við HÍ, því vissulega hafa þeir gagn af að vita hvar þeir standa og hvort þeir þurfa á aðstoð að halda til að takast á við námið. Það er einnig hvetjandi fyrir nemendur að fylgjast með framförum sínum í einstökum færniþáttum fyrsta misserið – og jafnvel yfir lengri tíma. Kennarar hafa einnig þörf fyrir að þekkja faglega styrkleika og veikleika nemenda, en ekki síður að læra sjálfir og verða meðvitaðri um gæði verkefna sem lögð eru fyrir nemendur.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru, að allir nemendur bæta miklu við textamagn sitt á tímabilinu september til desember bæði árin. Orðafjöldi ríflega þrefaldast og fjöldi orðmynda tvöfaldast, sem er ótvíræð aukning í magni og einnig í ritfærni.

Orðafjöldi í ritunarverkefni segir til um hversu auðvelt nemendur eiga með að skrifa, koma orðum að því sem þeir vilja og geta sagt. Fjöldi orðmynda segir nokkuð til um hversu fjölbreyttur orðaforði er tiltækur þegar tekið er til við skriftir. Tilgangur með samanburði er að bera saman einstaklinga innan hópa og milli ára til að athuga hvort frammistaða nýnema breytist yfir tíma. Miðað við þau gögn sem hér hafa verið kynnt eru almennt ekki líkur á að það dragi verulega saman með þeim sem skrifa mest og þeim sem skrifa minna þegar líður á námið, en einstaklingsmunur er alltaf verulegur. Einstaka nemendur ná seint eða aldrei almennilegum tökum á málfræðihluta ritunar, þótt ekki vefjist fyrir þeim að skrifa langa texta, aðrir eru svo nákvæmir að þeir komast aldrei á flug í textaskrifum – og svo er öll flóran þar á milli. Hlutverk kennara er að vinna með þessum nemendum og aðstoða þá við að finna jafnvægi milli nákvæmni og flæði við notkun á markmálinu.

Þótt ekki sé unnt að setja fram afgerandi fullyrðingar um að mat á ritun eins

og rakið er hér að framan sýni reglu eða ákveðið mynstur þegar bornir eru saman hópar, eru þetta einfaldar mælingar sem fljótlegar eru í framkvæmd og bjóða upp á virka þátttöku nemenda.

Markmiðið með samanburði á ritun í september og desember á fyrsta misseri náms er að sjálfsögðu ekki eingöngu að sjá meiri framleiðslu á texta. Vöxtur í orðaforða er mikilvægur, en það er ekki síður mikilvægt að auka breidd í orðaforða og tileinkun á „þyngri“ orðaforða eða lágtíðniorðaforða, sem gæti flokkast með akademískum eða tæknilegum orðaforða ef slík skilgreining væri fyrir hendi í dönsku. Ályktanir sem má draga af rannsókn Alanen o.fl. (2010) sýna að það skiptir verulegu máli hvernig verkefni sem leggja á fyrir tungumálanemendur eru hugsuð og útfærð. Verkefnin þurfa að þjóna þeim tilgangi sem þeim er ætlað og ná til getustigs nemenda þannig að þeir fái notið sín og komið þekkingu sinni og færni til skila og þannig náð hæsta mögulega mati fyrir verkefnið. Þessu atriði verður væntanlega gefinn sérstakur gaumur við prófagerð eftirleiðis.

Haustmisserið 2013 eykst bæði orðafjöldi og fjöldi orðmynda til muna minna en hjá 2012 hópnum. Þess ber þó að geta að 2013-hópurinn skilaði að jafnaði lengri textum og þar með meiri fjölda orða og orðmynda í stöðuprófinu. Verkefni á desemberprófi 2013 gaf trúlega minni möguleika á langri ritun. Hins vegar gæti það verkefni hafa krafið nemendur um erfiðari orðaforða í þeim skilningi að þeir notuðu meira af löngum orðum og setningum – eins og ráða má af lix-tölum hópsins. Mögulega gefur þetta vísbendingu um að vanda verkefnaval og framsetningu enn betur en hingað til hefur verið gert.

Sú aðferð að telja orð og orðmyndir er góð að því leyti að þetta er hrein og klár mæling, einföld í framkvæmd og auðveld til samanburðar frá einum tíma til annars hjá sama einstaklingi eða samanburði milli einstaklinga eða hópa á sama tíma. Með því að bæta lix-tölu inn í myndina fæst ný stærð inn til að meta þyngd texta, hvort hann er á pari við barnabók, dagblað, fræðirit eða eitthvað þar á milli. Nemendur geta sjálfir mælt orðafjölda, fjölda orðmynda og lix-tölu. Sá möguleiki getur nýst þeim meðan þeir vinna markvisst að því að auka orðaforða sinn og skrifa burðarmeiri texta. Á þann hátt geta nemendur skoðað framfaraferli sitt í þessum efnum – ásamt því að fá endurgjöf á öðrum þáttum ritunar með fyrirhafnarmeiri og huglægari matsaðferðum.

Spyrja má hvort marktækt sé að skoða og greina texta hjá svona fámennum hópum sem dönskunemar eru. Séu þau verkefni sem lögð eru fyrir í stöðuprófum og á lokaprófi í desember þau sömu eða sambærileg í alla staði frá ári til árs

er unnt að meta ákveðna þætti í þróun ritunar hjá nýnemum ásamt þeim frávikum sem kunna að verða.

Það er alls ekki útilokað að stöðupróf geti haft forspárgildi þegar litið er til aukningar í lengd texta, fjölda orðmynda og lix-tölu, en til þess að sannreyna það, þarf meiri gögn heldur en þegar hefur verið aflað og því einboðið að halda athugunum sem þessum áfram.

Öflun gagna yfir lengri tíma getur orðið grunnur að flóknari athugunum á þróun í málnotkun dönskunema, til dæmis röðun orðaforðans í tíðniflokka. Þá má nefna að öllum gögnum má safna í korpus eða málbanka sem síðan má vinna með á ýmsan hátt og nýta niðurstöður til þjálfunar í ritun tungumálsins. Mögulega gæti slík vinna síðan leitt til betra og markvissara mats á ritun.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá framhaldsskóla. 2011. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/.

Alanen, Riikka, Huhta og Tarnanen. 2010. Designing and assessing L2 writing tasks across CEFR proficiency levels. *Eurosla Monographs Series* 1: 21–47.

Bergenholtz, H. 1992. *Dansk Frekvensordbog.* GEC Gads Forlag, Kaupmannahöfn.

CEFR = *Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment.* Sótt af http://www.coe.int/t/dg4/linguistic/cadre1_en.asp.

CIEP = *Centre International D'études Pédagogiques.* Sótt af http://www.ciep.fr/en.

DELF = Diplôme d'études en langue française. *Sótt af http://www.ciep.fr/en/delfdalf/ DELF.php (http://www.ciep.fr/en/delf-prim-delf-delf-junior-version-dalf-diplome-detudes-langue-francaise-diplome-approfondi-langue/type-of-tests#B2).*

Evrópska tungumálamappan, framhaldsskólastig. (ETM). 2006. Sótt af http://www. nams.is/pdf/elp_upper_disa_3.pdf.

Golden, A. 2000. *Ordforråd, ordbruk og ordlæring i et andrespråksperspektiv.* Ad Notam Gyldendal, København.

Hafdís Ingvarsdóttir. 2006. ETM mappan: Leið til að snúa vörn í sókn. *Málfríður* 22(1): 5–9.

Háskóli Íslands, kennsluskrá, danska. Sótt af https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php? tab=skoli&chapter=content&id=31544.

LIX-räknare. Sótt af http://lix.se.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2011. *Aðalnámskrá framhaldsskóla* 2011, almennur hluti. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/ adalnamskra-framhaldsskola/.

Nation, I. S. P. 2001. *Learning Vocabulary in Another Language*. Cambridge University Press, Cambridge.

Menntamálaráðuneytið. 1999. *Námskrá í erlendum tungumálum*. Sótt af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=96EA121AF8F7775D002576F00058D4CB&action=openDocument.

Pawley, A. og F.H. Syder. 1983. Two Puzzles for Lingustic Theory: Nativelike Selection and Nativelike Fluency. J.C. Richards & R.W. Schmidt (ritstj.): *Language and Communication,* bls.191–226. Longman, London.

Þórhildur Oddsdóttir. 2012. Orð eru til alls fyrst. Sigrún Á. Eiríksdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir (ritstj.): *Milli mála. Tímarit um erlend tungumál og menningu*, bls. 257–292. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Reykjavík.

Þórhildur Oddsdóttir, Ásta Ingibjartsdóttir og Eyjólfur Már Sigurðsson. 2012. Staða nýnema við upphaf náms í erlendum tungumálum við HÍ. *Málfríður* 28(2): 8–12. Sótt af http://malfridur.ismennt.is/haust2012/pdf/malfridur-vol_28-2-08-12-tho-ai-ems.pdf.

Þórhildur Oddsdóttir. 2013. Mat á ritun: Stöðupróf og Viðmiðunarrammi Evrópuráðsins (CEFR). Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir (ritstj.): *Milli mála. Tímarit um erlend tungumál og menningu*, bls. 199–220. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Reykjavík.

SUMMARY

Carins og McClatchey (2013) komust að þeirri niðurstöðu að börn sem væru í umhverfi þar sem væri fjölbreytt flóra einstaklinga (e. *inclusive*) hefðu jákvæðari viðhorf gagnvart fólki með fötlun og gerðu sér betur grein fyrir þörfum ólíkra einstaklinga. Þeirra niðurstaða er að reynsla leiði til jákvæðari viðhorfa. Samspil viðhorfa, reynslu og hegðunar eru flókin, reynsla breytir viðhorfum og viðhorf hafa áhrif á hegðun okkar og á það hvað við upplifum. Í rannsókn Amalíu Björnsdóttur, Barkar Hansen og Baldurs Kristjánssonar

(2010) fundust jákvæð tengsl milli ánægju með skólann og námsárangurs sem bendir til mikilvægis viðhorfa og jákvæðni nemenda gagnvart skóla sínum.

Í þessari grein verða skoðuð viðhorf nemenda í Færeyjum og á Íslandi til skólastarfs. Hvað telja þeir að skólar eigi að leggja áherslu á í starfi sínu? Á áherslan að vera á góðan námsárangur, undirbúning fyrir frekara nám, persónulegan þroska hvers og eins eða að öllum nemendum líði vel? Einnig verður fjallað um viðhorf unglinganna til þátttöku allra nemenda í almennum skóla, óháð andlegu atgervi og tungumálakunnáttu. Skoðaður verður munur á viðhorfum í þessum tveimur löndum en ekki síður hvað það er sem er sameiginlegt í viðhorfum unglinganna og þeirri spurningu velt upp hversu vel þessi viðhorf ríma við þær áherslur sem birtast í lögum og námskrám.

Um aðferð rannsóknarinnar og þátttakendur

Í greininni er byggt á gögnum úr spurningalistum sem lagðir voru fyrir nemendur í 9.–10. bekk í 14 grunnskólum á Íslandi og jafnaldra þeirra í 21 skóla í Færeyjum. Þeir eru í því sem kallað er 8. og 9. bekkur þar í landi, sem er sambærilegt við 9. og 10. bekk á Íslandi. Alls tóku 2.174 nemendur þátt í rannsókninni. Svarhlutfall var gott eða 84% í báðum löndum. Foreldrar sjö íslenskra nemenda afþökkuðu þátttöku sinna barna en ekki er vitað í hvaða bekkjum þeir voru. Engir færeyskir foreldrar afþökkuðu þátttöku sinna barna. Nemendur gátu einnig kosið að taka ekki þátt í rannsókninni, en ekki eru til nákvæmar tölur um hversu margir þeir voru. Í töflu 1 má sjá nánari upplýsingar um þátttakendur.

Færeysku nemendurnir dreifðust á 21 skóla. Í þeim fjölmennasta voru 134 nemendur í þessum tveimur árgöngum og í þeim fámennasta 16 nemendur. Meðalfjöldi nemenda í hverjum skóla var 58 í Færeyjum. Íslensku nemendurnir voru í 14 skólum og voru að meðaltali 68 nemendur í úrtaki í hverjum skóla. Í fjölmennasta skólanum voru 87 nemendur en í þeim fámennasta 19.

	Færeyjar		Ísland		Bæði löndin	
	n	%	n	%	n	%
Kyn						
Stúlkur	639	52	485	51	1124	52
Drengir	583	48	467	49	1050	48
Aldur						
14 ára	614	50	438	46	1052	48
15 ára	608	50	514	54	1122	52

Tafla 1: Þátttakendur í rannsókninni.

Val á skólum á Íslandi fór þannig fram að leitað var til 20 grunnskóla í fjórum sveitarfélögum um þátttöku í rannsókninni. Sveitarfélögin voru valin eftir hentugleikum en þau voru Reykjavík (16 skólar), Akureyri (tveir skólar), og þá var valinn einn skóli á Reykjanesi og einn í dreifbýli. Þrír skólar voru valdir til þátttöku vegna þess að gögn lágu fyrir um að skólarnir hefðu á einhvern hátt sérstöðu. Þetta voru meðal annars skólar sem höfðu verið teiknaðir og byggðir með það í huga að breyta kennsluháttum frá því sem nefnt hefur verið hefðbundnir kennsluhættir yfir í það sem kennt hefur verið við opinn skóla, einstaklingsmiðað nám eða nám við hæfi hvers og eins. Þessir skólar eru allir í Reykjavík. Sextán skólar voru í kjölfarið valdir með lagskiptu slembiúrtaki, það er dregið var úr nöfnum allra grunnskóla í viðkomandi sveitarfélögum, og að lokum var bætt við einum dreifbýlisskóla. Þau íslensku gögn sem stuðst er við í þessari grein byggjast á svörum nemenda í 14 skólum. Sex skólar voru ekki með 9. og 10. bekk og eru því ekki með í þessari úrvinnslu, þeir skólar voru allir í Reykjavík. Í Færeyjum tóku allir skólar sem voru með nemendur í þessum árgöngum þátt í rannsókninni, alls 21 skóli. Ef bekkjardeildirnar í hverjum árgangi í íslensku skólunum voru þrjár eða fleiri voru tvær valdar af handahófi til þátttöku, en í fámennari skólum tóku allir nemendur þátt í rannsókninni. Í Færeyjum tóku allir nemendur í viðkomandi árgöngum þátt í rannsókninni.

Spurningakannanirnar voru samdar af íslenskum rannsakendum. Þær voru lesnar yfir af sérfræðingum og forprófaðar í einum skóla (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl. 2014a). Spurningakönnun var þýdd yfir á færeysku af íslenskum kennara sem starfað hefur lengi í færeyskum grunnskóla. Einn af íslensku höfundum og rannsakandi frá Fróðskaparsetri Færeyja fóru síðan yfir listann, þýddu hann munnlega yfir á ensku og ræddu saman þar til sameiginlegur skilningur hafði náðst. Spurningakannanirnar voru lagðar fyrir rafrænt með QuestionPro-forritinu (2010) og svöruðu nemendur í skólanum með því að fara inn á ákveðna vefslóð. Farið var einu sinni í hvern skóla þannig að hluta af brottfalli nemenda má skýra með veikindum eða öðrum fjarvistum en ekki einungis með því að þeir hafi ekki viljað taka þátt.

Niðurstöður

Almenn viðhorf til skólans – munur milli landa og eftir kyni og aldri

Fyrir nemendur voru lagðar þrjár nokkuð almennar staðhæfingar um skólann, um það hversu gaman þeim þætti í skólanum, hvort námið væri áhugavert og hvernig þeir réðu við námið. Svarkostir voru á fimm punkta kvarða en í

þessari umfjöllun eru flokkaðir saman þeir sem voru mjög og frekar sammála og þeir sem voru mjög og frekar ósammála.

Af þátttakendum öllum voru 44% því sammála að gaman væri í skólanum, 27% voru því hvorki sammála né ósammála og 29% voru því ósammála. Tölfræðilega marktækur munur var á svörum nemenda í Færeyjum og Íslandi (χ^2 (2, N = 2103) = 62,83, p < 0,001). Á Íslandi voru 50% nemenda sammála því að gaman væri í skólanum en 39% nemenda í Færeyjum (sjá nánar í töflu 2). Ekki var munur á svörum eftir aldri nemenda.

	Færeyjar		Ísland		Bæði löndin	
	n	%	n	%	n	%
Allir						
Sammála	469	39	452	50	921	44
Hvorki né	293	25	276	30	569	27
Ósammála	429	36	184	20	613	29
Stúlkur						
Sammála	255	44	252	56	507	44
Hvorki né	138	24	130	29	569	27
Ósammála	181	32	71	16	613	29
Drengir						
Sammála	214	35	200	44	414	39
Hvorki né	155	25	146	32	301	28
Ósammála	248	40	113	25	361	34

Tafla 2: Svör þátttakenda við því hvort það sé gaman í skólanum.

Stúlkur voru frekar en drengir sammála því að gaman væri í skólanum (χ^2 (2, N = 2103) = 29,56, p < 0,001). Ríflega 49% stúlkna voru því sammála en tæp 39% drengja. Sá hópur þar sem hlutfallslega flestir voru sammála því að gaman væri í skólanum var íslenskar stúlkur, 56% voru því sammála, en sá hópur þar sem fæstir sögðu að það væri gaman í skólanum var drengir í Færeyjum, 35% þeirra voru því sammála að það væri gaman í skólanum (sjá nánar í töflu 2).

Þótt íslenskir nemendur séu frekar á því en færeyskir nemendur að það sé gaman í skólanum hafa þeir ekki jafn mikinn áhuga á náminu ef marka má svörin í þessari rannsókn. Eins og sjá má í töflu 3 voru tæplega 63% færeysku þátttakendanna mjög eða frekar sammála því að þeir hefðu áhuga á náminu en 47% íslenskra þátttakenda. Þetta er marktækur munur (χ^2 (2, N = 2088) =

56,70, $p < 0{,}001$). Þegar litið er til beggja landanna voru stúlkur áhugasamari um námið en drengir (χ^2 (2, N = 2088) = 35,4, $p < 0{,}001$). Þannig voru 60% stúlkna en 52% drengja sammála því að þau hefðu áhuga á náminu (sjá nánar töflu 3). Ekki var munur á svörum eftir aldri.

	Færeyjar		Ísland		Bæði löndin	
	n	%	n	%	n	%
Allir						
Sammála	743	63	421	47	1164	56
Hvorki né	294	25	286	32	580	58
Ósammála	150	13	194	22	344	17
Stúlkur						
Sammála	374	66	234	53	608	60
Hvorki né	138	24	146	33	284	28
Ósammála	54	10	63	14	117	12
Drengir						
Sammála	369	59	187	41	556	52
Hvorki né	156	25	140	31	296	27
Ósammála	96	16	131	29	227	21

Tafla 3: Svör þátttakenda við því hvort þeir hafi áhuga á náminu.

Þriðja staðhæfingin sem meta átti almenn viðhorf til skólans var hvort nemendur teldu sig ráða vel við námið í skólanum og má sjá niðurstöður í töflu 4. Um tveir þriðju nemenda voru sammála því að þeir réðu vel við námið. Hlutfallslega fleiri nemendur í Færeyjum, eða 72%, töldu sig ráða vel við námið en 61% nemenda á Íslandi (χ^2 (2, N = 2094) = 30,04, $p < 0{,}001$) (sjá nánar töflu 4). Ekki var tölfræðilega marktækur munur á svörum drengja og stúlkna við þessari staðhæfingu því að 68% drengja en 66% stúlkna töldu sig ráða vel við námið. Aftur á móti hafði aldur þarna áhrif. Yngri nemendur töldu sig frekar ráða við námið (χ^2 (2, N = 2094) = 7,75, $p = 0{,}021$) en þeir eldri. Þetta var sérstaklega áberandi í Færeyjum því að 15 ára nemendur þar voru meira efins um getu sína til að ráða við námið en þeir sem voru 14 ára og munaði 7 prósentustigum á hlutfalli þeirra sem voru sammála því að þeir réðu vel við námið.

	Færeyjar		Ísland		Bæði löndin	
	n	%	n	%	n	%
Allir						
Sammála	850	72	557	61	1407	67
Hvorki né	227	19	237	26	464	22
Ósammála	102	9	121	13	223	11
14 ára[#]						
Sammála	443	76	261	62	704	70
Hvorki né	107	18	101	24	208	21
Ósammála	36	6	57	14	93	9
15 ára[##]						
Sammála	407	69	296	60	703	65
Hvorki né	120	20	136	27	256	24
Ósammála	66	11	64	13	130	12

[#] 9. bekkur á Íslandi en 8. bekkur í Færeyjum.[##] 10. bekkur á Íslandi en 9. bekkur í Færeyjum.

Tafla 4. Svör þátttakenda við því hvort þeir telji sig ráða vel við námið.

Almenn viðhorf til skólans – munur milli skóla

Bæði í Færeyjum og á Íslandi var áberandi munur á svörum nemenda eftir skólum. Þegar nemendur taka afstöðu til staðhæfingar um að gaman sé í skólanum munar 50 prósentustigum á þeim skóla sem kemur best út á Íslandi (81% sammála) og þeim skóla sem kemur þar verst út (31% sammála) og vart þarf að taka fram að þetta er tölfræðilega marktækur munur (χ^2 (26, N = 912) = 91,88, p < 0,001). Niðurstaðan var svipuð í Færeyjum, þar er marktækur munur (χ^2 (40, N =1191) = 107,98, p < 0,001). Í þeim skóla þar sem flestir voru sammála því að gaman væri í skólanum voru 63% því sammála en í þeim skóla þar sem minnst ánægja var voru 13% því sammála að gaman væri í skólanum.

Þegar spurt var um áhuga nemenda á náminu var ekki marktækur munur á svörum eftir skólum á Íslandi. Á bilinu 32–56% nemenda voru því sammála eftir skólum sem vissulega er talsverður munur en styrkur í samanburði var ekki mikill vegna fámennis í sumum skólum og fjölda skóla sem voru bornir saman. Í Færeyjum var tölfræðilega marktækur munur milli skólanna (χ^2 (40, N = 187) = 96,84, p < 0,001). Í þeim skóla þar sem nemendur voru áhugasamastir voru 83% sammála þessari staðhæfingu en 42% í þeim skóla þar sem fæstir voru sammála.

Þegar spurt var hversu vel nemendur réðu við námið var munur marktækur milli íslensku skólanna (χ^2 (26, N = 915) = 39,63, p = 0,042). Í þeim skóla

á Íslandi þar sem hlutfallslega flestir töldu sig ráða vel við námið voru 73% nemenda sammála staðhæfingu þar um en í þeim skóla þar sem trú nemenda á að þeir réðu við námið var minnst sögðust 44% nemenda vera sammála því. Þarna munar 29 prósentustigum. Niðurstaðan var svipuð í Færeyjum; munur milli skóla var marktækur (χ^2 (40, N = 1179) = 59,93, p = 0,042). Þar munar 31 prósentustigi á þeim skóla þar sem flestir voru sammála þeirri staðhæfingu að þeir réðu vel við námið (81%) og þeim skóla þar sem fæstir voru sammála því (50%).

Áherslur í skólastarfi

Nemendur voru beðnir að taka afstöðu til sjö fullyrðinga um hvað leggja bæri áherslu á í skólastarfi. Svarkostir voru á fimm punkta kvarða en hér eru settir saman þeir sem völdu mjög mikla og frekar mikla áherslu og þeir sem völdu mjög litla og frekar litla áherslu. Í töflu 5 sést að hlutfallslega flestir þátttakendur eða 88% vildu leggja mikla áherslu á að öllum nemendum liði vel, 86% vildu leggja mikla áherslu á góðan námsárangur og 83% vildu leggja mikla áherslu á undirbúning fyrir framhaldsnám (sjá töflu 5).

Staðhæfing	Færeyjar		Ísland		Bæði löndin	
	n	%	n	%	n	%
Að öllum nemendum líði vel	1027	88	805	89	1832	88
Góður námsárangur*	920	83	808	89	1728	86
Undirbúningur fyrir framhaldsnám*	836	79	786	88	1622	83
Að efla traust og vináttu nemenda	861	77	691	78	1552	78
Að efla sjálfsmynd og persónulegan þroska nemenda*	727	72	686	77	1413	74
Að þjálfa nemendur í að hugsa rökrétt og draga ályktanir	802	74	647	73	1449	74
Umfjöllun um samfélagið í dag	577	57	531	60	1108	58

*Marktækur munur á svörum nemenda í Færeyjum og á Íslandi.

Tafla 5: Hlutfall þátttakenda sem voru sammála því að skólinn eigi að leggja mikla áherslu á ákveðna þætti.

Á þremur spurningum var marktækur munur á svörum eftir löndum, það er á staðhæfingu um að leggja beri áherslu á góðan námsárangur (χ^2 (2, N = 2018) = 16,01, p < 0,001), leggja beri áherslu á undirbúning fyrir framhaldsnám (χ^2 (2, N = 1957) = 25,27, p < 0,001) og leggja beri áherslu á að efla sjálfsmynd og persónulegan þroska (χ^2 (2, N = 1900) = 10,66, p = 0,005). Hlutfallslega fleiri íslenskir þátttakendur en færeyskir töldu að leggja bæri mikla áherslu á

þá þætti sem nefndir voru í staðhæfingunum þremur nema í staðhæfingunni um að þjálfa skuli nemendur í að hugsa rökrétt og draga ályktanir.

Þátttaka allra nemenda í heimaskóla

Nemendur voru beðnir að svara hvar þeir teldu að börn með þroskahömlun annars vegar og hins vegar börn sem kynnu litla íslensku eða færeysku ættu að ganga í skóla. Svarkostir voru: í almennum bekk í skóla eins og mínum, í sérdeild í skóla eins og mínum, í sérskóla eða að þau hefðu ekki skoðun á þessu.

Nokkur munur var á svörum eftir löndum eins og sést í töflu 6. Nærri helmingur eða 45% nemenda í Færeyjum taldi að börn með þroskahömlun ættu að ganga í sérskóla en það töldu 27% nemenda á Íslandi.

	Færeyjar		Ísland		Bæði löndin	
Staðhæfing	n	%	n	%	n	%
Nemendur með þroskahömlun						
Almennur bekkur*	114	10	163	17	277	13
Sérdeild í heimaskóla	336	28	248	27	584	27
Sérskóli*	541	45	250	27	791	37
Hef ekki skoðun á því*	211	18	275	29	486	23
Nemendur með litla kunnáttu í íslensku/færeysku						
Almennur bekkur*	498	42	508	55	1066	47
Sérdeild í heimaskóla*	414	35	175	19	589	28
Sérskóli	142	12	115	12	257	12
Hef ekki skoðun á því	147	12	131	14	278	13

*Marktækur munur á svörum nemenda í Færeyjum og á Íslandi.
Hlutföll voru borin saman með Bonferroni-leiðréttingu.

Tafla 6: Svör þátttakenda við því hvar börn með þroskahömlun og litla kunnáttu í máli viðkomandi lands eigi að ganga í skóla.

Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu og lög sem kveða á um að öll börn eigi að vera í almennum bekk töldu aðeins 17% nemenda á Íslandi að þannig ætti það að vera, marktækt fleiri en í Færeyjum, en þar voru 10% því sammála (sjá nánar töflu 6).

Mikil munur var á svörum eftir skólum. Ef skoðað er hlutfall nemenda á Íslandi, eftir skólum, sem telja að börn með þroskahömlun eigi að vera í heimaskóla var það lægst tæp 5% en hæst 32%. Sambærilegar tölur hjá færeysku þátttakendunum voru 0%, það er í einum skóla taldi enginn nemandi að

nemendur með þroskahömlun ættu heima í almennum bekk, og hæst var hlutfallið 27%.

Þegar skoðuð eru svör við spurningum um hvar börn með litla kunnáttu í móðurmáli viðkomandi lands eigi að ganga í skóla kemur í ljós að 42% nemenda í Færeyjum og 55% nemenda á Íslandi telja þau eiga heima í almennum bekk. Hlutfallslega fleiri nemendur í Færeyjum en á Íslandi telja að slík börn eigi að stunda nám í sérdeild í almennum skóla (sjá nánar töflu 6). Hlutfall þeirra sem telja að börn með litla kunnáttu í íslensku eigi að stunda nám í almennum bekk er 40–74% eftir skólum á Íslandi, sambærilegar tölur eru 25–64% í Færeyjum.

Umræða

Í þessari grein eru skoðuð viðhorf nemenda á Íslandi og í Færeyjum til skólans, hvaða áherslu beri að leggja á og hvort þeir telji að allir nemendur óháð atgervi og uppruna eigi að stunda nám í almennum skólum. Margt er sameiginlegt með viðhorfum nemenda í Færeyjum og á Íslandi. Munur á milli skóla innan hvors lands er í flestum tilfellum mun meiri en munur á milli landa. Vissulega verður alltaf að taka samanburði á milli spurningalista á ólíkum tungumálum með ákveðnum fyrirvara því ekki er víst að merking orða sé nákvæmlega sú sama. Niðurstöðurnar gefa þó vísbendingar um að margt sé líkt með viðhorfum nemenda hjá þessum frændþjóðum. Áherslan á árangur og persónulegan þroska nemenda virðist þó meiri á Íslandi og það gæti verið vísbending um meiri einstaklingshyggju þar en í Færeyjum.

Íslenskum ungmennum finnst gaman í skólanum en námið ekki sérlega áhugavert. Þessu er öfugt farið hjá ungmennum í Færeyjum. Þeim finnst frekar að námið sé áhugavert en að gaman sé í skólanum. Ýmislegt styður að íslenskum nemendum líði vel í skólanum. Þannig voru t.d. 85% því sammála í nýlegri PISA-könnun að kennurum væri annt um að þeim liði vel og 84% töldu að kennarar kæmu fram við þá af sanngirni en þetta er hærra hlutfall en að meðaltali í OECD-ríkjunum (OECD 2013). Tekið er fram í skýrslunni að þarna hafi orðið framfarir frá fyrri könnun PISA 2003 ekki eru til sambærilegar upplýsingar um viðhorf nemenda í Færeyjum.

Stúlkur eru áhugasamari um námið og þeim finnst frekar gaman í skólanum en piltum. Kynjamunur er í sömu átt í báðum löndum. Af íslenskum stúlkum finnst 56% gaman í skólanum, 44% íslenskra pilta og færeyskra stúlkna en aðeins 35% færeyskra drengja. Af færeyskum stúlkum segjast 66% hafa áhuga á náminu, 59% færeyskra drengja en áhugi er minni á Íslandi. Þar segjast 53% stúlkna og 41% drengja hafa áhuga á náminu. Þessi kynjamunur hefur ítrekað

komið fram í íslenskum rannsóknum, sjá t.d. Amalíu Björnsdóttur, Baldur Kristjánsson og Börk Hansen (2008) og virðist vera sambærilegur í Færeyjum.

Hinn gríðarlegi munur sem er á viðhorfum eftir skólum vekur athygli. Skólar hvers lands starfa eftir sömu námskrá og búa við sama lagaumhverfi og svipuð námsgögn. Það ætti því ekki að vera þessi mikli munur á skólunum þó vissulega hafi þeir ákveðið svigrúm til að móta eigið starf. Þarna eru möguleikar til að læra af þeim sem betur gengur því það getur ekki talist viðunandi að innan við þriðjungi nemenda finnist gaman í skólanum, finnist námið áhugavert eða telji sig ráða vel við það.

Þrátt fyrir skýran lagaramma og opinbera stefnu á Íslandi um að öll börn sæki heimaskóla telja aðeins 17% nemenda að börn með þroskahömlun eigi að stunda nám í almennum bekk. Ríflega fjórðungur telur að börn með þroskahömlun eigi að stunda nám í sérskóla en það er ekki í takt við opinbera stefnu eða raunveruleikann því t.d. árið 2008 stunduðu aðeins 143 nemendur nám í fjórum ónafngreindum sérskólum eða 0,3% nemenda á grunnskólastigi (Hagstofan 2009). Búast má við því að hlutfall barna með þroskahömlun sé talsvert hærra, til að mynda voru greiddar umönnunarbætur, vegna fötlunar eða raskana, með 3.714 börnum á aldrinum 0-17 ára árið 2008. Í Færeyjum starfar einn sérskóli fyrir börn með þroskahömlun, Skúlin á Trøðni, en starf hans er byggt á lögum um sérskóla (Løgtingslóg um serskúla nr. 50/ 2005) og þar stunda nemendur nám fram að 18 ára aldri sem ekki geta fengið þjónustu í heimaskóla. Fram kemur á heimasíðu skólans að þar séu um 50 nemendur en það bendir til þess að hlutfall nemenda í sérskólum sé hærra í Færeyjum en á Íslandi (Skúlin á Trøðni, e.d.). Það er því í samræmi við niðurstöður Carins og McClatchey (2013) að nemendur á Íslandi eru jákvæðari en nemendur í Færeyjum gagnvart þátttöku nemenda með þroskahömlun í almennum skóla þar sem þeir hafa frekar reynslu af þátttöku þeirra.

Þessar fyrstu niðurstöður úr spurningakönnununum sem lagðar voru fyrir ungmenni á Íslandi og í Færeyjum benda til þess að margt sé sameiginlegt í viðhorfum ungmenna í þessum tveimur löndum. Eftir stendur að munur milli skóla er mikill. Einn kosturinn við samanburð sem þennan er að þannig má sjá að þau vandamál sem blasa við eru ekki sérískenslk eða sérfæreysk. Mikill munur á svörum eftir skólum hlýtur að vera hvöt til að skoða betur skólabrag og menningu hvers skóla. Við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir því að gera betur, læra af öðrum og vera tilbúin að horfast í augu við niðurstöður sem okkur þykja kannski ekki nógu góðar. Áhugavert verður að gera frekari samanburð á þessum tveimur löndum og halda áfram frekari gagnaöflun í Færeyjum.

Talsverð úrvinnsla hefur farið fram á niðurstöðum úr íslenskum hluta

rannsóknarinnar og hafa þær verið kynntar í bók (Gerður G. Óskarsdóttir 2014). Í niðurlagskafla hennar segir að þó stefnan um einstaklingsmiðun eigi sér hljómgrunn sé erfiðara að halda fram með vissu að fjölbreytni í starfsháttum hafi aukist til muna í íslenskum grunnskólum (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl. 2014b: 341) en bent er á sérstöðu svokallaðra teymiskennsluskóla (sama heimild: 342). Þar er samstarf kennara meira og halda höfundar fram að þar megi sjá bæði aðra starfshætti og önnur viðhorf. Þarna er hugsanlega að finna lykil að skólastarfi sem mætir þörfum ólíkra nemenda. Skólar þar sem kennarar og aðrir fagmenn vinna saman í teymum við að tryggja farsæla skólagöngu allra barna og skapa skólabrag sem styður við nám og tryggir velferð allra nemenda.

Við viljum öll góðan skóla og góðir skólar þurfa að sinna fjölbreyttum hópi nemenda sem stendur misvel og er með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Það er ýmislegt sem vitað er að stuðlar að farsælu skólastarfi. Vel menntaðir kennarar, öflugir stjórnendur og gott samstarf foreldra og skólans eru þættir sem flestir fræðimenn eru sammála um að skipti máli. Öflugt skólastarf er samstarfsverkefni allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta, nemenda, foreldra, kennara, skólastjórnenda og samfélagsins alls og með öflugum rannsóknum getum við lært hvert af öðru.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla. 1989. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti*. 1976. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti*. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti*. 2006. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti*. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. 2008. Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir* 5: 7–26.

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. 2010. Tengsl námsárangurs við viðhorf foreldra og nemenda til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir* 7: 60–75.

Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir. 2014. Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.): *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, bls. 29–56. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Bekendtgørelse af lov om folkeskolen, 2005/nr. 393 [Danmörk].

Carlgren, I., Klette, K., Mýrdal, S., Schnack, K. og Simola, H. 2006. Changes in nordic teaching practices: From individualised teaching to the teaching of individuals. *Scandinavian Journal of Educational Research* 50(3): 301–326.

Cairns, B. og McClatchey, K. 2013. Comparing children's attitudes towards disability. *British Journal of Special Education* 40(3): 124–129.

de Boer, A., Sip, J. P. og Minnaert, A. 2011. Regular primary school teachers' attitudes towards inclusive education: A review of the literature. *International Journal of Inclusive Education* 15(3): 331–353.

Gerður G. Óskarsdóttir. 2003. *Skólastarf á nýrri öld.* Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Reykjavík.

Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). 2014. *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar.* Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Gerður G. Óskarsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Ingvar Sigurgeirsson, Kristín Jónsdóttir, Rúnar Sigþórsson og Sólveig Jakobsdóttir. 2014a. Framkvæmd rannsóknar. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.): *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar,* bls. 17–28. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Gerður G. Óskarsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Ingvar Sigurgeirsson, Kristín Jónsdóttir, Rúnar Sigþórsson og Sólveig Jakobsdóttir. 2014b. Starfshættir í grunnskólum. Meginniðurstöður og umræða. Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.): *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar,* bls. 323–352. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Gretar L. Marinósson. 2007. Niðurstöður rannsóknarinnar í hnotskurn. Gretar L. Marinósson (ritstj.): *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi*, bls. 17–23. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Hagstofa Íslands. 2009. Nemendur í grunnskólum haustið 2008. Sótt af https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9716.

Herálvur Jacobsen. 2011. Góður í ráðum. Oddagrein í *Skúlablaðnum* nr. 4, 2011. Sótt af http://lararafelag.fo/V%C3%ADsT%C3%AD%C3%B0indi.aspx?ID=663&Action=1&NewsId=4927&PID=2039.

Ingvar Sigurgeirsson. 2005. Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök … *Uppeldi og menntun* 14(2): 9–32.

Lov om grunnskolen og den vidaregåande opplæringa (opplæringslova). 1998/07-17–61 [Noregur].

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 49/1991.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um grunnskóla nr. 90/2008.

Lög um leikskóla nr. 91/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Løgtingsløg um Fólkaskúlan nr. 125/1997.

Løgtingsløg um serskúla nr. 50/2005.

OECD. 2013. *PISA 2012 Results: What Makes Schools Successful? Resources, Policies and Practices (Volume IV)*. PISA, OECD Publishing. Sótt af http://dx.doi.org/ 10.1787/ 9789264201156-en.

QuestionPro. 2010. Online Research Made Easy™. Sótt af http://www.question pro.com/.

Skúlin á Trøðni. e.d. Heimasíða. Sótt 10. apríl 2014 af http://www.skulin.fo/sat/ index.php.

Tomlinson, C. A. 2003. *Fulfilling the promise of the differentiated classroom: Strategies and tools for responsive teaching*. Association for supervision and curriculum development, Alexandria, VA.

Tomlinson, C. A. 2008. *The differentiated school: Making revolutionary changes in teaching and learning*. Association for supervision and curriculum development, Alexandria, VA.

Tomlinson, C. A. og McTighe, J. 2006. *Integrating: Differentiated instruction + understanding by design*. Association for supervision and curriculum development, Alexandria, VA.

Vinterek, M. 2006. *Individualisering i ett skolsammanhang*. Myndigheten för skolutveckling, Stockholm.

Washburne, C. H. 1953. Adjusting the program to the child. *Educational Leadership* XI(3): 138–147.

SUMMARY

In 2008, a group of Icelandic researchers started a multidisciplinary project called Teaching and Learning in Icelandic Schools 2009–2011 in Icelandic schools for students ages 6 to 15. The aim of the study was to contribute to the body of knowledge on teaching and learning in Icelandic schools.

An online survey was presented to students in grades 9 and 10 (ages 14 and 15) in 14 schools in Iceland in the fall of 2010 (N = 952). The schools were selected by stratified random sampling. In 2012, a survey from the Icelandic study was translated into Faroese. The Faroese data included responses from 1,222 students (ages 14 and 15, grades 8 and 9) from all the schools with students in that age group in the Faroe Islands and was collected in the fall of 2012. The students answered the survey at school in similar settings in both countries. The survey included questions about school practices and attitudes towards school, with special emphasis on the development of co-operative learning and inclusive education initiatives.

The article gives an overview of the attitudes that students have towards schooling and education, with an emphasis on inclusive education and the question of what the main focus of education should be. The results show some differences in attitudes between the countries; for example, students in the Faroe Islands are more interested

in their studies than students in Iceland, but they are less likely to say that they enjoy school. The Icelandic students are more likely to think that students with intellectual disabilities should attend regular schools rather than special schools. In most cases, the differences between schools within each country are much greater than the differences between the two countries.

ÚTDRÁTTUR

Árið 2008 hóf hópur íslenskra fræðimanna viðamikla rannsókn á íslenskum grunnskólum. Meginmarkmið rannsóknarinnar, sem kölluð var *Starfshættir í grunnskólum 2009–2013*, var að gefa yfirsýn yfir þá starfshætti sem voru ríkjandi í upphafi 21. aldar.

Haustið 2010 var rafrænn spurningalisti lagður fyrir nemendur í 9. og 10. bekk (14 og 15 ára) í 14 íslenskum grunnskólum (N = 952). Skólarnir voru valdir með lagskiptu tilviljanaúrtaki. Árið 2012 var spurningalistinn þýddur á færeysku. Þá um haustið var hann lagður fyrir 1.222 nemendur í Færeyjum (14 til 15 ára sem eru 8. og 9. bekkur) en þetta voru nemendur úr öllum skólum í Færeyjum. Spurningalistunum var svarað í skólanum við svipaðar aðstæður í báðum löndum og innihélt hann spurningar um starfshætti skólans og viðhorf til hans. Sérstök áhersla var á einstaklingsmiðað nám og nám við hæfi hvers og eins.

Í þessari grein er gefið yfirlit yfir viðhorf nemenda til skólans og menntunar með aðaláherslu á skóla fyrir alla og hvað nemendur telja að leggja beri áherslu á í skólastarfi. Niðurstöður sýna mun á viðhorfum nemenda í þessum tveimur löndum. Til að mynda eru færeyskir nemendur áhugasamari um námið en þeir íslensku en íslenskir nemendur voru líklegri en færeyskir til að segja að það væri gaman í skólanum. Íslenskir nemendur voru einnig líklegri en færeyskir að telja að nemendur með þroskahömlun ættu að sækja almenna skóla. Í flestum tilfellum var munur á milli skóla innan sama lands þó meiri en munur á milli landanna.

SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR
MARÍA GARÐARSDÓTTIR

Fall eða setningarstaða?
Þróun falla í máltileinkun

Inngangur

Í þessari grein verður fjallað um fall í máli útlendinga sem læra íslensku sem annað mál.[1] Kennarar sem fást við kennslu íslensku sem annars máls heyra nemendur oft kvarta yfir fallbeygingunni og íslenskan er vissulega ríkulegt beygingarmál eins og Ásta Svavarsdóttir (1993) bendir á í inngangi sínum að umfjöllun um beygingakerfi nafnorða í íslensku. Föll og tileinkun þeirra hafa töluvert verið rannsökuð í íslensku barnamáli (sjá t.d. Herdísi Þ. Sigurðardóttur 2002; Ragnheiði Björgvinsdóttur 2003; Gyðu Erlingsdóttur 2010; Iris Eddu Nowenstein 2014) en rannsóknir á tileinkun falla í íslensku sem öðru máli eru hins vegar örfáar (sjá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldsdóttur 2012; Sigríði Þorvaldsdóttur og Maríu Garðarsdóttur 2013; Gísla Hvanndal Ólafsson 2015).

Fræðilegur rammi rannsóknarinnar sem hér verður fjallað um er sóttur til úrvinnslukenningar Manfreds Pienemann (e. *Processability Theory*) sem fyrst var sett fram 1998 og endurbætt 2005. Úrvinnslukenningin fæst við að skýra þróun málfræðikerfis í öðru máli. Í kenningunni er gert ráð fyrir því að málnemar læri málkerfi nýja málsins eftir fyrirfram gefinni stigveldisröð þannig að hvert stig í þróunarröðinni er nauðsynlegur undanfari stigsins sem á eftir kemur.[2] Í byrjun máltileinkunar hafa málnemar aðeins fá, einföld og ófullkomin úrræði til að fást við tungumálið. Þegar þeir nota setningar styðjast þeir til dæmis við hlutlausa fasta orðaröð þar sem tengslin milli merkingarhlutverka (t.d. geranda), málfræðihlutverka (t.d. frumlags) og

1 Þessi grein er unnin upp úr fyrirlestri okkar á Frændafundi 8 í Þórshöfn 2013. Við þökkum ritrýnum góðar ábendingar og Jóhannesi Gísla Jónssyni fyrir ritstjórn þessarar greinar.

2 Almennt er litið svo á innan annarsmálsfræða að máltileinkun fylgi tiltekinni þróunarröð. Hins vegar hafa fræðimenn skýrt og skilgreint þessa þróunarröð á ólíkan hátt allt eftir því frá hvaða sjónarhorni þeir skoða máltileinkun (sjá t.d. Ellis 1994: 73 o.áfr.).

setningarstöðu (t.d. upphafsstöðu[3]) eru línuleg, þ.e. bein og einföld. Málnemar geta sagt setningar á borð við *Stelpan borðar fisk* þar sem frumlag er gerandi í fyrsta sæti og liðurinn á eftir sögninni fær aukafall. Síðar í tileinkunarferlinu verða málnemar færir um að víkja frá hlutlausri orðaröð og nota þar með fleiri og flóknari úrræði til að tjá sig á blæbrigðaríkari hátt. Við það verða tengslin milli merkingarhlutverka, málfræðihlutverka og setningarstöðu flóknari og ólínulegri. Málnemar geta þá notað setningar þar sem frumlag og andlag hafa skipt um sæti, t. d. setningu á borð við *Strákinn hitti ég aldrei* (Pienemann 1998; Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005; Baten 2011 og 2013; Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir 2013). Þessi þróun verður skýrð nánar hér á eftir í tengslum við umfjöllun um rannsókn á föllum í þýsku sem öðru máli.

Belgíski fræðimaðurinn Kristof Baten hefur nýlega unnið viðamikla rannsókn á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli. Líkt og í íslensku er rannsóknarsaga falla í máltöku þýskra barna bæði löng og ítarleg en föllin hafa ekki fengið jafnmikla athygli í rannsóknum á þýsku sem öðru máli (Baten 2013: 51). Í rannsókn sinni nýtir Baten sér hugmyndir úrvinnslukenningarinnar til að setja fram tilgátu um þróun falla í þýsku sem öðru máli (Baten 2011 og 2013). Í rannsókninni komst Baten að því að byrjendur nota föll en notkunin er algjörlega háð því hvar liðirnir eru í setningunni; staða nafnliðanna í setningunni kallar fram föllin. Nafnliður sem er fremst í setningunni fær ómarkað eða sjálfgefið merkingar- og málfræðihlutverk, þ.e. verður gerandi og frumlag og fær nefnifall.[4] Á mynd 1 er þessum línulegu tengslum lýst á myndrænan hátt.



Mynd 1: Formgerð setninga í byrjun máltileinkunar (Baten 2013: 118).

3 Hér er hugtakið upphafsstaða notað í merkingunni liður fremst í setningu.

4 Málfræðingar hafa lengi bent á línuleg eða sjálfgefin tengsl af þessu tagi og hafa sýnt fram á þau í rannsóknum á barnamáli og öðru máli (sjá t.d. Lee 2001 og umræðu um þessi tengsl hjá Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005: 225–229). Það virðist vera sterk tilhneiging til að hafa fyrsta liðinn frumlag og geranda. Rannsóknin sem hér verður kynnt snýr aðeins að tengslunum milli setningarstöðu og málfræðihlutverks, þ.e. hvort málnemar styðjast við stöðu liða í setningu þegar liðum er úthlutað falli.

Þessi framsetning á mynd 1 á að sýna að byrjendur skynja alla liði fyrir framan persónubeygðu sögnina sem frumlag sem fær nefnifall. Nefnifall kemur strax í máltileinkun og virðist vera einhvers konar grunnmynd orða og kemur sem slíkt úr orðasafni (Baten 2011: 494).[5] Liði fyrir aftan sögnina skynja þeir sem ekki-frumlag og sá liður fær ekki-nefnifall. Hugtökin ekki-frumlag og ekki-nefnifall vísa til þess sem venjulega er nefnt andlag og aukafall í íslensku. Ástæðan fyrir notkun þessara hugtaka er að aðgreining á mismunandi tegundum andlaga og kerfisbundin aðgreining aukafalla hefur enn ekki hafist. Á þessu stigi máltileinkunarinnar er aðeins aðgreining á milli nefnifalls annars vegar og falla sem ekki eru nefnifall hins vegar. Á sama hátt er aðeins aðgreining á milli frumlags sem er fremst í setningu og liðar sem er ekki frumlag og fylgir persónubeygðu sögninni (Baten 2011: 488). Með því að notfæra sér þetta úrræði, sem kallað er bein vörpun, geta byrjendur notað setningar á borð við setninguna á mynd 1, *Stelpan borðar fisk* (Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005: 229). Þeir geta notað nefnifall á frumlagi sem er fremst í setningunni og ekki-nefnifall á lið sem fylgir sögninni. Byrjendur geta því notað aukaföll „rétt“[6] jafnvel áður en þeir eru færir um að flytja málfræðilegar upplýsingar frá sögninni til andlagins (Baten 2013: 118–119).

Eins og áður var nefnt þróast málkerfi málnema frá þessari beinu vörpun yfir í setningar sem víkja frá hlutlausri orðaröð.



Mynd 2: Setning þar sem vikið er frá hlutlausri orðaröð.

5 Rannsóknir hafa sýnt að byrjunarstig í máltileinkun sé nefnifallsstig, þ.e. málnemar nota nefnifall alls staðar. Líklega er nefnifallsstig undanfari þess stigs sem hér er skýrt; málnemar nota nefnifall á andlögum fyrst og verða síðar meðvitaðir um ekki-nefnifall á andlögum sem fylgja persónubeygðri sögn (sjá t.d. Baten 2013: 99).

6 Aukaföllin geta komið fram en notkunin er tilviljanakennd þar sem kerfisbundin aðgreining hefur ekki hafist á þessu stigi. Setningar af þessu tagi í máli byrjenda eru því ekki endilega vísbending um kerfisbundna notkun á föllum í andlögum.

Þegar málnemar geta vikið frá hlutlausri orðaröð er fall ekki lengur háð setningarstöðunni og tengsl merkingarhlutverka, málfræðihlutverka og setningarstöðu verða ólínuleg og flókin. Til að sýna fram á kerfisbundna fallanotkun þar sem föllin hafa tengst málfræðihlutverkunum frumlagi og andlagi, óháð setningarstöðunni, þurfa málnemar að geta notað föllin rétt í setningum á borð við þá sem sjá má á mynd 2, *Strákinn hitti ég aldrei*. Setningin á mynd 2 sýnir að málneminn skynjar hvaða liðir gegna hlutverki frumlags og andlags og getur því fært til liði innan setningarinnar. Andlagið er í upphafsstöðu en heldur falli sínu, þolfalli. Frumlagið fylgir sögninni og heldur nefnifallinu. Fallið er ekki lengur háð stöðu liðanna í setningunni, það hefur tengst málfræðihlutverkunum. Samkvæmt úrvinnslukenningunni eru setningar af þessu tagi vísbending um að komin sé kerfisbundin aðgreining á föllum (Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005: 240).

Til að sýna fram á að tilgátan um beina vörpun sé rétt lét Baten málnema, þ.á m. byrjendur, nota setningar þar sem frumlög og andlög voru ekki á sínum hlutlausa stað í setningunni. Ef orðaröðin víkur frá hlutlausri orðaröð, andlagið er t.d. fært fram fyrir persónubeygðu sögnina, gerir Baten ráð fyrir því að byrjendur setji nefnifall á fyrsta liðinn í setningunni (andlagið) og frumlagið fái eitthvert annað fall en nefnifall (ekki-nefnifall), þ.e. byrjendur reiða sig á beina vörpun.

Í stuttu máli má segja að niðurstöður Batens séu í samræmi við meginhugmyndir úrvinnslukenningarinnar. Samkvæmt Baten þróast fallmörkunin frá því að málnemar merkja fall út frá stöðu liðanna í setningunni yfir í fallmörkun út frá málfræðihlutverkum. Í rannsóknum sínum komst Baten (2011 og 2013) að því að föll í rökliðum sagna í þýsku sem öðru máli þróist í eftirfarandi röð:

- nefnifall kemur fyrst,
- þá verður aðgreining á nefnifalli og ekki-nefnifalli (bein vörpun)
- og að síðustu verður kerfisbundin aðgreining á þolfalli og þágufalli í andlögum sagna.

Auk þess komst Baten að því að málnemar tileinka sér föll í persónufornöfnum á undan nafnorðum. Hann bendir á að líklega ryðji persónufornöfn brautina og önnur fallorð fylgi síðan í kjölfarið en þær niðurstöður fá ekki stuðning af úrvinnslukenningunni (Baten 2011: 477–478 og 486–493). Það að persónufornöfn ryðji brautina er röklegt í sjálfu sér. Þau eru algeng og meðal þess

fyrsta sem málnemar læra í nýju máli til að geta tjáð sig og átt samskipti við aðra. Formleg aðgreining falla er líka skýrari í persónufornöfnum (sérstaklega í eintölu) en í nafnorðum almennt (sjá nánar í kaflanum *Nafnorðið* hestur *sem frumlag í nefnifalli* hér á eftir) [7]. Þessi sérstaða persónufornafna kallar á frekari útfærslu og fínstillingu á tileinkunarstigum úrvinnslukenningarinnar; það lærist ekki allt í einu heldur er hugsanlega stigveldisröð innan hvers stigs í stigveldinu (Baten 2011: 494–495).

Í rannsókninni sem hér verður kynnt var markmiðið að prófa hvort tilgátur Batens um fallaþróun í þýsku sem öðru máli eigi líka við um íslensku; að málnemar styðjist við beina vörpun í upphafi máltileinkunar í íslensku og verði seinna færir um að tengja fall við málfræðihlutverk og halda falli á nafnliðum sem hafa verið færðir til í setningunni. Í öðru lagi var athugað hvort niðurstöður Batens um að persónufornöfnum sé úthlutað falli á undan nafnorðum eigi líka við um íslenskt millimál. Niðurstöður okkar eru í meginatriðum samhljóða niðurstöðum Batens og eru vísbending um að fall í íslensku og þýsku fylgi svipaðri þróunarröð og að persónufornöfn ryðji brautina.

Greinin skiptist í þrjá hluta. Fyrst verður sagt frá rannsókninni sjálfri, málnemum, gagnasafninu og rannsóknaraðferðinni. Í öðrum hluta verða niðurstöður kynntar. Fyrst verða bornar saman niðurstöður fyrir frumlag á sínum hlutlausa stað í setningunni og frumlag á eftir persónubeygðu sögninni. Samanburðarniðurstöðurnar eru fyrst settar fram fyrir persónufornafnið *ég* og síðan fyrir nafnorðið *hestur*. Síðar eru niðurstöður fyrir andlög settar fram á sama hátt; fyrst fyrir persónufornafnið *ég* og síðan fyrir nafnorðið *hestur*. Í lokaorðum verða helstu niðurstöður dregnar saman og ræddar.

Rannsóknin

Eins og fram kom í inngangi var ætlunin að gera rannsókn í þeim tilgangi að kortleggja þróun falla í íslensku sem öðru máli. Í því skyni var litið á notkun falla hjá breiðum hópi málnema með mislangt formlegt íslenskunám að baki. Ákveðið var að takmarka rannsóknina við rökliði sagna. Í rannsókninni var frumlag í nefnifalli og andlög í þolfalli og þágufalli skoðuð og rannsóknin einskorðaðist við nafnorðið *hestur* og persónufornöfnin *ég* og *hún*.[8]

Markmiðið var í fyrsta lagi að skoða fallanotkun í rökliðum sem eru á

7 Hér má líka benda á rannsókn Irisar Eddu Nowenstein (2014) á þágufallshneigð í íslensku. Hún komst m.a. að því að þolfallsfrumlög þar sem frumlag er 1. eða 2. persónufornafn eintölu eru stöðugri en þegar þolfallsfrumlögin eru af annarri gerð.

8 Eitt nafnorð gefur auðvitað takmarkaða mynd af fallnotkun málnema. Til að gera könnunina viðráðanlega fyrir þátttakendur var nauðsynlegt að takmarka fjölda setninga á þennan hátt.

sínum hlutlausa stað í setningunni – frumlög í fyrsta sæti og andlög á eftir sögn – og bera saman við fallanotkun í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð, þ.e. þegar frumlög eru á eftir sögn og andlög í fyrsta sæti.[9] Annað markmið rannsóknarinnar var að bera saman föll í nafnorðum annars vegar og fornöfnum hins vegar. Hér á eftir verður litið nánar á rannsóknaraðferðina, kosti hennar og galla.

Gögn og aðferð

Aðferðin sem notuð var í rannsókninni fólst í því að leggja skriflegt eyðufyllingarverkefni fyrir nemendur í íslensku sem öðru máli (sjá nánar um málnema í næsta undirkafla) þar sem þeir áttu að skrifa nafnorð og fornafn í eyður í setningum og voru formin gefin eins og sjá má í fyrirmælunum hér í (1).

(1) Settu *ég*, *mig* eða *mér* í eyðurnar.

Eins og sjá má í fyrirmælunum gátu málnemar valið um þrjú föll; nefnifall, þolfall eða þágufall af persónufornafninu *ég*. Eignarfallið var ekki í boði enda hefur það nokkra sérstöðu í íslensku; aðeins örfáar sagnir taka andlag í eignarfalli og enn færri geta haft frumlag í eignarfalli.

Eyðufyllingarverkefnið var lagt fyrir nemendur í maí 2013 og í því voru alls 34 setningar og var verkefnið þrískipt. Fyrst komu 12 setningar með nafnorðinu *hestur*, þar sem málnemar voru beðnir um að setja *hesturinn*, *hestinn* eða *hestinum* í eyðurnar. Í öðrum hluta voru 11 setningar með persónufornafninu *ég*, þar sem þeir áttu að setja *ég*, *mig* eða *mér* í eyðurnar. Í þriðja hluta voru 11 setningar með persónufornafninu *hún*, þar sem þeir áttu að setja *hún*, *hana* eða *henni* í eyðurnar (sjá Viðauka). Í (2) má sjá dæmi um setningu þar sem málnemar áttu að setja *ég, mig* eða *mér* í eyðuna.

(2) Amma mín býr á Akureyri. Hún heimsækir ____ stundum.

Í þessari grein verða aðeins kynntar niðurstöður fyrir frumlög í nefnifalli og andlög í þolfalli. Litið verður á niðurstöður fyrir persónufornafnið *ég* og nafnorðið *hestur*. Aðrar niðurstöður bíða betri tíma. Hér verða því kynntar

9 Hér eru eingöngu skoðaðar setningar með svokallaðri kjarnafærslu. Aðrar setningar þar sem vikið er frá hlutlausri orðaröð, t.d. þolmyndarsetningar, eru ekki prófaðar hér. Tengslin milli merkingarhlutverka, málfræðihlutverka og setningarstöðu eru enn flóknari þar og annars eðlis en í kjarnfærðum setningum. Þolmyndarsetningar og aðrar setningar sem víkja frá hlutlausri orðaröð eru því utan ramma og markmiðs rannsóknarinnar.

niðurstöður úr 8 setningum af þeim 34 sem voru í rannsókninni. Í töflu 1 er yfirlit yfir þá rökliði sem skoðaðir verða hér.

Setningarlegt hlutverk	Orðflokkur	Liður á undan sögn (4 setningar alls)	Liður á eftir sögn (4 setningar alls)
Frumlög í nefnifalli	persónufornafn	ég	ég
	nafnorð	hesturinn	hesturinn
Andlög í þolfalli	persónufornafn	mig	mig
	nafnorð	hestinn	hestinn

Tafla 1: Rökliðir sem athugaðir voru í rannsókninni.

Í töflu 1 sést að frumlögin tvö, *ég* og *hestur*, voru prófuð á sínum stað í setningunni eins og sést í setningunum í (3) og (4) hér á eftir.

(3) Ég borða alltaf morgunmat á morgnana.
(4) Hesturinn þekkir mig alltaf þegar ég kem í hesthúsið.

Frumlögin í (3) og (4) eru á sínum hlutlausa stað í setningunni, í fyrsta sæti á undan sögn. Þessi frumlög voru líka skoðuð þegar þau eru á eftir persónubeygðu sögninni eins og sést í setningunum í (5) og (6).

(5) Í dag heyrði ég söguna um Mjallhvíti.
(6) Stundum vill hesturinn brauð þegar ég fer í hesthúsið.

Markmiðið var, eins og áður hefur komið fram, að bera saman fallanotkun í frumlögum eftir setningarstöðu. Í setningunum í (5) og (6) eru frumlögin fyrir aftan sögn og ætlunin var að athuga hvaða föll málnemar á byrjendastigi notuðu á frumlögum á þessum stað. Tilgátan spáir því að byrjendur noti ekki-nefnifall á frumlögum í þessari stöðu, þ.e. þolfall eða þágufall.

Þolfallsandlögin voru skoðuð á sama hátt. Í fyrsta lagi voru þau skoðuð á sínum stað í setningum eins og sjá má í setningunum í (7) og (8).

(7) Amma mín býr á Akureyri. Hún heimsækir mig stundum.
(8) Ég fann hestinn. Hann var úti í haga.

Þolfallsandlögin voru líka skoðuð þegar þau voru fremst í setningunni eins og sjá má í setningunum í (9) og (10).

(9) Stína þekkir alla. Mig hefur hún aldrei þekkt.
(10) Ég á tvo hesta núna. Fyrsta[10] hestinn fékk ég frá mömmu og pabba.

Á sama hátt og tilgátan spáir því að byrjendur setji ekki-nefnifall á frumlag sem er á eftir sögninni spáir tilgátan því að byrjendur setji nefnifall á andlögin í setningunum í (9) og (10); andlögin eru í fyrsta sæti setningarinnar og sá liður fær nefnifall í beinni vörpun.

Gagnasöfnun með eyðufyllingarverkefnum af þessu tagi er umdeild innan úrvinnslukenningarinnar (sjá t.d. Baten 2011: 483–484 og Pienemann 1998: 117–164) og deilt er um hversu vel hún endurspegli raunverulega málkunnáttu málnema. Með þessari aðferð eru ákveðnar formgerðir þvingaðar fram hjá málnemunum og jafnvel þeir sem kunna ekki öll formin geta notað þau í verkefninu þar sem formin eru gefin í fyrirmælunum. Fullyrða má að setningar eins og sjá má í dæmunum í (9) og (10), þar sem andlagið er fremst í setningunni, komi nánast aldrei fyrir hjá byrjendum við eðlilegar aðstæður. Til að vega upp á móti þessum annmörkum aðferðarinnar voru málnemar settir í tímapressu svo þeim gæfist síður kostur á því að hugsa sig lengi um.

Kosturinn við þessa aðferð er auðvitað sá að með þessu móti fæst stórt gagnasafn á einfaldan og fljótlegan hátt og dæmi um allt sem markmiðið er að rannsaka. Á þennan hátt má fá gögn sem hægt er að nota til að setja fram tilgátu um ákveðið fyrirbæri í fallatileinkun í íslensku. Hana þyrfti svo að sannreyna með annars konar og fjölbreyttari gögnum seinna.

Málnemar

Gögnum var safnað hjá 148 málnemum sem stunduðu íslenskunám á vormisseri 2013 á tveimur nokkuð ólíkum námsleiðum sem boðið er upp á í námsgreininni íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Málnemunum var skipt í fjóra hópa eftir lengd náms þeirra í íslensku við háskólann. Í hópum I og II eru málnemar í námsleið sem kölluð er hagnýt íslenska og er 60 eininga diplómanám. Í seinni hópunum tveimur, hópum III og IV, eru málnemar í 180 eininga BA-námi í íslensku sem öðru máli.

Munurinn á námsleiðunum tveimur, hagnýtri íslensku annars vegar og BA-náminu hins vegar, felst meðal annars í því að bein málfræðikennsla skipar mun hærri sess í þriggja ára BA-námi en í hagnýtu námsleiðinni sem er aðeins tvö misseri. Í töflu 2 má sjá fjölda málnema í hverjum hópi fyrir sig og hversu langt þeir voru komir í námi þegar gögnum var safnað.

10 Hér þarf að nefna að málnemar áttu aðeins að setja nafnorðið *hestur* í eyðuna, hér er því ekki allt andlagið undirstrikað. Sjá Viðauka.

Hópur	Fjöldi	Lengd íslenskunáms
I	**36**	**eitt misseri í hagnýtri íslensku**
II	**29**	**tvö misseri í hagnýtri íslensku**
III	**45**	**eitt ár í BA-námi í íslensku sem öðru máli**
IV	**38**	**tvö og þrjú ár í BA-námi í íslensku sem öðru máli**

Tafla 2: Fjöldi málnema í hópum I–IV og lengd formlegs íslenskunáms.

Í hópi I eru byrjendur í íslensku og flestir þeirra voru skiptinemar við háskólann og höfðu aðeins verið á Íslandi í þrjá mánuði þegar þeir tóku þátt í rannsókninni. Innan hópa II–IV eru einstaklingar sem hafa dvalið mislengi á Íslandi og verið mislengi í formlegu námi. Að þessu leyti er hópur I einsleitari en hinir hóparnir. Í hópi II eru málnemar sem eru komnir aðeins lengra en málnemar í hópi I og höfðu verið á landinu a.m.k. í níu mánuði. Í hópi III eru málnemar með nokkuð fjölbreyttan bakgrunn. Sumir höfðu verið á Íslandi í aðeins níu mánuði en aðrir mun lengur, en allir höfðu þeir lært íslensku áður en þeir hófu nám haustið 2012, ýmist með formlegum hætti eða ekki. Málnemar í hópi IV voru af öðru og þriðja námsári í BA-náminu. Einstaklingarnir innan þessa hóps eru líka með fjölbreyttan bakgrunn þó þeir hafi svipað nám að baki, þar sem margir höfðu dvalið árum saman á landinu og mun lengur en námsárin telja. Í raun er það svo að innan hópanna er talsverður munur á getu eða færni málnemanna. Annað sem vert er að nefna er að málnemar hafa mismunandi móðurmál og mismikla kunnáttu í öðrum tungumálum en móðurmáli sínu. Málnemar eru ekki flokkaðir í hópa eftir móðurmáli í rannsókninni. Í úrvinnslukenningunni er ekki litið svo á að móðurmál hafi áhrif á tileinkunarröð málfræðinnar; gert er ráð fyrir algildu tileinkunarferli. Ekki er þó útilokið að móðurmál hafi áhrif á hraða tileinkunar-innar. Það sama má segja um fleiri þætti s.s aldur, menntun, formlega kennslu og hvata (Pienemann 2007: 137–154). Í þessari rannsókn er ekki litið á einstaklingsmun af neinu tagi heldur hópana í heild sinni.[11]

Niðurstöður og umræður

Niðurstöðurnar sem hér verða kynntar eru settar upp í súlurit á myndum 3–10 hér á eftir. Í niðurstöðunum er gerður samanburður á fallanotkun í rökliðunum eftir því hvar þeir eru í setningunni. Á myndum 3, 5, 7 og 9 eru rökliðirnir á sínum hlutlausa stað í setningunni eins og í setningunum í (3–4) og (7–8) hér að framan. Á myndum 4, 6, 8 og 10 eru niðurstöður fyrir rökliði

11 Í einu tilviki var litið á móðurmál málnema til að athuga hvort um yfirfærslu úr móðurmáli væri að ræða. Svo reyndist ekki vera. Sjá undirkaflann *Nafnorðið hestur sem frumlag í nefnifalli* hér á eftir.

sem eru ekki á sínum hlutlausa stað í setningunum eins og í setningunum í (5–6) og (9–10) hér að framan.

Á myndunum er fallanotkun í málnemahópunum fjórum (I–IV) sýnd með súlum. Eins og áður sagði og sést á myndunum gátu málnemar valið um þrjú föll; nefnifall, þolfall og þágufall. Í örfáum tilvikum skrifuðu málnemar ekki í eyðuna, fjórða súlan sýnir hlutfall þeirra svara (ekkert svar).

Hér á eftir verður fyrst fjallað um niðurstöður fyrir nefnifallsfrumlög, fyrst fyrir persónufornafnið *ég* og þá fyrir nafnorðið *hestur*. Því næst verður fjallað um niðurstöður fyrir þolfallsandlögin, fyrst fyrir persónufornafnið og þar næst fyrir nafnorðið.

Persónufornafnið ég *sem frumlag í nefnifalli*

Myndir 3 og 4 hér að neðan sýna hlutfall falla á persónufornafninu *ég* þegar það er nefnifallsfrumlag í setningunum tveimur, *Ég borða alltaf morgunmat á morgnana* (mynd 3) þar sem frumlagið er á sínum stað og í setningunni *Í dag heyrði ég söguna um Mjallhvíti* (mynd 4), þar sem frumlagið er fyrir aftan sagnorðið. Á mynd 3 sést að hlutfall nefnifalls, eða rétt falls, í setningunni *Ég borða alltaf morgunmat á morgnana* er hátt í öllum málnemahópum eða vel yfir 90%. Frávik frá nefnifallinu eru að sama skapi fá. Örlítið fleiri málnemar nota þágufallsmyndina *mér* en þolfallsmyndina *mig* og örfáir svara ekki.

Óhætt er að segja að nefnifallið í persónufornafninu *ég* hafi sterka stöðu sem frumlagsfall í hlutlausri stöðu allt frá byrjun máltileinkunar og haldi þeim styrk allan tímann. Þó frávik séu fá er athyglisvert að sjá að þágufall í stað nefnifalls er algengara en þolfall í stað nefnifalls. Í íslensku er oft þágufall á skynjendafrumlögum algengra sagnorða eins og *finnast*. Þessa sögn og þágufallið á frumlagi hennar læra málnemar tiltölulega fljótt og ekki ólíklegt að byrjendur eigi það til að alhæfa þágufall á frumlög annarra sagna eins og t.d. sagnarinnar *borða* í þessu tilviki.[12]

12 Sjá nánar um tileinkun merkingarlegra falla í grein Sigríðar Þorvaldsdóttur og Maríu Garðarsdóttur (2013).



Mynd 3: Persónufornafnið *ég* sem frumlag í nefnifalli á sínum stað.
Ég borða alltaf morgunmat á morgnana.



Mynd 4: Persónufornafnið *ég* sem frumlag í nefnifalli á eftir sögn.
Í dag heyrði *ég* söguna um Mjallhvíti.

Hlutfall nefnifalls, eða rétt falls, í setningunni *Í dag heyrði ég söguna um Mjallhvíti* (mynd 4) er talsvert lægra í hópum I og II en á mynd 3 þegar frumlagið var á sínum stað. Hópar III og IV eru sambærilegir við mynd 3 þó tölurnar séu örlítið lægri hér. Frávik frá nefnifallinu eru þar af leiðandi umtalsvert fleiri en á mynd 3 og annars eðlis, þ.e. þau dreifast á bæði þolfall og þágufall. Frávikin í hópi I dreifast hnífjafnt þar á milli en í hópum II, III og IV hefur þolfallið hins vegar vinninginn. Hlutfall þeirra sem svara ekki er frekar lágt eins og á mynd 3.

Nefnifall á frumlagi sem er fyrir aftan sögn hefur greinilega talsvert veikari stöðu en nefnifall á frumlagi á sínum stað. Þetta er sérstaklega áberandi hjá byrjendunum í hópum I og II. Þessar niðurstöður styðja tilgátuna um beina vörpun sem fjallað var um í inngangi. Staða liðarins, þ.e. á eftir persónubeygðu sögninni, gerir það að verkum að byrjendur greina liðinn sem ekki-frumlag og setja því ekki-nefnifall á hann. Fyrsti hópurinn notar þolfall og þágufall jöfnum

höndum en í hópi II er þolfallið algerlega ríkjandi sem frávik frá nefnifalli í þessari stöðu. Frávikin í hópum III og IV eru að mestu leyti þolfall þó fá séu. Það er því talsverður munur á frávikunum í hópi I og hinna hópanna þriggja. Frávikin í hópi I eru óreiðukennd, þ.e. málnemar nota ekki-nefnifall, sem getur birst sem þolfall eða þágufall eins og tilgátan spáir fyrir um. Frávikin í hinum hópunum mætti túlka sem svo að málnemar noti þolfall sem einhvers konar andlagsfall frekar en þágufall (sjá nánar Baten 2011). Til að ganga úr skugga um að svo sé þyrfti að bera saman andlög í þolfalli annars vegar og þágufalli hins vegar hjá málnemunum. Sá samanburður bíður betri tíma.

Lítum næst á niðurstöður fyrir frumlög þar sem málnemar gátu valið um *hesturinn*, *hestinn* og *hestinum*.

Nafnorðið hestur *sem frumlag í nefnifalli*

Myndir 5 og 6 hér að neðan sýna hlutfall falla á nafnorðinu *hestur* þegar það er nefnifallsfrumlag á sínum stað í setningunni *Hesturinn þekkir mig alltaf þegar ég kem í hesthúsið* á mynd 5 og þegar frumlagið er á eftir sögninni í setningunni *Stundum vill hesturinn brauð* á mynd 6. Niðurstöðurnar hér eru nokkuð ólíkar niðurstöðunum fyrir persónufornafnið *ég*. Nefnifallið hefur mun veikari stöðu í nafnorðinu, hvort sem það er frumlag í fyrsta sæti eða fyrir aftan sögn. Á mynd 5 sést að hlutfall nefnifalls á frumlagi í fyrsta sæti er aðeins 44% hjá byrjendunum í hópi I en hækkar snarlega í hinum hópunum. Það nær þó aldrei sömu hæðum og nefnifall í persónufornafninu *ég* sem sást á mynd 3.



Mynd 5: Nafnorðið *hestur* sem frumlag í nefnifalli á sínum stað.
Hesturinn þekkir mig alltaf þegar ég kem í hesthúsið.

Þegar litið er á frávikin frá nefnifallinu á mynd 5 kemur í ljós að byrjendur í hópi I nota þolfall og þágufall í stað nefnifalls nokkurn veginn jöfnum höndum. Hér ríkir greinilega talsverð óreiða. Frávikunum fækkar verulega

í hópum II–IV en fleiri málnemar nota þar þolfall í stað nefnifalls, ólíkt því sem sást í niðurstöðum varðandi persónufornafnið *ég* þar sem þágufallið var oftar notað í stað nefnifallsins. Einu eyðurnar voru í hópi I.

Frumlagsfall nafnorðsins *hestur* hefur ekki jafnsterka stöðu og frumlagsfall persónufornafnsins *ég*. Frávikin eru líka ólík; málnemar nota mun oftar þolfall í stað nefnifalls af nafnorðinu *hestur* en í persónufornafninu *ég* nota þeir oftar þágufall en frávikin þar eru reyndar mjög fá. Í þessu sambandi má benda á að munur fallmyndanna í persónufornafninu er mun skýrari og greinilegri en í nafnorðinu, hvort sem það hefur áhrif á niðurstöðurnar eður ei. Það er meiri munur á formunum *ég*, *mig* og *mér* en formunum *hesturinn*, *hestinn* og *hestinum*.

Niðurstöðurnar hvað varðar nefnifallsleysið á frumlaginu *hestur* í hópi I koma nokkuð á óvart og eru ekki í samræmi við tilgátu Batens sem var skýrð í inngangi (sjá mynd 1), þar sem því er spáð að byrjendur noti nefnifall á lið sem er frumlag og fremst í setningu. Það er erfitt að skýra þetta nefnifallsleysi í hópi I. Ein skýringin gæti legið í því að samstofna orð er til í öðrum norrænum málum án endingarinnar *-ur* og því mætti ímynda sér að málnemar sem velja þolfall í stað nefnifalls yfirfæri grunnmyndina úr móðurmáli. Við athugun á bakgrunni og móðurmáli málnemanna kom þó í ljós að slík yfirfærsluskýring gildir ekki hér þar sem málnemar sem hafa þessi frávik hafa ekki norræn mál að móðurmáli.[13] Önnur skýring gæti falist í því að setningin *Hesturinn þekkir mig alltaf* er merkingarfræðilega mörkuð, þ.e. það er óeðlilegra að gera ráð fyrir því að hestur þekki mann en öfugt. Hins vegar ætti það væntanlega ekki að hafa áhrif á niðurstöðurnar hjá byrjendunum eingöngu heldur kannski þvert á móti. Ein skýring enn gæti legið í því að einhverjir málnemar í hópi I velji þolfallsmyndina *hestinn* sem grunnmynd og líti á hana sem veikt karlkynsorð eins og orðin *glugginn* og *haninn*. Þetta verður rætt nánar í kaflanum *Nafnorðið* hestur *sem andlag í þolfalli* hér á eftir.

Eins og áður var nefnt er auðvitað hæpið að draga ályktanir um notkun nefnifallsframlaga í nafnorðum út frá aðeins einu nafnorði. Það er ekki óhugsandi að málnemar, sérstaklega byrjendur, velji bara eitthvað, þ.e. eitt af þeim þremur formum sem þeir hafa á blaðinu fyrir framan sig, í stað þess að skila auðu. Baten nefnir líka þennan möguleika í rannsókn sinni (Baten 2011: 487). Að þessu leyti koma annmarkar rannsóknaraðferðarinnar vel í ljós, þetta er ekki raunveruleg málframleiðsla heldur eyðufyllingar þar sem

13 Eins og áður var nefnt í umfjöllun um málnemana var sjónum ekki sérstaklega beint að einstaklingsmun í rannsókninni og því voru málnemar ekki skoðaðir út frá móðurmáli að öðru leyti.

formin eru gefin. Niðurstöðurnar hvað varðar nefnifall á frumlagi í nafnorðinu *hestur* eru eins og áður sagði mjög ólíkar niðurstöðunum á notkun nefnifalls í persónufornafninu *ég* (sjá mynd 3). Þar var notkun nefnifallsins jafn örugg í öllum málnemahópum, þ.e. nánast frávikalaus og það er í samræmi við áðurnefnda tilgátu.

Nú verður forvitnilegt að líta á niðurstöður á frumlagsfalli í setningu þar sem frumlagið kemur á eftir sögn, þ.e. frumlagið er ekki á sínum hlutlausa stað í setningunni. Lítum á mynd 6. Frumlagið *hestur* heldur nefnifallinu sjaldnar þegar það er fyrir aftan sögnina eins og tilgátan spáir fyrir um. Þetta er sérstaklega áberandi í hópum II–IV. Þolfallið er ríkjandi fráviksfall; það eru einungis málnemar í hópi I sem nota þolfall og þágufall svo til jöfnum höndum. Það sama var uppi á teningnum í persónufornafninu (mynd 4). Hlutfall þeirra sem svara ekki er frekar lágt.

Þróunin á notkun nefnifalls á frumlagi á eftir sögn er sú sama hér og sást í persónufornafninu *ég* á mynd 3. Þegar frumlagið er fyrir aftan sögn þróast notkun nefnifallsins stig af stigi en verður aldrei jafn örugg og nefnifall á frumlagi á sínum stað og það er í samræmi við tilgátuna.



Mynd 6: Nafnorðið *hestur* sem frumlag í nefnifalli á eftir sögn. Stundum vill *hesturinn* brauð.

Það er greinilegt að byrjendurnir í hópi I reiða sig á beina vörpun; þeir nota ekki-nefnifall í 55% tilvika (þolfall í 30% tilvika og þágufall í 25% tilvika). Frávikum fækkar örlítið í hópi II en athygli vekur að þar verður þolfall algerlega ríkjandi fráviksfall líkt og sást í persónufornafninu *ég* á eftir sögn hjá sama hópi (sjá mynd 4). Frávikum fækkar smátt og smátt í hópum III og IV en þolfall er áfram yfirgnæfandi fráviksfall. Þessar niðurstöður eru vísbending um að ekki-nefnifall í beinni vörpun þróist frá því að vera ýmist þolfall eða þágufall í byrjun yfir í að vera nánast eingöngu þolfall seinna í tileinkunarferlinu.

Nú hefur verið litið á niðurstöður fyrir frumlag og þær ræddar og bornar saman við tilgáturnar tvær. Í næsta kafla verða sömu orð, *ég* og *hestur*, skoðuð sem andlag í þolfalli, jafnt á sínum stað sem í setningum þar sem andlagið er fyrir framan sögnina.

Persónufornafnið ég *sem andlag í þolfalli*

Myndir 7 og 8 hér að neðan sýna hlutfall falla í persónufornafninu *ég*. Mynd 7 sýnir fallanotkun þegar persónufornafnið er þolfallsandlag á sínum stað í setningunni *Hún heimsækir mig stundum*. Mynd 8 sýnir hins vegar fallanotkun á andlaginu þegar það er fyrir framan sögnina í setningunni *Mig hefur hún aldrei þekkt*.



Mynd 7: Persónufornafnið *ég* sem andlag í þolfalli á sínum stað.
Amma mín býr á Akureyri. Hún heimsækir *mig* stundum.

Lítum fyrst á mynd 7 þar sem þolfallsandlagið er á sínum stað. Hlutfall þolfalls, eða rétt falls, er nokkuð hátt í öllum hópunum, frá 65,5%–92%. Það vekur þó athygli að hópur II á í meiri vandræðum með þolfallið en hópur I; þarna virðist koma eitthvert bakslag. Þágufallið er ríkjandi fráviksfall í öllum hópum og nefnifallið kemur varla fyrir. Hópur III er eini hópurinn sem notar nefnifall í stað þolfalls en hlutfall þess er lágt eða 2%. Hlutfall þeirra sem svara ekki er lágt í öllum hópum.

Mynd 7 sýnir mjög skýrt að málnemar nota aukafall, þolfall eða þágufall, á andlagi á eftir sögn. Fyrstu tveir hóparnir nota þágufallið tiltölulega oft. Fjórði hópurinn hefur mjög gott vald á þolfallsandlagi á sínum stað á eftir sögn.

Víkjum nú að mynd 8 þar sem persónufornafnið *ég* er andlag í þolfalli fyrir framan sögn. Myndin sem hér birtist er allt önnur en á mynd 7. Hlutfall þolfalls, eða rétt falls, í hópum I–II er lágt. Það er talsvert hærra í hópi III og í hópi IV er notkun þolfallsins mjög hátt eða 87%. Hér sést sama bakslagið

og á mynd 7 þegar notkun þolfalls í hópum I og II er borin saman. Hópur II virðist eiga í meiri vandræðum en hópur I. Notkun nefnifalls í stað þolfalls er áberandi í hópum I og II og tölurnar þar eru hærri en fyrir þolfallið, sérstaklega í hópi II. Notkun þágufalls í stað þolfalls kemur fyrir í öllum hópum en sínu mest í hópi I. Tölur yfir þá sem svara ekki eru hærri hér í tveimur hópum en áður hefur sést.



Mynd 8: Persónufornafnið *ég* sem andlag í þolfalli fyrir framan sögn. Stína þekkir alla. *Mig* hefur hún aldrei þekkt.

Ef litið er mynd 7 má segja að málnemar noti aukafall á andlög á eftir sögn. Þeir nota mun oftar þolfall en þágufall í öllum hópum, sérstaklega í hópum III og IV. Hugsanlega er aukafallið til staðar hjá hópum I og II vegna beinnar vörpunar, þ.e. þessir hópar nota ekki-nefnifall á liði á eftir sögn. Niðurstöðurnar fyrir hópa III og IV eru hins vegar líklega merki um aðgreiningu á þolfalli og þágufalli. Þær ályktanir fá staðfestingu þegar litið er á mynd 8 en þar gefa niðurstöðurnar vísbendingar um að fallið hafi tengst andlagshlutverkinu í hópum III og IV. Þeir málnemar sem halda fallinu þegar andlagið er fært til sýna með því að fallið tengist ekki lengur einungis setningarstöðunni heldur einnig málfræðihlutverkinu. Notkun nefnifalls í þessum tveimur hópum er hverfandi, en notkun nefnifallsins væri vísbending um að staða liðarins í setningunni merki fallið, eins og greinilega má sjá í hópum I og II en þar nota málnemar oftast nefnifall. Málnemarnir í hópum I og II virðast túlka liðinn fyrir framan sögnina sem frumlag sem fær nefnifall. Þó nefnifallið sé algengasta fallið í hópum I og II í þessari setningu er þolfall og þágufall talsvert algengt, sérstaklega í hópi I; þar ríkir óreiða eins og sést hefur í niðurstöðum fyrir þennan hóp áður.

Niðurstöðurnar fyrir persónufornafnið *ég* í stöðu andlags styðja tilgátu Batens

um að fyrst reiði málnemar sig á stöðu liðanna þegar þeir úthluta falli og síðar meir tengist fallið málfræðihlutverkinu og þar með geta liðirnir færst til.

Nafnorðið hestur *sem andlag í þolfalli*

Mynd 9 hér að neðan sýnir hlutfall falla í nafnorðinu *hestur* þegar það er þolfallsandlag á sínum stað í setningunni *Ég fann hestinn*. Mynd 10 sýnir hins vegar andlagið þegar það er fyrir framan sögnina í setningunni *Fyrsta hestinn fékk ég frá mömmu og pabba*.



Mynd 9: Nafnorðið *hestur* sem andlag í þolfalli á sínum stað.
Ég fann *hestinn*. Hann var úti í haga.

Á mynd 9 sést að hlutfall rétt falls, þolfalls, eykst hröðum skrefum frá hópi I–IV eða frá 39% í hópi I í 95% í hópi IV. Frávikum fækkar að sama skapi en það vekur nokkra athygli að nefnifall sem fráviksfall kemur nokkuð oft fyrir, sérstaklega í hópi I en líka í hópum II og III. Allir málnemar í öllum hópum fylltu í allar eyður.

Á mynd 10 eru hlutfall þolfalls, eða rétt falls, lægra í hópum II, III og IV en í sömu hópum þegar andlag var á sínum stað (mynd 9). Það vekur furðu hversu hátt hlutfall þolfallsins er í hópi I eða 64%. Nefnifallið er ríkjandi fráviksfall í öllum hópum. Þágufall í stað þolfalls er aðeins notað í hópi I og þá í 3% tilvika. Eyður voru aðeins í hópi II.

Við samanburð á myndum 9 og 10 sést að þolfallsandlagið á undan sögn reynist málnemum í hópum II, III og IV mun erfiðara en þegar andlagið er á sínum stað eins og áður sagði og er það í samræmi við tilgátuna. Hópur I sker sig algerlega úr og það kemur mjög á óvart að byrjendurnir virðast eiga auðveldara með að setja rétt fall á andlag sem er fyrir framan sögn (mynd 10) en þegar það er á sínum hlutlausa stað í setningunni (mynd 9). Og ekki nóg með það heldur virðist hópur I eiga auðveldara með þolfall á andlagi fyrir framan sögn en hópar II og III og næstum jafn auðvelt með það og málnemarnir í hópi IV sem eru komnir lengst í tileinkuninni (mynd 10).

Það er ekki auðvelt að skýra hvað veldur. Niðurstöður fyrir hóp I hafa áður komið á óvart, sérstaklega niðurstöður fyrir nafnorðið (sjá t.d. mynd 5 og umfjöllun þar um).



Mynd 10: Nafnorðið *hestur* sem andlag í þolfalli fyrir framan sögn.
Fyrsta *hestinn* fékk ég frá mömmu og pabba.

Ein skýring á háu hlutfalli rétts falls á þolfallsandlagi hjá hópi I gæti legið í því að málnemar velji þolfallsmyndina *hestinn* sem grunnmynd og líti á hana sem veikt karlkynsorð eins og orðin *glugginn* og *haninn*.[14] Með því væru málnemar að nota beina vörpun en hefðu þolfall sem nefnifallsmynd. Gísli Hvanndal Ólafsson (2015: 30) nefnir sams konar dæmi í rannsókn sinni á frumlagsfalli í íslensku sem öðru máli.[15] Það er þó sérkennilegt að gera ráð fyrir þessari skýringu í þessu tilviki þar sem hún gildir sannarlega ekki um nefnifallsfrumlagið *hestur* í hópi I þegar það er á sínum hlutlausa stað í setningunni (sjá mynd 5); þolfallið þar er aðeins 28% en nefnifallið hins vegar 44%. Enn ólíklegri skýring væri að gera ráð fyrir að málnemar í hópi I styðjist við merkingarlegt þema í setningunni *Fyrsta hestinn fékk ég frá mömmu og pabba*. Það er fremur ólíklegt að málnemar á byrjendastigi hafi sterkari tilfinningu fyrir merkingarhlutverkinu þema og tengi það við þolfall heldur en sjálfgefna, ómarkaða merkingarhlutverkinu geranda sem verður nefnifall en eins og við sáum á mynd 5 er sú ekki raunin. Að síðustu má benda á að fyrrnefnd setning, *Fyrsta hestinn fékk ég frá mömmu og pabba*, er eina setningin þar sem ákvæðisorð (*fyrsta*) stendur á undan nafnorðinu. Hvort það getur

14 Þessari skýringu var líka varpað fram í tengslum við umfjöllun um nafnorðið *hestur* sem frumlag á sínum stað hér að framan.

15 Frekari umræðu um grunnmynd í íslensku sem öðru máli má sjá hjá Gísla Hvanndal Ólafssyni (2015: 30–31) og Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldsdóttur (2012: 110 og 130).

hjálpað málnemum – byrjendum vel að merkja – að rata á þolfallið er fremur ólíklegt en ómögulegt að skera úr um; til þess þyrfti ríkulegri gögn.

Þróunin í hópum II, III og IV á mynd 10 er eins og vænta má, þ.e. nefnifallið víkur smátt og smátt fyrir þolfallinu. Það virðist sem þolfallið fái smám saman hlutverkslegt gildi á sama hátt og sjá mátti í persónufornafninu *ég* í sömu stöðu á mynd 8. Þó er greinilegur munur á tileinkuninni í fornafninu annars vegar og nafnorðinu hins vegar. Notkunin virðist vera öruggari í nafnorðinu í hópum I og II en dæmið snýst við í hópum III og IV. Tilgáta Batens um að persónufornöfn ryðji brautina fyrir nafnorð í fallmörkun stenst því aðeins fyrir hópa III og IV í rannsókn okkar hvað andlag varðar. Við samanburð á frávikum í persónufornafninu og nafnorðinu kemur í ljós að þágufallið er lítið sem ekkert notað í nafnorðinu en það er algengt fráviksfall í persónufornafninu. Nefnifall er hins vegar notað lengur í nafnorðinu, er talsvert algengt í hópum III og IV. Það er hins vegar sjaldan notað í persónufornafninu í hópi III og er alveg horfið þar í hópi IV.

Umræður og lokaorð

Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna hvort tilgátur Batens um fallaþróun í þýsku sem öðru máli eigi líka við um þróun falla í íslensku sem öðru máli. Baten setti fram tvær tilgátur. Sú fyrri lýtur að tileinkunarröðinni og hljóðar á þessa leið: Byrjendur nota föll eingöngu í tengslum við stöðu liðanna í setningunni; frumlag sem er fremst fær nefnifall, ekki-frumlag sem er á eftir sögn fær ekki-nefnifall. Seinna nota málnemar föll í tengslum við málfræðihlutverk. Vísbendingu um það er að finna þegar frumlög og andlög eru ekki á sínum stað í setningum en halda föllum sínum.

Seinni tilgáta Batens lýtur að orðaforðanum og hljóðar á þessa leið: Þar sem persónufornöfnin eru algeng og auðlærð eru þau lykill að fallmörkun; fallanotkun kemur fyrst fram í persónufornöfnum hjá málnemum og síðar geta þeir yfirfært færnina yfir á nafnorð.

Lítum fyrst á niðurstöðurnar hvað varðar fyrri tilgátuna sem sett er hér fram í (11).

(11) Þróunarröð falla: fall tengist stöðu liða í setningu → fall tengist málfræðihlutverki

Niðurstöður okkar sýna að þróunarröðin í persónufornafninu *ég* er í samræmi við niðurstöður Batens. Byrjendur eiga í meiri erfiðleikum með fall á liðum sem eru ekki á sínum stað í setningunni, hvort sem um frumlag eða andlag er

að ræða. Auk þess sáum við í niðurstöðum okkar að málnemar ná fyrr tökum á nefnifalli á frumlagi sem er fyrir aftan sögn en á þolfalli á andlagi sem er fyrir framan sögn, þ.e. frumlagsfall tengist málfræðihlutverki fyrr en andlagsfall. Skýringin á því gæti legið í því að fyrsta aðgreining innan málfræðihlutverka er frumlag : ekki-frumlag eins og fram kemur í inngangi og á mynd 1.

Niðurstöður fyrir nafnorðið *hestur* samræmast líka tilgátu Batens ef hópur I er undanskilinn. Málnemar eiga hins vegar í jafn miklum erfiðleikum með frumlag og andlag nafnorðsins *hestur* sem eru ekki á sínum stað, ólíkt því sem við sáum í persónufornafninu.

Það er sem sagt persónufornafnið *ég* sem frumlag sem er öruggast í öllum hópum hvort sem það er á sínum stað í setningunni eða ekki.

Þegar litið er á myndir 3–10 sést að hlutföllin fyrir rétt föll fara stigvaxandi og hópur IV hefur oftast rétt fall. Hins vegar má líka sjá að það virðist stundum koma bakslag í þróunina, dæmi um það má sjá á myndum 3, 5, 7, 8 og 10. Þar mynda súlurnar einhvers konar U-form. Oftast gerist þetta í hópi II og virðast niðurstöðurnar þá benda til þess að hópur II sé kominn skemmra á veg en hópur I. Bakslag er ekki óþekkt í annarmálsfræðunum og sést víða í rannsóknum á þróunarröð (sjá t.d. um *U-shaped behaviour* hjá Ellis 1994: 303). Bakslag hefur verið skýrt á svipaðan hátt og gert hefur verið í máltöku barna, þ.e. málnemar læra óregluleg mörkuð form í byrjun og alhæfa síðar ómarkaða reglu áður en þeir hafa kerfið í heild á valdi sínu.

Eins og áður hefur komið fram koma niðurstöðurnar á fallanotkun í orðinu *hestur* nokkuð á óvart hvað varðar hóp I, eða þá sem eru mestu byrjendurnir. Hér nægir að nefna að samkvæmt niðurstöðum á mynd 10 virðast byrjendurnir hafa nánast sömu tök og hópur IV á þolfallsandlagi sem er fyrir framan sögn en það verður að telja mjög hæpið. Fremur mætti draga þá ályktun að einhverjir málnemanna í hópi I litu á þolfallið *hestinn* sem einhvers konar grunnform og hafi þá orðið í sama beygingarflokki og nafnorðin *penninn* og *glugginn* eins og áður hefur verið nefnt. Því til stuðnings má benda á að þeir nota þolfallið *hestinn* tiltölulega oft á frumlagi í fyrsta sæti eins og sést á mynd 5. Til að ganga úr skugga um hvort þolfallsformið sé einhvers konar grunnmynd fyrir nafnorðið *hestur* þyrfti að skoða fleiri nafnorð á sama hátt. Auðvitað er eitt nafnorð ekki nóg til að alhæfa um þróun falla á nafnorðum yfirleitt þó að niðurstöður fyrir eitt orð geti gefið ákveðnar vísbendingar.

Lítum nú á niðurstöðurnar hvað varðar seinni tilgátuna sem sett er hér fram í (12).

(12) persónufornöfn → nafnorð

Niðurstöðurnar á seinni tilgátunni eru algjörlega í samræmi við niðurstöður Batens hvað frumlag varðar. Málnemarnir eru mun öruggari í fallmörkun á persónufornafninu *ég* hvort sem frumlagið er á sínum stað eða ekki. Þetta á ekki við um andlagið í hópum I og II.

Í stuttu máli má segja að niðurstöðurnar hér styðji tilgátur Batens í meginatriðum og sýni að fall í íslensku og þýsku virðist fylgja svipaðri þróunarröð og að persónufornöfn ryðji brautina fyrir nafnorð í fallaúthlutun.

HEIMILDIR

Ásta Svavarsdóttir. 1993. *Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku.* Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Baten, Kristof. 2011. Processability Theory and German Case Acquisition. *Language Learning* 61(2): 455–505.

Baten, Kristof. 2013. *The Acquisition of the German Case System by Foreign Learners.* John Benjamins, Amsterdam.

Ellis, Rod. 1994. *The Study of Second Language Acquisition.* Oxford University Press, Oxford.

Gísli Hvanndal Ólafsson. 2015. *Í besta falli. Úrvinnslukenningin og frumlag í íslensku millimáli.* BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Gyða Erlingsdóttir. 2010. *Hún finnst ekki tannkrem gott. Um fallmörkun frumlaga í barnamáli.* BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Herdís Þ. Sigurðardóttir. 2002. *Fallmörkun í barnamáli: Hvernig læra íslensk börn að nota föll?* MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Iris Edda Nowenstein. 2014. *Tilbrigði í frumlagsfalli á máltökuskeiði. Þágufallshneigð og innri breytileiki.* MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Lee, Hanjung. 2001. Markedness and word order freezing. Peter Sells, Joan Bresnan, Miriam Butt og Tracy Holloway King (ritstj.): *Formal and Empirical Issues in Optimality Theoretical Syntax*, bls. 63–127. CSLI, Stanford CA.

María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. 2012. *Í öllu falli. Úrvinnslukenningin og fallatileinkun í íslensku.* MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Pienemann, Manfred, Bruno Di Biase og Satomi Kawaguchi. 2005. Extending Processability Theory. Manfred Pienemann (ritstj.): *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory*, bls. 199–251. John Benjamins, Amsterdam.

Pienemann, Manfred. 1998. *Language Processing and Second Language Development: Processability Theory.* John Benjamins, Amsterdam.

Pienemann, Manfred. 2005. An Introduction to Processability Theory. Manfred Pienemann (ritstj.): *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory,* bls. 1–60. John Benjamins, Amsterdam.

Pienemann, Manfred. 2007. Processability Theory. Bill VanPatten og Jessica Williams (ritstj.): *Theories in Second Language Acquisition. An Introduction,* bls. 137–154. Lawrence Earlbaum Associates, Mahwah, New Jersey.

Ragnheiður Björgvinsdóttir. 2003. *Frumlagsfall í máli barna.* BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir. 2013. Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli. *Milli mála* 5: 45–73.

SUMMARY

In this article we will introduce the findings of a study which explores the development of case assignment in Icelandic as a second language within the context of Processability theory (Pienemann 1998 and 2005). In the study we present two hypotheses based on Baten's (2011 and 2013) research on the development of case in German as a second language.

In the first we suggest that beginners use direct mapping, i.e. they rely on the position of the argument phrases in the sentence, and it is only later in the acquisition that they are able to give the position a grammatical role. The second hypothesis is related to vocabulary: personal pronouns are assigned a case before nouns. Baten showed that learners initially assign case according to the sentence position and subsequently connect case and grammatical function. In this way learners can assign accusatives to objects that have been moved before the verb and assign nominatives to subjects that follow the verb. He also found that learners acquire case in personal pronouns before case in nouns. Our results are comparable to those presented by Baten in this respect.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein verða kynntar niðurstöður rannsóknar á tileinkun falla í íslensku sem öðru máli í ljósi úrvinnslukenningarinnar (Pienemann 1998 og 2005). Tilgátur okkar eru byggðar á rannsókn Kristofs Baten (2011 og 2013) en hann rannsakaði tileinkun falla í þýsku sem öðru máli.

Í rannsókninni setjum við fram tvær tilgátur sem byggja á niðurstöðum Batens. Í þeirri fyrri gerum við ráð fyrir að byrjendur reiði sig á svokallaða beina vörpun við fallaúthlutun, þ.e. þeir nota eingöngu stöðu liðanna í setningunni til að merkja föllin. Síðar í tileinkunarferlinu verða þeir færir um að gefa setningarstöðunni málfræðilegt hlutverk. Seinni tilgátan tengist orðaforðanum; persónufornöfn fá föll á undan

nafnorðum. Baten komst að því að byrjendur úthluta falli út frá setningarstöðunni og verða síðar færir um að tengja fall við málfræðihlutverk. Þeir geta þá notað þolfall á andlögum sem hafa verið flutt fram fyrir sögnina og nefnifall á frumlögum sem eru fyrir aftan sögnina. Hann komst líka að því byrjendur tileinka sér fall á persónufornöfnum fyrr en fall á nafnorðum. Niðurstöður okkar eru í meginatriðum í samræmi við niðurstöður Batens.

VIÐAUKI

❒ karl (male) ❒ kona (female)
Fæðingarár (year of birth): _____
Móðurmál (mother tongue): _____
Önnur mál sem þú hefur lært (other languages you know):
_____
Hversu lengi hefur þú verið á Íslandi? (How long have you lived in Iceland?)
_____

Hversu lengi hefur þú lært íslensku? (How long have you
been learning Icelandic formally?) _____

A. Settu **hesturinn**, **hestinn** eða **hestinum** í eyðurnar.
Ég fann _____. Hann var úti í haga.
„Skuggi er mjög klár," segir Jónína, 15 ára hestakona.
_____ kenndi hún að telja.
Dýralæknirinn bjargaði _____.
Ég á tvo hesta núna. Fyrsta _____
fékk ég frá mömmu og pabba.
Farðu í hesthúsið! _____ mátt þú aldrei gleyma.
_____ hjálpaði hún yfir
ána þegar við fórum í reiðtúr um daginn.
Sjáðu! Þetta er _____!
Stundum vill _____ brauð *þegar ég fer í hesthúsið.*
Þú segir ekki _____ að fara
til vinstri. Þú verður að stjórna honum.
Þú týnir _____ ef þú heldur ekki í hann.
_____ þekkir mig alltaf þegar ég kem í hesthúsið.
Í hesthúsinu er _____ sem pabbi á.

B. Settu **ég**, **mig** eða **mér** í eyðurnar.
Amma mín býr á Akureyri. Hún heimsækir _____ stundum.
Ásta er mjög hjálpsöm við alla. _____ vill hún aldrei hjálpa.
_____ borða alltaf morgunmat á morgnana.
Ég er frekar lokaður. Fólk kynnist _____ seint.
Gaf hún Önnu kók? _____ gaf hún bara vatn.
Sjáðu! Þetta er _____ á myndinni!
Í dag heyrði _____ söguna um Mjallhvíti.
Mamma, hjálpaðu _____ að finna bókina. Ég er svo sein.
Pétur fyrirgaf Stínu allt. _____ fyrirgefur hann aldrei.
Stína þekkir alla. _____ hefur hún aldrei þekkt.
Lísa á afmæli bráðum. Hún býður _____ örugglega í afmælið.

C. Settu **hún**, **hana** eða **henni** í eyðurnar.
Amma er á elliheimili. Ég heimsæki _____ á hverjum degi.
Anna er besta vinkona mín. Ég býð _____ auðvitað í afmælið.
Anna heilsaði mér ekki. Kannski þekkir _____ mig ekki.
Sjáðu! Þetta er _____ á myndinni!
Björn og Lísa eru góðir vinir. Hann hjálpar _____ oft að læra.
Er þetta Jóna? _____ sé ég eiginlega aldrei.
Ég á litla systur. _____ stríði ég allan daginn.
_____ vil ég ekki hjálpa með verkefnið. Hún er svo leiðinleg.
Kisan mín heitir Gríma. _____ borðar bara fisk.
Palla gaf ég bók en _____ gaf ég bolta.
Þetta er Stína. Ég kynntist _____ í skólanum.

GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR

Notkun málfræðilegra kynja í íslensku og færeysku

Inngangur

Beygingarkerfi íslensku og færeysku eiga sameiginlegt kynjakerfi með þremur málfræðilegum kynjum, karlkyni, kvenkyni og hvorugkyni, sem er upprunnið í indóevrópsku frumtungunni.[1] Því fylgja reglur um notkun kynjanna sem hafa að miklu leyti varðveist í germönsku kvíslinni á ættartrénu og jafnvel varðveist í málunum tveimur til okkar daga. Þó má finna athyglisverðar nýjungar og dæmi um sérkennilega notkun kynja. Þau fyrirbæri hafa þó ekki verið rannsökuð ítarlega og menn þekkja aldur þeirra og orsakir ekki sem skyldi.

Í þessari grein verður fjallað um ýmsar hliðar kynjanotkunar í færeysku og íslensku og hvatt til frekari rannsókna og samanburðar þessara frændtungna. Að loknum inngangi um sögu kynjakerfisins verður notkun málfræðilegra kynja í færeysku og íslensku nútímamáli borin saman, einkum hvernig kynin eru notuð þegar rætt er um fólk. Þá verður sagt frá rannsókn á notkun kynja í íslenskum sendibréfum frá 19. og 20. öld sem unnið er að á vegum rannsóknarverkefnisins *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals*.[2] Þar er bæði vakin athygli á samræmi málfræðilegra kynja í setningum og notkun hvorugkyns eintölu um fólk.

Saga kynjakerfisins

Forsagan

Málfræðiheitin *karlkyn*, *kvenkyn* og *hvorugkyn* gætu bent til þess að karlkyn væri eingöngu notað um karlkyns verur, kvenkyn um kvenkyns verur og

1 Greinin er byggð á fyrirlestri á Frændafundi 8 á Fróðskaparsetri Færeyja 24. ágúst 2013. Ég þakka áheyrendum gagnlegar umræður og Höskuldi Þráinssyni, Hjalmari Petersen og Jógvan í Lon Jacobsen fyrir að bregðast vel við fyrirspurnum um kyn í færeysku. Ég er einnig þakklát ritstjórum og ónafngreindum ritrýnum Frændafundar fyrir góðar athuga-semdir við handrit greinarinnar.

2 Þessi rannsókn nýtur styrks Rannsóknasjóðs Rannís árin 2012–2014 (verkefni #120646021) sem hér er þakkað fyrir. Frá verkefninu verður greint nánar síðar í greininni.

hvorugkyn um fyrirbæri sem eru ekki gædd líffræðilegu kyni. Sú er þó ekki raunin í íslensku eða færeysku eða germönskum málum yfirleitt og þessi skipan hefur líklega ekki heldur átt við á neinu stigi í forsögunni. Tilurð kynjakerfis indóevrópskra mála er ekki þekkt með fullri vissu en margir líta svo á að uppruni þess felist í aðgreiningu orða um lifandi verur og orða um dauða hluti og hugtök. Það hafi þróast í kerfi með tveimur kynjum, samkyni og hvorugkyni. Loks hafi myndast kerfi með þremur kynjum við það að hvorugkynið klofnaði í tvennt eins og sýnt er í (1) hér að neðan.[3]

(1) Þrjú þrep í þróun kynjakerfisins



Þegar þriggja kynja kerfið varð til myndaði karlkynið beint framhald af hinu eldra samkyni og hafði áfram mjög víðtækt hlutverk. Það var m.a. notað um karlkyns verur en gegndi einnig hlutleysishlutverki, en það merkir að karlkyn er notað þegar talað er almennt um ótilgreint fólk. Kvenkyn hafði hins vegar upphaflega mjög þröngt hlutverk. Það var einkum notað um kvendýr og aðra kvenkyns mótaðila karlkyns vera og einnig voru óhlutstæð nafnorð leidd af lýsingarorðum kvenkyns. Enn á okkar dögum hefur kvenkyn mun þrengra notkunarsvið en karlkyn. Þetta þýðir að á engu tímabili frá myndun kynjakerfisins fram til íslensks og færeysks nútímamáls hefur verið jafnvægi milli notkunar karlkyns og kvenkyns. Í þriggja kynja kerfi indóevrópsku dótturmálanna á hvorugkyn ekki lengur eingöngu við um hluti og hugtök en takmarkanir eru samt á notkun þess um lifandi verur.

Hlutleysishlutverk karlkynsins

Hið forsögulega hlutleysishlutverk karlkynsins varðveittist í germönsku kvíslinni á indóevrópska ættartrénu og segja má að það lifi enn góðu lífi í íslensku eins og dæmin hér að neðan sýna.[4] Í fyrsta lagi eru karlkynsmyndir fornafna

3 Yfirlit um uppruna kynjakerfis indóevrópskra mála má finna hjá Jóni Axel Harðarsyni (2001).

4 Einnig er talað um að karlkyn sé notað í kynhlutlausri merkingu (e. *gender-neutral*) eða almennri merkingu (e. *generic masculine*) eða að það sé *sjálfgefið* (e. *default*) kyn (sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008: 107, Höskuld Þráinsson 2005: 83, 105).

notaðar þegar kynferði einstaklings er ekki tilgreint, sbr. dæmi (2) þar sem skáletruðu orðmyndirnar eru í karlkyni eintölu.

(2) a. *Sá* hlær best sem síðast hlær.
b. Það er *enginn* heima.

Í öðru lagi er karlkyn fleirtölu notað þegar kynferði fólks í einhverjum hópi er ekki tilgreint eða talað almennt um ótilgreindan hóp, sjá dæmi (3) þar sem skáletraðar fornafnamyndir eru í karlkyni fleirtölu.

(3) a. *Þeir* sem hlustuðu á þáttinn í gær heyrðu Kristin Sigmundsson syngja.
b. *Allir* græða á verðbólgunni.
c. Það kalla sig *engir* lengur landvarnarmenn.

Í þriðja lagi eru lýsingarorð í karlkyni iðulega notuð um ótilgreint fólk af báðum kynjum. Í dæmi (4)a. stendur kk. et. *góður* án nafnorðs í merkingunni ‘góður maður’ og sömuleiðis kk. ft. *aldraðir* ‘aldrað fólk’ í (4)b.

(4) a. Oft kemur *góður* þá getið er.
b. *Aldraðir* eru illa settir.

Hlutleysishlutverk karlkynsins setur einnig svip á orðaforða nafnorða um fólk. Karlkynið tók við hinu forsögulega samkynshlutverki og þess vegna er mjög algengt að karlkyns nafnorð séu notuð um fólk af báðum kynjum, t.d. *gestur*, *hlustandi*, *Íslendingur*, og á það bæði við um eintölu og fleirtölu. Einnig kemur fyrir að fleirtala karlkynsorðs eigi við bæði kynin, t.d. *húsbændur*, en eintalan um karlmann, þ.e. *húsbóndi*. Aftur á móti er miklu minna um kvenkynsorð sem eru notuð um bæði kynin. Þau eru samt til, bæði orð um fólk, t.d. starfsheitið *fyrirsæta*, gerandnafnið *skytta* og orð almenns eðlis eins og *hetja*, *manneskja* og *persóna*, og tegundaheiti úr dýraríkinu, t.d. *gaupa*, *heiðlóa*, *ýsa*. Auk þess eru líka til hvorugkynsorð sem eru notuð um fólk, t.d. *barn*, og um dýr, t.d. *svín*.

Hvorugkyn fleirtölu í samblöndun kynja

Fyrrnefnd einkenni íslensku eru í samræmi við það þriggja kynja kerfi sem einkennt hefur indóevrópsku málaættina, en að einu leyti sýnir íslenska merki um samgermanska nýjung. Öll germönsku fornmálin staðfesta að á frumgermönskum tíma hafi orðið breyting í þá átt að farið var að nota hvorugkyn fleirtölu — í stað karlkyns fleirtölu — af fornöfnum, lýsingarorðum

og töluorðum þegar talað var um blandaðan hóp karla og kvenna. Dæmi (5) er þekkt dæmi úr Nýja testamentinu þar sem sagt er frá hjónunum Sakaría og Elísabetu og notað hvorugkyn í fleirtölu.

(5) *Þau* voru *bæði réttlát* fyrir Guði (Lk 1.6; *Biblían* 2007)
HK.FT. HK.FT.

Þetta germanska einkenni kemur vitanlega aðeins fram í þeim germönsku nútímamálum sem hafa varðveitt kynjaaðgreiningu í fleirtölu, þ.e. íslensku og færeysku.

Formlegt samræmi

Loks er við hæfi að nefna þá almennu reglu að fornöfn, lýsingarorð og beygð töluorð standa í sama kyni, tölu og falli og nafnorðin sem þau vísa til. Líta má á þetta samræmi sem arf úr beygingar- og setningakerfi indóevrópsku málaættarinnar. Í dæmi (6)a. er nafnorðið *gestirnir* í karlkyni fleirtölu og það stýrir því að lýsingarorðið *blautir* og fornafnið *þeir* eru í karlkyni fleirtölu líka. Það sama á við kvenkynsdæmið um *löggurnar* í (6)b. og hvorugkynsdæmið um *börnin* í (6)c.

(6) a. *Gestirnir* verða áreiðanlega *blautir* þegar *þeir* koma inn.
KK.FT. KK.FT. KK.FT.
b. *Löggurnar* verða áreiðanlega *blautar* þegar *þær* koma inn.
KVK.FT. KVK.FT. KVK.FT.
c. *Börnin* verða áreiðanlega *blaut* þegar *þau* koma inn.
HK.FT. HK.FT. HK.FT.

Þótt þess konar formlegu samræmi sé lýst sem almennri reglu (í íslensku eða öðru tungumáli) verður að hafa hugfast að gera þarf ráð fyrir að menn geti átt erfitt með að halda formlegu samræmi í daglegu tali og að merkingarlegt samræmi við kynferði hópsins, sem rætt er um, geti komið fyrir.[5] Einkum má

5 Í þessari ritsmíð er notað heitið *formlegt samræmi* (e. *formal agreement*) um það að fornafn, lýsingarorð eða töluorð standi í sama kyni, tölu og falli og nafnorðið sem það vísar til. Í íslenskum málfræðiskrifum hefur orðið *beygingarsamræmi* einnig verið haft um slík tilvik, eins og sjá má hjá Höskuldi Þráinssyni (2005: 170). Heitið *merkingarlegt samræmi* (e. *semantic agreement*, sjá Corbett 2006: 155) á hér við setningar þar sem fornafn, lýsingarorð eða töluorð tekur mið af kynjasamsetningu og fjölda í þeim hópi fólks sem vísað er til. Það er einnig í anda Corbetts (2006: 4, 35–37 o.v.) að taka þannig til orða að nafnorð stýri formlegu eða merkingarlegu samræmi á öðru orði sem vísar til þess; um setningarliði sem stýra samræmi notar hann enska orðið *controller*.

búast við að erfitt sé að halda formlegu samræmi í langri frásögn eða samtali af því að þráðurinn frá nafnorðinu, sem nefnt var í upphafi, getur auðveldlega slitnað.

Samanburður íslensku og færeysku

Forn kynjanotkun varðveitt í íslensku og færeysku

Í öllum ofangreindum atriðum er íslenska talin varðveita þá notkun kynja sem einkenndi forngermönsk mál og það á að miklu leyti einnig við um færeysku. Í fyrsta lagi hefur færeyska varðveitt þrjú málfræðileg kyn sem eru aðgreind bæði í eintölu og fleirtölu (sbr. fornafn 3. persónu: et. *hann* kk., *hon* kvk., *tað* hk., ft. *teir* kk., *tær* kvk., *tey* hk.). Íslenska og færeyska eru einu germönsku nútímamálin sem hafa þrískiptingu í fleirtölunni.

Í öðru lagi hefur færeyska enn formlegt samræmi kynja, eins og fram kemur í dæmum (7)a. (kk. ft.), (8)a. (kvk. ft.) og (9)a. (hk. ft.).[6]

(7) a. fær. *Teir* eru *vakrir.*
b. ísl. *Þeir* eru *fallegir.*

(8) a. fær. *Tær* eru *vakrar.*
b. ísl. *Þær* eru *fallegar.*

(9) a. fær. *Tey* eru *vøkur.*
b. ísl. *Þau* eru *falleg.*

Í þriðja lagi er enn sú regla í færeysku, eins og í íslensku, að hvorugkyn fleirtölu er notað um kynjablandaðan hóp fólks eins og í dæmi (10).

(10) a. fær. *Tey* eru *troytt.*
b. ísl. *Þau* eru *þreytt.*

Í fjórða lagi hefur færeyska karlkynsmyndir í hlutleysishlutverki í eintölunni, eins og sést í dæmum (11)–(14).

(11) a. fær. Er *nakar* inni?
b. ísl. Er *nokkur* inni?

6 Upplýsingar um færeysku og færeysk dæmi í (7)–(14) eru frá Höskuldi Thráinssyni o.fl. (2004: 132, 225–226, 246), sjá einnig Petersen og Adams 2009: 13–14.

(12) a. fær. *Hvønn* tosaði tú við?
b. ísl. *Hvern* talaðir þú við?

(13) a. fær. Eg sá *ongan*.
b. ísl. Ég sá *engan*.

(14) a. fær. Hon var *tann einasti*, ið …
b. ísl. Hún var *sá eini* sem …

Í öllum fyrrgreindum dæmum hafa bæði færeyska og íslenska varðveitt forna siði en nú víkur sögunni að því sem munar á kynjanotkun í málunum tveimur.

Kynhlutlaust hvorugkyn fleirtölu í færeysku

Á kynjanotkun í færeysku og íslensku er sá áberandi munur að Færeyingar nota hvorugkyn fleirtölu í kynhlutleysi, eins og sést á myndum fornafna í dæmi (15), sbr. Höskuld Thráinsson o.fl. 2004: 132, sjá einnig Petersen og Adams 2009: 13–14. Þar hafa Íslendingar notað karlkynið og gera enn, sbr. (15)b.

(15) a. fær. *Summi* siga at …
HK.FT.
b. ísl. *Sumir* segja að …
KK.FT.

Þetta á einnig við um lýsingarorð sem eru notuð án nafnorðs þegar rætt er almennt um hópa fólks án tillits til kynferðis, sbr. dæmi (16) (sjá Höskuld Thráinsson o.fl. 2004: 225). Þar hefur færeyska tekið upp þá nýjung að nota hvorugkyn fleirtölu en íslenska ekki.

(16) a. fær. *Tey brekaðu* hava ikki nógvar pengar.
HK.FT.
b. ísl. *Fatlaðir* eiga ekki mikla peninga.
KK.FT.

Af lýsingu Höskuldar og meðhöfunda hans á dæmunum í (15) og (16) mætti ætla að í þessu efni sé skýr munur á málunum tveimur þannig að í íslensku sé ávallt notað karlkyn en í færeysku hvorugkyn. Þó má benda á nýleg frávik frá hinu hlutlausa karlkyni fleirtölu í íslensku sem sagt verður frá í umfjöllun um málstýringu femínista hér á eftir. Auk þess eru Færeyingar ekki alveg hættir að

nota kk. ft. *teir* í kynhlutleysi eins og dæmi (17)a. sýnir (úr gagnagrunninum K8, tilv. eftir Petersen 2009: 125).

(17) a. fær. Og so taldu *teir*, sum skuldu leita, upp í so og so nógv …
KK.FT.

b. ísl. Og svo töldu *þeir* sem áttu að leita upp í svo og svo mikið …
KK.FT.

Einnig kemur fram hjá Petersen (2009: 128) að myndirnar kk. ft. *summir* 'sumir' og hk. ft. *summi* séu báðar notaðar í kynhlutleysi en notkun hvorugkyns fleirtölu færist í vöxt.[7] Enn fremur birtir hann (2009: 131) hið athyglisverða dæmi (18) úr útvarpi um hlutlaust karlkyn fleirtölu, *hinir*, sem stýrir merkingarlegu samræmi á lýsingarháttarmyndinni *skotin*.

(18) meðan *hinir* verða *skotin*
KK.FT. HK.FT.

Óvíst er að sams konar setningar og (18) finnist í íslensku.

Petersen (2009: 20, 125, 134) lítur svo á, eins og fleiri, að hlutleysisnotkun hvorugkyns í færeysku, t.d. fær. *øll* hk. ft. andspænis ísl. *allir* kk. ft., sýni að hvorugkyn sé sjálfgefið í færeysku. Hann getur sér þess til að þessi breyting úr hlutlausu karlkyni í hvorugkyn hafi orðið vegna áhrifa frá dönsku þar sem danska greinir ekki á milli kynja í fleirtölunni, sbr. da. *alle* 'allir, allar, öll'. Dönsk áhrif nægja þó varla ein til að útskýra breytinguna. Að minnsta kosti þarfnast það frekari rökstuðnings að áhrif tungumáls án kynjaaðgreiningar hafi valdið því að einmitt hvorugkynið hafi orðið fyrir valinu. Að vísu var hvorugkyn fleirtölu notað í samblöndun kynja (eins og áður sagði), en á móti kemur hin langa hefð fyrir hlutlausu karlkyni, og hið hlutlausa karlkyn eintölu haggaðist líklega ekki þegar þessi breyting varð. Frá annarri skýringartilraun verður sagt í greininni *Hvorugkyn eintölu um fólk* hér á eftir.

Samræmi með samsettu frumlagi

Eins og fram kom hér að framan (sjá greinar um hlutleysishlutverk karlkynsins og forna kynjanotkun) fylgja bæði færeyska og íslenska þeim forngermanska sið að nota hvorugkyn fleirtölu um blandaðan hóp karla og kvenna. Ekki er sjálfgefið að sama venja gildi í setningum með samsettu frumlagi þegar um

7 Um þetta vitnar Petersen til Dee Hansen (2003).

dauða hluti eða hugtök er að ræða. Færeysku hefur þó verið lýst þannig að þar sé einnig notað hvorugkyn fleirtölu um hvaða kynjasamsetningu sem er þegar talað er um dauða hluti, t.d. *garðana* og *göturnar* í dæmi (19) (Höskuldur Thráinsson o.fl. 2004: 225). Þarna er lýsingarorðið í hvorugkyni fleirtölu.

(19) fær. *Garðarnir* og *gøturnar* eru *vøkur.*
KK.FT. KVK.FT. HK.FT.

Höskuldur og meðhöfundar hans geta þess að hvorugkyn væri notað í sams konar setningu í íslensku. Þetta er þó ekki föst málvenja í íslensku heldur hefur einnig tíðkast að hafa formlegt samræmi í kyni við annan frumlagsliðinn, sbr. dæmi (20).

(20) ísl. *Blóm* og *kransar* eru *afþakkaðir.*
hk.ft. kk.ft. kk.ft.

Þarna eru *blóm* hvorugkyns, *kransar* karlkyns og orðið *afþakkaðir* í karlkyni fleirtölu í samræmi við kk. ft. *kransar*, þ.e. í samræmi við það nafnorð sem næst stendur.

Enn fremur er sagt um íslensku að hún geri greinarmun á hlutstæðum orðum og óhlutstæðum þegar frumlag er samsett. Jón G. Friðjónsson (1990–1991: 101) lýsir því sem meginreglu að sögn sé í fleirtölu og sagnfylling í hvorugkyni fleirtölu ef einstakir liðir samsetts frumlags eru hlutstæðir og teljanlegir, eins og í dæmi (21) þar sem sagnfylling er í hvorugkyni fleirtölu.

(21) ísl. *Blýanturinn* og *pennastöngin* eru *týnd.*
KK.FT. KVK.FT. HK.FT.

Ef einstakir liðir eru óteljanlegir þá sé hins vegar notuð eintala eins og sést í dæmi (22). Í dæmi (22)a. eru frumlagsliðirnir hlutstæðir en óteljanlegir og í slíkum setningum segir Jón kyn miðast við einstakan lið (oftast þann sem stendur næst umsögn). Þeir eru óhlutstæðir og óteljanlegir í dæmi (22)b. og þar fylgir sagnfyllingin hvorugkyni síðari liðarins, þess sem næst stendur umsögninni.

(22) a. *Rjómi* og *kaffi* er *óhollt.*
KK.ET. HK.ET. HK.ET.

b. *Frágangur* og *málfar* er *eðlilegt.*
KK.ET. HK.ET. HK.ET.

Þó er talsverð óregla á samræmi í tölu og kyni í setningum með samsettu frumlagi í íslensku nútímamáli, einkum ef um óhlutstæða liði er að ræða, eins og athuganir Jóns G. Friðjónssonar leiddu í ljós. Jón (1990–1991: 90, 94–95, 100–102) lítur á það sem nýjung í málinu að láta samræmi miðast við frumlagið í heild eins og í dæmi (23) þar sem sögnin er í fleirtölu og sagnfyllingin í hvorugkyni fleirtölu. Hér er samræmið eins og í setningum með hlutstæðum, teljanlegum frumlagsliðum.

(23) a. *Frágangur* og *málfar* eru *eðlileg.*
KK.ET. HK.ET. HK.FT.

b. *Frægð* og *frami* eru *tvíeggjuð.*
KVK.ET. KK.ET. HK.FT.

Fornískensk dæmi, sem Jón hefur safnað, sýna hins vegar að löng hefð er fyrir samræmi í kyni og tölu við einstaka liði samsetts frumlags, og samræmi af þeirri gerð sem sést í dæmi (23) telur hann óþekkt í fornu máli.

Samræmi kyns og tölu í íslenskum setningum með samsettu frumlagi hefur þó ekki verið rannsakað svo rækilega að aldur þeirrar nýbreytni sem dæmi (23) vitnar um sé þekktur með vissu. Væri tvímælalaust ástæða til að afla frekari gagna um þetta atriði úr íslenskri málsögu og íslensku nútímamáli og samanburðargögnum um færeysku.

Samræmi í íslensku og málstýring femínista

Formlegt og merkingarlegt samræmi

Þótt formlegt samræmi sé oft kallað meginregla í íslensku er því ekki að neita að bæði formlegt samræmi og merkingarlegt samræmi er til. Í íslensku nú á dögum stýra mörg nafnorð um fólk ýmist formlegu eða merkingarlegu samræmi. Dæmi (24)a. frá Höskuldi Þráinssyni sýnir að fleirtalan *nemendurnir* í karlkyni stýrir formlegu samræmi á fornafninu *þeir*, en dæmi (24)b. sýnir að Íslendingar hafa líka merkingarlegt samræmi og láta hvorugkyn fleirtölu, *þau*, vísa til nemendanna ef það er blandaður hópur karla og kvenna.

(24) a. *Nemendurnir* töldu að þetta væru ósanngjarnar kröfur. […] *Þeir*
KK.FT. KK.FT.
gætu bara alls ekki komist yfir allt námsefnið á þessum tíma.
b. *Nemendurnir* töldu að þetta væru ósanngjarnar kröfur. […] *Þau*
KK.FT. HK.FT.
gætu bara alls ekki komist yfir allt námsefnið á þessum tíma.
(Höskuldur Þráinsson 2005: 517–518)

Það er óhætt að segja að Íslendingar virðast oft óöruggir um (rétta) notkun kynja við þessar aðstæður — hvenær eigi að segja *þeir* og *þær* og *þau* — og grunur hefur vaknað um að íslenska sé að færast í átt frá formlegu samræmi til merkingarlegs. Þetta hefur m.a. komið fram í rannsóknarverkefnum nemenda við Háskóla Íslands sem hafa kannað kynjanotkun meðal unglinga (einkum Anna Helgadóttir 2011).

Málstýring femínista

Ein vísbendingin um breytingar á notkun kynja í íslensku um þessar mundir birtist í málstýringu femínista (e. *feminist language planning*) sem hefur verið liður í jafnréttisbaráttu víða um heim undanfarna áratugi. Þar er um að ræða aðgerðir til að breyta málfari í jafnréttisátt í þeim tilgangi að rétta hlut kvenna. Að þessu hefur verið unnið meðal margra þjóða sem tala indóevrópsk mál og hafa fengið hlutleysishlutverk karlkynsins í arf og aðferðirnar, viðbrögðin og árangurinn verið misjafn. Í leitinni að jafnréttismálfari hafa einkum tvær leiðir verið farnar.[8]

Annars vegar hefur verið beitt svokallaðri *kvenvæðingu* (e. *feminization* eða *gender specification*), en það heiti er notað hér um viðleitni til að gera konur sýnilegri í tungumálinu með því að sýna kvenkynsmyndir við hlið karlkynsmynda, gefa konum sérstök starfsheiti með kvenkynsviðskeytum o.þ.h. Kvenvæðing kemur fyrir í íslenskum textum þar sem kynhlutlaust karlkyn er ekki látið nægja, heldur bæði birtar karlkyns- og kvenkynsmyndir, eins og í dæmi (25).

(25) a. Hér eru nokkrir punktar sem gagnast við að verða *sátt(ur)* og *glaður/glöð* með útlitið eins og það er.
(6 þrep til sjálfsöryggis 2005)

8 Um málstýringu femínista víða um heim má fræðast hjá Pauwels (1998) og um aðferðirnar tvær í Pauwels 1998: 109–116. Guðrún Þórhallsdóttir (2008) fjallar um málstýringu femínista á Íslandi, einkum að því er varðar baráttu fyrir jafnréttismálfari innan þjóðkirkjunnar.

b. Ágætu *samstarfsmenn og -konur*!

Hin aðferðin í málfarsumbótum femínista snýst um að leita að „kynhlutlausum“ orðmyndum og hætta að nota karlkyn í hlutleysishlutverki.[9] Um þetta mætti nota orðið *kynhlutleysing* (e. *gender neutralization*). Þessi aðferð miðast því við að forðast að nota karlkynsmyndir, t.d. *sá*, *þeir*, *allir*, *nokkrir* og *sumir*, sem hlutlaust orðalag sem nær til beggja kynja. Íslenskir femínistar hafa þá mælt með hvorugkyni fleirtölu. Sú krafa kom m.a. skýrt fram í aðdraganda nýrrar þýðingar Biblíunnar sem kom út árið 2007 en kvennaguðfræðingar hvöttu þá til þess að hvorugkyn fleirtölu yrði sett í stað karlkyns fleirtölu „þar sem fjallað er um bæði kynin“ (sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008: 117). Sem dæmi um þessa nýju notkun hvorugkyns fleirtölu má nefna að undanfarin ár hafa auglýsingar með orðalaginu í (26)a., *Öll velkomin meðan húsrúm leyfir*, verið allalgengar; þetta svarar auðvitað til færeyska orðalagsins í (26)b.[10]

(26) a. ísl. *Öll velkomin* meðan húsrúm leyfir.
HK.FT.
(Úr auglýsingu um fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2.5. 2006)

b. fær. *Øll* eru *vælkomin.*
HK.FT. HK.FT.

Dæmi (27) sýnir bæði hk. ft. *sum* og kk. ft. *sumir* sem sami íslenski höfundurinn notaði á víxl í sömu tímaritsgreininni. Þar er um að ræða höfund sem hefur tekið undir hvatningu til að forðast karlkynið (Gísli Sigurðsson 2006a: 68) en í skrifum hans sést karlkyn og hvorugkyn á víxl.

9 Hér er slegið gæsalöppum um orðið *kynhlutlaus* þar sem ekki er átt við það hefðbundna sjónarmið málfræðinga að hið málfræðilega karlkyn sé kynhlutlaust ef það er notað í almennri merkingu eins og sýnt var í dæmum (2)–(4) og (11)–(14) hér að framan. Femínistar sem mæla með hvorugkyni fleirtölu viðurkenna ekki að karlkyn sé kynhlutlaust í því samhengi og telja hvorugkyn fleirtölu hlutlausara. Sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008: 111–112 og rit sem þar er vitnað til.

10 Það að setja *Öll velkomin* í stað hins hefðbundna orðalags *Allir velkomnir* má túlka sem tilraun til málumbóta af jafnréttisástæðum og í málflutningi sumra hefur komið fram að þeir breyta karlkyni fleirtölu í hvorugkyn fleirtölu af ásetningi og hvetja aðra til þess, t.d. Auður Eir Vilhjálmsdóttir (2005), Gísli Sigurðsson (2006a: 68). Þessari nýjung er lýst hér sem lið í málstýringu femínista á Íslandi þar sem ekki eru þekktar heimildir um að breytingin hafi sprottið upp óháð jafnréttisbaráttu.

(27) a. *Sum* taka þann kost …
HK.FT.

b. *Sumir* segja kannski …
KK.FT. (Gísli Sigurðsson 2006b: 79, 89)

Femínistar mæla líka með því að miða við líffræðilegt kyn og hafa merkingarlegt samræmi. Samkvæmt því ætti að nota hvorugkyn fleirtölu um blandaða hópa, eins og í dæmi (28).

(28) *Nemendurnir* voru *blaut* þegar *þau* komu inn.
KK.FT. HK.FT. HK.FT.

Málstýring femínista snýst þannig um að berjast bæði gegn hlutleysishlutverki karlkyns og gegn formlegu samræmi kynja.

Vangaveltur um breytingar á íslenskri og færeyskri kynjanotkun á okkar dögum hljóta að vekja spurningar um hvað vitað sé um notkun kynja á liðnum öldum. Það fyrirbæri hefur ekki verið rannsakað ítarlega í íslenskri málsögu og því síður hefur kynjanotkun í íslenskri málsögu og færeyskri verið borin saman öld eftir öld, en þar myndi skortur á færeyskum málheimildum frá fyrri öldum óneitanlega gera mönnum erfitt fyrir. Á síðari árum hefur aðstaðan til að rannsaka íslenskar málheimildir þó breyst stórlega til batnaðar eftir að tölvutækir textar urðu aðgengilegir og farið var að hanna leitarbúnað sem gjörbyltir aðgengi málfræðinga að textum, t.d. sögulega íslenska trjábankann (*IcePaHC*, sjá Wallenberg o.fl. 2011). Meðal annars er unnið að því að koma á fót gagnagrunni íslenskra texta frá 19. öld og nú verður greint frá rannsókn á notkun kynja í gögnum frá þeim tíma.

Rannsókn á kynjanotkun í íslensku máli á 19. öld

Nýtt rannsóknarverkefni

Að undanförnu hefur áhugi málfræðinga á sögulegri félagsmálfræði aukist hröðum skrefum víða um lönd og rannsóknum verið hleypt af stokkunum sem snúast um að kanna málþróun í fjölbreyttum tegundum ritaðra heimilda. Í þessum anda hafa nokkrir málfræðingar beitt sér fyrir því að afla íslenskra texta frá 19. öld og gera fræðimönnum þannig kleift að bera saman sjálfsskrif alþýðufólks og útgefna texta menntamanna. Að þessu verki stendur hópur málfræðinga við Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit í Brussel (Ásta Svavarsdóttir,

Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Þórhallsdóttir, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson, Veturliði Óskarsson og Wim Vandenbussche). Þessi hópur hefur undanfarið stýrt rannsóknarverkefninu *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals* sem hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís árin 2012–2014. Aðalrannsóknargögnin eru annars vegar safn einkabréfa frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar og hins vegar safn dagblaða- og tímaritatexta sem eru gerðir aðgengilegir til orðaleitar og málfræðilegrar greiningar.[11]

Fyrrnefndur málfræðingahópur einbeitir sér að tengslum málbreytinga og málstöðlunar og hefur valið að fást við þetta tímabil af því að þá var skipulögð málstöðlun og málhreinsun íslensku hafin. Það tengdist sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að þeir vildu gera íslensku að þjóðtungu sjálfstæðrar þjóðar sem væri nothæf á öllum sviðum þjóðlífsins. Málstaðallinn hafði hagnýtt gildi því að útgáfa íslenskra texta jókst jafnt og þétt eftir því sem leið á 19. öld og skólahald á Íslandi sömuleiðis, og það kallaði á íslenskar kennslubækur og samræmda íslenskukennslu. Málstöðlunin leit á fornmálið sem fyrirmynd; þannig var eldra eða elsta tilbrigðið iðulega valið sem staðalmynd ef tvö eða fleiri tilbrigði sama fyrirbæris voru til í málinu.[12]

Stýrihópur verkefnisins og stúdentar á þess vegum fást við athuganir á ýmsum hliðum íslensks máls, bæði stafsetningu, hljóðsögu, beygingum, setningagerð og orðaforða, svo og viðhorfum Íslendinga til tungumálsins. Einn þáttur verkefnisins er athugun á því hvað hægt sé að læra af 19. aldar heimildum um notkun kynja.

Rannsókn á kynjasamræmi

Því er ekki að neita að íslenski málstaðallinn hefur hvatt til þess að menn noti karlkyn í hlutleysisstöðu og gæti formlegs samræmis. Þeir íslensku menntamenn sem höfðu áhrif á staðalinn á mótunarárum hans á 19. öld voru ekki aðeins innblásnir af fornmálinu, heldur ekki síður því sem þeir þekktu til málstöðlunar hjá öðrum þjóðum og tungumálakennslu, m.a. kennslu latínu. Hin langa latínukennsluhefð lagði mikla áherslu á beygingar, enda er latína mikið beygingamál, og á formlegt samræmi. Ætla má að þessi áhersla á réttar beygingar og rétt samræmi hafi haft áhrif á málstöðlun og móðurmálskennslu Evrópuþjóða. Því vakna grunsemdir um að málstöðlunin hafi e.t.v. orðið til að auka formlegt samræmi. M.a. hefur málfræðinga á þýska

11 Fræðast má um verkefnið á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sjá slóðina http://www.arnastofnun.is/page/ord_19old.

12 Yfirlit um sögu íslenskrar málhreinsunar má finna hjá Kjartani G. Ottóssyni (1990).

málsvæðinu grunað að það ætti við um þróun kynja- og tölusamræmis í þýsku og rannsóknir á samræmi í þýskri málsögu standa nú yfir (sjá t.d. Birkenes, Chroni og Fleischer 2014). Þessar grunsemdir gefa tilefni til að kanna hvort formlegt samræmi hafi færst í vöxt í íslenskum textum eða dregið hafi úr því á þeim tíma sem málstaðallinn var mótaður. Hér á eftir verða sýnd dæmi úr athugun á þessu í gagnasafni verkefnishópsins, einkabréfum sem Íslendingar skrifuðu á 19. öld og fyrstu áratugum 20. aldar. Dæmum var safnað árið 2013 og taldi bréfasafnið þá um 1640 bréf.[13]

Merkingarlegt samræmi í bréfum: No. krakki

Bréfasafnið sýnir glöggt að merkingarlegt samræmi er ekki nýleg nýjung í íslensku því að það er algengt í sendibréfunum sem könnuð voru. Sem sýnishorn nafnorða sem stýra ýmist formlegu eða merkingarlegu samræmi má taka orðið *krakki*. Í dæmi (29)a. eru orðin *krakkarnir mínir* sambeygð í karlkyni fleirtölu en lýsingarorðin *efnileg* og *lagleg* eru í hvorugkyni fleirtölu og vísa þá með bendivísun í krakkahópinn í samræmi við þá málvenju að hvorugkyn fleirtölu vísi til kynjablandaðs hóps. Í dæmi (29)b. stýrir orðið *krakkarnir* formlegu samræmi í fyrri lýsingarorðsmyndinni *frískir* (kk. ft.) en síðan er snarlega skipt yfir í merkingarlegt samræmi í seinni lýsingarorðsmyndinni *kát* (hk. ft.).

(29) a. *Krakkarnir mínir* eru *efnileg* og heldur *lagleg*, …
KK.FT. HK.FT. HK.FT.
(KriTho 1908-01-05; BG 2002: 659; stafsetning samræmd)

b. en *krakkarnir* voru *frískir* og *kát*, *þau* …
KK.FT. KK.FT. HK.FT. HK.FT.
(GudJon 1894-06-10; stafsetning samræmd)

Því er greinilegt að ft. *krakkar* gat stýrt merkingarlegu samræmi í lýsingarorðum sem stóðu í stöðu sagnfyllingar. Einnig eru dæmi um að *krakkar* stýri merkingarlegu samræmi í persónufornafni, sbr. orðmyndina *þau* í dæmi (29)b.

Nafnorð í karlkyni fleirtölu sem stýra samræmi

Í töflu 1 hér að neðan eru teknar saman tölur úr bréfasafninu um samræmi með nokkrum nafnorðum sem eru karlkynsorð í fleirtölu en notuð um

13 Ég er þakklát Helgu Jónsdóttur, nemanda í íslensku við Háskóla Íslands, sem aðstoðaði við öflun dæmanna.

konur og karla. Í þeirri talningu kemur fram að merkingarlegt samræmi er í yfirgnæfandi meirihluta dæma um orðin *krakkar*, *foreldrar* og *húsbændur*.

Nafnorð	*krakkar*	*foreldrar*	*húsbændur*	*gestir*	*unglingar*
Persónufn. Formlegt samræmi	1	0	1	2	2
Persónufn. Merkingarl. samræmi	9	16	5	0	0
‰ Merkingarl. samræmi	**90%**	**100%**	**83%**	**0%**	**0%**
Sagnfylling Formlegt samræmi	2	0	2	2	0
Sagnfylling Merkingarl. samræmi	8	6	0	0	0
‰ Merkingarl. samræmi	**80%**	**100%**	**0%**	**0%**	**Ø**

Tafla 1: Samræmi með nafnorðum í karlkyni fleirtölu.

Orðið *foreldrar* stýrir merkingarlegu samræmi í hverju einasta tilviki — 100% — hvort sem um persónufornafn er að ræða (t.d. *foreldrar … þau*) eða sagnfyllingu (t.d. *foreldrar … ættuð*), og það hlýtur að koma þeim á óvart sem kunna að hafa talið merkingarlegt samræmi, að minnsta kosti í sagnfyllingarstöðu, nýlegt frávik frá meginreglunni. Í þessum einkabréfum íslensks alþýðufólks eru m.ö.o. setningar á borð við dæmi (30).

(30) *Foreldrar* hans eru *ættuð* af Suður-Íslandi
KK.FT. HK.FT.
(ThoSte 1920-12-28; stafsetning samræmd)

Tölurnar um merkingarlegt samræmi með orðunum *krakkar* og *húsbændur* eru heldur lægri, og dæmi vantar raunar um að ft. *húsbændur* stýri merkingarlegu samræmi á orði sem stendur sem sagnfylling.

Þessar upplýsingar kveikja þá hugmynd að á bréfritunartímanum hafi nafnorð í karlkyni fleirtölu, sem vísa mjög oft til tiltekins kynjablandaðs pars eða hóps, verið líkleg til að stýra merkingarlegu samræmi þannig að persónufornafn eða sagnfylling standi í hvorugkyni fleirtölu. Fleirtölumyndin *krakkar* á nefnilega ákaflega oft við tiltekinn hóp drengja og stúlkna (t.d. *krakkarnir mínir*), fleirtalan *foreldrar* við parið föður og móður (t.d. *foreldrar mínir*) og

fleirtalan *húsbændur* (t.d. *húsbændur mínir*) við hjón sem eru vinnuveitendur á heimili sem hefur vinnufólk.

Þessi dæmi um merkingarlegt samræmi, einkum sagnfyllingardæmin, sýna að það er eldra fyrirbæri í málinu en ætla mætti ef nútímamálsstaðallinn væri eina heimildin um samræmi í íslensku, en auðvitað þarf að kanna stærra safn nafnorða til að sannreyna þessa tilgátu. Fleirtölumyndirnar *gestir* og *unglingar* í töflu 1 voru valdar sem dæmi um orð sem miðast ekki jafnoft við afmarkaða kynjablandaða hópa og segja má um orðin *krakkar, foreldrar* og *húsbændur*. Þarna virðast tölurnar snúast við því að engin dæmi fundust um að ft. *gestir* og *unglingar* stýri merkingarlegu samræmi. Þótt vitanlega þurfi stærra dæmasafn til að draga ályktanir um samræmi með karlkynsorðum um fólk má túlka töfluna í heild sem vísbendingu um að formlegt samræmi hafi síður verið notað með nafnorðum sem vísa einkum til tiltekins kynjablandaðs pars eða hóps.

Hvorugkyn eintölu um fólk

Í lokin er við hæfi að nefna eitt atriði enn sem íslenska og færeyska eiga sameiginlegt. Í lýsingum á notkun kynja kemur oft fram að hvorugkyn eintölu fornafna sé yfirleitt ekki notað um ótilgreindan einstakling. Þetta má sjá í dæmi (31). Þar hafa bæði málin karlkyn eintölu í hlutleysi í (31)a. og b., ef talað er um fólk, en þegar skipt er yfir í hvorugkyn eintölu í (31)c. og d. koma fram setningar sem væru ekki notaðar um fólk heldur eingöngu um dauða hluti og önnur fyrirbæri sem eru ekki gædd líffræðilegu kyni (sjá Petersen 2009: 117–118 o.v.).

(31) a. fær. *Hvønn* sást tú í dansinum í gjár?
KK.ET.ÞF.
b. ísl. *Hvern* sást þú í dansinum í gær?
KK.ET.ÞF.
c. fær. *Hvat* sást tú í dansinum í gjár?
HK.ET.ÞF.
d. ísl. *Hvað* sást þú í dansinum í gær?
HK.ET.ÞF.
(Færeysk dæmi frá Petersen og Adams 2009: 14)

Samt er ekki hægt að segja að hvorugkyn eintölu sé aldrei notað um fólk. Erlendum mönnum þykir oft sérkennilegt að Íslendingar noti hvorugkyn þegar talað er um einn einstakling úr kynjablönduðum hópi, sbr. ísl. *annað*

þeirra, *eitt* þeirra, *hvort* þeirra, *hvorugt* þeirra o.s.frv. Það þykir líka athyglisvert að færeyska og íslenska eigi dæmi eins og (32) þar sem hvorugkyn eintölu er notað um tiltekið fólk og ábendingarfornafn er frumlag.

(32) a.	fær.	*Hatta* er so	*býtt*!
		HK.ET.	HK.ET.
b.	ísl.	*Þetta* er svo	*heimskt*!
		HK.ET.	HK.ET.

(Höskuldur Thráinsson o.fl. 2004: 125)

Í íslensku eru setningar á borð við (32)b. ýmist notaðar um tiltekinn einstakling, karl eða konu, eða um hóp fólks. Hið sama virðist eiga við um færeysku því að færeyska setningin (32)a. getur bæði vísað til einstaklings og hóps.[14]

Dæmi (32) gæti bent til þess að þessi notkun hvorugkyns eintölu um tiltekið fólk væri bundin við niðrandi merkingu og það virðist eiga við færeysku nú á dögum. A.m.k. hefur Hjalmar Petersen upplýst (í tölvupósti, 9.1. 2014) að setning (33), þar sem hvorugkyn eintölu er notað og lýsingarorðið hefur jákvæða merkingu, væri ekki sögð um fólk.

(33)	fær.	*Hatta* **er so**	*fitt***!**
		HK.ET.	HK.ET.

Ekki hefur verið kannað skipulega hvernig Íslendingar nú á dögum nota setningar með frumlaginu *þetta* um fólk en óformlegar fyrirspurnir meðal fólks á förnum vegi benda til að menn tengi slíkt orðalag við neikvæða merkingu.[15]

Í íslenskum einkabréfum frá 19. öld og fyrstu áratugum 20. aldar er mikið um að hvorugkyn eintölu sé notað um tiltekið fólk og þar er ekki áberandi að merkingin sé niðrandi. Einnig koma þar við sögu fleiri fornöfn en hvorugkynsmyndirnar *það* og *þetta* sem eru líklega helst notaðar nú á dögum í

14 Að sögn Hjalmars Petersen (í tölvupósti 24.3. 2015) getur setning (32)a. bæði átt við hóp fólks og einstakling. Þýðingin 'These people are so stupid!' í framangreindri heimild (Höskuldur Thráinsson o.fl. 2004: 125) er því ekki eina hugsanlega merkingin; 'This person is so stupid!' kæmi einnig til greina.

15 Ónafngreindur yfirlesari Frændafundar minnti á að íslenskar setningar með *þetta* megi bæði nota um hópa og einstaklinga og einnig að merkingin sé ekki alltaf beinlínis niðrandi; t.d. megi segja setninguna *Þetta er svo gáfað* um námshest. Óhætt er að taka undir það en þó kannast ég einkum við að slíkar setningar séu sagðar í hneykslunar- eða hæðnistón eða í hálfkæringi.

setningum á borð við (32)b. Þetta má sjá á tveimur dæmum úr sendibréfum Vestur-Íslendinga í (34).[16]

(34) a. Mér þykir verst hvað mamma mín og Trausti eru langt frá mér og Rósa. *Því* líður *öllu* heldur vel.
HK.ET. HK.ET.
(1902; BG 2002: 691; stafsetning samræmd)

b. Guðrún Ólafsdóttir, frænka okkar, og synir hennar býr *allt* saman í Winnipeg.
HK.ET.
(1903; BG 2002: 362; stafsetning samræmd)

Það kemur greinilega fram af samhenginu að átt er við kynjablandaða hópa og bréfriturum er hlýtt til fólksins sem þeir segja frá. Núlifandi Íslendingar kannast líka við að eldra fólk noti hvorugkyn eintölu á þennan hátt.

Í sendibréfum íslenskra vesturfara koma einnig fyrir dæmi eins og (35) þar sem hvorugkyn eintölu er notað í hlutleysismerkingu.

(35) a. Við gömlu börnin erum ekki öll á myndinni, *sumt* er í rúminu en
HK.ET.
sumt vildi ekki láta taka mynd af sér.
HK.ET.
(1938; BG 2002: 702; stafsetning samræmd)

b. ef *einhver* sendir bréf til þín, bréf sem eru til mín, þá láttu *það*
KK.ET. HK.ET.
borga undir þau.
(1874; BG 2001: 136; stafsetning samræmd)

Úr því að færeyska og íslenska eiga báðar dæmi á borð við (32) um fær. *hatta* og ísl. *þetta* í niðrandi merkingu gæti litið út fyrir að þessi notkun hvorugkyns eintölu um tiltekinn einstakling eða hóp fólks eigi sameiginlegan uppruna og hafi í upphafi verið bundin við slíka merkingu.[17] Ef svo er hefur notkun hvorugkyns eintölu síðar orðið almennari í íslensku þannig að það hefur

16 Dæmi (34) og (35) úr sendibréfum íslenskra vesturfara eru fengin úr útgáfu Böðvars Guðmundssonar (2001 og 2002) á bréfum Vestur-Íslendinga. Böðvar hefur fært stafsetningu til nútímahorfs en látið orðmyndir halda sér. Ég hef ekki haft aðgang að frumritum.

17 Hin niðrandi merking minnir á notkun hvorugkyns í enska bókartitlinum *A Child Called „It“* (Pelzer 1993) þar sem barn var kallað *það* til að lítillækka það. Í því tilviki var hvorugkyn eintölu notað um einstakling en ekki hóp.

bæði átt við um tiltekið fólk og í hlutleysi. Þá þarf að gera ráð fyrir að aftur hafi dregið úr þessari notkun í íslensku.

Hins vegar er önnur skýring á upprunanum einnig hugsanleg. Það mætti hugsa sér að íslensku bréfadæmin um hvorugkyn eintölu um tiltekið fólk og í hlutleysi bentu til þess að í upphafi hafi ekki verið um niðrandi merkingu að ræða. Uppspretta þessa fyrirbæris gæti verið vísun í hið algenga nafnorð *fólk* sem er hvorugkynsorð bæði í íslensku og færeysku, hefur merkingu sem ekki er gildishlaðin og á jafnan við hóp manna (sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015). Setningar þar sem hk. et. *það* vísar til no. *fólk* hafa þá leitt til víðtækari notkunar *það* í setningum þar sem no. *fólk* var ekki sýnilegt á yfirborðinu, t.d. í dæmi (34)a. Einnig hafa menn tekið að nota hvorugkyn eintölu annarra fornafna til að vísa til hóps fólks án þess að no. *fólk* væri í setningunni, sbr. fær. *hatta* og ísl. *þetta* í dæmi (32) og ísl. *allt* í dæmi (34)b. Í báðum málunum hefur einnig verið farið að nota slíkar setningar um tiltekinn einstakling. Í íslensku hefur notkun hvorugkyns eintölu auk þess breiðst út til setninga þar sem beinlínis er um hlutleysishlutverk að ræða, t.d. þegar *það* vísar til hins kynhlutlausa kk. et. *einhver* í dæmi (35)b. Ef þessi skýring er rétt hefur merkingin þrengst með árunum þannig að niðrandi merking hefur orðið ofan á bæði í færeysku og íslensku.

Skýringarnar tvær hér að framan eru tilraunir til að rekja til sameiginlegs upphafs þá notkun hvorugkyns eintölu í færeysku og íslensku sem dæmi (32), (34) og (35) vitna um. Með þeim er þó ekki fullyrt að allar þessar tegundir setninga eigi sömu uppsprettu. Rétt er að taka fram að notkun hvorugkyns eintölu í niðrandi tilgangi gæti sprottið upp í hvaða tungumáli sem er með þrískipt kerfi karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns. Slíkt hefði því getað gerst í sögu færeysku annars vegar og sögu íslensku hins vegar án þess að samband hefði verið á milli. Ekki er heldur öruggt að bein tengsl séu milli hinnar neikvæðu merkingar í dæmi (32) og hinnar hlutlausari í dæmum (34) og (35).

Hér að framan var talið hugsanlegt að vísun í nafnorðið *fólk* hefði leitt til fyrrnefndrar notkunar hvorugkyns eintölu um tiltekið fólk í færeysku og íslensku. Nú má bæta því við að sá munur sem er á notkun no. *fólk* í málunum tveimur kunni að endurspeglast í notkun kynja að einu leyti. Í íslensku er no. *fólk* eingöngu eintöluorð en í færeysku hefur orðið eignast fleirtölu sem einnig er hvorugkyns (ft. *fólk*, með greini *fólkini*). Það kveikir þá hugmynd að hin nýja fleirtölunotkun orðsins *fólk* í færeysku hafi e.t.v. stuðlað að því að Færeyingar tóku að nota hvorugkyn fleirtölu í kynhlutleysi (sbr. greinina *Kynhlutlaust hvorugkyn fleirtölu í færeysku*). Sá nýi siður að hk. ft. *tey* tók að vísa til orðsins *fólk* og önnur ákvæðisorð voru þá einnig í hvorugkyni fleirtölu (t.d.

øll fólkini) hafi getað hvatt Færeyinga til að taka upp orðalagið *Øll eru vælkomin* og þess háttar.[18] Hins vegar héldu Íslendingar sig við eintölu orðsins *fólk* og fengu enga slíka hvatningu til að taka upp kynhlutlaust hvorugkyn fleirtölu.

Lokaorð

Búast má við að norrænu eyjamálin, færeyska og íslenska, hafi haft sama kynjakerfi á elstu tíð og bæði varðveitt þá notkun kynja sem einkenndi germönsku kvíslina á indóevrópska ættartrénu. Eins og hér hefur verið rakið er kynjanotkun að mörgu leyti óbreytt enn og sambærileg í þessum frændtungum en einnig má benda á frávik. Ekki síst hefur færeyska tekið upp þá augljósu nýjung að nota hvorugkyn fleirtölu í kynhlutleysi í stað hins hefðbundna karlkyns. Þótt aldur eða orsök þeirrar breytingar sé ekki þekkt með vissu hefur verið giskað á áhrif dönsku (sjá greinina *Kynhlutlaust hvorugkyn fleirtölu í færeysku*). Hér var varpað fram þeirri hugmynd að vísun í hvorugkynsorðið *fólk*, sem eignaðist fleirtölu í færeysku, hafi stuðlað að þessari breytingu. Á hinn bóginn er *fólk* eintöluorð í íslensku og þar fór ekki að bera á hvorugkyni fleirtölu í kynhlutleysi fyrr en íslenskir femínistar tóku að hvetja til þess í lok 20. aldar.

Talsvert vantar á að notkun kynja í sögu íslensku og færeysku hafi verið rannsökuð sem skyldi. Skortur á færeyskum ritheimildum frá fyrri öldum myndi að sjálfsögðu útiloka nákvæman samanburð íslenskrar og færeyskrar kynjanotkunar öld eftir öld, en íslenskar málheimildir verða nú æ aðgengilegri málfræðingum þegar gagnagrunnar og leitarvélar greiða fyrir rannsóknum á íslensku máli frá ýmsum tímum. Að framan var sagt frá rannsóknarverkefni sem einbeitir sér að íslensku máli á 19. öld og fyrstu áratugum 20. aldar og sýnd dæmi af rannsókn á kynjanotkun í íslenskum sendibréfum frá því tímabili. Þar komu fram athyglisverðar upplýsingar um formlegt og merkingarlegt samræmi kynja sem fróðlegt væri að bera saman við sendibréf Færeyinga. Í bréfunum vakti notkun hvorugkyns eintölu um fólk einnig athygli, en uppruni þess fyrirbæris í íslensku hefur ekki verið kannaður til hlítar. Íslenska og færeyska eiga hér sameiginlegt hvorugkyn eintölu í niðrandi merkingu en íslensku sendibréfin sýna að niðrandi merking hefur ekki verið einráð og hvorugkyn eintölu í hlutleysisstöðu kemur jafnvel fyrir. Óvíst er að öll þau

18 Því miður er aldur þessara færeysku nýjunga ekki þekktur að sögn Jógvans í Lon Jacobsen og Hjalmars Petersen (í tölvupósti í október 2014). Því er óvíst að fleirtala orðsins *fólk* sé eldri í færeysku en kynhlutlaust hvorugkyn fleirtölu. Jógvan nefndi að fleirtölunotkun orðsins *fólk* þyki verra mál en eintalan og það kunni að benda til að fleirtalan sé ekki ýkja gömul í málinu. Ég hef þó fundið dæmi um ft. *fólk* frá árinu 1891: *tey fólk tosa* 'sem það fólk talar' (Kirkjumál okkara 1891: 2), *öll rættulig fólk* 'allt heiðarlegt fólk' (Eyvindur 1891: 2).

afbrigði hvorugkynsnotkunar eigi sama uppruna en ef þau ættu sameiginlega sögu mætti rekja þau til sama upphafs á fleiri en einn veg. Hægt er að líta svo á að niðrandi merking sé kveikjan að notkun hvorugkyns eintölu um tiltekið fólk en einnig má hugsa sér að vísun í no. *fólk* sé uppsprettan og merkingin hafi þá ekki verið gildishlaðin. Leiðin til að skera úr um þetta — og ráða fleiri óleystar gátur — hlýtur að vera mun ítarlegri rannsókn á notkun kynja í sögu íslensku og samanburður við færeysku og önnur norræn og germönsk mál.

HEIMILDIR

6 þrep til sjálfsöryggis. 2005. *Birta*, 1.–7. apríl 2005, bls. 30.

Anna Helgadóttir. 2011. Notkun málfræðilegra kynja í máli ungs fólks: Rannsókn á kynjanotkun í íslensku máli. Ritgerð til MA-prófs í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands. Aðgengilegt í Skemmunni á slóðinni http://hdl.handle.net/1946/8458.

Auður Eir Vilhjálmsdóttir. 2005. Mál beggja kynja. *Skíma* 57 (2. tbl. 28. árg.): 42–43.

Biblían 2007 = *Biblían: Heilög ritning*. 2007. Hið íslenska biblíufélag/JPV útgáfa, Reykjavík.

Birkenes, Magnus Breder, Kleopatra Chroni og Jürg Fleischer. 2014. Genus- und Sexuskongruenz im Neuhochdeutschen: Ergebnisse einer Korpusuntersuchung zur narrativen Prosa des 17. bis 19. Jahrhunderts. *Deutsche Sprache* 42: 1–24.

BG 2001 = Böðvar Guðmundsson (ritstj.). 2001. *Bréf Vestur-Íslendinga I*. Mál og menning, Reykjavík.

BG 2002 = Böðvar Guðmundsson (ritstj.). 2002. *Bréf Vestur-Íslendinga II*. Mál og menning, Reykjavík.

Dee Hansen, K. 2003. *Brugen af maskulinum i færøsk*. Göteborg Universitet, Institutionen för svenska språket, Göteborg.

Corbett, Greville G. 2006. *Agreement*. (Cambridge Textbooks in Linguistics.) Cambridge University Press, Cambridge.

Eyvindur. 1891. [Án titils.] *Føringatíðindi* 2(3): 2–3.

Gísli Sigurðsson. 2006a. Íslensk málpólitík. *Tímarit Máls og menningar* 67(3): 59–74.

Gísli Sigurðsson. 2006b. Íslensk málpólitík. Síðari hluti. *Tímarit Máls og menningar* 67(4): 77–91.

Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Glíman* 5: 103–133.

Guðrún Þórhallsdóttir. 2015. Gender agreement in 19th- and 20th-century Icelandic. Væntanl. í Jürg Fleischer o.fl. (ritstj.): *Agreement from a Diachronic Perspective*. Mouton de Gruyter, Berlin.

Höskuldur Thráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. Føroya fróðskaparfelag, Tórshavn.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar: Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Jón G. Friðjónsson. 1990–1991. Beygingarsamræmi með samsettu frumlagi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 12–13: 79–103.

Jón Axel Harðarson. 2001. Um karla og karlynjur: Málfræðilegt samband karlkyns og kvenkyns í íslenzku frá sögulegu og samtímalegu sjónarhorni. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23: 253–274.

Kirkjumál okkara. 1891. *Føringatíðindi* 2(3): 1–2.

Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit.* (Rit Íslenskrar málnefndar 6.) Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Pauwels, Anne. 1998. *Women Changing Language*. Longman, London og New York.

Pelzer, David J. 1993. *A Child Called „It": One Child's Courage to Survive*. Omaha Press, Omaha, Nebraska.

Petersen, Hjalmar P. 2009. *Gender Assignment in Modern Faroese*. (Philologia 133.) Verlag Dr. Kova , Hamburg.

Petersen, Hjalmar P. og Jonathan Adams. 2009. *Faroese: A Language Course for Beginners: Grammar*. Stiðin, Tórshavn.

Wallenberg, Joel C., Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson. 2011. Icelandic Parsed Historical Corpus (IcePaHC). Version 0.9. Aðgengilegt á slóðinni http://www.linguist.is/icelandic_treebank.

SUMMARY

This paper gives an overview of the gender system of Icelandic and Faroese and discusses various aspects of gender use in the two languages. After a brief outline of the development of the Indo-European three-gender system, gender use in Modern Icelandic and Faroese is discussed and compared, in particular, when human beings are referred to. Among the highlights is the Faroese innovation of replacing a generic masculine plural by the neuter plural (e.g. Far. *Øll* (n.pl.) *eru vælkomin* (n.pl.) vs. Icel. *Allir* (m.pl.) *eru velkomnir* (m.pl.) 'All are welcome'); this use of the neuter plural is currently favored by Icelandic feminist language reformers.

The paper then introduces the sociohistorical research project *Language Change and Variation in 19^{h}-Century Icelandic and the Emergence of a National Standard* and presents a preliminary study of gender agreement in a corpus of private letters from the 19th and early 20th century. The use of formal and semantic agreement is illustrated by statistics from the corpus on sentences with masculine plural controllers. The results show that *krakkar* 'kids', *foreldrar* 'parents', and *húsbændur* 'masters', nouns that normally refer to a mixed-gender group, have a strong preference for semantic agreement with a neuter plural target.

Particular attention is also drawn to the letter writers' use of the neuter singular to refer to mixed-gender groups and in generic contexts. This is compared to Modern Icelandic and Faroese where the neuter singular can refer to particular people (an individual or a group) in sentences with a pejorative meaning.

ÚTDRÁTTUR

Þessi grein gefur yfirlit um kynjakerfi íslensku og færeysku og fjallar um ýmsar hliðar kynjanotkunar í málunum tveimur. Þróun þriggja kynja kerfis indóevrópsku málaættarinnar er lýst stuttlega og kynjanotkun í íslensku og færeysku nútímamáli rædd og borin saman, einkum notkun kynja þegar fjallað er um fólk. Meðal annars er fjallað um þá færeysku nýjung að taka að nota hvorugkyn fleirtölu í kynhlutlausri stöðu í stað karlkyns fleirtölu (t.d. fær. *Øll* (hk.ft.) *eru vælkomin* (hk.ft.) andspænis ísl. *Allir* (kk.ft.) *eru velkomnir* (kk.ft.)). Um þessar mundir er reyndar mælt með slíkri notkun hvorugkyns fleirtölu í málstýringu íslenskra femínista.

Þá er kynnt til sögunnar íslenskt rannsóknarverkefni á sviði sögulegrar félagsmálfræði, *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals*, og sagt frá forkönnun á kynjanotkun í safni einkabréfa frá 19. öld og f.hl. 20. aldar. Þar er sjónum beint að formlegu og merkingarlegu samræmi kynja í setningum með nafnorðum í karlkyni fleirtölu og birtar tölur úr bréfasafninu. Í ljós kom áberandi tilhneiging til að láta orðin *krakkar*, *foreldrar* og *húsbændur*, nafnorð sem eru mjög oft notuð um kynjablönduð pör og hópa, stýra merkingarlegu samræmi þannig að persónufornafn eða sagnfylling er í hvorugkyni fleirtölu.

Einnig er vakin athygli á að bréfritararnir nota oft hvorugkyn eintölu um kynjablandaða hópa og í hlutleysi. Þetta er borið saman við notkun hvorugkyns eintölu í íslensku og færeysku nú á dögum en þar getur hvorugkyn eintölu vísað til tiltekins fólks (einstaklings eða hóps) í setningum með niðrandi merkingu.

HÖSKULDUR ÞRÁINSSON

Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð

Inngangur

Í þessari grein verða borin saman nokkur tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð.[1] Efninu var safnað í rannsóknarverkefnum sem höfðu það að markmiði að afla upplýsinga um tilbrigði af þessu tagi og auka þannig þekkingu á málunum tveim og skilning á eðli tilbrigða og málbreytinga almennt. Markmið greinarinnar er að kynna þessa rannsókn fyrir lesendum og sýna dæmi um þær niðurstöður sem hún skilaði um það hvað er líkt og hvað er ólíkt í færeyskri og íslenskri setningagerð. Dæmin eru að hluta til valin með hliðsjón af því hvað hefur verið efst á baugi í umræðu um norræna setningagerð undanfarna áratugi og þau mynda því enga sérstaka heild frá setningafræðilegu sjónarmiði. Greinin er ekki heildarúttekt á þeim rannsóknum sem hér er sagt frá og ekki heldur markviss tilraun til að svara afmörkuðum, fræðilegum rannsóknarspurningum. Annar vettvangur hentar betur til slíkra skrifa.

Með „tilbrigðum í setningagerð“ er átt við setningafræðileg atriði sem eru ekki eins í máli allra eða málnotendur hafa misjafna afstöðu til — þ.e. atriði sem samrýmast máltilfinningu þeirra eða málnotkun misvel. Efninu sem hér er sagt frá var einkum safnað í tveim yfirlitskönnunum í Færeyjum, sem náðu til rúmlega 300 þátttakenda hvor, og þrem sambærilegum könnunum á Íslandi, sem náðu til rúmlega 700 þátttakenda hver.[2] Í þessum könnunum var lögð áhersla á að ná til fólks á ólíkum aldri og frá öllum landshlutum eða svæðum.

1 Tveir ritrýnar og ritstjórar gerðu ágætar athugasemdir við upphaflega gerð þessarar greinar og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir það. Reynt var að taka tillit til flestra ábendinga þótt það tækist ekki fullkomlega í öllum tilvikum.

2 Efnissöfnunin fór í aðalatriðum fram á árunum 2005–2009 og verkefnin voru styrkt af Rannsóknasjóði Íslands (gegnum RANNÍS). Hér er bæði rétt og skylt að þakka samstarfsmönnum í þessum rannsóknarverkefnum, en þeir eru of margir til þess að hægt sé að telja þá alla upp. Með höfundi í verkefnisstjórn íslenska verkefnisins voru Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Í verkefnisstjórn færeyska verkefnisins voru Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson, auk höfundar, en hann var verkefnisstjóri í báðum tilvikum. Ásgrímur Angantýsson og Halldóra Björt Ewen sáu um forkönnun á Íslandi árið 2004. Theódóra Torfadóttir og Sigrún Steingrímsdóttir skipulögðu efnissöfnun á Íslandi með verkefnisstjórn, en í Færeyjum sáu Victoria Absalonsen, Helena á Løgmansbø, Rakul Napoleonsdóttir Joensen, Petra Eliasen og Per Jacobsen um mestan

Hér á eftir verður fyrst sagt frá efnissöfnuninni og þeim aðferðum sem voru notaðar við hana. Síðan er sagt frá þeim tilbrigðum sem hér eru til skoðunar, afstaða málnotenda til þeirra í Færeyjum og á Íslandi borin saman og síðan endað á nokkrum lokaorðum. Tilbrigðin sem verða skoðuð má sýna með færeyskum dæmum (fræðiheiti á borð við *stílfærslu*, *langdræga afturbeygingu* o.s.frv. verða skýrð síðar og þá verða tekin frekari dæmi, bæði færeysk og íslensk):

(1) a. orðaröð í aukasetningum (t.d. *Eg haldi, at Jens* ***hevur aldri / aldri hevur*** *lisið bókina*)
b. andlagsfall (t.d. *Menningin útihýsir ikki* ***fortíðini / fortíðina***)
c. stílfærsla (t.d. *Konan, sum* ***fór heim / heim fór****, var systir hansara*)
d. langdræg afturbeyging (***Hann*** *veit, at hon elskar* ***seg / hann***)
e. *hjá* til að tákna eign (***Teldan hjá*** *mær riggar ikki /* ***Mamman hjá*** *mær er úr Íslandi*)

Líklegt má telja að færeyskum lesendum þyki þessi tilbrigði misgóð, en það er einmitt ein af ástæðunum fyrir því að þau voru rannsökuð. Við vildum t.d. sjá hvort ólíkir dómar þátttakenda tengdust aldri þeirra. Kynslóðamunur í málfari getur oft gefið vísbendingar um það, í hvaða átt málþróunin stefnir (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni, Ástu Svavarsdóttur o.fl. 2013). Málþróunin í Færeyjum gæti þá m.a. sýnt hvort mál ungra Færeyinga væri ólíkara íslensku en mál þeirra eldri og málþróunin á Íslandi gæti sýnt hvort íslenskar málbreytingar stefndu í svipaða átt og færeyskar. Eins og rakið er undir lok greinarinnar eru niðurstöðurnar nokkuð ólíkar að því er einstök atriði varðar eins og sjá má af eftirfarandi upptalningu:

- Orðaröð í færeyskum aukasetningum er ekki eins ólík þeirri íslensku og stundum hefur verið haldið fram og ungir Færeyingar eru ekki marktækt ólíklegri en þeir eldri til þess að samþykkja „íslensku orðaröðina“ í aukasetningum.
- Þróun andlagsfalls (t.d. þágufalls á andlagi sagna) er ekki sú sama í íslensku og færeysku — í færeysku er þágufallið á undanhaldi en hefur stundum fundið sér afmarkað hlutverk í íslensku.

hluta efnissöfnunar. Ýmsir fleiri tóku þátt í efnissöfnuninni í Færeyjum, en auk þess hafa málfræðingarnir á Fróðskaparsetrinu verið okkur innan handar, einkum Zakaris Svabo Hansen, Jógvan í Lon Jacobsen, Hjalmar P. Petersen, Eivind Weyhe, Anfinnur Johansen og Lena Reinert. Og svo Turið, sem kenndi mér mest um færeyskar bókmenntir og menningu. Slík þekking er menntandi fyrir málfræðinga.

- Svonefnd stílfærsla finnst í báðum málunum, ólíkt norrænu meginlandsmálunum, en hún er kannski eitthvað takmarkaðri í færeysku en íslensku.
- Reglur um langdræga afturbeygingu eru ekki nákvæmlega þær sömu í báðum málunum. Í færeysku ber t.d. meira á sérstakri hömlu á þessari setningagerð en í íslensku, hömlu sem annars er einkum þekkt úr fjarlægum og óskyldum málum eins og kínversku til dæmis.
- Notkun *hjá* til að tákna eign virðist fara vaxandi í íslensku og stefna í svipaða átt og í færeysku, þótt Íslendingar séu á eftir Færeyingum að þessu leyti.

Efnissöfnun og aðferðir

Sú aðferð sem mest var notuð í þessum yfirlitsrannsóknum í Færeyjum og á Íslandi fólst í því að láta þátttakendur meta setningar sem þeir fengu á blaði. Í upphafi hverrar rannsóknar var verkefnið útskýrt fyrir þátttakendum. Færeyski skýringartextinn er birtur í viðauka (sá íslenski var sama eðlis). Þar má sjá að í skýringunum var lögð áhersla á að ekki væri um próf að ræða heldur könnun á tilbrigðum í máli, sem gætu verið mismunandi eftir aldri eða búsetu til dæmis. Í mati sínu ættu þátttakendur að miða við það sem þeir teldu sig sjálfir geta sagt, án tillits til þess hvað þeim kynni að hafa verið kennt í skóla um málnotkun eða stíl, og dómarnir ættu fyrst og fremst að miðast við talmál. Þátttakendur fengu líka nánari skýringar á því hvernig þeir áttu að meta setningarnar og síðan áttu þeir að lýsa mati sínu með því að merkja í viðeigandi reiti á eyðublaði. Hver könnun var nokkrar síður og hluti af leiðbeiningunum var endurtekinn efst á hverri síðu eins og sjá má af eftirfarandi dæmi úr færeysku könnuninni (sjá líka umræðu og lýsingu hjá Höskuldi Þráinssyni, Ásgrími Angantýssyni o.fl. 2013):

Set X í hóskandi teig:
ja = **Natúrligur** setningur. Soleiðis hevði eg væl kunnað sagt.
? = **Ivasamur** setningur. Soleiðis kundi eg neyvan sagt.
nei = **Ónatúrligur** ella ómøguligur setningur. Soleiðis kundi eg ikki sagt.

		ja	?	nei	Viðmerkingar
Y1030	*Marin tímir ikki við til Havnar.*				
	Lat hana vera eftir, um hon vil ikki koma við.				

Mynd 1: Sýnishorn úr færeyskum spurningalista.

Í Færeyjum var farið á öll helstu málsvæði eins og sýnt er á meðfylgjandi yfirliti (kortið er til upprifjunar fyrir íslenska lesendur — Norðoyggjar eru eyjarnar norðan og austan við Eysturoy):

	Könnun 1	Könnun 2
Streymoy	73	76
Eysturoy	98	99
Norðoyggjar	77	63
Vágar	41	36
Sandoy	19	21
Suðuroy	27	25
Alls:	**335**	**320**
	(170♀+165♂;	160♀+160♂)

Mynd 2: Kort af Færeyjum og upplýsingar um fjölda þátttakenda á hverjum stað.

Eins og yfirlitið sýnir var skipting eftir kynjum nokkuð jöfn en nokkuð misjafnlega margir þátttakendur frá hverju svæði, enda eru þau ekki öll jafnfjölmenn. Þó hefði verið gott að ná í fleiri þátttakendur frá Sandoy og Suðuroy.



		K1	K2	K3
1.	Reykjavík	111	105	99
2.	Reykjanes	54	50	26
3.	Suðurland	111	130	125
4.	Austurland	106	103	109
5.	Norðurland eystra	134	135	161
6.	Nordurland vestra	83	82	54
7.	Vestfirðir	59	57	78
8.	Vesturland	114	93	62
	Alls:	**772**	**755**	**714**
	(konur alls 50,3%, karlar 49,7%)			

Mynd 3: Íslenska svæðaskiptingin og upplýsingar um fjölda þátttakenda á hverju svæði.

Í íslensku könnununum var líka reynt að ná í þátttakendur frá öllum landshlutum. Það tókst nokkuð vel eins og sjá má af yfirlitinu hér á undan. Þar merkir K1 ‘fyrstu yfirlitskönnun’, K2 ‘aðra yfirlitskönnun’ o.s.frv. (sjá líka Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson o.fl. 2013: 19 o.áfr.). Kunnugir munu

sjá að hér er í aðalatriðum stuðst við gamla kjördæmaskiptingu á Íslandi (þá sem var í gildi frá 1959–1999).

Eins og sjá má af þessari lýsingu voru fleiri þátttakendur í þessum könnunum en algengast er um rannsóknir af þessu tagi. Kannanirnar náðu líka til mjög margra ólíkra atriða. Í næsta kafla verða gefin nokkur dæmi um það sem var rannsakað.

Yfirlit yfir nokkur tilbrigði

Orðaröð í aukasetningum

Eitt af því sem greinir íslenska setningagerð frá setningagerð norrænu meginlandsmálanna er það að í íslensku fer persónubeygða sögnin oftast á undan neitun og öðrum miðlægum atviksorðum í öllum gerðum aukasetninga en í meginlandsmálunum fer hún yfirleitt á eftir slíkum atviksorðum. Í færeysku er hvort tveggja til, en alllengi hefur verið vitað að dómar færeyskra málnotenda um setningar af þessu tagi eru nokkuð mismunandi eftir því hvers konar aukasetningar er um að ræða (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012: 243–245, sbr. líka Ásgrím Angantýsson 2011, Heycock o.fl. 2010, 2012, 2013). Þegar sögnin fer á undan atviksorðinu er oft talað um V2 (e. *verb second*, þ.e. 'sögn í öðru sæti') en V3 ef hún fer á eftir atviksorðinu ('sögn í þriðja sæti'). Færeysk dæmi um helstu setningagerðir sem hér skipta máli má sjá í (2), en þar er líka sýnt (með *, eins og algengt er í setningafræði) að V3-röðin er ótæk í aðalsetningunni (dæmi (2a)). Um aðrar setningagerðir verður rætt hér á eftir:

(2) a. Jens **hevur aldri** / ***aldri hevur** lisið bókina.
(aðalsetning)
b. Eg **haldi**, at Jens **hevur aldri** / **aldri hevur** lisið bókina.
(skýringarsetning)
c. Eg **eri keddur av**, at Jens **hevur aldri** / **aldri hevur** lisið bókina.
(skýringarsetning)
d. Hon spurdi, hvør **hevði aldri** / **aldri hevði** lisið bókina.
(spurnarsetning)
e. Eg ivist í, um hon **hevur altíð** / **altíð hevur** sagt satt.
(spurnarsetning)
f. Har vóru nógv fólk, sum **høvdu ikki** / **ikki høvdu** lisið bókina.
(tilvísunarsetning)

Samsvarandi setningar eru allar fínar í íslensku með V2-röðinni (sögnin á undan atviksorðinu). Í dönsku er V2-röðin auðvitað eðlileg í aðalsetningum á borð við (2a) og kemur líka fyrir í skýringarsetningum sem líkjast (2b) en annars yfirleitt ekki. Það hefur nefnilega sýnt sig að skýringarsetningar á eftir sögnum sem merkja 'halda', 'segja' o.s.frv. (svokölluðum **brúarsögnum,** sbr. t.d. Vikner 1995: 71–72) líkjast aðalsetningum að ýmsu leyti. Þess vegna er nauðsynlegt að halda þeim sér. Hins vegar er fróðlegt að skoða hvort færeyska líkist heldur íslensku eða dönsku að því er varðar orðaröð í hinum aukasetningagerðunum. Lítum fyrst á töflu 1, en þar eru niðurstöður úr fyrri yfirlitskönnuninni í Færeyjum bornar saman við niðurstöður sem lýst er í doktorsritgerð Ásgríms Angantýssonar (2011; N merkir hér og síðar fjölda þátttakenda í viðkomandi rannsókn):

Setningagerð	**Orðaröð**	**Könnun 1**	**Ásgrímur 2011**
at-setningar	sögn-atviksorð (V2)	25,8	21
sbr. (2c) hér á undan	atviksorð-sögn (V3)	79,3	98
óbeinar spurnarsetningar	sögn-atviksorð (V2)	27,4	24
sbr. (2d,e) hér á undan	atviksorð-sögn (V3)	94,5	90
tilvísunarsetningar	sögn-atviksorð (V2)	29,1	23
sbr. (2f) hér á undan	atviksorð-sögn (V3)	96,1	94

Tafla 1: Yfirlit yfir niðurstöður um orðaröðina sögn-atviksorð („íslenska röðin", V2) og atviksorð-sögn („danska röðin", V3) í Könnun 1 í Færeyjum ($N \approx 320$) og könnun Ásgríms (2011, $N = 48$).

Það sem kemur helst á óvart hér er það hversu stórt hlutfall þátttakenda samþykkir V2-röðina (íslensku röðina). Einnig er vert að benda á að niðurstöðurnar úr Könnun 1 eru mjög líkar niðurstöðum Ásgríms (2011) að þessu leyti þótt þátttakendur væru ekki hinir sömu. Niðurstöður Heycock o.fl. (2010, 2012, 2013) benda líka til þess að íslenska orðaröðin í aukasetningum sé ekki eins sjaldgæf eða lítils metin í Færeyjum og stundum hefur verið haldið fram (sbr. Vikner 1995, Petersen 2000; sbr. hins vegar umræðu hjá Barnes og Weyhe 1994: 215, Ásgrími Angantýssyni 2011 (3. kafla), Höskuldi Þráinssyni o.fl. 2012: 359 o.áfr.).

En hafa Færeyingar þá svipaða tilfinningu fyrir orðaröð í aukasetningum og Íslendingar? Nei, svo er reyndar ekki, eins og sjá má af töflu 2. Þar er sýnt hvernig þátttakendur í færeysku og íslensku yfirlitskönnununum mátu samsvarandi aukasetningar með íslensku orðaröðinni (V2, hér og síðar eru hæstu tölurnar í hverri línu feitletraðar til glöggvunar):

			Aldurshópar				
Teg.	**Mál**	**Dæmi**	**< 20**	**20–39**	**40–59**	**60+**	**Allir**
at-s.	Ísl.	Honum sárnaði að Kastljósið **fjallaði aldrei** um þær.	65,8	**80,6**	77,2	70,7	73,8
	Fær.	Hann er keddur av, at Jógvan **hevur ongantíð** lisið hana	34,1	24,3	18,2	28,4	25,8
sp.	Ísl.	Hún spurði hvort þeir **hefðu alltaf** verið flughræddir	82,1	90,6	**93,8**	88,5	88,8
	Fær.	Hann spurdi, hví Pætur **hevði ikki** lisið bókina	40,2	27,0	18,6	24,3	27,4
tilv.	Ísl.	Þar var alls konar matur sem henni **líkaði ekki**	75,0	90,6	89,7	**96,2**	87,5
	Fær.	Har var nógvur matur, sum hon **hevði ongantíð** smakkað	**36,8**	28,0	24,7	26,5	29,1

Tafla 2: Hlutfall (%) þátttakenda í yfirlitskönnunum sem telur röðina sögn-atviksorð (V2) eðlilegt mál í íslensku (N = 755) og í færeysku (N = 320).

Það er mjög skýr og stöðugur munur á mati íslensku og færeysku þátttakendanna, en V2-röðin fær þó betri dóma í færeysku en búast mátti við, ekki síst hjá þeim yngri, en um það höfðu verið misvísandi hugmyndir í skrifum um færeysku eins og áður var nefnt (sbr. t.d. Vikner 1995, Petersen 2000, Höskuld Þráinsson 2001, Höskuld o.fl. 2012: 443, Bentzen o.fl. 2009, Heycock o.fl. 2010, 2012, 2013 — sbr. líka doktorsrit Ásgríms 2011). Nánari athugun sýnir að fylgni dómanna við aldur í færeysku er engin, ólíkt því sem búast hefði mátt við samkvæmt skrifum Vikners (1995) og Petersens (2000) til dæmis, og súluritið á mynd 4 sýnir það líka vel. Þar myndi „meðaleinkunnin" 1 sýna að allir í viðkomandi aldurshópi hefðu hafnað öllum dæmunum og meðaleinkunnin 3 að þeir hefðu samþykkt þau öll:



Mynd 4: Meðaleinkunn fyrir mat ólíkra aldurshópa á færeysku V2-dæmunum í töflu 2.

Í lokin má svo nefna að ýmsir hafa velt því fyrir sér hvort íslenska orðaröðin væri tengd einhverjum tilteknum landsvæðum í Færeyjum. Menn hafa t.d. lengi vitað að færeyski rithöfundurinn Heðin Brú notaði hana oft í skrifum sínum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012: 360 o.áfr.) og hann var frá Sandoy. Með hliðsjón af því m.a. stakk Jonas upp á því (1996) að V2-röðin í færeyskum aukasetningum væri að einhverju leyti svæðisbundin. Eins og sjá má á mynd 5 fengu slíkar hugmyndir ekki skýran stuðning í okkar rannsóknum:



Mynd 5: Meðaleinkunnir fyrir íslensku orðaröðina í aukasetningum (V2) í einstökum landshlutum í Færeyjum.

Þótt hér komi fram smávægilegur munur á landshlutunum er hann ekki tölfræðilega marktækur í heildina.[3] Hins vegar má benda á það til gamans

3 Samanburður meðaltalanna gefur eftirfarandi niðurstöður með F-prófi (ANOVA): $F(5, 302) = 1{,}681$, $p = 0{,}139$, en p-gildið þyrfti að vera 0,05 eða lægra til að munurinn teldist tölfræðilega marktækur eins og nánar er skýrt síðar.

að tiltölulega fæstir málhafar samþykkja þessi V2-dæmi í Sandoy en flestir í Vágum. Eins og áður sagði var Heðin Brú úr Sandoy og notaði íslensku orðaröðina mikið í sínum skrifum en Hjalmar P. Petersen er úr Vágum og í þýðingu sinni á *Englum alheimsins* (*Alheimsins Einglar*) notaði hann aldrei íslensku orðaröðina með neituninni *ikki* (sjá Höskuld Þráinsson o.fl. 2012: 360). Það rímar ekki vel við þessar niðurstöður en styður þá skoðun að hér sé einstaklingsbundinn munur á ferð en ekki landshlutabundinn.

Andlagsfall

Þótt þolfall (fær. *hvønnfall*) hafi væntanlega alltaf verið algengasta andlagsfallið tóku margar sagnir þágufallsandlag (*ávirki í hvørjumfalli*) í fornu máli. Flestar þessara sagna taka þágufallsandlag í nútímaíslensku og færeysku en allmargar gera það þó ekki lengur í færeysku (eða a.m.k. varla, sbr. Höskuld o.fl. 2012: 430, Jóhannes Gísla Jónsson 2009; stjarnan * táknar eins og áður ótækt form):

(3) a. Hún kastaði / sparkaði / varpaði **boltanum** (þgf.) / ***boltann** (þf.). (ísl.)
b. Hon kastaði / varpaði / sparkaði ***bóltinum** (þgf.) / **bóltin** (þf.). (fær.)

Síðan eru til sagnir sem sumir nota yfirleitt með þolfallsandlagi í íslensku en aðrir gjarna með þágufallsandlagi, a.m.k. í tiltekinni merkingu, svo sem *faxa, framlengja, negla (bolta), rústa* (sjá t.d. Höskuld Þráinsson, Þórhall Eyþórsson o.fl. 2015). Svipaðan breytileika má líka finna í færeysku, t.d. með sögnunum *floyta, lyfta, lætta, reiggja, tarna, vika* (sbr. Henriksen 2000: 66, Höskuld o.fl. 2012: 260). Þótt breytileiki af þessu tagi geti lifað alllengi í málum má telja líklegt að annað fallið sigri að lokum, a.m.k. þar sem merkingarmunur styður ekki augljóslega við tilbrigðin (þ.e. ef föllin tengjast ekki ólíkri merkingu). Hvort þeirra það er fer eftir því hvort formlegar eða merkingarlegar reglur vega þyngra: Þolfall er almennt hið hlutlausa eða sjálfgefna andlagsfall, þágufallið er undantekning en getur þó stuðst við ákveðna merkingarlega reglu eða tilhneigingu. Af því að þágufallið er ekki lengur notað í færeysku með sögnum eins og þeim sem eru nefndar í (3) mátti kannski búast við því að það væri á undanhaldi með þeim sögnum sem sumir nota með þolfalli en aðrir þágufalli. Þátttakendur í færeysku könnununum voru því beðnir að velja á milli þolfalls og þágufalls í eftirfarandi dæmum:

(4) a. *Børnini spældu á sandinum.*
Tey **kastaðu steinum** / **steinar** og stuttleikaðu sær.
b. *Rekamaðurin royndi at seta tunnuna á land.*
Hann megnaði ikki at **lyfta henni** / **hana**.
c. *Lærarinnan kom ov seint.*
Kavin **tarnaði henni** / **hana**.
d. *Eg dugi ikki at svara spurningunum.*
Vónandi kann onkur **leiðbeina mær** / **meg**.
Nógv er hent á dagstovnaøkinum seinastu árini.
Menningin **útihýsir** ikki **fortíðini** / **fortíðina**.
f. *Fólkini vóru sera ónøgd og fóru í verkfall.*
Tey **steðgaðu bilinum** / **bilin** uttanfyri flakavirkið.
g. *Víkingurin var ógvisligur.*
Hann **reiggjaði øksini** / **øksina** upp um høvdið.

Þessar sagnir eru reyndar ekki allar af sama merkingarflokki. T.d. er *leiðbeina* greinilega merkingarskyld *hjálpa* og því mátti ætla að þágufallið væri e.t.v. nokkuð sterkt þar. Sagnir af þeim merkingarflokki taka nefnilega gjarna þágufall, ekki bara í íslensku og færeysku heldur líka þýsku til dæmis. Fyrirfram mátti því búast við einhverjum mun á milli sagnanna, enda varð sú raunin eins og sjá má af töflu 3, en þar er sögnin *kasta* höfð með til samanburðar. Eins og sýnt var í (3) hér framar hefur þolfall alveg tekið við af hinu forna þágufalli hjá þeirri sögn í færeysku:

			Aldurshópar						
	Dæmi	þgf/þf	< 20	20–39	40–59	60+	r	p	N
a.	Tey **kastaðu steinum** / **steinar** og stuttleikaðu sær.								
		steinum	þgf.	1,2	1,4	1,0	1,4	.029	.598	328
		steinar	þf.	97,7	98,6	99,0	98,6			
b.	Hann megnaði ikki at **lyfta henni** / **hana**.								
		henni	þgf.	1,2	5,3	24,5	12,9	-.294	**.000**	329
		hana	þf.	97,7	89,3	65,3	71,4			
c.	Kavin **tarnaði henni** / **hana**.								
		henni	þgf.	82,1	92,0	**98,0**	97,1	-.220	**.000**	327
		hana	þf.	14,3	6,7	1,0	1,4			
d.	Vónandi kann onkur **leiðbeina mær** / **meg**.								
		mær	þgf.	**32,6**	20,0	26,5	9,0	.127	**.021**	326
		meg	þf.	61,6	70,7	67,3	**79,1**			
e.	Menningin **útihýsir** ikki **fortíðini** / **fortíðina**.								
		fortíðini	þgf.	40,0	**69,3**	59,8	46,3	-.035	.525	324
		fortíðina	þf.	**50,6**	25,3	36,1	44,8			
f.	Tey **steðgaðu bilinum** / **bilin** uttanfyri flakavirkið.								
		bilinum	þgf.	88,4	92,0	93,9	92,5	-.061	.268	326
		bilin	þf.	7,0	4,0	2,0	6,0			
g.	Hann **reiggjaði øksini** / **øksina** upp um høvdið.								
		øksini	þgf.	11,6	10,7	13,4	**16,4**	-.095	.089	325
		øksina	þf.	**84,9**	82,7	80,4	73,1			

Tafla 3: Val þátttakenda á þágufalli og þolfalli með nokkrum sögnum í færeysku.

Hér vekur fyrst athygli að sögnin *lyfta* er komin í alveg sama flokk og *kasta* hjá yngsta aldurshópnum, þ.e. sá hópur velur nær eingöngu þolfall með henni. Hjá eldri aldurshópunum eru hins vegar nokkrir sem ennþá velja þágufall með þessari sögn og munurinn á aldurshópunum er mjög vel marktækur frá tölfræðilegu sjónarmiði ($p < 0{,}001$). Sögnin *tarna* virðist líka vera á leiðinni í sama flokk hjá þeim yngstu þótt reyndar hafi aðeins rúm 14% þeirra valið þolfall með henni. Þar er fylgnin við aldur því heldur minni (r-gildið er -0,220 á móti -0,294) en samt tölfræðilega marktæk á sama hátt.[4] Fyrir sögnina *leiðbeina*

4 Hér er ekki rúm fyrir ítarlegar útskýringar á tölfræðilegum hugtökum. Þau hugtök sem hér eru einkum notuð eru marktæknikvarðinn *p* og fylgnistuðullinn *r*. Gildið fyrir *p* á að sýna hvort tiltekinn munur eða ákveðin fylgni sé tölfræðilega marktæk. Ef *p*-gildið fyrir ákveðna fylgni er 0,5 merkir það að það eru 50% líkur til að fylgnin sé tilviljun og það er augljóslega ekki marktæk fylgni. Sé *p*-gildið 0,05 merkir það að einungis 5% líkur eru til þess að fylgnin sé tilviljun og það telja tölfræðingar jafnan marktæka fylgni. Sé *p*-gildið minna en 0,001 merkir það á sama hátt að minna en 1‰ líkur eru á því að um tilviljun sé að ræða og það þykir auðvitað mjög gott. — Táknið *r* á hér jafnan við fylgnistuðul Spearmans, en hann getur legið á bilinu -1 til +1. Þar merkir 0 alls enga fylgni en +/- 1 er hámarksfylgni (hvort hún er

er þróunin hins vegar í öfuga átt: Þar velur yngsta kynslóðin oftar þágufall en hinar. Fylgnin við aldur er að vísu lítil (r = 0,127 á kvarða Spearmans) en hún nær því að vera tölfræðilega marktæk við p < 0,05 markið (p er hér 0,021).[5] Í öðrum tilvikum eru tengslin við aldur ekki tölfræðilega marktæk.

Niðurstaðan er því sú að í sumum tilvikum sé þágufallið á undanhaldi og þolfallið í sókn í færeysku, þ.e. hjá sögnum eins og *lyfta* og *tarna* (sem eru kannski merkingarlega skyldastar *kasta*, ef hin sjaldgæfa sögn *reiggja* er ekki talin með). Þágufallið stendur hins vegar sterkar og sækir jafnvel í sig veðrið ef andlagið er einhvers konar viðtakandi eða þiggjandi (eins og með *leiðbeina*, sem er merkingarlega skyld *hjálpa*).

Nú getum við skoðað íslensku tölurnar í töflu 4 til samanburðar. Hún sýnir jákvætt mat ólíkra aldurshópa á fjórum sögnum sem eru nýlegar í málinu eða notaðar í nýrri merkingu í dæmunum sem voru til skoðunar:

		Aldurshópar						
	Dæmi	**9. b.**	**20–25**	**40–45**	**65–70**	**r**	**p**	**N**
a.	Fólk þarf sjaldan að faxa **eyðublöðum** lengur.	**37,4**	23,9	17,5	14,6	.249	**.000**	747
b.	Sóknarmaðurinn negldi **boltanum** í netið.	87,2	**88,1**	66,0	42,7	.371	**.000**	748
c.	Skagamenn rústuðu **þeim** í fyrstu umferð.	93,4	**97,5**	79,4	47,1	.410	**.000**	749
d.	Gísli vill samt framlengja **leigusamningnum**.	65,3	**65,5**	64,4	45,6	.160	**.000**	753

Tafla 4: **Jákvætt mat** íslenskra þátttakenda á þágufallsandlagi með nokkrum sögnum sem líka geta tekið þolfallsandlag.

Hér virðist þágufallið alls staðar vera í sókn því það fær betri dóma hjá yngri aldurshópunum tveim. Fylgni dómanna við aldur er alls staðar mjög vel

jákvæð eða neikvæð skiptir ekki máli í sjálfu sér — hér er fylgnin neikvæð af því að það eru tengsl á milli lægra gildis fyrir aldursflokk og hærra gildis fyrir val á falli því val á þágufalli var kóðað sem 1 og val á þolfalli sem 3). Segja má að fylgni sem er +/- 0,1 sé veik, fylgni sem nær +/- 0,3 sé meðalsterk og fylgni sem nær +/- 0,5 sé sterk (sjá t.d. Field 2005: 32). Ef fylgni er t.d. 0,3 er sagt að hún útskýri aðeins 9% af breytileikanum (0,3 x 0,3 = 0,09), sé hún 0,5 er sagt að hún útskýri 25% af breytileikanum (0,5 x 0,5 = 0,25) o.s.frv. En fylgni segir í sjálfu sér ekkert til um orsakasamband.

5 Yfirlesari bendir á að sögnin *leiðbeina* muni vera sjaldgæf í færeysku og í slíkum tilvikum kunni leiðbeiningar skólans um fallanotkun að hafa meiri áhrif en máltilfinning og það geti skýrt tiltölulega hátt hlutfall þágufalls með þessari sögn. Bráðabirgðaleit með *Google* sýnir að notkunin er á ýmsa vegu: *leiðbeina + meg* (4) vs. *mær* (2, bæði þágufallsdæmin frá íslenskum málfræðingi); *teg* (9) vs. *tær* (9, átt er við 2.pers.); *teir* (1), *tey* (5) vs. *teimum* (4).

marktæk frá tölfræðilegu sjónarmiði þótt hún sé reyndar veik í síðasta dæminu ($r = 0{,}160$).[6] Það er í ágætu samræmi við niðurstöður þeirra sem hafa skoðað þágufall á andlagi í íslensku nútímamáli og tengsl þess við merkingarhlutverk andlagsins (sjá t.d. Jóhönnu Barðdal 2001, Joan Maling 2002 og Jóhannes Gísla Jónsson 2005). Samanburður við færeysku sýnir að samsvarandi tilhneigingar til að alhæfa þágufallið gætir ekki þar. Í töflu 3 var það aðeins með sögninni *leiðbeina* sem marktækt fleiri úr yngri aldurshópunum völdu þágufallið. Annars var þolfallið frekar í sókn ef nokkuð var, einkum með *tarna* og *lyfta*.

Stílfærsla

Með **stílfærslu** (e. *stylistic fronting*) er átt við það þegar einhver liður er færður fremst í setningu þar sem frumlag (*grundliður*) er ekki á sínum stað (þ.e. þar sem væri „frumlagseyða"). Bandarískі málfræðingurinn Joan Maling var fyrst til að vekja fræðilega athygli á þessari setningagerð (1980), Jóhannes Gísli Jónsson gerði tilraun til að skýra hana á formlegan hátt (1991) og síðan hafa fjölmargir málfræðingar spreytt sig á að gera grein fyrir henni. Hér er hvorki rúm né ástæða til að rekja þær greiningar en skýringardæmi úr færeysku og íslensku má sjá í (5)–(6). Þar sýnir a-gerðin venjulega orðaröð með eyðu fyrir frumlagið en b-gerðin stílfærslu. Í þessum dæmum táknar __ annars vegar frumlagseyðuna en hins vegar „tæmda plássið" sem hinn færði liður skilur eftir sig í stílfærslugerðinni:

(5) a. Honum mætti standa á sama [hvað __ væri sagt um hann] (frumlagseyða)
b. Honum mætti standa á sama [hvað **sagt** væri __ um hann]. (stílfærsla)

(6) a. Konan [sum __ fór heim] var systir hansara. (frumlagseyða)
b. Konan [sum **heim** fór __] var systir hansara. (stílfærsla)

Stílfærsla er eitt af því sem greinir íslensku og færeysku frá norrænu meginlandsmálunum því hún er almennt ótæk í dönsku, norsku og sænsku nútímamáli (sjá t.d. Holmberg og Platzack 1995: 115 o.áfr.). Það er ein af ástæðum þess að málfræðingum hefur þótt þetta forvitnileg setningagerð. Mun meira hefur verið fjallað um stílfærslu í íslensku en færeysku og því er fróðlegt að vita hvort sömu eða svipaðar reglur gilda um hana í málunum tveim (sjá líka

6 Veik fylgni getur vel verið tölfræðilega marktæk þegar þátttakendur eru eins margir og hér, en því veikari sem fylgnin er því fleiri þátttakendur þarf til þess að hún mælist marktæk.

umræðu hjá Ásgrími Angantýssyni 2011, 5. kafla, og einnig hjá Höskuldi o.fl. 2012: 298). Í því skyni má bera saman mat á íslensku setningunum í (7) og þeim færeysku í (8):

(7) a. *Það vissi enginn hve miklu hafði verið stolið.*
Allir vissu þó að **stolið** hafði verið __ skjávörpum.
b. *Sigrún vildi helst ekki bjóða sig fram.*
Hún spurði hvort **rætt** hefði verið __ við Helgu.
c. *Talsvert hefur verið deilt um hjúskaparfrumvarpið.*
Það er frumvarp sem **lagt** hefur verið __ fram á Alþingi.
d. *Við höfum lent í ýmsum erfiðleikum.*
Þetta er eitt af þeim vandamálum sem **upp** hafa komið __.

(8) a. *Studentarnir fingu summarfrí í gjár.*
Skúlastjórin helt talu fyri teimum, sum **liðug** vóru __ við skúlan.
b. *Olga hevur ikki vaskað sær í fleiri dagar.*
Hon fer ikki í baðikarið, um **har** hava verið mýs __.
c. *Fjórða barnið er á veg hjá Róa og Poulu.*
Tey vilja keypa ein bil, sum **vælegnaður** er __ til eina barnafamilju.
d. *Kokkurin hevði ikki gjørt nóg mikið av mati.*
Øll, sum **einki** høvdu __ etið, vóru svong.[7]
e. *Kommunuval var í Føroyum í gjár.*
Tillukku til øll, sum **vald** vórðu __.
f. *Samráðingar verða í annaðkvøld.*
Lønarhækking er tað, sum **ovast** er __ á breddanum.
g. *Eg fari til Prag í Kekkia í næstu viku.*
Kennir tú onkran, sum **verið** hevur __ í Kekkia?

7 Eða: *høvdu etið* __ (fer eftir því hvort miðað er við *høvdu einki etið* eða *høvdu etið einki*).

Jákvætt mat á íslensku setningunum er sýnt í töflu 5:

		Aldurshópar						
	Dæmi	**9. b.**	**20–25**	**40–45**	**65–70**	**r**	**p**	**N**
a.	Allir vissu þó að **stolið** hafði verið skjávörpum.	42,3	32,8	33,9	**51,8**	-.038	.318	710
b.	Hún spurði hvort **rætt** hefði verið við Helgu.	58,0	82,7	**90,5**	84,8	-.262	**.000**	712
c.	Það er frumvarp sem **lagt** hefur verið fram á Alþingi.	65,0	91,1	**95,2**	92,1	-.286	**.000**	712
d.	Þetta er eitt af þeim vandamálum sem **upp** hafa komið.	59,0	76,5	**92,2**	89,7	-.305	**.000**	711

Tafla 5: Jákvætt mat á íslenskum dæmum með stílfærslu í aukasetningum með frumlagseyðu.

Hér fær fyrsta setningin svipaða dóma hjá öllum aldurshópum en í öðrum tilvikum er yngsti aldurshópurinn yfirleitt heldur neikvæðari en hinir og fylgni dómanna við aldur mjög vel marktæk. Samsvarandi yfirlit fyrir færeysku dæmin er gefið í töflu 6:

	Aldurshópar						
Dæmi	**< 20**	**20–39**	**40–59**	**60+**	**r**	**p**	**N**
a. Skúlastjórin helt talu fyri teimum, sum **liðug** vóru við skúlan.	54,7	52,0	55,6	59,4	-,047	.400	329
b. Hon fer ikki í baðikarið, um **har** hava verið mýs.	48,3	**52,0**	46,4	42,0	.068	.218	328
c. Tey vilja keypa ein bil, sum **vælegnaður** er til eina barnafamilju.	34,9	21,3	24,7	45,7	-.045	.412	328
d. Øll, sum **einki** høvdu etið, vóru svong.	73,6	**74,7**	68,7	64,2	.072	.193	328
e. Tillukku til øll, sum **vald** vórðu.	50,6	55,4	45,9	59,7	-,032	.569	326
f. Lønarhækking er tað, sum **ovast** er á breddanum.	34,9	54,2	52,0	73,5	-,237	**.000**	324
g. Kennir tú onkran, sum **verið** hevur í Kekkia?	**47,7**	39,2	28,6	42,9	.027	.630	328

Tafla 6: **Jákvætt mat** á færeyskum dæmum með stílfærslu í aukasetningum.

Hér er hvergi marktækur munur á mati aldurshópanna nema í f-dæminu. Það er þó ekki víst að stílfærslan sjálf hafi haft þessi áhrif á dóma þeirra yngstu. Það er eins líklegt að þeim hafi þótt hið tiltölulega formlega orðalag *ovast á breddanum* eitthvað óeðlilegt eða formlegt (þátttakendur áttu að miða við talmál, eins og áður kom fram). Aðalmunurinn á mati Íslendinga og Færeyinga er samt kannski jákvæðara mat eldri Íslendinga: Fyrir yngsta hópinn er meðalhlutfall jákvæðra svara 56% hjá íslensku þátttakendunum en 49% hjá þeim færeysku. Það er lítill munur. Aftur á móti er meðalhlutfall jákvæðra svara fyrir elsta hópinn **80%** hjá íslensku þátttakendunum en **55%** hjá þeim færeysku. Miðað við það má segja að stílfærsla sé – eða hafi verið – meira einkennandi fyrir íslensku en færeysku.[8]

Langdræg afturbeyging

Í íslensku og færeysku er hægt að hafa afturbeygð fornöfn inni í aukasetningum

8 Eins og yfirlesari bendir á sést þetta líka vel ef leitað er með *Google* að strengjunum *sem hefur verið/sem verið hefur* í íslensku og *sum hevur verið/sum verið hevur* á færeysku. Þar er gerðin án stílfærslu (fyrri gerðin) rúmlega þrisvar sinnum algengari en stílfærslugerðin í íslensku en gerðin án stílfærslu er meira en hundrað sinnum algengari en stílfærslugerðin í færeysku.

af ákveðnu tagi þótt **undanfarinn** (e. *antecedent*) sé fyrir utan aukasetninguna. Þetta á einkum við um svonefndar skýringarsetningar sem fylgja sögnum eins og *segja*, *halda* o.s.frv. Þetta gengur hins vegar ekki í dönsku til dæmis (sbr. t.d. Barnes 1986, Höskuld o.fl. 2012: 331 o.áfr., Höskuld Þráinsson 2005: 67 o.áfr.). Þessu má lýsa með eftirfarandi dæmum, en þar táknar feitletrunin að miðað sé við þá túlkun að feitletraða fornafnið eigi að vísa í feitletraða undanfarann:

(9) a. **Marie** siger [at du elsker ***sig** / **hende**] (dan.)
b. **Maria** sigur [at tú elskar **seg** / **hana**] (fær.)
c. **María** segir [að þú elskir **sig** / **hana**] (ísl.)

Eins og danska a-dæmið sýnir kemur afturbeygða fornafnið *sig* ekki til greina í þessu samhengi, aðeins persónufornafnið *hende*. Hins vegar geta a.m.k. sumir valið á milli afturbeygðs fornafns og persónufornafns í setningum af þessu tagi í færeysku og íslensku, eins og b- og c-dæmið á að sýna. Það eru þá „tilbrigði“. Fram til þessa hefur yfirleitt verið talið að lítill eða enginn munur væri á íslensku og færeysku að þessu leyti, en nýlegar rannsóknir benda til að málið sé ekki alveg svona einfalt og einhverjar breytingar kunni að vera í gangi hér (sjá t.d. Strahan 2009a,b, 2011). Til að skoða þetta getum við borið saman dóma málnotenda um eftirfarandi dæmi úr íslensku og færeysku, en þau mynda nokkuð sambærileg pör:

(10) a. *Þú mátt ekki reyna svona við strákana.* (ísl.)
Gunnar fer að halda að þú elskir **sig**.
b. *Ert tú góður við Mariu?* (fær.)
Hon sigur, at tú elskar **seg**.
c. *Þú verður að hætta að senda þessi skilaboð.* (ísl.)
Rúna fer að halda að þú elskir **hana**. [hana = Rúnu]
d. *Per var ofta sera óreinur við Annusa familju.* (fær.)
Anna heldur, at hann hatar **hana.** [hana = Annu]
e. *Ég veit að það verður skemmtilegt í afmælinu.* (ísl.)
Jói kemur ef þú býður **sér**.
f. *Ólavur elskar fólk, sum smílist* nógv. (fær.)
Hann elskar Mariu, tá ið hon smílist til **seg**. [seg = Ólav]

Tafla 7 sýnir helstu niðurstöður úr þessum samanburði. Þar eru a og b dæmi um langdræga afturbeygingu af því tagi sem oft hefur verið lýst í umfjöllun um

færeysku og íslensku, c og d eru samsvarandi dæmi með persónufornöfnum. Síðan eru e og f dæmi þar sem ekki var búist við því að langdræg afturbeygð fornöfn gætu gengið, þ.e. við áttum von á að þau fengju mjög neikvæða dóma. Ástæðan er sú að þar er um atvikssetningar að ræða og yfirleitt hefur verið talið að langdræg afturbeyging gengi ekki í slíkum dæmum:

	Aldurshópar				
Dæmi	**< 20**	**20–39**	**40–59**	**60+**	**Allir**
a. **Gunnar** fer að halda að þú elskir **sig**.	45,8	**48,6**	42,3	42,1	44,8
b. **Hon** sigur, at tú elskar **seg**.	35,8	36,7	36,1	**52,0**	38,7
c. **Rúna** fer að halda að þú elskir **hana**. [hana = Rúnu]	75,6	81,8	85,7	**87,3**	82,3
d. **Anna** heldur, at hann hatar **hana.** [hana = Annu]	**88,5**	84,0	75,5	70,6	79,9
e. **Jói** kemur ef þú býður **sér**.	10,0	2,2	0,6	1,8	3,9
f. **Hann** elskar Mariu, tá ið hon smílist til **seg**. [seg = Ólav]	**25,3**	17,3	11,2	12,1	16,6

Tafla 7: **Jákvætt mat** þátttakenda á setningum með afturbeygðu fornafni og persónufornafni í íslensku (N ≈ 710) og færeysku (N ≈ 330).

Þessi tafla sýnir m.a. eftirfarandi:

- Bæði Íslendingar og Færeyingar eru hrifnari af persónufornafni en afturbeygðu fornafni þar sem hvort tveggja ætti að geta gengið (þ.e. dæmi c og d fá betri dóma en a og b).
- Í íslensku könnuninni eru þeir eldri hrifnari en þeir yngri af persónufornafninu í þessu samhengi (c-dæmið) en í færeysku er þessu öfugt farið (d-dæmið).
- Hefðbundið langdrægt afturbeygt fornafn í færeysku fær besta dóma hjá þeim elstu (b-dæmið) en í íslensku er lítill munur á mati aldurshópanna á samsvarandi dæmi (a-dæmið).
- Í færeysku virðist langdræg afturbeyging vera að breiðast út til atvikssetninga (f-dæmið) en þess háttar þróun er ekki að sjá í íslensku nema þá smávegis hjá þeim yngstu (e-dæmið).

Eitt einkennið á yfirlitsrannsóknum af þessu tagi er að þær geta gefið vísbendingar um atriði sem þarf að skoða betur. Ef litið er á b-dæmið í töflu 7 sést t.d. að það fær lakari dóma hjá færeysku þátttakendunum en samsvarandi dæmi

í íslensku (a-dæmið) nema hjá elsta aldurshópnum. Í yngri aldurshópunum þrem telur aðeins um þriðjungur að dæmið sé eðlilegt mál. Þetta kemur nokkuð á óvart miðað við það sem venjulega er sagt um langdræga afturbeygingu í færeyskum mállýsingum svo þetta kallar á skýringu. Ein skýringin gæti verið sú að frumlagið í aukasetningunni er í 2. persónu (*tú*). Það er nefnilega þekkt að fornöfn fyrstu og annarrar persónu geta haft truflandi áhrif á langdræga afturbeygingu í ýmsum málum, t.d. kínversku og kóresku (sjá t.d. Huang og Tang 1991, Kim 2004). Þetta mætti kalla **hömlu** (e. *blocking effect*) fyrstu og annarrar persónu. Hvort hún kemur fram í færeysku má prófa með því að bera eftirfarandi dæmi saman:

(11) a. *Ert tú góður við Mariu?*
Hon sigur, at **tú** elskar **seg**.
b. *Er Hanus góður við Lenu?*
Hon sigur, at **hann** elskar **seg**. [seg = Lenu]

Í a-dæminu er frumlag aukasetningarinnar *tú* (2. persóna) og fer á milli afturbeygða fornafnsins *seg* og undanfarans *hann*. Í b-dæminu er það frumlag aukasetningarinnar *hann* (3. persóna) sem fer á milli afturbeygða fornafnsins *seg* og undanfarans *hon*. Ef svipaðar reglur um langdræga afturbeygingu gilda í máli einhverra Færeyinga og í kínversku og kóresku, þ.e. ef persónuhamlan er virk, ætti b-dæmið að fá betri dóma. Tafla 8 sýnir að sú spá reynist rétt (sjá líka Strahan 2009a,b, 2011). Allir aldurshópar kunna betur að meta b-dæmið, en reyndar er meiri munur á aldurshópunum í dómum um b-dæmið en a-dæmið og fylgni við aldur er mjög vel marktæk tölfræðilega (p = 0,004):

		Aldurshópar						
	Dæmi	**< 20**	**20–39**	**40–59**	**60+**	**r**	**p**	**N**
a.	**Hon** sigur, at **tú** elskar **seg**.	35,8	36,7	36,1	**52,0**	-.043	.450	318
b.	**Hon** sigur, at **hann** elskar **seg**. [seg = Lenu]	60,6	73,3	77,5	**81,2**	-.161	.004	313

Tafla 8: **Jákvætt mat** færeyskra þátttakenda á tveim setningum með langdrægri afturbeygingu.

Frá sjónarmiði þeirra sem hafa áhuga á því sem er líkt og ólíkt með tungumálum er áhugavert að færeyska skuli líkjast kínversku og kóresku að þessu leyti því þar getur ekki verið um nein austurlensk áhrif á færeysku að ræða. Þetta er

bara eitt dæmi af mörgum um það að býsna lík setningafræðileg fyrirbæri geta fundist í alls óskyldum tungumálum. Þetta kemur þeim ekki á óvart sem líta svo á að öll tungumál lúti ákveðnum meginreglum eða lögmálum sem segja fyrir um það hvað getur komið fyrir í mannlegum málum og hvað ekki (þessi lögmál eru oft nefnd algildismálfræði, e. *Universal Grammar*). Ef menn eru hins vegar þeirrar skoðunar að líkindi með einstökum tungumálum hljóti fyrst og fremst að stafa af skyldleika eða áhrifum eins máls á annað hljóta dæmi af þessu tagi að vekja nokkra furðu.

Forsetningin hjá *til að tákna eign*

Alkunna er að forsetningin *hjá* er mikið notuð í færeysku til að tákna eign, svo sem í eftirfarandi dæmum (sjá t.d. Höskuld o.fl. 2012: 62, 123 o.v.):

(12) a. **Teldan hjá** Turið riggar ikki.
b. **Húsini hjá** mær eru gomul.
c. **Kettlingurin hjá kettuni hjá** mær er sera vakur.

Það eru þó einhver takmörk fyrir þessu. Þannig munu Færeyingar yfirleitt telja dæmi (13a) hér á eftir óeðlilegt mál því í færeysku virðist *hjá* yfirleitt ekki vera notað um svonefnda óaðskiljanlega eign (e. *inalienable possession*) eins og líkamshluta. Í málfræðihandbók Höskuldar o.fl. (2012: 123) er líka sagt að setningar á borð við (13b) séu ótækar. Ýmsir hafa þó bent á að þeir séu ekki sammála þeim dómi svo þess vegna er hér sett spurningarmerki við það dæmi (en ekki * eins og í handbókinni). Á Netinu má líka finna dæmi eins og (13c) svo líklega eru ekki allir Færeyingar sammála um notkunarsvið forsetningarinnar *hjá* í þessu samhengi:

(13) a. *__Halin hjá__ kúnni var gravskitin.
b. ?__Mamman hjá mær__ er úr Íslandi.
c. Hví kunnu eg og __mamman hjá soninum hjá mær__ ikki hava deildan foreldrarætt?

Í íslensku má líka finna ýmis dæmi með *hjá* í eignarmerkingu þótt notkunarsviðið sé örugglega þrengra en í færeysku. Nokkur dæmi má sjá í (14) (spurningarmerki og stjörnur tákna mat höfundar, en það getur þó verið nokkuð mismunandi eftir samhengi eins og yfirlesari bendir á; sjá líka umræðu hjá Einar Frey Sigurðssyni 2006):

(14) a. **Tölvan hjá** Maríu er í ólagi.
b. ?**Húsið hjá** mér er gamalt.
c. *__Mamman hjá__ mér er færeysk.

Við höfðum hins vegar grun um að notkunarsvið *hjá* í eignarmerkingu kynni að vera að víkka bæði í færeysku og íslensku svo það var kannað í tilbrigðarannsóknum okkar.

Lítum fyrst á færeysku. Þar voru þátttakendur fyrst beðnir að meta dæmin í (15) til þess að skoða hve stórt hlutfall þátttakenda væri ósammála áðurnefndu mati í málfræðihandbók Höskuldar o.fl. á dæmum þar sem *hjá* er notað með skyldleikaorðum:

(15) a. *Maria hevur skrivað eitt brøv fyri mammu sína.*
Mamman hjá henni dugir ikki at skriva.
b. *Eg dugi væl íslendskt.*
Mamman hjá mær er úr Íslandi.

Í töflu 9 er sýnt hve hátt hlutfall þátttakenda í hverjum aldursflokki taldi þessar setningar eðlilegt mál:

		Aldurshópar						
	Dæmi	< 20	**20–39**	**40–59**	**60+**	r	p	N
a.	**Mamman hjá henni** dugir ikki at skriva.	**84,0**	81,1	60,6	67,4	.202	**.000**	313
b.	**Mamman hjá mær** er úr Íslandi.	**78,3**	67,8	48,6	59,2	.226	**.000**	317

Tafla 9. Jákvætt mat þátttakenda á tveim dæmum með hjá í eignarmerkingu í færeysku.

Hér er greinilegt að verulegur meirihluti þátttakenda í yngri aldurshópunum tveim telur þessar setningar eðlilegt mál en skoðanir eru skiptar í eldri hópunum. Þótt fylgni dómanna við aldur sé tiltölulega veik (r vel innan við 0.300) er hún mjög vel marktæk frá tölfræðilegu sjónarmiði ($p < 0{,}001$).

Til að kanna notkun *hjá* með orðum sem tákna líkamshluta voru þátttakendur beðnir að velja á milli kosta í eftirfarandi dæmum:

(16) a. *Eg traðkaði skeivt í gjár.*
Fóturin á mær / hjá mær er sera hovin.
b. *Lítla dóttir Hanus er so søt.*
Eyguni **í henni / hjá henni / á henni** eru blá.

Hér naut *hjá* líka mestrar hylli hjá yngsta aldurshópnum eins og sjá má af töflu 10:

			Aldurshópar						
	Dæmi	**Val**	**< 20**	**20–39**	**40–59**	**60+**	**r**	**p**	**N**
a.	Fóturin **á mær / hjá mær** er sera hovin.	á mær	7,7	13,5	30,6	**31,2**	-.278	**.000**	313
		hjá mær	**84,6**	68,5	55,6	54,2			
		báðir kostir	7,7	**18,0**	13,9	14,6			
b.	Eyguni **í henni / hjá henni / á henni** eru blá.	í henni	8,7	3,4	4,3	8,9	.134	.019	306
		hjá henni	**63,1**	59,1	45,7	37,8			
		á henni	11,7	13,6	30,0	**48,9**			

Tafla 10: Val á milli mismunandi forsetningarliða í eignarmerkingu í færeysku.

Þessar niðurstöður benda til þess að forsetningin *hjá* í eignarmerkingu sé í sókn í færeysku.[9] Hér kemur íslenskum málnotanda líka á óvart að fleiri Færeyingar skuli velja *eyguni **á** henni* en *eyguni **hjá** henni*.
En hvernig skyldi þetta líta út í íslensku? Til að kanna það voru eftirtalin dæmi borin undir dóm þátttakenda í íslenska tilbrigðaverkefninu:

(17) a. *Grímur er góður rithöfundur.*
Nýja **bókin hjá** honum er alveg frábær.
b. *Ási fékk blöðrur á tærnar í fjallgöngunni.*
Gönguskórnir hjá honum voru of þröngir.
c. *Sumir apar geta leyst flóknar þrautir.*
Greindin hjá þeim er ótrúleg.

9 Stundum getur munur á máli aldurshópa stafað af því sem hefur verið nefnt aldursbinding á íslensku (e. *age grading*, sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni, Ástu Svavarsdóttur o.fl. 2013). Með því er þá átt við fyrirbæri sem finnast í máli einstaklinga á tilteknu aldursskeiði en ekki öðrum. Algengustu dæmin um þetta eru atriði sem einkenna mál unglinga en eldast síðan af þeim. Tölurnar í undanfarandi töflum passa ekki við slíka túlkun vegna þess að því yngri sem þátttakendur eru, því jákvæðari eru þeir gagnvart notkun *hjá* í eignarmerkingu í ýmsum samböndum. Yngsti aldurshópurinn sker sig ekki verulega úr þar fremur en aðrir aldurshópar.

d. *Ella fór til læknis í gær.*
Læknirinn tók mynd af **lungunum hjá** henni.
e. *Magnús ætlar í lýtaaðgerð.*
Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.
f. *Guðrún er sorgmædd.*
Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.
g. *Páll er ekki vinsæll í skólanum.*
Eini **vinurinn hjá** honum er fjórum árum yngri en hann.
h. *Sigurjón má ekki horfa á sjónvarpið eftir 10 á kvöldin.*
Mamman hjá honum bannar honum það.

Hér kennir ýmissa grasa, enda var ætlunin að skoða hvaða hömlur væru á notkun *hjá* í þessari merkingu og hvort þær kynnu að vera að breytast. Yfirlit yfir jákvætt mat þátttakenda í ólíkum aldurshópum er sýnt í töflu 11:

		Aldurshópar						
	Dæmi	**9. b.**	**20–25**	**40–45**	**65–70**	**r**	**p**	**N**
a.	Nýja **bókin hjá** honum er alveg frábær.	**58,1**	58,7	51,3	45,2	.108	**.003**	767
b.	**Gönguskórnir hjá** honum voru of þröngir.	**52,5**	42,9	34,2	25,7	.207	**.000**	765
c.	**Greindin hjá** þeim er ótrúleg.	61,7	62,2	71,9	**76,8**	-.139	**.000**	766
d.	Læknirinn tók mynd af **lungunum hjá** henni.	**34,6**	20,3	15,1	8,0	.243	**.000**	770
e.	**Nefið hjá** honum er svo rosalega stórt.	**44,1**	19,2	10,4	11,5	.318	**.000**	768
f.	**Hundurinn hjá** henni dó á dýraspítalanum í gær.	**45,1**	22,8	20,1	17,6	.179	**.000**	760
g.	Eini **vinurinn hjá honum** er fjórum árum yngri en hann.	27,0	9,2	4,7	5,7	.202	**.000**	766
h.	**Mamman hjá honum** bannar honum það.	10,3	1,5	0,5	4,0	.114	**.002**	767

Tafla 11: **Jákvætt mat** á ýmsum íslenskum dæmum með *hjá* í eignarmerkingu.

Hér er alls staðar tölfræðilega marktækur munur á mati þátttakendanna og hann er í öllum tilvikum nema einu á þá leið að þeir yngstu kunna best að meta dæmin. Aðeins c-dæmið sker sig úr að þessu leyti, hvernig sem á því stendur (varla getur ástæðan verið sú að *greind* sé ókunnuglegt orð fyrir yngri aldurshópana og geri setninguna vafasama fyrir þeim).

Niðurstöðurnar sem koma fram í töflum 9–11 sýna því að notkun forsetningarinnar *hjá* í eignarmerkingu fer vaxandi bæði í færeysku og íslensku. Hún er þó ennþá mun almennari í færeysku en íslensku eins og t.d. má sjá af því að næstum allir íslensku þátttakendurnir (nema 10% úr yngsta aldurshópnum) hafna því að nota *hjá* með skyldleikaorðinu *mamma* en hlutfallið var mun hærra í færeysku, einkum í yngri aldurshópunum (sjá töflu 9).

Yfirlit yfir niðurstöðurnar

Við getum nú dregið saman helstu niðurstöður um þau tilbrigði sem hér voru til skoðunar:

(18) a. „Íslenska orðaröðin“ (V-2) í aukasetningum fær almennt betri dóma í færeysku en oft hefur verið talið þótt V-3 orðaröðin sé þar sjálfgefin, ólíkt íslensku. Þetta er reyndar í samræmi við niðurstöður úr ýmsum nýlegum rannsóknum.

b. Íslenska og færeyska fara að sumu leyti ólíkar leiðir í því að samræma andlagsfall. Hjá sögnum sem geta ýmist tekið með sér þolfall eða þágufall er þágufallið í sókn í íslensku ef sagnirnar fela í sér hreyfingu andlagsins. Þess háttar alhæfingar gætir ekki í færeysku. Þar virðist þolfall á andlagi sækja á þar sem hvort tveggja kemur til greina nema þegar um er að ræða sagnir sem fela í sér aðstoð, svo sem *leiðbeina*.

c. Stílfærsla er almennt vinsælli í íslensku en í færeysku, einkum hjá eldri aldurshópunum. Í íslensku eru yngri aldurshóparnir yfirleitt tregari til að samþykkja stílfærslu en þeir eldri en í færeysku er lítill munur á aldurshópunum að þessu leyti.

d. Bæði Íslendingar og Færeyingar samþykkja setningar með langdrægri afturbeygingu. Hún er þó ekki eins vinsæl og e.t.v. hefði mátt búast við og margir eru hrifnari af persónufornafni en langdrægu afturbeygðu fornafni þar sem um tvennt er að velja, bæði í íslensku og færeysku. Hins vegar gætir tilhneigingar til þess meðal yngri Færeyinga að nota langdrægt afturbeygt fornafn í atvikssetningum og tilvísunarsetningum, en það er nýjung sem ekki virðist hafa náð neinni fótfestu í íslensku. Auk þess má sjá merki um svokallaða

persónuhömlu í færeysku, þ.e. að fornafn annarrar (og þá væntanlega líka fyrstu) persónu geti truflað langdræga afturbeygingu. Slíkt er þekkt úr Asíumálum til dæmis en virðist ekki gæta á sama hátt í íslensku.

e. Notkun *hjá* til að tákna eign virðist vera í sókn í íslensku þótt hún sé ekki orðin eins almenn og í færeysku. Í færeysku virðist þessi notkun enn vera að breiðast út, ef marka má það að yngri þátttakendur í Færeyjum gátu notað *hjá* með ýmsum orðum þar sem þeir eldri voru tregir til þess, t.d. skyldleikaorðum eins og *mamma*.

Sumt af þessum niðurstöðum staðfestir það sem við höfðum grun um áður, en í nokkrum tilvikum komu þær á óvart, eins og bent hefur verið á hér framar.

Lokaorð

Í íslensku og færeysku tilbrigðaverkefnunum voru mun fleiri atriði skoðuð en hér hefur verið sagt frá, eins og áður var nefnt. Verkefnin hafa aukið þekkingu okkar á íslenskri og færeyskri setningagerð og líka skilning okkar á því hvernig ólík tilbrigði á sama sviði geta lifað um lengri eða skemmri tíma innan tiltekins tungumáls og hvernig eitt afbrigði getur sótt fram á kostnað annars. Það varpar áhugaverðu ljósi á eðli málbreytinga og framgang. Íslenska og færeyska eru auðvitað náskyld mál og þess vegna er við því að búast að margt í setningagerð málanna sé mjög líkt. Hins vegar hefur ekki verið svo mikill samgangur milli Íslendinga og Færeyinga að líklegt megi telja að annað málið hafi haft veruleg áhrif á þróun hins. Þess vegna er sérstaklega áhugavert að bera saman þá þróun í setningagerð sem hefur orðið eða er að verða í málunum tveim. Með hliðsjón af því sem hefur verið rakið í þessari grein má nefna þetta:

- Við finnum oft **svipuð tilbrigði** í setningagerð málanna (t.d. tilbrigði í andlagsfalli, tilbrigði í verkaskiptingu persónufornafna og afturbeygðra fornafna).
- Oftast er **verulegur munur** á tungumálunum að því er varðar „vinsældir“ eða útbreiðslu ákveðinna tilbrigða (sbr. V3-röð í aukasetningum, þágufall á andlagi, stílfærsla, *hjá* til að tákna eign).
- Stundum hefur þróunin líka gengið í ólíkar áttir (útbreiðsla þolfalls á andlagi á kostnað þágufalls í færeysku en ákveðin „sérhæfing“ þágufalls á andlagi í íslensku; persónuhamlan í langdrægri afturbeygingu í færeysku).

- Stundum virðist þróunin stefna í sömu átt en þá er hún kannski komin lengra í færeysku (sbr. „útvíkkun“ notkunarsviðs *hjá* í eignar-merkingu).

Hér má sem sé bæði sjá dæmi um hliðstæða (en samt sjálfstæða) þróun en líka merki um gagnstæða eða ólíka þróun. Hvort tveggja er áhugavert fyrir þá sem vilja velta fyrir sér eðli málbreytinga. Sumir málfræðingar hafa nefnilega tilhneigingu til þess að líta svo á að málbreytingar hljóti í flestum tilvikum að stafa af áhrifum eins máls á annað. Ef þróun í einu máli stefni í sömu átt og þróun í nágrannamáli sé langlíklegast að um sé að ræða máláhrif. Samkvæmt því ætti t.d. vaxandi útbreiðsla *hjá* í eignarmerkingu í íslensku að stafa af færeyskum áhrifum. Það getur þó varla talist líklegt. Enn ólíklegra verður að telja að uppkoma persónuhömlunnar á langdrægri afturbeygingu í færeysku geti verið til komin vegna áhrifa frá kóresku eða kínversku. Ekki verður heldur séð að sú merkingarlega sérhæfing sem finna má í þróun þágufalls sem andlagsfalls í íslensku geti stafað af áhrifum frá einhverju nágrannamáli því þar er þágufall ýmist horfið eða á undanhaldi sem andlagsfall. Að þessu leyti má draga almenna lærdóma um tilbrigði og málbreytingar af þeim samanburði færeysku og íslensku sem hér hefur verið sagt frá.

HEIMILDIR

Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Barnes, Michael P. 1986. Reflexivisation in Faroese: A Preliminary Survey. *Arkiv for nordisk filologi* 101: 95–126. [Einnig hjá Barnes 2001.]

Barnes, Michael P. 2001. *Faroese Language Studies*. Studia Nordica 5. Novus, Osló.

Barnes, Michael P. og Eivind Weyhe. 1994. Faroese. Ekkehard König og Johan van der Auwera (ritstj.): *The Germanic Languages*, bls. 190–218. Routledge, London.

Bentzen, Kristine, Piotr Garbacz, Caroline Heycock og Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2009. On Variation in Faroese Verb Placement. *Nordlyd* 36(2): 78–102. [*NORMS Papers on Faroese.*]

Einar Freyr Sigurðsson. 2006. *Tölvan hjá mér er biluð*. Notkun forsetningarinnar *hjá* í eignarmerkingu. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Field, Andy. 2005. *Discovering Statistics Using SPSS*. 2. útgáfa. Sage Publications, London.

Henriksen, Jeffrei. 2000. *Orðalagslæra*. Sprotin, Tórshavn.

Heycock, Caroline, Antonella Sorace og Zakaris Svabo Hansen. 2010. V-to-I and V2 in Subordinate

Clauses: An Investigation of Faroese in Relation to Icelandic and Danish. *Journal of Comparative Germanic Syntax* 13: 61–97.

Heycock, Caroline, Antonella Sorace, Zakaris Svabo Hansen, Sten Vikner og Frances Wilson. 2012. Detecting the Late Stages of Syntactic Change: The Loss of V-to-T in Faroese. *Language* 88(3): 558–600.

Heycock, Caroline, Antonella Sorace, Zakaris Svabo Hansen og Frances Wilson. 2013. Acquisition in Variation (and Vice Versa): V-to-T in Faroese Children. *Language Acquisition* 20(1): 5–22.

Holmberg, Anders, og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, Oxford.

Huang, C.T. James, og C.C. Jane Tang. 1991. The Local Nature of the Long-Distance Reflexive in Chinese. Jan Koster og Eric Reuland (ritstj.): *Long-Distance Anaphora*, bls. 263–282. Cambridge University Press, Cambridge.

Höskuldur Þráinsson. 2001. Syntactic Theory for Faroese and Faroese for Syntactic Theory. Kurt Braunmüller og Jógvan í Lon Jacobsen (ritstj.): *Moderne lingvistiske teorier og færøsk*, bls. 89–124. Novus, Osló.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Sigrún Steingrímsdóttir og Þórhallur Eyþórsson. 2013. Efnissöfnun og aðferðafræði. Höskuldur Þráinsson o.fl. (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* I, bls. 19–68. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35: 57–127.

Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* II, bls. 33–76. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese – An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Tórshavn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Fyrst útg. 2004 hjá Føroya Fróðskaparfelagi, Tórshavn.]

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* I. Markmið, aðferðir og efniviður. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði*

í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Jonas, Dianne. 1996. Clause Structure, Expletives and Verb Movement. Werner Abraham, Samuel D. Epstein, Höskuldur Thráinsson og C. Jan-Wouter Zwart (ritstj.): *Minimal Ideas*, bls. 167–188. John Benjamins, Amsterdam.

Jóhanna Barðdal. 2001. *Case in Icelandic – A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach*. Doktorsritgerð, Lundarháskóla, Lundi.

Jóhannes Gísli Jónsson. 1991. Stylistic Fronting in Icelandic. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 48: 1–44.

Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Íslensk tunga III. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. Verb Classes and Dative Objects in Insular Scandinavian. Jóhanna Barðdal og Shobhana Chelliah (ritstj.): *The Role of Semantic, Pragmatic and Discourse Factors in the Development of Case*, bls. 203–224. John Benjamins, Amsterdam.

Kim, Soo-Yeon. 2004. A Language Typology in Anaphoric Dependency: Evidence from Chinese, English, Japanese, Icelandic and Korean. *Journal of Universal Language* 5: 37–73.

Maling, Joan. 1980. Inversion in Embedded Clauses in Modern Icelandic. *Íslenskt mál* 2: 175–193.

Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic. *Íslenskt mál* 24: 31–105.

Petersen, Hjalmar P. 2000. IP or TP in Modern Faroese. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 66*:* 75–83.

Strahan, Tania E. 2009a. Faroese Long-Distance Reflexives Face off Against Icelandic Long-Distance Reflexives. *Nordlyd* 36(2): 114–141. [*NORMS Papers on Faroese.*]

Strahan, Tania E. 2009b. Outside-in Binding of Reflexives in Insular Scandinavian. Miriam Butt og Tracy Holloway King (ritstj.): *Proceedings of LFG09*, bls. 541–561. CSLI Publications, Stanford. [Aðgengilegt á Netinu á http://cslipublications.stanford. edu/LFG/ 14/ papers/ lfg09strahan.pdf.]

Strahan, Tania E. 2011. Antecedent-based Approach to Binding in Icelandic and Faroese. *Nordlyd* 37: 151–166.

Vikner, Sten. 1995. *Verb Movement and Expletive Subjects in the Germanic Languages*. Oxford University Press, Oxford.

SUMMARY

This paper describes some of the results of two related research projects studying syntactic variation in Icelandic and Faroese. The variants discussed in this paper are the following:

- **Word order in embedded clauses**. The Icelandic order finite verb–adverb turned out to be more commonly accepted in Faroese than often assumed.
- **Object case**. There is tendency to generalize the dative on objects denoting (moving) themes in Icelandic but not in Faroese, where the accusative has gained ground. But the dative seems robust in Faroese on the objects of verbs of helping or assisting.
- **Stylistic fronting**. This construction is more generally accepted in Icelandic than Faroese, especially by older speakers.
- **Long-distance reflexives**. They are accepted in both languages, although there is some evidence of a 'blocking effect' (blocking or intervention of second-person pronouns) in Faroese, as in some Asian languages. But there is also some evidence for extension of long-distance reflexivization in in Faroese, namely in adverbial and relative clauses. This is not acceptable in Icelandic.
- **The preposition *hjá* 'at, with, by' denoting possession**. The use of this preposition seems to be developing into a default possessive marker in Faroese and there is some evidence that a similar development is beginning in Icelandic.

As can be seen by this overview, the development is in some instances heading in different directions (different ways of generalizing object case, different development in long distance reflexives) but sometimes in the same direction, with Faroese leading the way (development of the preposition *hjá* as a possessive marker). Many more instances of variation were studied in the research projects reported on here and the results shed light on the nature of variation and syntactic change.

ÚTDRÁTTUR

Í þessar grein er sagt frá nokkrum niðurstöðum úr tveim tengdum rannsóknarverkefnum þar sem tilbrigði í íslenskri og færeyskri setningagerð voru til skoðunar. Fjallað er um eftirtalin tilbrigði í málunum tveim:

- **Orðaröð í aukasetningum**. Íslenska röðin „persónubeygð sögn á undan atviksorði“ reyndist oftar talin eðlilegt mál í færeysku en oft er gert ráð fyrir í lýsingum á færeyskri setningagerð.
- **Andlagsfall**. Í íslensku gætir tilhneigingar til þess að alhæfa þágufall á andlagi sem vísar til svokallaðs þema, einkum ef um er að ræða einhverja hluti sem hreyfast eða eru hreyfðir, en samsvarandi tilhneigingar gætir ekki í færeysku. Þar sækir þolfallið frekar fram á kostnað þágufallsins. Þágufall stendur þó sterkt í færeysku þegar um er að ræða fall á andlagi sagna sem merkja „hjálpa“ eða hafa skylda merkingu.
- **Stílfærsla**. Hún virðist almennari í íslensku en færeysku, einkum meðal fólks af eldri kynslóðinni.
- **Langdræg afturbeyging**. Svonefnd langdræg afturbeygð fornöfn eru oft eðlileg í báðum málum. Í færeysku má þó finna nokkur merki um að fornöfn annarrar persónu trufli langdræga afturbeygingu, líkt og í kínversku til dæmis. Á hinn bóginn virðist tilhneiging til að samþykkja langdræga afturbeygingu í færeyskum tilvísunarsetningum og atvikssetningum í tilvikum þar sem hún getur ekki gengið í íslensku.
- **Forsetningin *hjá* í eignarmerkingu**. Notkun þessarar forsetningar er á góðri leið með að verða almenn eða sjálfgefin sem eignartáknun í færeysku. Sama forsetning virðist líka vera að sækja í sig veðrið í því hlutverki í íslensku þótt þróunin sé komin mun skemmra á veg þar.

Eins og þetta yfirlit sýnir stefnir þróun þessara tveggja mála stundum í ólíkar áttir (ólík þróun andlagsfalls, mismunandi þróun langdrægrar afturbeygingar) en stundum í sömu átt. Þegar þróunin er svipuð er hún stundum komin lengra í færeysku (sbr. notkun forsetningarinnar *hjá* til að tákna eign). — Mörg fleiri tilbrigði voru skoðuð í þeim rannsóknarverkefnum sem hér er sagt frá og þróun þeirra, og samanburður málanna, varpar oft áhugaverðu ljósi á eðli tilbrigða og setningafræðilegra breytinga almennt.

VIÐAUKI

Færeyski skýringartextinn sem var lesinn fyrir þátttakendur í yfirlitskönnununum.

Til luttakaran (umsjónarfólkið lesur hendan tekst fyri luttakarunum):
Føroyskt mál er fjølbroyttari enn vit geva okkum far um. Málið nú á døgum er ikki eins og fornmálið, fólk hava ymiskan framburð treytað av hvar í landinum tey búgva, ung

fólk tosa øðrvísi enn ommur og abbar teirra o.s.fr. Ofta eru tveir ella fleiri møguleikar at velja millum tá ein tosar. T.d. kunnu helst øll siga ***Húsini hjá honum*** *lógu eitt sindur avsíðis*, ella ***Hús hansara*** *lógu eitt sindur avsíðis*. Í øðrum førum er bert ein møguleiki. T.d. ber ikki til at siga ***hús*** *hjá honum*, tað má vera ***húsini*** *hjá honum*. Hin vegin er natúrligt at siga ***hús*** *hansara*, men ónatúrligt ella ómøguligt at siga ***húsini*** *hansara*.

Endamálið við hesi kanning er at hyggja at ymiskum tilbrigdum í setningagerð, at kanna hvussu útbreiðslan av teimum er og um munir eru landafrøðiliga og eftir aldri. Leggið til merkis at:

- Kannað verður ikki hvat fólk hava **lært** um málbrúk í skúlanum ella aðrastaðni, men bert hvat tey **halda seg** siga ella høvdu **kunnað** sagt.
- Ætlanin er heldur ikki at savna vitan um, hvat fólk hava lært er góður **stílur** ella hóskar seg best tá ein **skrivar**. Mong hava kanska lært, at ein eigur at skriva *Tveir áskoðarar fingu skaða* heldur enn *Tveir áskoðarar komu til skaða*, men kanningin snýr seg ikki um hetta.
- Í hesi kanning verður dentur lagdur á **talumál**.

Leggið at enda til merkis, at nøvn á luttakarum ikki verða nýtt í tí, ið kunngjørt verður um kanningina. Tey verða bert goymd á serstøkum blaði, til tess at lætt skal vera at koma í samband við luttakararnar um onkrir spurningar stinga seg upp seinni.

ZAKARIS SVABO HANSEN

Máltøka í broyting. Sagnorðsflyting hjá føroyskum børnum

Henda grein hyggur nærri at eini variatión í orðarað í eykasetningum, sum hevur vakt ans, tí at smá børn halda fast við gamalt orðarað, sum annars millum vaksin tykist vera á veg út. Viðgerðin byggir á kanningar, sum høvundurin gjørdi saman við Caroline Heycock og Antonellu Sorace.

Eitt stíleyðkenni, sum serliga er at finna í bókum eftir Heðin Brú, snýr seg um, hvørjumegin finitta sagnorðið noktanin *ikki* stendur í eykasetningum. Her er eitt dømi, sum skal lýsa hetta: „Alt í einum vaknar hann við (…), at tað *eru ikki* haldfólkini, men tey ungu, sum ráða fyri borgum (…)“. Noktanin stendur høgrumegin sagnorðið. Mong høvdu ivaleyst líka gjarna valt orðaraðið „(…) at tað *ikki eru* haldfólkini (…)“, og tað er uttan iva eisini tað vanligara í nútíðarføroyskum. Í fleiri ár hava málgranskarar kannað hetta fyribrigdið nærri og hava roynt at avdúka, hvat hesin ymiskleiki í orðalag byggir á. Spurt hevur verið, um tað hevur nakað við ávís bygdarmál at gera. Ella skal orsøkin finnast í muni millum ættarlið? Tað kundi hugsast, at tilkomin og gomul høvdu lyndi at halda seg til tað gamla orðalagið lýst í dømi sum „at tað *eru ikki* (…)“, meðan hitt vinnur frama millum yngra fólkið. Onkur hevur hildið fram, at gamla orðalagið („at tað *eru ikki*“) ikki longur er virkin partur av málløruni hjá ungum fólki og at tey ikki natúrliga seta setningar saman á slíkan hátt. Nýggjar kanningar hava tó givið ábendingar um, at myndin er ikki heilt so einføld, tí tað gamla orðaraðið er staðfest at vera nærum eins vanligt og tað nýggjara millum børn undir skúlaaldri, men hvørvur so skjótt, eftir at tey eru farin í skúla.

Orðarað í broyting

Í spurninginum um orðalag er føroyskt í eini millumstøðu, um samanborið verður við grannamálini. Øðrumegin hava vit íslendskt, sum varðveitir sama orðarað í høvuðs- og eykasetningi, soleiðis at raðfylgið millum sagnorðið og

„ikki“ (ella setningshjáorð) er eins í báðum førum, samanber t.d. „Hann *var ikki/valla* komin í gjárkvøldið“ og „Eg haldi, at hann *var ikki/valla* komin í gjárkvøldið“. Hinumegin hava vit skandinavisku málini norskt, svenskt og danskt, sum í eykasetninginum hava noktanina undan sagnorðinum: „Eg haldi, at hann *ikki var* komin í gjárkvøldið“. Í føroyskum staðfesta vit skjótt, at báðir møguleikarnir í eykasetninginum („(…), at hann var ikki komin (…)“ og „(…), at hann ikki var komin (…)“) kunnu roknast sum málsligа rættir. Spurningurin er bara: er hetta púrasta valfrítt ella knýtir ymiskleikin í orðalag seg til ávísar bólkar av fólki ella til ávís sløg av eykasetningum?

Undanfarnar kanningar

Ein kanning, sum Hjalmar P. Petersen gjørdi í 2000 um hesi viðurskifti, staðfestir, at føroyskir miðnámsnæmingar um 20 ára aldur „halda ikki, at orðaraðið sagnorð-noktan í afturbeindum eykasetningum og óbeinleiðis spurningum er í samsvari við teirra egnu málløru, men heldur hoyrir til skrivað føroyskt“ (Petersen 2000, s. 83, mín týðing). Ein annar granskari er av somu áskoðan. Sten Vikner skjýtur upp, at orðaraðið sagnorð-noktan kann vera ein leivd, sum er knýtt at skriftmáli (Vikner 1995, s. 150). Hetta førir til ta hugsanina, at børn, áðrenn tey duga at lesa, skuldu gjørt minni av setningum við hesum orðarað og skuldu hildið tað verið minni góðtakandi enn fólk, sum eru meira í sambandi við skrivað mál og lestur sum heild. Hinvegin vísa dømi frá vaksnum, at tey brúka orðaraðið sagnorð-noktan sera sjáldan, og tað bendir á, at lesi- og skrivikunnleiki og samband við skrivað mál ávirkar ikki, hvat orðarað fólk velja framum í sínum máli.

Føroyskt orðarað í broyting

Øll tey norðurlendsku málini hava ta skipan, at tey hava umsøgnina standandi á øðrum plássi í høvuðssetningum, sum eru vanligir søgusetningar. Men í einum er tó munur ímillum málini og tað er, at íslendskt varðveitir somu liðskipan eisini í eykasetningum, har ið skandinavisku málini í grundregluni seta setningshjáorðini fram um umsøgnina, t.e. vinstrumegin. Tað vísir seg m.a. við støðuni, sum noktanin „ikki“ og setningshjáliðir taka í eykasetningum.

Sostatt er tað soleiðis, at ein einfaldur høvuðssetningur í íslendskum vísir sama orðarað sum samsvarandi setningur í donskum, men í eykasetningum er orðaraðið ólíkt í t.d. íslendskum og donskum.

1.	a.	Elín (hefur) ekki (*hefur) lesið bréfið.	íslendskt
	b.	Tove (har) ikke (*har) læst brevet.	danskt

2. a. Þetta er bréfið sem Elín (hefur) ekki (*hefur) lesið. íslendskt
   b. Dette er brevet, som Tove (*har) ikke (har) læst. danskt

Ein einføld greining av mynstrunum í 1–2 omanfyri er, at meðan finitta sagnorðið (t.e. tað setningsmyndandi sagnorðið) bæði í íslendskum og donskum flytur seg til sambindingarplássið (sonevnda C) í høvuðssetningi, so flytur finitta sagnorðið seg í eykasetningi í íslendskum til plássið við tíðarbending (sonevnda T), men í donskum verður tað verandi í sagnheildini (VP). Í grundini eigur eitt, sum fløkir málið nakað, at verða nevnt beinanvegin: meðan S2 (t.e. finitt sagnorð á øðrum plássi) er útilokað í meginlandsskandinaviskum (donskum, norskum, svenskum) í flestum sløgum av eykasetningum, er tað kortini so, at tað er møguligt í at-setningum í einum undirbólki av ikki-negativum, ikki-faktivum sagnorðum eins og at *siga*, *halda* ella *vita*. Hetta fyribrigdið við finittum sagnorði á 2. plássi í eykasetningum (á enskum nevnt „embedded V2"), kann lýsast við dømi úr donskum, har ið hesar báðar útgávur av setninginum eru rættar:

3. Vi ved, at Bo (har) ikke (har) læst denne bog.

Tað er nógv sum bendir á, at føroyskt í eykasetningum er farið ígjøgnum eitt skifti frá einari skipan líkari teirri íslendsku, har ið finitta sagnorðið flytur seg vinstrumegin noktan og setningshjálið til eina skipan líkari teirri donsku (og norsku og svensku), har ið finitta sagnorðið verður standandi høgrumegin. Tó vil Dianne Jonas (1996) vera við, at fyri summi – serliga tilkomin fólk – vóru bæði orðarød í eykasetningum møgulig, tó við greiðari helling mótvegis orðaraðnum, har ið sagnorðið stendur høgrumegin noktan/hjáorð.

4. Hetta er brævið, sum Elin (%hevur[1]) ikki (hevur) lisið.

Tó er týðilig ósemja um støðuna hjá S-til-T millum teirra, sum í dag mynda málið. Her skal vera sagt frá úrslitum í grammatiskum dømingum og tilgjørdum framleiðslum í eykasetningum hjá 5–10 ára gomlum børnum. Vit skulu vísa tað mótsetta til tað, sum vit skuldu væntað, tá havt verður í huga, at broytingin frá S-til-T í føroyskum annars sýnist at vera burtur. Børn undir skúlaaldri vísa fleiri dømi um hetta „gamla" orðarað enn eldri børn og vaksin fólk gera. Hetta verður samanborið við dømi úr skandinaviskum málum, har ið líknandi mynstur eru sædd, og gjørdar verða nakrar fyribils niðurstøður um

1 % markar, at minni undirtøka er fyri hesum orðarað.

orsøkina til henda munin millum vaksin og børn, og fløkjuna áðrenn søguligu broytingina, sum er farin fram.

Hvørvandi møguleiki fyri sagnorðsflyting hjá vaksnum

Eftir arbeiðið hjá Jonas í 1996 hava granskarar verið á ymiskum máli um støðuna hjá sagnorðsflytingini S-til-T í nútíðarføroyskum. Eitt nú vilja Sten Vikner og Hjalmar P. Petersen vera við, at S-til-T ikki longur er partur av móðurmálsmállæruni, í hvussu er ikki hjá teimum, sum eru fødd eftir 1960; men Höskuldur Þráinsson vil vera við, at S-til-T verður verandi ein (minni brúktur) møguleiki, eisini fyri henda bólkin av fólki. Okkara egna tilfar, har ið vaksin fólk døma um ymisk sløg av setningum, vísir, at stórur meiriluti er fyri orðaraðnum noktan-sagnorð í eykasetningum í sambondum, har ið S2 í eykasetningum („embedded V2„) annars er roknað at vera útilokað, men at undirtøka kortini í ein ávísan mun er fyri, at „gamla“ orðaraðið eisini kann roknast fyri at vera rætt.

Sum bakstøði til kanningarnar av barnamáli vildu vit sjálvsagt hava góðar upplýsingar um, hvussu málsligа ávirkanin frá teimum vaksnu er. Tíverri var trupult at fáa hendur á nóg nógvum viðkomandi samteksti, og í tí útskrivaða talukorpusi, sum vit hava, er bara avmarkað nøgd av dømum við S-til-T í óformligari talu. Sum part av okkara verkætlan gjørdu vit videoupptøkur í 4 familjum, har ið vaksin og børn tosaðu saman, og vit hava higartil útskrivað uml. 170 minuttir av talu. Í partinum við vaksnamannatalu funnu vit 18 dømi um eykasetningar við noktan. Úrslitini eru samandrigin í Talvu 1. Vit hava býtt setningarnar í undirbólkar eftir slagi av eykasetningum.

Slag av eykasetningi	**Sagnorð–Noktan**		**Noktan–Sagnorð**		**Tils.**
sagnareykasetn.	4	67%	2	33%	6
orsakareykasetn. við *tí*	2	100%	0	0%	2
aðrir hjáorðseykasetn.	1	50%	1	50%	2
óbeinleiðis spurningur	0	0%	2	100%	2
afturbeindur eykas.	0	0%	4	100%	4
treytareykasetningur	0	0%	2	100%	2
Til samans	7	39%	11	61%	18

Talva 1: eykasetningar við noktan: vaksin tala við børn

Av tí at tilfarið er so avmarkað, løgdu vit tilfar aftrat úr størsta savninum av samtíðar markaðum føroyskum teksti, sum í løtuni er tøkur, Corpuseye, sum inniheldur uml. 206.000 orð úr *Sosialinum* og føroysku útgávuni av Wikipedia.

Haraftrat leitaðu vit í uml. 289.000 orðum frá samrøðum, sum Jógvan í Lon Jacobsen gjørdi og útskrivaði í sambandi við sítt doktaraarbeiði. Vit leitaðu eftir øllum dømum við noktanini *ikki* og valdu síðan allar eykasetningar burturúr. Talva 2 tekur saman um úrslitini frá skrivaðum tekstum í Corpuseye og Talva 3 um úrslitini frá útskrivaðu samrøðunum.

Slag av eykasetningi	**Sagn–Nokt**		**Nokt–Sagn**		**Tils.**
sagnareykasetn.	77	39%	120	61%	197
orsakareykasetn. við *tí*	23	77%	7	23%	30
aðrir hjáorðseykasetn.	1	3%	36	97%	37
óbeinleiðis spurningur	0	0%	14	100%	14
styrkjandi sambinding (*so X at –)*	7	35%	13	65%	20
afturbeindur eykasetn.	1	1%	91	99%	92
treytareykasetn.	1	4%	25	96%	26
Til samans	110	26%	306	74%	416

Talva 2: eykasetningar við noktan: skrivaðir tekstir

Slag av eykasetningi	**Sagn–Nokt**		**Nokt–Sagn**		**Tils.**
sagnareykasetn.	84	45%	104	55%	188
orsakareykasetn. við *tí*	69	68%	33	32%	102
aðrir hjáorðseykasetn.	1	2%	55	98%	56
óbeinleiðis spurningur	0	0%	7	100%	7
styrkjandi sambinding (*so X at –)*	8	80%	2	20%	10
afturbeindur eykasetn.	3	2%	147	98%	150
treytareykasetn.	3	2%	142	98%	145
Til samans	168	26%	490	74%	658

Talva 3: eykasetningar við noktan: munnligar samrøður

Úrslitini frá teimum skrivaðu tekstunum og samrøðuútskriftunum eru sera lík og samsvara eisini við dáturnar frá beinleiðis taluni við børn. Tað er ein týðandi nøgd av orðaraðnum sagnorð-noktan í sagnareykasetningum, í hjáorðseykasetningum við *tí* og í setningum, sum lýsa „stigvísa avleiðing" eins og í „Hann var so tjúkkur, at hann passaði ikki ígjøgnum hurðina", men tað eru alt samtekstir, har sum vit vita, at S2 er møguligt, so vit kunnu ikki vera vís í, at hetta eru dømi um S-til-T (Heycock et al. 2010, Heycock et al. 2012). Í óbeinleiðis spurningum eru eingi dømi um orðaraðið sagnorð-noktan, hvørki í beinleiðis talu hjá børnum ella í tekstum. Í skrivligum tilfari og samrøðuútskriftum, har ið tilfarið er rúgvismeiri, kemur orðaraðið sagnorð-noktan sera sjáldan fyri. Hóast vit gjarna vildu havt meira tilfar serliga við

beinleiðis talu frá børnum sýnist tað at vera rímiligt at gera ta niðurstøðu, at í málsligari ávirkan frá vaksnum til børn eru í besta føri sera fá dømi um sagnorðsflyting í slíkum samtekstum.

Ein hugsandi kelda til variatión hjá børnum er „gamalt" orðarað í ævintýrum. Summir granskarar eru ivasamir, um slíkt hevur nakra ávirkan, tá ið børn mynda sína mentalu mállæru, men tað er møguligt, at børn í sambandi við ávegis variatión og broyting eru ávirkiligari fyri markaðum ella avløgdum bygnaðum og tí ikki útihýsa teimum úr sínum máli. Fyrispurningar hjá barnagarðslærarum bendu á, at ein tann bókin, sum (í hvussu er, tá ið kanningarnar vórðu gjørdar) var mest útbreidd og lisin fyri smáum børnum, er eitt Grimms savn við ævintýrum, *Ævintýrbókin*, sum tríggir føroyskir týðarar hava týtt. Ein av hesum týðarum var rithøvundurin Heðin Brú, ið sum longu nevnt brúkar gamla orðaraðið (við sagnorðsflyting) í nógv størri mun enn hansara samtíðarmenn, og tað sæst í grundini aftur í savninum. Talva 4 gevur ein samandrátt fyri øll ævintýrini undir einum, men nærum øll dømini við sagnorði-noktan/hjáorði stava frá ævintýrum, sum Heðin Brú týddi.

Slag av eykasetningi	**Sagnorð–Nokt./hjáorð**		**Noktan/hjáorð–Sagnorð**		**Tils.**
sagnareykasetn.	8	80%	2	20%	10
orsakareykasetn. við *tí*	7	78%	2	22%	9
aðrir hjáorðseykasetn.	5	50%	5	50%	10
óbeinleiðis spurningur	0	0%	0		0
styrkjandi sambinding (*so X at –)*	7	100%	0	0%	7
afturbeindur eykasetn.	0	0%	4	100%	4
treytareykasetn.	3	50%	3	50%	6
Til samans	30	65%	16	35%	46

Talva 4: eykasetningar við noktan/hjáorði: *Ævintýrbókin*

Sum talvan vísir, hava dømini við orðaraðnum sagnorð-noktan/hjáorð nógv størri títtleika í hesum tekstum enn í øðrum pørtum av tilfarinum, men sjálvandi er samlaða talið á dømum sera lítið. Hóast tølini eru smá, so hoyra børn, sum lurta eftir hesum søgum, dømi um hesar bygnaðir. Um hetta kann hugsast at ávirka teirra grammatisku menning sum heild, er tó ilt at siga.

Máltøka av eykasetningsorðarað

Í kanning síni frá 2000 staðfesti Hjalmar P. Petersen, at teir føroysku miðnámsskúlanæmingarnir, sum hann kannaði og sum í miðal vóru um 20 ára aldur,

„halda ikki orðaraðið sagnorð-noktan í afturbeindum setningum og óbeinleiðis spurningum vera ógrammatiskt, men at tað heldur hoyrir til skrivað føroyskt.“ Sten Vikner (1995) bendir eisini á, at orðaraðið sagnorð-noktan nú man vera ein leivd, sum er knýtt at skrivaðum máli. Tað førir til hugsanina um, at børn, áðrenn tey duga at lesa, skuldu gjørt minni av setningum við hesum orðarað og skuldu havt minni lyndi til at góðtikið tað enn fólk, sum eru meira í sambandi við skrivað mál og lestur sum heild. Hinvegin vísa dømi frá vaksnum, at tey brúka orðaraðið sagnorð-noktan sera sjáldan, og tað bendir á, at lesi- og skrivikunnleiki og samband við skrivað mál ávirkar ikki, hvat orðarað fólk velja framum í sínum máli.

Dømi eru tó um, at børn og ung, sum læra skandinavisk mál, har ið møguleikin fyri sagnorðsflyting (S-til-T) er horvin, kortini gera eykasetningar við sagnorðinum settum „høgt“, t.e. vinstrumegin noktan/hjáorð, eisini har ið tað er ógrammatiskt fyri vaksin.

Svenskar kanningar vísa, at henda ovuralgilding av orðaraðnum sagnorð-noktan er burtur, tá ið børnini eru vorðin 4 ára gomul. Waldmann (2008), sum gjørdi kanningar við svenskum børnum, ger ta niðurstøðu við støði í egnum tilfari og tilfari hjá øðrum, at „hóast einstaklingsbundin variatión kann vera stór, so sýnist tað kortini at vera so, at tey svensku børnini, sum vórðu kannað, høvdu sagnorðið á sama plássi sum vaksin í meginpartinum av sínum eykasetningum, longu tá ið tey júst vóru farin um 3 ára aldur. Tá ið tey vóru 3;3 – 4;0 høvdu tey bara í undantaksføri sagnorðið undan noktan“.

Kanning av føroyskum børnum

Okkara kanning fevndi um 41 føroysk børn. Av teimum máttu 3 leggjast burturúr, tí at tey megnaðu ikki at gera royndina. Hini 38 vórðu býtt í 3 aldursbólkar: 5–6 ára gomul (tvey ár undan skúlabyrjan; 12 børn); 6–7 ára gomul (eitt ár undan skúlabyrjan; 10 børn); 9–10 ára gomul (tvey ár eftir skúlabyrjan; 16 børn). Vit gjørdu tvey sløg av royndum við teimum. Í aðrari royndini skuldu tey fáast at siga nakað sjálv og í hinari skuldu tey siga sína meining um nakrar setningar, sum tey hoyrdu. Øll børnini fullførdu ta fyrru royndina, men ikki øll ta seinnu: 9 í yngsta bólkinum, 9 í miðbólkinum og 14 í elsta bólkinum.

Tilfar og háttalag

Í royndini, har ið tey skuldu døma um setningar, skuldi hvørt barnið sær síggja nøkur fylgjandi teknifilmsbrot við kendum teknisøgupersónum. Børnini fingu at vita, at hesir persónar skuldu læra seg føroyskt, men at teir viðhvørt gjørdu

mistøk. Eftir hvørt filmsbrot vórðu tey spurd, um tann síðsti persónurin, sum tosaði, tosaði rætt ella skeivt.
Royndin byrjaði við eini kunning, har ið vit gjøgnumgingu tvey grammatisk og tvey ógrammatisk dømi. Tað vóru seks dømi av hvørjum við ávikavist sagnorð-noktan og noktan-sagnorð orðarað í spurnareykasetningum; sum ífylla vóru 7 grammatiskir setningar við og uttan fyribils grundlið („tað“) og 5 ógrammatiskir setningar, sum høvdu ymsar aðrar óviðkomandi feilir viðvíkjandi kyni og orðarað.

Framferðarhátturin í hinari royndini var í stuttum hesin: Tann, ið stóð fyri kanningini, las eina søgu fyri barninum og segði, at aftaná skuldi barnið spyrja pedagogin, mammuna ella hjálparan, sum kendi søguna, men tó ikki mintist alt so væl, nakrar spurningar um søguna. Teir báðir yngstu bólkarnir hoyrdu somu søgu (eina søgu um Pippi langsokk), men ein onnur søga varð brúkt til elsta bólkin (ein søga um Herviliga Henry). Tá ið søgan var lisin, kom pedagogurin, mamman ella hjálparin inn og so varð barnið mint á ymist í søguna og biðið um at spyrja, um tær mintust hetta og hitt. Einasta treyt var, at fyri at fáa svar skuldu børnini byrja spurningin við „minnist tú“ – og tað varð eyðvitað gjørt, fyri at burturúr skuldu spyrjast spurnareykasetningar. Spurnarorðið var altíð hví, tí tað hóskaði best við noktanina.



Talva 5: Setningar hjá børnum: mettir og sagdir

Viðgerð og úrslit
Stabbarnir á Talvu 5 vísa miðallutfallið av positivum metingum av óbeinleiðis spurningum við sagnorð-noktan orðarað, noktan-sagnorð orðarað og av ógrammatiskum eftirlitssetningum, tá ið børnini skuldu meta um sagdar setningar. Strikumyndin vísir lutfallið av orðaraðnum sagnorð-noktan í setningum, sum børnini sjálv søgdu. Avmyndanirnar vísa, at tá ið børnini

skuldu meta um setningar, var yvirhøvur meiriluti fyri orðaraðnum noktan-sagnorð, men hetta økist við aldrinum, bæði so at noktan-sagnorð orðaraðið verður meira góðtikið (tó at tað byrjar á høgum stigi, góðtikið við einum miðaltali upp á 77% av tí yngsta bólkinum, vaksandi til 96% í tí elsta), og tí at sagnorð-noktan orðarað verður minni góðtikið (fallandi frá miðaltali upp á 63% í yngsta bólkinum til 26% í tí elsta). Hesir varhugar eru staðfestir í samanberingargreiningum. Tað er týðiligt, at negativt samsvar er ímillum aldur (í mánaðum) og lutfall av at góðtaka orðaraðið sagnorð-noktan. Og týðiliga positivt samsvar ímillum aldur og lutfall av at góðtaka noktan-sagnorð. Haraftrat er týðiligt samsvar ímillum aldur og munin í lutfalli millum at góðtaka sagnorð-noktan og noktan-sagnorð. Tað staðfestir, at styrkin í tí, sum børnini velja framum, veksur við aldrinum.

Í tí, sum børnini sjálv søgdu, høvdu teir báðir yngru bólkarnir orðaraðið sagnorð-noktan í meðal í ávikavist 52% og 49% av førunum; í elsta bólkinum vóru børnini púra avgjørd um bara at nýta orðaraðið noktan-sagnorð. Av til samans 99 óbeinleiðis spurnareykasetningum við noktan í elsta bólkinum var eittans dømi um orðaraðið sagnorð-noktan.

Her er dømi um tað, sum børnini søgdu:

Minnist tú, hví Pippi ikki dugir at skriva?

Minnist tú, hví Pippi liggur ikki í seingini sum onnur børn?

Minnist tú, hví at Pippi tímdi ikki at vaska gólv?

(úr yngsta bólkinum):

Minnist tú, hví Pippi ikki tímdi at vaska gólv sum hini?

Minnist tú, hví hon liggur ikki rættan veg í seingini?

(úr miðbólkinum):

Minnist tú, hví mamman ikki kláraði at vaska hárið á Henry?

(úr elsta bólkinum):

Teir báðir yngru bólkarnir vístu einki tekin um, at teir valdu annað orðaraðið fram um hitt, og heldur eingin ábending var um, at aldur hevði nakra ávirkan,

og sostatt heldur ikki um, at nakað samspæl var ímillum aldur og orðarað hjá teimum yngru bólkunum.

Tann sannroyndin, at teir tveir yngstu bólkarnir høvdu orðaraðið sagnorð-noktan í um leið 50% av førunum, bendir á, at tað, at tey í sínum metingum eisini góðtóku lutfalsliga nógvar av setningunum við hesum sama orðarað, nýtist ikki at verða tulkað, sum at hesin parturin av royndini var ov trupul fyri tey. Tað er eisini týdningarmikið at geva sær far um, at hesi børn sum heild vraka teir ógrammatisku eftirlitssetningarnar, og tað vísir so eisini, at tey vóru før fyri at meta um setningarnar.

Eftirkannað varð, um slagið av sagnorði (høvuðssagnorð mótvegis hjálpar-sagnorði) hevði nakra ávirkan á, um sagnorðið stóð undan ella eftir noktanina í tí, sum børnini søgdu. Tølini fyri teir báðar yngru bólkarnar eru í Talvu 6 (elsti bólkurin er ikki tikin við her, tí har var valið so einvíst).



Talva 6: Sagnorð-Noktan í teimum tveimum yngstu bólkunum

Mótsett øllum tí, sum væntað var – at børn undir skúlaaldri fóru at vísa færri dømi um sagnorð-noktan – vísa úrslitini í roynd og veru, at børn upp til 7 ára aldur bæði góðtaka og gera munandi fleiri setningar við hesum orðarað enn tey, sum eru 9–10 ára gomul. Hetta bendir á somu gongd, sum eisini hevur verið víst á fyri svenskt og dialektina í Tromsø (Waldmann 2008; Westergaard & Bentzen 2007). Men hinvegin varir hetta mynstur við hjá føroyskum børnum í minsta lagi upp til 7 ára aldur og tað er eldri, enn sagt hevur verið frá bæði fyri svenskt og tromsø-norskt.

Ein møgulig frágreiðing er, at skiftandi S-til-T hjá føroyskum børnum kann vera knýtt at restum av variatión í málinum hjá teimum vaksnu. Vit hava sæð, at orðaraðið sagnorð-noktan er sera avmarkað í føroyskum, bæði í korpustilfari og í natúrligum samskifti millum børn og vaksin. Hinvegin vísa kanningar millum vaksin, at hetta orðarað verður ikki heilt avvíst, tá ið fólk

verða biðin um at meta um setningar. Tey svarini benda á, at valmøguleikin sagnorð-noktan framvegis í ein lítlan mun er ein partur av mentalu mállæruni hjá vaksnum føroyingum.

Tilfarið, sum kom fram í kanningini, vísir, at føroysk børn undir skúlaaldri gera og góðtaka eitt orðarað, sum nú annars er rættiliga sjáldsamt í vaksnamannamáli. Tað er hugsandi, at tað, at smá børn av og á brúka orðaraðið sagnorð-noktan, fer óansað aftur við borðinum hjá foreldrunum og tí ikki verður rættað, hvørki beinleiðis ella óbeinleiðis. Hinvegin er tað møguligt, at foreldur av sínum eintingum eisini sjálv brúka slíkt orðarað av og á, og sostatt geva tey børnunum óbeinleiðis positiv dømi um, at til ber at orða seg á slíkan hátt. Hvørgan av hesum møguleikum ber til beinleiðis at eftirkanna við teimum háttaløgum, sum eru brúkt í hesum kanningum, men framtíðar kanningar kunnu fara at varpa ljós á hetta.

HEIMILDIR

Angantýsson, Ásgrímur. 2001. Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum. *Íslenskt mál* 23: 95–122.

Angantýsson, Ásgrímur. 2007. Verb-third in embedded clauses in Icelandic. *Studia Linguistica* 61(3). 237–260.

Bentzen, Kristine. 2005. The degree of verb movement in embedded clauses in three varieties of Norwegian. In K. Bentzen and Ø. Vangsnes (eds.) *Nordlyd 34: Scandinavian Dialect Syntax 2005*: 127–146.

Bentzen, Kristine. 2014. Embedded Verb Second (V2). *Nordic Atlas of Language Structures (NALS) Journal 1*: 211–224.

Bentzen, Kristine, Piotr Garbacz, Caroline Heycock, and Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2009. On variation in Faroese verb placement. In P. Svenonius, K. Bentzen, J. í Lon Jacobson, J. Johannessen, C. Heycock, J. Parrott, T. E. Strahan, and Ø. Vangsnes (eds.) *Nordlyd* 36.2: *NORMS Papers on Faroese*: 78–102.

Bick, Eckhard, Heini Justinussen, Zakaris Hansen, Trond Trosterud and Tino Didriksen. Corpuseye Faroese corpus: http://corp.hum.sdu.dk/cqp.fo.html.

Bobaljik, Jonathan and Höskuldur Thráinsson. 1998. Two heads aren't always better than one. *Syntax* 1(1). 37–71.

Costa, Albert., Martin Pickering and Antonella Sorace. 2008. Alignment in second language dialogue. *Language and Cognitive Processes* 23: 528–556.

Fodor, Janet, and Carrie Crowther. 2002. Understanding stimulus poverty arguments. *The Linguistic Review* 19: 105–145.

Grimm, J. L. K. 1989. *Ævintýrbókin*. Myndir eftir Svend Otto S. Týðing: Heðin Brú o.o. Føroya Lærarafelag.

Håkansson, Gisela and Sheila Dooley-Collberg. The preference for modal + neg: an L2 perspective applied to Swedish L1 children. *Second Language Research* 10: 95–124.

Heycock, Caroline, Antonella Sorace and Zakaris Svabo Hansen. 2010. V-to-I and V2 in subordinate clauses: An investigation of Faroese in relation to Icelandic and Danish. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 13: 61–97.

Heycock, Caroline, Antonella Sorace, Zakaris Svabo Hansen, Frances Wilson, and Sten Vikner. 2012. Detecting the late stages of syntactic change: the loss of V-to-T in Faroese. In: *Language*. 88, 3: 558–600.

Heycock, Caroline, Sorace, Antonella, Hansen, Zakaris Svabo & Wilson, Frances. 2013. Acquisition in Variation (and Vice Versa): V-to-T in Faroese Children. In: Language Acquisition. 20, 1: 5–22.

Hudson Kam, Carla and Elissa Newport. 2009. Getting it right by getting it wrong: when learners change languages. *Cognitive Psychology* 59, 30–66.

Jacobsen, Jógvan í Lon. 2008. Álvaratos, who cares? Ein samfelagsmálvísindalig kanning av hugburði og nýtslu av tøkuorðum og nýggjum orðum í føroyskum. Doktararitgerð, Universitetet i Bergen.

Jaeger, T. Florian. 2008. Categorical data analysis: away from ANOVAs (transformation or not) and towards Logit Mixed Models. *Journal of Memory and Language* 59: 434–446.

Jonas, Dianne. 1996. *Clause structure and verb syntax in Scandinavian and English*. PhD thesis, Harvard University.

Kunert, Richard, Fernández, Raquel and Willem Zuidema. 2011. Adaptation in

child-directed speech: evidence from dialogue. *Proceedings of the 15th Workshop on the Semantics and Pragmatics of Dialogue:* 112–119.

Kroch, Anthony. 1989. Reflexes of grammar in patterns of language change. *Language Variation and Change* 1:199 – 244.

Petersen, Hjalmar P. 2000. IP or TP in Modern Faroese. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 66: 75–83.

Pickering, Martin and Holly Branigan. 1999. Syntactic priming in language production. *Trends in Cognitive Sciences* 3: 136–41.

Pickering, Martin and Simon Garrod. 2004. Toward a mechanistic psychology of dialogue. *Behavioral and Brain Sciences* 27: 169–226.

Roeper, Tom. 1999. Universal bilingualism. *Bilingualism: Language and Cognition* 2: 169–186.

Saxton, Matthew. 2000. Negative evidence and negative feedback: Immediate effects on the grammaticality of child speech. *First Language* 20: 221–252.

Schönenberger, Manuela. 2010. The surprisingly high proportion of Verb Second in causal adverbial clauses with wil 'because' in child Swiss German. *Lingua* 120: 2589–2604.

Sorace, Antonella, Ludovica Serratrice, Francesca Filiaci, and Michela Baldo, 2009. Discourse conditions on subject pronoun realization: testing the linguistic intuitions of older bilingual children**.** *Lingua* 119: 460–477.

Thráinsson, Höskuldur. 2003. Syntactic variation, historical development, and minimalism. In R. Hendrick (ed.) *Minimalist Syntax*: 152–191. Blackwell: Oxford.

Thráinsson, Höskuldur. 2007. *The syntax of Icelandic.* Cambridge: Cambridge University Press.

Vikner, Sten. 1995. *Verb movement and expletive subjects in the Germanic languages.* Oxford University Press: Oxford.

Waldmann, Christian. 2008. *Input och output. Ordföljd i svenska barns huvudsatser och bisatser.* Phd-ritgerð. Lundastudier i nordisk språkvetenskap A 65. Lunds universitet.

Westergaard, Marit, and Kristine Bentzen. 2007. The (non)effect of input frequency on the acquisition of word order in Norwegian embedded clauses. In I. Gülzow and N. Gagarina (eds.) *Frequency Effects in Language Acquisition:* 271–306. Mouton: Berlin.

Wiklund, Anna-Lena, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson, Kristine Bentzen & Þorbjörg Hróarsdóttir. 2007. Rethinking Scandinavian verb movement. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 10. 203–233.

SUMMARY

Faroese is at the end of a phase of syntactic change, moving from a system in which V-to-T in embedded clauses is obligatory to a system where this movement is not possible anymore. While the older word order is very rarely produced by adult Faroese speakers, there is evidence that it is still marginally present in adult grammar and thus only dispreferred, rather than completely ungrammatical. Results are presented here of an experimental study of Faroese children: five-year-old children both accept and produce the older word order, six-year-olds do so significantly less, and ten-year-olds behave like adult speakers. A number of possible interpretations of the children's variability in the context of residual effects of diachronic change in Faroese are discussed.

ÚRTAK

Føroyskt tykist at vera um at fara frá einari skipan í orðarað, har ið sagnorðsflyting í eykasetningum er kravd, til eina skipan, har ið flyting ikki er møgulig. Meðan tað eldra orðaraðið sera sjáldan kemur fyri hjá tilkomnum føroyingum, eru ábendingar um, at henda skipan enn í ein lítlan mun er til staðar í málláeruni hjá teimum vaksnu, men bara ikki verður vald fyrst og sum tað natúrliga, hóast hon ikki enn heilt er útilokað

sum ómálslig. Her verða úrslit løgd fram frá einari kanning av føroyskum børnum: 5 ára gomul børn bæði góðtaka og gera setningar við eldra orðaraðnum, 6 ára gomul gera tað eisini, men í minni mun, og 10 ára gomul bera seg at sum vaksin í hesum sambandi. Ymiskar møguligar tulkingar av hesi variatión verða umrøddar.

ÍSKOYTI

Dømi um søguuppseting hjá teimum yngstu børnunum:

(1) Á hesari myndini síggja vit, at Pippi ber ein hest uppi yvir høvdinum á sær. Annika og Tummas trúðu ikki, at Pippi var so sterk. Hví trúðu tey tí ikki? Vit vita hví: ein lítil genta kann ikki bera ein hest. Men heldur tú, at X minnist hví? Spyr X um tað og byrja við: „Minnist tú…“

Væntaður spurningur: Minnist tú, hví Annika og Tummas (ikki) trúðu (ikki), at Pippi kundi bera ein hest?

(2) Pippi noyðist ikki at fara tíðliga í song. Vit vita hví: Tað er, tí at hon býr einsamøll og eigur eingi foreldur. Tí noyðist hon ikki at fara tíðliga í song. Heldur tú, at X minnist hví? Spyr hana: Minnist tú, hví…

Væntaður spurningur: Minnist tú, hví Pippi (ikki) noyðist (ikki) at fara tíðliga í song?

Dømi um søguuppseting hjá teimum eldru børnunum:

(3) Henry skundar sær ikki yvir til mammu sína. Heldur tú, at X minnist hví… Spyr hana: Minnist tú, hví…

Væntaður spurningur: Minnist tú, hví Henry (ikki) skundar sær (ikki) yvir til mammu sína?

(4) Mamman fann ikki lýs í hárinum á Fríðriki. Heldur tú, at X minnist hví? Spyr hana: Minnist tú, hví…

Væntaður spurningur: Minnist tú, hví mamman (ikki) fann (ikki) lýs í hárinum á Fríðriki?

SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR

Afturbeyging í máli færeyskra barna með nokkrum samanburði við íslensku

Inngangur

Færeyska og íslenska eru náskyld tungumál og afturbeyging í þeim er um margt lík. Þau eru einu norrænu málin sem leyfa kerfisbundið langdræga afturbeygingu við ákveðnar aðstæður þar sem afturbeygt fornafn sem aðeins er eitt myndan, *seg* í færeysku og *sig* í íslensku, vísar í nafnlið aðalsetningar þótt það standi sjálft innan aukasetningar. Bæði málin hafa einnig mismunandi sagnaflokka sem hafa áhrif á það hvort *seg* og *sig* taka skammdrægri eða langdrægri afturbeygingu. Málin eru þó ólík að því leyti til dæmis að virk notkun viðtengingarháttar er horfin úr færeysku en í íslensku eru enn sterk tengsl á milli langdrægrar vísunar *sig* og viðtengingarháttar (sbr. Barnes 1986/2001 og Höskuld Thráinsson, Petersen, Jacobsen og Hansen 2004: 325–338).

Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður athugunar sem gerð var á skilningi færeyskra barna og nokkurra fullorðinna Færeyinga á afturbeygðum fornöfnum og persónufornöfnum í tveimur stuttum heimsóknum til Færeyja á árunum 2008 og 2009.[1] Athugunin var byggð á viðamikilli rannsókn á afturbeygingu í íslensku, sjá Sigríði Sigurjónsdóttur (1992) og Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams (1992). Notuð voru sömu rannsóknargögn og í íslensku rannsókninni en þar sem um mun umfangsminni athugun var að ræða voru færeysku börnin aðeins prófuð á einum fimmta hluta þeirra gagna sem notuð voru í íslensku rannsókninni. Niðurstöður færeysku athugunarinnar byggja einnig á svörum mun færri barna en niðurstöður þeirrar íslensku, eða

1 Þessi athugun hefði ekki verið gerð ef ég hefði ekki notið hjálpar Færeyinga. Ég þakka Victoriu Absalonsen fyrir að þýða íslensku sögurnar og aðstoðarmönnum mínum, þeim Rakul Napóleonsdóttur og Petru Eliasen, fyrir að hjálpa mér við að leggja prófið fyrir. Einnig þakka ég börnum, leikskólakennurum, skólastjórum og fullorðnu málhöfunum í Færeyjum fyrir aðstoðina. Ferð mín til Færeyja í ágúst 2008 var styrkt af Nordic Center of Excellence in Microcomparative Syntax (NORMS) og ferðin í október 2009 af RANNÍS-styrk Höskuldar Þráinssonar, Jóhannesar Gísla Jónssonar og Þórhalls Eyþórssonar. Ég þakka styrkina og öllum sem tóku þátt í Færeyjaferðunum 2008 og 2009 fyrir skemmtunina. Að lokum þakka ég ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar.

á svörum 28 barna, en 55 börn tóku þátt í íslensku rannsókninni. Jafnmargir fullorðnir málhafar tóku þátt í báðum rannsóknunum eða 10 í hvoru landi fyrir sig. Þrátt fyrir að færeyska rannsóknin hafi verið smærri í sniðum en sú íslenska varpa niðurstöður hennar nýju ljósi á afturbeygingu í færeysku, bæði í máli fullorðinna Færeyinga og barna sem eru að læra málið. Þær renna til að mynda stoðum undir þá meginniðurstöðu íslensku rannsóknarinnar að afturbeygða fornafnið *sig*, og einföld afturbeygð fornöfn almennt í málum heimsins eins og *seg* í færeysku, eigi meira sameiginlegt með persónufornöfnum en gert var ráð fyrir í bindikenningu Chomskys (1981) og styðja því bindikenningu eins og þá sem Reinhart og Reuland (1991, 1993) settu fram. Að þessu leyti virðast íslenska og færeyska vera lík en málin eru ólík að því leyti að það virðist taka færeysk börn lengri tíma en þau íslensku að læra þau merkingarlegu skilyrði sem leyfa *seg* að taka langdrægri afturbeygingu. Þessi munur á máltöku íslenskra og færeyskra barna er útskýrður með því að íslenska hefur enn viðtengingarhátt og sterk tengsl eru á milli hans og lógófóríkskrar notkunar á einföldum afturbeygðum fornöfnum. Virk notkun viðtengingarháttar er hins vegar horfin úr færeysku og því skortir færeysku börnin þær beygingarlegu vísbendingar sem auðvelda íslenskum börnum að tileinka sér langdræga afturbeygingu.

Afturbeyging í færeysku

Færeyska, eins og íslenska, hefur tvö afturbeygð fornöfn. Annað þeirra er samsetta afturbeygða fornafnið *seg sjálvan* sem verður að vísa í frumlag eða andlag innan sömu klausu og tekur því aðeins skammdrægri afturbeygingu (sbr. Barnes 1986/2001: 77), sjá (1a) þar sem *seg sjálvan* stendur í þágufalli. Samsetta aftur-beygða fornafnið og persónufornöfnin *hann* og *hon* eru yfirleitt í fyllidreifingu, þ.e. persónufornöfn geta ekki haft frumlag sömu sagnar sem undanfara heldur verða þau að vísa í frumlag eða andlag aðalsetningar eða í einhvern annan nafnlið sem ekki er nefndur í setningunni en var e.t.v. nefndur áður í umræðunni, sjá (1b), sbr. Barnes (1986/2001: 98, 88).[2]

(1) a. Jógvan$_i$ sigur [at Kjartan$_j$ rakaði *sær sjálvum*$_{j,*i,*k}$]
b. Jógvan$_i$ sigur [at Kjartan$_j$ rakaði *honum*$_{*j,\ i,\ k}$]

2 Vísarnir *i*, *j* og *k* sem eru niðurskrifaðir í (1) og dæmunum hér á eftir sýna samvísun, þ.e. nafnorð og fornafn sem hafa sama vísi vísa til sama einstaklings. Stjarna fyrir framan vísi á fornafni merkir að fornafnið getur ekki verið samvísandi við nafnorðið sem merkt er með sama vísi. Vísirinn *k* vísar til einhvers sem ekki er nefndur í setningunni en hefur verið nefndur áður eða það má ráða af aðstæðum hver hann er (sjá Höskuld Þráinsson (ritstj.) 2005: 65–66, 516–521).

Seg sjálvan og persónufornöfn í færeysku hegða sér því eins og *sig sjálfan* og persónufornöfn í íslensku (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur 1992: 54–63) og eru yfirleitt í fyllidreifingu eins og bindilögmál A og B í bindikenningu Chomskys (1981) kveða á um.

Hitt afturbeygða fornafnið er einfalda afturbeygða fornafnið *seg*[3] sem við ákveðnar aðstæður getur vísað út úr aukasetningu í frumlag aðalsetningar og tekur þá langdrægri afturbeygingu.[4] Rétt eins og í íslensku (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992: 366–368) hafa mismunandi sagnaflokkar áhrif á það hvort *seg* tekur skammdrægri eða langdrægri afturbeygingu í færeysku.[5] Barnes (1986/2001: 70–79) og Höskuldur Thráinsson, Petersen, Jacobsen og Hansen (2004: 329–330) skipta sögnum í færeysku í þrjá flokka eftir því hvernig afturbeygð fornöfn eru notuð með þeim. Dæmi um þessa þrjá sagnaflokka eru gefin í (2), sbr. Barnes (1986/2001: 70, 77, 91–98).[6]

(2) a. Jógvan$_{i}$ sigur [at Kjartan$_{j}$ *skundaði sær*$_{*j,*i}$ */ sær sjálvum*$_{*j,*i}$] (sk. af.b. so.)
b. Jógvan$_{i}$ sigur [at Kjartan$_{j}$ *vaskaði sær*$_{j,i}$ */ sær sjálvum*$_{j,*i}$] (*raka*-sagnir)
c. Jógvan$_{i}$ sigur [at Kjartan$_{j}$ *bardi seg*$_{*j,i}$ */ seg sjálvan*$_{j,*i}$] (*geva*-sagnir)

Í fyrsta flokki eru svokallaðar skyldubundið afturbeygðar sagnir sem aðeins geta tekið með sér einfalda afturbeygða fornafnið *seg*, sem vísar í næsta frumlag, sjá (2a). Ekki verður rætt nánar um þennan sagnaflokk hér þar sem skyldubundið

3 *Seg* er þolfallsmynd einfalda afturbeygða fornafnsins í færeysku, þágufallsmynd þess er *sær* og eignarfallsmynd *sín*. Samsvarandi myndir einfalda afturbeygða fornafnsins í íslensku eru *sig, sér* og *sín*.

4 Í bindikenningu Chomskys (1981) er ekki gerður greinarmunur á samsettum og einföldum afturbeygðum fornöfnum, eins og *seg sjálvan* og *seg* í færeysku og *sjálfan sig* og *sig* í íslensku. Pica (1987) var fyrstur til að greina á milli þessara tveggja tegunda afturbeygðra fornafna en hann bendir á að samsett afturbeygð fornöfn eru alltaf skammdræg en einföld afturbeygð fornöfn geta verið langdræg. Samkvæmt bindikenningu Reinharts og Reulands (1991, 1993) er sá munur á samsettum og einföldum afturbeygðum fornöfnum að þau samsettu, sem hafa orðhlutann SELF (ísl. *sjálfan*), geta merkt merkingarkeðju sína (e. *theta-grid*) sem afturbeygða. Það geta einföld afturbeygð fornöfn ekki (þar sem þau hafa ekki orðhlutann SELF) frekar en persónufornöfn og þessir tveir flokkar fornafna eru því taldir eiga meira sameiginlegt en gengið var út frá í bindikenningu Chomskys (1981).

5 Svipuðum sagnaflokkum hefur verið lýst af Vikner (1984) fyrir dönsku, Hellan (1988) fyrir norsku og Everaert (1986) fyrir hollensku.

6 Í bindikenningu Reinharts og Reulands (1991, 1993) er gert ráð fyrir að skyldubundið afturbeygðar sagnir, eins og í aukasetningunni í (2a), séu SELF-merktar í orðasafni hugans og því geti þær aðeins tekið með sér einfalt afturbeygt fornafn, eins og *seg* í færeysku, en ekki samsett, eins og *seg sjálvan*. Gengið er út frá því að *raka*-sagnir komi bæði fyrir með og án SELF-merkis í orðasafninu og þess vegna geti bæði samsett og einföld afturbeygð fornöfn staðið með þessum sögnum, sbr. (2b). *Geva*-sagnir séu hins vegar ekki SELF-merktar og því geti aðeins samsett afturbeygt fornafn, eins og *seg sjálvan*, staðið með þessum sögnum þegar þær taka skammdrægri afturbeygingu, en ekki *seg*, sbr. (2c). Fjallað er nánar um bindikenningu Reinharts og Reulands í doktorsritgerð Sigríðar Sigurjónsdóttur (1992) og í grein Sigríðar Sigurjónsdóttur og Hyams (1992).

afturbeygðar sagnir voru ekki prófaðar í færeysku athuguninni. Í öðrum flokki eru sagnir sem geta annað hvort tekið með sér einfalda afturbeygða fornafnið *seg* eða samsetta afturbeygða fornafnið *seg sjálvan* þegar vísað er í næsta undanfarandi frumlag, sjá (2b). *Seg* með þessum sagnaflokki getur því tekið skammdrægri afturbeygingu eða langdrægri afturbeygingu, þegar skilyrðum fyrir langdrægri afturbeygingu er fullnægt. Sigríður Sigurjónsdóttir (1992: 70) nefnir þennan sagnaflokk *raka*-sagnir í íslensku og þeirri hefð verður fylgt hér. Í þriðja flokki eru svo sagnir sem nánast krefjast þess að *seg* taki langdrægri afturbeygingu. Þessar sagnir merkja eitthvað sem maður gerir yfirleitt ekki við sjálfan sig. Með þessum sögnum verður að nota samsetta afturbeygða fornafnið *seg sjálvan* þegar vísað er í næsta frumlag, sjá (2c). *Seg* með sögnum af þessum flokki hegðar sér því eins og fornafn að því leyti að það getur ekki vísað í næsta frumlag. Þessi sagnaflokkur verður hér nefndur *geva*-sagnir, sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur (1992: 70) sem nefnir þennan sagnaflokk *gefa*-sagnir í íslensku.

Eins og kemur fram hjá Barnes (1986/2001) og sést í dæmum (2b,c) getur *seg* í færeysku tekið langdrægri afturbeygingu og vísað út úr aukasetningu í frumlag aðalsetningar. Bæði aukasetningar með sögn í framsöguhætti, sem uppfylla ákveðin merkingarleg skilyrði, og aukasetningar með sögn í nafnhætti leyfa *seg* að taka langdrægri afturbeygingu, sjá (3). Langdræg vísun *seg* út úr aukasetningum í nafnhætti, sbr. (3b), verður ekki rædd frekar hér þar sem slíkar setningar voru ekki prófaðar í færeysku athuguninni.

(3) a. Jógvan$_i$ sigur [at Kjartan$_j$ hevur rakað *sær*$_{j,i}$]
(aukas. í fh., *raka*-sögn)

(sbr. Barnes 1986/2001: 97)

b. Jógvan$_i$ bað meg$_j$ [PRO$_j$ raka *sær*$_i$]
(aukasetning í nafnhætti)

(sbr. Thráinsson o.fl. 2004: 332)

Barnes (1986/2001: 95) nefnir að í setningum eins og (3a) geti *seg* vísað út úr aukasetningu í framsöguhætti í frumlag aðalsetningar þegar sögn aðalsetningarinnar er sögnin *siga* 'segja' eða sagnirnar *telja*, *vilja*, *ætla* og nokkrar fleiri. Til að *seg* geti tekið langdrægri afturbeygingu út úr aukasetningu í framsöguhætti virðist sögn aðalsetningarinnar þurfa að fela í sér ósk, vilja, skoðun eða þess háttar, eins og þessar sagnir gera. Sömu sagnir taka einmitt aukasetningu í viðtengingarhætti í íslensku en hann er gjarnan talinn tákna eitthvað óraunverulegt eða óvissu og er notaður í óbeinum ræðum í frásögnum

(sjá Höskuld Þráinsson 2005: 463, 513–514 og tilvitnuð rit). Virk notkun viðtengingarháttar er horfin úr færeysku en *seg* virðist geta tekið langdrægri afturbeygingu þegar sömu merkingarlegu lögmálum er fullnægt og þegar *sig* í íslensku vísar út úr aukasetningu í viðtengingarhætti. Í íslensku dæmunum í (4) sjást þessi tengsl viðtengingarháttar og langdrægrar afturbeygingar þar sem *sig* getur vísað út úr aukasetningu í viðtengingarhætti í frumlag aðalsetningar, sjá (4a), en ekki út úr aukasetningu í framsöguhætti, sjá (4b).

(4) a. Jón$_i$ telur [að ég elski *sig*$_i$] (aukasetning í viðtengingarhætti, *gefa*-sögn)
b. Jón$_i$ veit [að ég elska *sig*$_{*i}$] (aukasetning í framsöguhætti, *gefa*-sögn)[7]
c. Jón$_i$ bað mig$_j$ um [að PRO$_j$ elska *sig*$_i$] (aukas. í nafnhætti, *gefa*-sögn)

Höskuldur Thráinsson (1976, 1990, 1991, 2007), Maling (1984), Eiríkur Rögnvaldsson (1986), Halldór Ármann Sigurðsson (1990), Sigríður Sigurjónsdóttir (1992) og fleiri síðan hafa haldið því fram að þegar *sig* í íslensku tekur langdrægri afturbeygingu út úr aukasetningu í viðtengingarhætti, eins og í (4a), þá lúti það öðrum lögmálum en þegar það hefur langdræga vísun út úr aukasetningu í nafnhætti, sjá (4c). Þegar *sig* stendur með sögn í viðtengingarhætti sé það svokallað „lógófóríska" afturbeygt fornafn (e. *logophoric pronoun*, sjá Clements 1975) sem felur það í sér að setningin verður að vera sögð út frá sjónarhóli undanfarans, þ.e. þess nafnliðar sem *sig* vísar til (sbr. Maling 1984). Túlkun *sig* í aukasetningum í viðtengingarhætti sé því merkingarlega skilyrt en stjórnist ekki af lögmálum setningafræðinnar (bindilögmálum A og B, sbr. Chomsky 1981), eins og túlkun *sig* í aukasetningum í nafnhætti (sjá einnig Reuland og Sigríði Sigurjónsdóttur 1997). Þótt viðtengingarháttur sé horfinn úr færeysku virðist *seg* í aukasetningum í framsöguhætti í færeysku geta tekið langdrægri afturbeygingu þegar það er merkingarlega skilyrt á þennan hátt og hegðar sér þá eins og lógófóríska afturbeygt fornafn, sbr. Barnes (1986/2001: 98–100), Höskuld Thráinsson (2001, 2007: 488) og Höskuld Thráinsson, Petersen, Jacobsen og Hansen (2004: 336). Íslenska dæmið í (5a) og færeyska dæmið í (5b), sem tekið er úr skáldsögu eftir Martin Joensen, eru að þessu leyti sambærileg en þau sýna að *sig* í íslensku og *seg* í

7 Sumir Íslendingar leyfa afturbeygða fornafninu *sig* að taka langdrægri afturbeygingu út úr aukasetningu í framsöguhætti þegar sögn aðalsetningarinnar er t.d. sögnin *sjá* eða *vita* (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992: 372, nmgr. 14 og heimildir sem vísað er til þar).

færeysku geta vísað í frumlag undanfarandi málsgreinar í óbeinni ræðu þar sem orð eða hugsanir frumlagsins eru endursagðar.

(5) a. Jón$_i$ lá andvaka og hugsaði um samband sitt við Maríu. Þegar Ólafur$_j$ *kæmi* heim *segði* hún *sér*$_{*j,i}$ áreiðanlega að fara.
(sbr. Höskuld Þráinsson 2005: 541)

b. Eitt kvøldið, hann hevði havt kenning, var komið fram úr honum$_i$, at hann var harmur um at hava borið seg so at móti Elin Mariu. – Lagnan hevði kanska borið tað so í band, og hann vildi ikki leypa frá sínari ábyrgd, tá ið hann var komin soleiðis fyri við Sigrid. Hon hevði meiri krav upp á *seg*$_i$ enn hin.
(sbr. Barnes 1986/2001: 99)

Í íslenska dæminu í (5a) eru sagnirnar (*kæmi* og *segði*) í viðtengingarhætti sem gefur til kynna að verið sé að rekja hugsanir frumlagsins *Jóns*. Þar af leiðir að lógófóríska afturbeygða fornafnið *sig* getur vísað til þess en ekki til frumlagsins *Ólafs* þar sem ekki er verið að greina frá hugsunum þess frumlags (sjá Höskuld Þráinsson 2005: 541). Í íslensku eru því enn sterk tengsl á milli viðtengingarháttar og lógófóríkrar notkunar *sig*. Í færeyska dæminu í (5b) eru merkingarlegu skilyrðin svipuð og í íslenska dæminu, þ.e. verið er að rekja hugsanir þess sem *seg* vísar til, en sagnirnar eru í framsöguhætti enda viðtengingarháttur horfinn úr færeysku. *Seg* í færeysku hegðar sér því eins og lógófóríkt afturbeygt fornafn þótt viðtengingarháttur sé ekki lengur virkur í málinu. Barnes (1986/2001: 98–100) og Höskuldur Thráinsson (2001: 115–116) hafa einmitt haldið því fram, út frá dæmunum í (5) og fleiri slíkum dæmum, að lógófórísk notkun langdrægra afturbeygðra fornafna í málum heimsins byggist á merkingu setningarinnar en ekki á því að sögn hennar sé í viðtengingarhætti.

Rannsóknin

Eins og komið hefur fram var athugunin gerð í tveimur stuttum heimsóknum til Færeyja, í ágúst 2008 og október 2009. Kannaður var skilningur færeyskra barna og fullorðinna Færeyinga á afturbeygðu fornöfnunum *seg sjálvan* og *seg* og persónufornöfnunum *hann* og *hon*. 40 færeysk börn voru prófuð en niðurstöður athugunarinnar byggja á svörum 28 barna sem voru á aldrinum fjögurra til rúmlega sex og hálfs árs. 12 barnanna sem voru prófuð samþykktu allar prófsetningarnar eða hættu að svara áður en prófinu var lokið og því voru

svör þeirra ekki tekin með þegar unnið var úr niðurstöðum athugunarinnar.[8] 10 fullorðnir tóku einnig þátt í athuguninni til samanburðar. Í töflu 1 má sjá aldur og kyn þátttakenda og skiptingu þeirra í aldurshópa.

			Fjöldi þátttakenda		Samtals
Aldurshópur	**Aldur**	**Meðalaldur**	**Stúlkur**	**Drengir**	
H1	4;0 - 4;11	4;4	2	6	8
H2	5;2 - 5;10	5;4	7	3	10
H3	6;0 - 6;8	6;4	5	5	10
Fullorðnir	15 – 64	37	6	4	10
			20	18	38

Tafla 1: Lýsing á þátttakendum.

Í töflu 2 má sjá frá hvaða byggðarlögum í Færeyjum málhafarnir komu en það getur skipt máli í sambandi við mállýskumun. Þetta atriði verður þó ekki rætt nánar hér enda voru málhafarnir í þessari athugun of fáir til að marktækar niðurstöður fengjust um mállýskumun innan Færeyja.

		Norður		Suður	
	Tórshavn	**Fuglafjørður**	**Klaksvík**	**Tvøroyri**	**Sandur**
Börn	16	5	3	4	–
Fullorðnir	2	3	1	–	4

Tafla 2: Þátttakendur eftir byggðarlögum**.**

Börnin (og fullorðnu þátttakendurnir) voru prófuð með svokölluðu matsprófi (e. *judgment task*) sem þróað var af Crain og McKee (1985) en það próf var notað í íslensku rannsókninni. Matsprófið fer þannig fram að annar rannsóknarmaður af tveimur heldur á handbrúðu sem hann leikur. Barninu er sagt að handbrúðan kunni færeysku ekki nógu vel og sé að reyna að læra málið betur. Handbrúðan segir stundum einhverja vitleysu og verkefni barnsins er að segja handbrúðunni hvenær hún hefur rétt fyrir sér og hvenær rangt. Hinn rannsóknarmaðurinn segir sögu og sviðsetur hana með litlum brúðum og dóti fyrir framan handbrúðuna og barnið. Þegar sögunni er lokið lýsir handbrúðan því sem gerðist með prófsetningunni og barnið á að

8 Ástæða þess að niðurstöður svo margra færeyskra barna voru ónothæfar, eða 30% þeirra, er líklega sú að ég hafði mjög stuttan tíma í Færeyjum í hvort skipti og því höfðu ég og færeyskir aðstoðarmenn mínir ekki tíma til að heimsækja leikskólana og kynnast börnunum áður en þau voru prófuð. Í íslensku rannsókninni hafði ég hins vegar nægan tíma og í henni þurfti aðeins að útiloka niðurstöður 7% þeirra barna sem prófuð voru.

dæma hvort setningin er tæk eða ótæk lýsing á því sem gerðist í sögunni (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005: 654). Í töflu 3 eru sýndar þær gerðir setninga og sviðsetninga sem prófaðar voru í færeysku athuguninni.

	***raka*-sagnir**									***geva*-sagnir**								
	seg sjálvan			***Seg***			**fornafn**			***seg sjálvan***			***seg***			**fornafn**		
	S	L	U	S	L	U	S	L	U	S	L	U	S	L	**U**	**S**	**L**	**U**
síggja	x	x	x	x	x	X	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
vilja	x	x	x	x	x	X	x	x	x									

S = skammdræg túlkun, L = langdræg túlkun, U = vísar í nafnlið utan prófsetningar.
Tafla 3: Gerðir prófsetninga og sviðsetningar í færeyska matsprófinu.

Eins og kemur fram í töflu 3 voru fullorðnu málhafarnir og börnin prófuð á 18 setningum með sögninni *síggja* 'sjá' sem tekur með sér aukasetningu í framsöguhætti í færeysku. Auk þess voru fullorðnu Færeyingarnir prófaðir á 9 setningum með sögninni *vilja* sem einnig tekur með sér aukasetningu í framsöguhætti í færeysku en tók með sér aukasetningu í viðtengingarhætti í eldri færeysku, rétt eins og hún gerir enn í íslensku. Fullorðnu málhafarnir voru því prófaðir á 27 setningum alls. Sagnirnar í aukasetningunum voru annars vegar svokallaðar *raka*-sagnir og hins vegar svokallaðar *geva*-sagnir. Fjórar sagnir af hvorum flokki voru prófaðar en það var nauðsynlegt þar sem sögurnar sem börnunum voru sagðar réðust að miklu leyti af sögninni í aukasetningunni og sögurnar hefðu orðið alltof einhæfar ef aðeins ein sögn af hvorri tegund hefði verið prófuð.[9] Íslenska rannsóknin var eins og áður hefur komið fram mun umfangsmeiri en sú færeyska. Í henni voru sömu sagnir notaðar en sögurnar og prófsetningarnar voru fleiri þar sem málhafarnir voru prófaðir á *raka*- og *gefa*-sögnum í aukasetningum í framsöguhætti, viðtengingarhætti og nafnhætti (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992: 374–378 og Sigríði Sigurjónsdóttur 2005: 652–653).

Athugið að í matsprófinu heyra börnin í raun sömu prófsetninguna þrisvar sinnum á eftir þremur mismunandi sviðsetningum. Í fyrsta lagi er sú túlkun prófsetningarinnar þar sem afturbeygt fornafn eða persónufornafn hefur

9 Sagnirnar sem prófaðar voru af flokki *raka*-sagna voru: *vaska* 'þvo', *turka* 'þurrka' *greiða* 'greiða' og *skriða* 'klóra' og af flokki *geva*-sagna: *geva* 'gefa', *klappa* 'klappa', *sláa* 'lemja' og *peika* 'benda á'.

skammdræga vísun sviðsett fyrir framan barnið, í öðru lagi sú túlkun þar sem afturbeygt fornafn eða persónufornafn hefur langdræga vísun og í þriðja og síðasta lagi sú túlkun þar sem afturbeygt fornafn eða persónufornafn vísar í nafnlið sem ekki er getið í prófsetningunni en var til staðar í sviðsetningunni. Þetta er sýnt í töflu 3 þar sem *S* stendur fyrir skammdræga túlkun, *L* fyrir langdræga túlkun og *U* fyrir þá túlkun þegar vísað er í nafnlið utan prófsetningar. Á eftir hverri sviðsetningu heyrir barnið sömu prófsetninguna og þarf að dæma hvort fornafnið í prófsetningunni getur haft þessa tilteknu túlkun. Þar sem allar mögulegar túlkanir á prófsetningunni eru sviðsettar fyrir framan barnið gefur þetta próf mjög góða mynd af því hvaða túlkanir á afturbeygðum fornöfnum og persónufornöfnum barninu finnast tækar og hverjar því finnast ótækar. Þetta er mjög mikilvægt þegar verið er að prófa skilning barna á afturbeygðum fornöfnum og persónufornöfnum þar sem oft kemur fleiri en einn möguleiki til greina, þ.e. prófsetningarnar eru oft tvíræðar (sjá Sigríði Sigurjóndóttur og Hyams 1992: 376). Dæmi úr færeyska matsprófinu eru sýnd í (6)–(8).

(6) Minnie, Jerry og Snjóhvíta fóru ein túr í hagan. Jerry var so glaður fyri at vera í haganum, at Jerry legðist í grasið. Jerry bleiv gravskitin av at liggja í grasinum. Jerry tók sápuna, og Minnie hugdi, og hygg, hvat Minnie sá Jerry gera!

Sviðsetning (Skammdræg túlkun): Jerry vaskar Jerry.
Prófsetning: *Minnie sá at Jerry vaskaði sær.*

(7) Snjóhvíta, Trølladrongurin og Minnie fóru í býin. Tað var øgiliga kalt úti. Snjóhvíta fór í sítt ullinta hálsturriklæði. „Av, av," segði Snjóhvíta, „mítt nýggja turriklæði skriðar." Trølladrongurin bjóðaði sær at skriða Snjóhvítu. Hygg tit, hvat Snjóhvíta sá Trølladrongin gera!

Sviðsetning (Langdræg túlkun): Trølladrongurin skriðar Snjóhvítu.
Prófsetning: *Snjóhvíta sá at Trølladrongurin skriðaði sær.*

(8) Miss Piggy, Anders And og Dinosaururin vóru úti í kavanum og spældu. Dinosaururin var úr einum heitum landi og var ikki vanur at vera úti í kavanum. Dinosaururin legði seg niður í kavan og bleiv dýggjvátur. „Øv, bøv," segði Dinosaururin, „eg tími ikki at vera vátur." Anders And avgjørdi

at hjálpa Dinosaurinum. Miss Piggy hugdi, og hygg, hvat Miss Piggy sá Anders And gera!

Sviðsetning (NL utan prófsetningar): Anders And turkar Dinosaurinum.
Prófsetning: *Miss Piggy sá at Anders And turkaði sær.*

Í (6)–(8) er sama prófsetningin prófuð, þ.e. sögnin *síggja* 'sjá' og aukasetning með *raka*-sögn og *seg*. Sviðsetningarnar eru hins vegar mismunandi þar sem *seg* hefur skammdræga vísun í (6), langdræga vísun í (7) og vísar í nafnlið utan prófsetningar í (8). Barn sem veit að *seg* með *raka*-sögn getur vísað í næsta frumlag en leyfir hvorki *seg* með sögn af þessum sagnaflokki að vísa í frumlag aðalsetningar né í nafnlið utan prófsetningar ætti því að segja handbrúðunni að lýsing hennar í prófsetningunni í (6) sé rétt en röng í (7) og (8). Börnunum gekk mjög vel að skilja út á hvað verkefnið gekk og þau virtust hafa gaman af því að taka þátt í rannsókninni.

Niðurstöður

Samsetta afturbeygða fornafnið seg sjálvan og persónufornöfn

Annað meginmarkmið athugunarinnar var að kanna túlkun fullorðinna Færeyinga og barna á samsetta afturbeygða fornafninu *seg sjálvan* og persónufornöfnunum *hann* og *hon*. Dæmi um prófsetningar með *seg sjálvan* og persónufornöfnum eru sýnd í (9). Tafla 4 sýnir hlutfall jákvæðra svara barna og fullorðinna fyrir *seg sjálvan* og fornöfn.[10]

(9) a. Bamsumamman sá at Fílagentan *turkaði sær sjálvari.*
(*raka*-sögn með *seg sjálvan*)

b. Anders And sá at Trølladrongurin *greiddi honum.*
(*raka*-sögn með persónufornafni)

10 Niðurstöðurnar fyrir *raka*- og *geva*-sagnirnar og sagnir aðalsetningarinnar, *síggja* og *vilja*, fyrir fullorðna hafa verið sameinaðar í töflunni til að gefa skýrari mynd af niðurstöðunum. Í töflum 6 og 7 má sjá niðurstöðurnar fyrir hverja sviðsetningu fyrir sig.

	seg sjálvan			fornöfn		
	S	**L**	**U**	**S**	**L**	**U**
Börn	79%	18%	14%	64%	86%	89%
Fullorðnir	100%	13%	0%	3%	93%	87%

Tafla 4: Hlutfall jákvæðra svara barna (n=28) og fullorðinna (n=10) fyrir *seg sjálvan* og fornöfn.

Niðurstöðurnar fyrir fullorðna eru nokkurn veginn eins og bindikenning Chomskys (1981) spáir fyrir um, þ.e. *seg sjálvan* og persónufornöfn eru í fyllidreifingu. Allir fullorðnu málhafarnir samþykkja setningar, eins og (9a), þar sem *seg sjálvan* vísar í næsta frumlag og allir, nema einn málhafi einu sinni, segja að setningar, eins og (9b), þar sem fornafn vísar í næsta frumlag séu ótækar, sjá einnig dæmi (1a,b). Nær allir fullorðnu málhafarnir leyfa einnig fornöfnum að vísa í frumlag aðalsetningar og nafnlið sem nefndur var í sögunni en var ekki nefndur í prófsetningunni, sjá (9b), en þetta leyfa þeir *seg sjálvan* yfirleitt ekki að gera, sjá (9a). Tveir fullorðnu málhafanna, eða 13% jákvæðra svara, leyfa *seg sjálvan* að taka langdrægri afturbeygingu, þ.e. vísa í frumlag aðalsetningar. Þetta er svipuð niðurstaða og Strahan (2009) fékk í athugun á afturbeygingu í færeysku en 25% þátttakenda í rannsókn hennar samþykkti setninguna í (10), þar sem *seg sjálva* hefur langdræga vísun.

(10) Anna$_i$ heldur [at hann hatar *seg sjálva*$_i$][11]

Þessar niðurstöður geta bent til þess að einhverjir fullorðnir Færeyingar leyfi *seg sjálvan* að taka langdrægri afturbeygingu en þetta er atriði sem þyrfti að rannsaka nánar. Langflestir málhafanna leyfa hins vegar samsetta afturbeygða fornafninu *seg sjálvan* aðeins að vísa í næsta frumlag.

Tafla 4 sýnir að greinilegt er að mörg barnanna hafa ekki náð valdi á þeim reglum sem gilda um *seg sjálvan* og persónufornöfn í máli fullorðinna. Sum barnanna hafa ekki enn gert sér grein fyrir að *seg sjálvan* er afturbeygt fornafn og getur þar af leiðandi ekki vísað í nafnlið sem ekki er nefndur í prófsetningunni, sjá (9a), en 14% svara barnanna við þeirri sviðsetningu eru jákvæð. Enginn fullorðnu þátttakendanna samþykkti hins vegar nafnlið utan setningar sem undanfara fyrir *seg sjálvan.* Hlutfall jákvæðra svara barna er svipað og hlutfall jákvæðra svara fullorðinna þegar *seg sjálvan* tekur langdrægri

11 Í þessu dæmi sambeygist *seg sjálvan* frumlagi aðalsetningarinnar, *Anna*, og er í kvenkyni en ekki í karlkyni eins og frumlag aukasetningarinnar, *hann*. Þetta getur verið ástæðan fyrir niðurstöðu Strahan (2009).

afturbeygingu, eða 18% samanborið við 13%, en eins og nefnt var hér að framan þyrfti að rannsaka þetta atriði nánar. Flest barnanna virðast vita að fornöfn geta tekið frumlag aðalsetningar og nafnlið sem ekki er nefndur í prófsetningunni sem undanfara, sjá (9b). Hlutfall jákvæðra svara barna við þessum setningum er svipað og hjá fullorðnum. Þá virðast flest barnanna hafa náð valdi á þeirri reglu að *seg sjálvan* vísar í næsta frumlag, sbr. (9a), þar sem hlutfall jákvæðra svara þegar *seg sjálvan* tekur skammdrægri afturbeygingu er 79%. Niðurstöðurnar fyrir persónufornöfn sýna hins vegar að mörg færeysku barnanna leyfa *hann* og *hon* að vísa í næsta frumlag þvert á þær reglur sem gilda í máli fullorðinna, sbr. (9b). Hlutfall jákvæðra svara þegar persónufornafn vísar í frumlag aukasetningar er 64%.[12] Þessi niðurstaða bendir til að færeysk börn séu, eins og íslensk börn og börn af ýmsu öðru þjóðerni, haldin hinni svokölluðu fornafnatregðu (e. *the developmental delay of Principle B*), þ.e. þau virðast eiga í meiri erfiðleikum með túlkun persónufornafna en *seg sjálvan*.

Fornafnatregðan virðist einkenna sum tungumál, eins og t.d. íslensku, ensku, hollensku og rússnesku, en kemur ekki fram í öðrum málum, eins og t.d. ítölsku, spænsku og frönsku (sbr. Baauw 2002: 114, 119). Börn sem eiga þessi mál að móðurmáli ná seinna tökum á túlkun persónufornafna en samsettum afturbeygðum fornöfnum. Rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur (1992) á íslensku leiddi í ljós að flest fjögurra ára íslensk börn vita að samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig* verður að vísa í næsta frumlag, og virða því bindiskilyrði A í bindikenningu Chomskys (1981), en um helmingur (eða 56%) fimm og hálfs til sex ára barna fara hins vegar ekki enn eftir bindiskilyrði B og leyfa persónufornöfnum að vísa í næsta frumlag, þótt slík túlkun sé ekki leyfð í máli fullorðinna (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992: 383, 401). Þessi tregða í skilningi barna á túlkun persónufornafna hefur verið nefnd fornafna-tregðan. Niðurstöðurnar í töflu 4 benda til að færeysk börn séu rétt eins og íslensk börn, og börn af ýmsu öðru þjóðerni, haldin hinni svokölluðu fornafnatregðu og eigi í erfiðleikum með túlkun persónufornafna þótt þau kunni þær reglur sem gilda um *seg sjálvan*. Tafla 5 sýnir hlutfall jákvæðra svara barna eftir aldurshópum fyrir *seg sjálvan* og fornöfn.

12 Þetta hlutfall er aðeins 3% hjá fullorðnum og niðurstöður tölfræðiprófs (Fisher´s exact probability test) sýna að munurinn á svörum barna og fullorðinna er tölfræðilega marktækur við gildið 0,1 ($p < 0{,}001$).

	seg sjálvan			fornöfn		
	S	**L**	**U**	**S**	**L**	**U**
4 ára	69%	31%	25%	44%	75%	88%
5 ára	75%	0%	15%	75%	85%	90%
6 ára	90%	25%	5%	70%	95%	90%

Tafla 5: Hlutfall jákvæðra svara barna (n=28) eftir aldurshópum fyrir *seg sjálvan* og fornöfn.

Taflan sýnir að eftir því sem börnin eldast gera fleiri þeirra sér grein fyrir að *seg sjálvan* er afturbeygt fornafn sem getur ekki vísað í nafnlið utan setningar en verður að taka skammdrægri afturbeygingu og vísa í næsta frumlag. Flest börnin vita að persónufornöfn geta vísað í nafnlið sem ekki er nefndur í prófsetningunni og eftir því sem þau eldast átta fleiri börn sig á því að persónufornöfn geta vísað í frumlag aðalsetningar. Taflan sýnir einnig að færri fjögurra ára börn virðast vera haldin fornafnatregðu en fimm og sex ára börn. Hlutfall jákvæðra svara þegar persónufornafn vísar í næsta frumlag er 44% fyrir fjögurra ára börnin en 70–75% fyrir fimm og sex ára börnin. Þessar niðurstöður eru frábrugðnar niðurstöðum íslensku rannsóknarinnar að því leyti að í þeirri rannsókn var fornafnatregðan mest áberandi hjá yngstu börnunum. Hlutfall jákvæðra svara þegar persónufornafn vísaði í næsta frumlag var 67% fyrir þriggja ára íslensk börn en 43–55% fyrir fimm og sex ára börn (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992: 401–402). Ekki er ljóst af hverju þessi munur stafar.

Afturbeygða fornafnið seg

Hitt meginmarkmið athugunarinnar var að kanna túlkun fullorðinna Færeyinga og barna á *seg* í aukasetningum. Tafla 6 sýnir hlutfall jákvæðra svara fullorðinna í athuguninni.[13] Miðdálkurinn í töflu 6 sýnir að *raka-* og *geva*-sagnirnar hafa mismunandi áhrif á túlkun *seg* í færeysku þegar það tekur skammdrægri afturbeygingu, rétt eins og í íslensku.

13 Taflan sýnir að það hefur nær engin áhrif á niðurstöðurnar fyrir *seg sjálvan* og persónufornöfn hvort þau standa með *raka-* eða *geva*-sögn og hvort sögn aðalsetningarinnar er *síggja* eða *vilja*.

	***raka*-sagnir**								
	seg sjálvan			***seg***			**fornöfn**		
	S	L	U	S	L	U	S	L	U
síggja	100%	10%	0%	100%	30%	10%	0%	100%	90%
vilja	75%	20%	0%	90%	70%	10%	10%	80%	90%
	***geva*-sagnir**								
síggja	100%	10%	0%	40%	80%	0%	0%	100%	80%

Tafla 6: Hlutfall jákvæðra svara fullorðinna (n=10) fyrir hverja prófsetningu og sviðsetningu.

Dæmi um prófsetningar með sögnunum *síggja* og *vilja* í aðalsetningu sem taka aukasetningu með *raka*- og *geva*-sögn og *seg* eru sýnd í (11).

(11) a. Kaninin *sá* at Bamsupápin *skriðaði sær.*
(*síggja* og *raka*-sögn með *seg*)
b. Fíladrongurin *sá* at Bamsumamman *klappaði sær.*
(*síggja* og *geva*-sögn með *seg*)
c. Trølladrongurin *vildi* hava at Minnie *greiddi sær.*
(*vilja* og *raka*-sögn með *seg*)

Þannig leyfa allir fullorðnu málhafarnir *seg* að hafa skammdræga túlkun með *raka*-sögnunum þegar sögn aðalsetningarinnar er *síggja*, (11a), og 90% með aðalsögninni *vilja*, (11c), en aðeins 40% málhafanna leyfa samsvarandi túlkun með *geva*-sögnunum, (11b). Þessi munur á svörum fullorðinna er tölfræðilega marktækur við gildið 0,05 ($p < 0,01$). Niðurstöður þessarar athugunar sýna því að mismunandi sagnaflokkar (svokallaðar *raka*- og *geva*-sagnir) hafa áhrif á túlkun fullorðinna Færeyinga á *seg* þegar það tekur skammdrægri afturbeygingu, rétt eins og Barnes (1986/2001) og fleiri hafa haldið fram.

Svör fullorðnu þátttakendanna þegar *seg* tekur langdrægri afturbeygingu með *raka*- og *geva*-sögnunum og sögnin *síggja* er í aðalsetningunni, (11a,b), eru næstum því spegilmynd svara þeirra þegar *seg* tekur skammdrægri afturbeygingu. Tafla 6 sýnir að aðeins 30% málhafanna leyfa *seg* að taka langdrægri afturbeygingu út úr aukasetningu með *raka*-sögn, (11a), en 80% leyfa langdræga afturbeygingu út úr aukasetningu með *geva*-sögn, (11b). Þessi munur er samt ekki marktækur tölfræðilega við 0,05 gildið ($p = 0,07$). Þá er athyglisvert að þegar *seg* stendur með *raka*-sögn í aukasetningu þar sem sögn aðalsetningarinnar er *vilja*, (11c), sem tekur með sér aukasetningu í

framsöguhætti í færeysku í dag en tók með sér aukasetningu í viðtengingarhætti í eldri færeysku, samþykkir hærra hlutfall fullorðinna Færeyinga, eða 70%, langdræga afturbeygingu en þegar sögn aðalsetningarinnar er *síggja*. Eins og áður sagði samþykktu 30% fullorðinna Færeyinga setningu (11a). Þótt þessi munur sé ekki marktækur tölfræðilega við 0,05 gildið ($p = 0,18$) rennir þessi niðurstaða stoðum undir þau orð Barnes (1986/2001: 95) að *seg* í færeysku geti aðeins vísað út úr aukasetningu í framsöguhætti í frumlag aðalsetningar þegar sögn aðalsetningarinnar uppfyllir ákveðin merkingarleg skilyrði. Eins og kemur fram hjá Barnes (1986/2001: 95) virðist sögnin *vilja* fullnægja þessu merkingarlega skilyrði betur en sögnin *síggja*. Þessi niðurstaða bendir jafnframt til þess að lógófórísk notkun afturbeygðra fornafna, eins og *seg* í færeysku, byggist á merkingu setningarinnar en ekki á því að sögn hennar sé í viðtengingarhætti, eins og bæði Barnes (1986/2001: 98–100) og Höskuldur Þráinsson (2001: 115–116) hafa einmitt haldið fram.

Skoðum nú túlkun færeysku barnanna á *seg*. Tafla 7 sýnir hlutfall jákvæðra svara barna í athuguninni.

	seg sjálvan			*seg*			**fornöfn**		
	S	**L**	**U**	**S**	**L**	**U**	**S**	**L**	**U**
***raka*-sögn**	89%	25%	14%	78%	29%	25%	71%	79%	100%
***geva*-sögn**	68%	11%	14%	82%	46%	18%	57%	93%	79%

Tafla 7: Hlutfall jákvæðra svara barna (n=28; meðalaldur 5;4) fyrir hverja prófsetningu og sviðsetningu (sögn aðalsetningar er *síggja* 'sjá').

Miðdálkurinn í töflunni sýnir að í svörum barnanna kemur ekki fram sá munur sem birtist í svörum fullorðinna eftir því hvort *seg* stendur með *raka*-sögn, (11a), eða *geva*-sögn, (11b), þegar það vísar í næsta frumlag. Hlutfall jákvæðra svara barna þegar *seg* stendur með *raka*-sögn og tekur skammdrægri afturbeygingu er 78% og þetta hlutfall er næstum því það sama, eða 82%, þegar *seg* stendur með *geva*-sögn. Þessir tveir sagnaflokkar hafa því ekki sömu áhrif á svör barnanna þegar *seg* vísar í næsta frumlag og þeir hafa á svör fullorðinna, en eins og kom fram hér að framan var tölfræðilega marktækur munur á svörum fullorðinna eftir því hvort *seg* stóð með *raka*- eða *geva*-sögn þegar það tók skammdrægri afturbeygingu.

Samanburður á svörum barna og fullorðinna þegar *seg* tekur langdrægri afturbeygingu með *raka*-sögn og sögn aðalsetningarinnar er *síggja*, (11a), sýnir að hlutfall jákvæðra svara barna og fullorðinna er það sama, eða 29% hjá börnum og 30% hjá fullorðnum. Frekar fá börn og fullorðnir leyfa því

seg með *raka*-sögn að vísa út úr aukasetningu í frumlag aðalsetningar. Þegar *seg* stendur hins vegar með *geva*-sögn, (11b), leyfa færri börn en fullorðnir *seg* að taka langdrægri afturbeygingu. Hlutfall jákvæðra svara barna er aðeins 46% með *geva*-sögnunum, en það er 80% hjá fullorðnum. Færeysk börn á aldrinum fjögurra til sex og hálfs árs virðast því ekki hafa náð sömu tökum á langdrægri afturbeygingu *seg* og fullorðnir.

Til að fá betri mynd af því hvenær færeysk börn ná tökum á þeim reglum sem gilda um *seg* í færeysku er hlutfall jákvæðra svara barna fyrir *seg* með *raka*- og *geva*-sögnum flokkað eftir aldurshópum í töflu 8.

	***seg* með *raka*-sögn**			***seg* með *geva*-sögn**		
	S	L	U	S	L	U
4 ára	75%	25%	50%	63%	25%	37%
5 ára	70%	30%	20%	90%	40%	10%
6 ára	90%	30%	10%	90%	70%	10%

Tafla 8: Hlutfall jákvæðra svara barna (n=28) eftir aldurshópum fyrir *seg* með *raka*- og *geva*-sögn (sögn aðalsetningar er *síggja* 'sjá').

Samanburður á niðurstöðum fyrir langdræga túlkun á *seg* með *raka*-sögnum, (11a), annars vegar og *geva*-sögnum, (11b), hins vegar í töflu 8 sýnir að langdræg túlkun á *seg* með *raka*-sögnunum stendur nokkurn veginn í stað hjá börnunum en eykst eftir því sem börnin verða eldri með *geva*-sögnunum. Þannig er hlutfall jákvæðra svara með *raka*-sögnunum 25% þegar börnin eru fjögurra ára og 30% þegar þau eru fimm og sex ára en með *geva*-sögnunum fer þetta hlutfall úr 25% þegar börnin eru fjögurra ára upp í 40% þegar þau eru fimm ára og er komið upp í 70% þegar þau eru sex ára. Þetta hlutfall er svipað hlutfalli jákvæðra svara fullorðinna með *geva*-sögnunum, en það er 80%. Þessar niðurstöður sýna að færeysk börn læra smám saman að *seg* tekur langdrægri afturbeygingu með *geva*-sögnunum og þegar þau eru sex ára virðast þau hafa náð tökum á þeim reglum sem gilda í máli fullorðinna. Niðurstöður færeysku athugunarinnar eru ólíkar niðurstöðum íslensku rannsóknarinnar að þessu leyti því flest íslensku börnin, sama á hvaða aldri þau voru, leyfðu *sig* með *gefa*-sögnum í aukasetningu í viðtengingarhætti að taka langdrægri afturbeygingu (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur 1992: 391–392, 407). Þennan mun á máltöku íslenskra og færeyskra barna má e.t.v. útskýra með því að íslenska hefur enn viðtengingarhátt og sterk tengsl eru á milli hans og lógófóríkrar notkunar *sig* í íslensku. Um leið og íslensk börn fara að greina á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar virðast þau takmarka

langdræga notkun á *sig* við aukasetningar í viðtengingarhætti (Sigríður Sigurjónsdóttir og Hyams 1992: 388–390). Virk notkun viðtengingarháttar er hins vegar horfin úr færeysku og færeysk börn skortir því þær beygingarlegu vísbendingar sem auðvelda íslenskum börnum að tileinka sér langdræga afturbeygingu. Færeysku börnin verða að læra hvaða sagnir í aðalsetningum skapa merkingarleg skilyrði fyrir lógófóríska notkun á *seg* í aukasetningum og það tekur tíma.[14]

Að lokum benda niðurstöður þessarar athugunar til að tengsl séu á milli þess hvernig færeysk börn túlka *seg* með *geva*-sögnum, (11b), og persónufornöfn, (9b), rétt eins og í íslensku. Ein meginniðurstaða rannsóknar Sigríðar Sigurjónsdóttur (1992) á afturbeygingu í íslensku var sú að með sögnum af *gefa*-sagnaflokknum hegðar *sig* sér eins og persónufornafn að því leyti að sömu börn og leyfa persónufornöfnum að vísa í næsta frumlag, og eru því haldin svokallaðri fornafnatregðu, leyfa *sig* með þessum sagnaflokki einnig að hafa staðbundinn undanfara, þvert á þær reglur sem gilda í máli fullorðinna (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992: 396–397).

Það sama virðist eiga við um færeysk börn, en eins og sést á töflu 9 hegða 22 af börnunum 28 sér eins og íslensku börnin og leyfa annað hvort *seg* með *geva*-sögnum og persónufornöfnum að hafa staðbundinn undanfara eða leyfa hvorki *seg* með *geva*-sögnum né persónufornöfnum að vísa í næsta frumlag. Tölfræðilega marktæk tengsl eru á milli túlkunar færeyskra barna á persónufornöfnum og *seg* með *geva*-sögnunum við 0,05 gildið (p = 0,04).

		Fornöfn		
		Leyfa ekki staðb. undanfara	**Leyfa staðb. undanfara**	**Samtals**
Seg	**Leyfa ekki staðb. undanfara**	5 A	2 B	7 A+B
	Leyfa staðb. undanfara	4 C	**17** **D**	21 C+D
	Samtals	9 A+C	19 B+D	28 N

Tafla 9: Túlkun barna á *seg* með *geva*-sögnunum tengist túlkun þeirra á persónufornöfnum. Fjöldi barna sem leyfir hverja túlkun.

Þessar niðurstöður benda til þess að fornafnatregðan í færeysku, rétt eins og

14 Þessar niðurstöður gætu bent til þess að meiri hætta sé á því að færeyska missi langdræga afturbeygingu þegar fram líða stundir en íslenska.

í íslensku, komi ekki aðeins fram í túlkun persónufornafna heldur einnig í túlkun *seg* með *geva*-sögnunum. *Seg* í færeysku á því e.t.v. meira sameiginlegt með persónufornöfnum en bindikenning Chomskys (1981) gerir ráð fyrir. Niðurstöður íslensku og færeysku rannsóknarinnar styðja því bindikenningu eins og þá sem Reinhart og Reuland (1991, 1993) settu fram en þau líta svo á að einföld afturbeygð fornöfn, eins og *sig* í íslensku og *seg* í færeysku, hafi bæði eðli afturbeygðra fornafna og persónufornafna. Nánari lýsingu á niðurstöðum færeysku athugunarinnar má finna hjá Sigríði Sigurjónsdóttur (2013).

Lokaorð

Færeyska rannsóknin sem lýst er í þessari grein og sú íslenska sem hún er byggð á eru fyrstu athuganirnar sem gerðar eru á því hvernig börn túlka afturbeygð fornöfn og persónufornöfn í þessum tungumálum. Niðurstöður þessara rannsókna benda til að afturbeyging og máltaka hennar sé um margt lík í þessum náskyldu málum. Í báðum málum kemur fram svokölluð fornafnatregða, þ.e. íslensk og færeysk börn eiga í meiri erfiðleikum með að túlka persónufornöfn, eins og *hann* og *hon* í færeysku, á réttan hátt en samsetta afturbeygða fornafnið *seg sjálvan*. Þannig leyfa þau persónufornöfnum að vísa í næsta frumlag þótt slík túlkun sé ekki leyfð í máli fullorðinna. Færeyska athugunin, rétt eins og sú íslenska, sýnir einnig að tölfræðilega marktæk tengsl eru á milli þess hvernig börn túlka persónufornöfn og afturbeygða fornafnið *seg* þegar það stendur með sögnum af þeim sagnaflokki sem nefndur er *geva*-sagnirnar. Með sögnum af þessum flokki leyfa flestir fullorðnir Íslendingar og Færeyingar afturbeygða fornafninu aðeins að taka langdræga afturbeygingu en þau börn sem haldin eru fornafnatregðunni leyfa ekki aðeins persónufornöfnum heldur einnig *seg* með *geva*-sögnunum að vísa í næsta frumlag. Þessar niðurstöður benda til að fornafnatregðan í þessum málum komi ekki aðeins fram við túlkun persónufornafna heldur einnig þegar börn túlka *seg/ sig* með *geva/ gefa*-sögnunum. Niðurstöður færeysku athugunarinnar renna því stoðum undir þá meginniðurstöðu íslensku rannsóknarinnar að einföld afturbeygð fornöfn, eins og *sig* í íslensku, eigi meira sameiginlegt með persónufornöfnum en áður hefur verið talið (Sigríður Sigurjónsdóttir 1992 og Sigríður Sigurjónsdóttir og Hyams 1992) og styðja bindikenningu eins og þá sem Reinhart og Reuland (1991, 1993) settu fram.

Niðurstöður þessara tveggja rannsókna leiða einnig í ljós mun á máltöku íslenskra og færeyskra barna. Flest íslensku börnin, sama á hvaða aldri þau voru, leyfðu afturbeygða fornafninu *sig* með *gefa*-sögnum í aukasetningum í

viðtengingarhætti að taka langdrægri afturbeygingu, rétt eins og fullorðnir Íslendingar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Hyams 1992: 390–393). Færeysku börnin virðast hins vegar læra það smám saman að *seg* tekur langdrægri afturbeygingu með *geva*-sögnunum. Langdræg túlkun á *seg* með þessum sagnaflokki eykst eftir því sem börnin verða eldri og það er ekki fyrr en færeysk börn eru sex ára sem svipað hlutfall þeirra og fullorðinna Færeyinga leyfir *seg* með *geva*-sögnunum að taka langdrægri afturbeygingu. Þennan mun á máltöku íslenskra og færeyskra barna virðist mega útskýra með því að íslenska hefur enn viðtengingarhátt og sterk tengsl eru á milli hans og lógófóríkskrar notkunar á einföldum afturbeygðum fornöfnum, eins og *sig* í íslensku. Íslensk börn virðast tengja langdræga notkun á *sig* við viðtengingarhátt og leyfa *sig* að taka langdrægri afturbeygingu um leið og þau fara að greina á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Hyams 1992: 388–390). Virk notkun viðtengingarháttar er hins vegar horfin úr færeysku og því verða færeysk börn að læra fyrir hverja sögn aðalsetningar fyrir sig hvort hún skapar merkingarleg skilyrði fyrir lógófóríska notkun á *seg* í aukasetningum. Beygingarlegar vísbendingar auðvelda því íslenskum börnum að tileinka sér þær reglur sem gilda um langdræga afturbeygingu í íslensku en slíkar vísbendingar skortir í færeysku.

Niðurstöður þessarar athugunar varpa einnig ljósi á afturbeygingu í máli fullorðinna Færeyinga. Sagnaflokkarnir, svokallaðar *raka*- og *geva*-sagnir, hafa tölfræðilega marktæk áhrif á túlkun fullorðnu málhafanna á *seg* þegar það vísar í næsta frumlag. Allir fullorðnu færeysku málhafarnir leyfa *seg* að taka skammdrægri afturbeygingu með *raka*-sögnunum en aðeins nokkrir málhafanna leyfa þá túlkun á *seg* með *geva*-sögnunum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við lýsingu Barnes (1986/2001: 70–79) og Höskuldar Thráinssonar o.fl. (2004: 329–330) á áhrifum þessara sagnaflokka á túlkun *seg*. Að lokum sýna niðurstöður færeysku athugunarinnar að *seg* í færeysku getur vísað í nafnlið aðalsetningar þótt það standi sjálft innan aukasetningar í framsöguhætti. Slík langdræg túlkun á *seg* byggist á því að ákveðnum merkingarlegum skilyrðum sé fullnægt, þ.e. að *seg* sé lógófórískt. Þessar niðurstöður styðja þá kenningu Barnes (1986/2001: 98–100) og Höskuldar Thráinssonar (2001: 115–116) að lógófórísk notkun langdrægra afturbeygðra fornafna í málum heimsins byggist ekki á því að aukasetningin sé í viðtengingarhætti heldur því að setningin uppfylli ákveðin merkingarleg skilyrði.

HEIMILDIR

Barnes, Michael. 2001. Reflexivisation in Faroese. A Preliminary Survey. Ernst Hakon Jahr (ritstj.): *Faroese Language Studies* [*Studia Nordica* 5], bls. 65–102. Novus, Oslo. [Birtist fyrst 1986 í *Arkiv för nordisk filologi* 101: 95–126.]

Baauw, Sergio. 2002. *Grammatical Features and the Acquisition of Reference: A Comparative Study of Dutch and Spanish*. Routledge, New York.

Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding*. Foris, Dordrecht.

Clements, George Nick. 1975. The Logophoric Pronoun in Ewe: Its Role in Discourse. *Journal of West African Languages* 10: 141–177.

Crain, Stephen og Cecile McKee. 1985. Acquisition of Structural Restrictions on Anaphora. *Proceedings of the North-Eastern Linguistics Society* 16: 94–110.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. Some Comments on Reflexivization in Icelandic. Lars Hellan og Kirsti Koch Christensen (ritstj.): *Topics in Scandinavian Syntax*, bls. 89–102. Reidel, Dordrecht.

Everaert, Martin. 1986. *The Syntax of Reflexivization*. Foris, Dordrecht.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. Long Distance Reflexives and Moods in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax* (*Syntax and Semantics* 24), bls. 309–346. Academic Press, New York.

Hellan, Lars. 1988. *Anaphora in Norwegian and the Theory of Grammar*. Foris, Dordrecht.

Höskuldur Thráinsson. 1976. Reflexives and Subjunctives in Icelandic. *Proceedings of the North-Eastern Linguistics Society* 6: 225–239.

Höskuldur Thráinsson. 1990. A Semantic Reflexive in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax* (*Syntax and Semantics* 24), bls. 289–307. Academic Press, New York.

Höskuldur Thráinsson. 1991. Long Distance Reflexives and the Typology of NPs. Jan Koster og Eric Reuland (ritstj.): *Long Distance Anaphora*, bls. 49–75. Cambridge University Press, Cambridge.

Höskuldur Thráinsson. 2001. Syntactic Theory for Faroese and Faroese for Syntactic Theory. An Example of a Symbiotic Relationship. Kurt Braunmüller og Jógvan í Lon Jacobsen (ritstj.): *Moderne Lingvistiske Teorier og Færøsk*, bls. 89–124. Novus, Oslo.

Höskuldur Þráinsson (ritstj.). 2005. *Íslensk tunga III: Setningar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Thráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.

Höskuldur Thráinsson, Hjalmar Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. Föroya Fróðskaparfelag, Tórshavn.

Maling, Joan. 1984. Non-Clause-Bounded Reflexives in Modern Icelandic. *Linguistics and Philosophy* 7: 211–241.

Pica, Pierre. 1987. On the Nature of the Reflexivization Cycle. *Proceedings of the North-Eastern Linguistics Society* 17: 483–499.

Reinhart, Tanya og Eric Reuland. 1991. Anaphors and Logophors: An Argument Structure Perspective. Jan Koster og Eric Reuland (ritstj.): *Long Distance Anaphora,* bls. 283–321. Cambridge University Press, Cambridge.

Reinhart, Tanya og Eric Reuland. 1993. Reflexivity. *Linguistic Inquiry* 24: 657–720.

Reuland, Eric og Sigríður Sigurjónsdóttir. 1997. Long Distance 'Binding' in Icelandic: Syntax or Discourse? Hans Bennis, Pierre Pica og Johan Rooryck (ritstj.): *Atomism and Binding,* bls. 323–340. Foris, Dordrecht.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 1992. *Binding in Icelandic: Evidence from Language Acquisition.* Doktorsritgerð, UCLA, Los Angeles.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Íslensk tunga III: Setningar,* bls. 636–655. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2013. The Acquisition of Reflexives and Pronouns by Faroese Children. Misha Becker, John Grinstead og Jason Rothman (ritstj.): *Generative Linguistics and Acquisition: Studies in honor of Nina M. Hyams,* bls. 131–156. [*Language Acquisition & Language Disorders* 54.] John Benjamins, Amsterdam.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Nina Hyams. 1992. Reflexivization and Logophoricity: Evidence from the Acquisition of Icelandic. *Language Acquisition* 2(4): 359–413.

Strahan, Tania 2009. Faroese long-distance reflexives face-off against Icelandic long-distance reflexives. *Nordlyd* 36(2): 114–141. [*NORMS Papers on Faroese*]. CASTL, Tromsø. Sótt af http://www.ub.uit.no/munin/nordlyd.

Vikner, Sten. 1984. Anaphors in Danish as Compared to English, Seen from the Point of View of the Government-Binding Theory. M.A.-ritgerð, University College, London.

SUMMARY

This article reports the results of an experimental study on the interpretation of reflexives and pronouns by Faroese-speaking children and adults. The experiment was a replication of a study on Icelandic reported in Sigurjónsdóttir (1992) and Sigurjónsdóttir and Hyams (1992). Faroese and Icelandic share certain pronominal features. Both have a long-distance anaphor, *sig/seg*, the interpretation of which is affected by different verb classes, and which also has a logophoric use. In spite of the more limited scope of the present study, the Faroese results shed new light on binding in adult and child Faroese. In the local domain, they replicate the most important finding of the Icelandic study, in that they show a developmental delay with both pronouns and the long-distance anaphor *seg* for one verb class, the *geva* 'give'-verbs. This is an important validation of the conclusions reached in the Icelandic study and indicates that morphologically simple anaphors, like *sig/seg* in Icelandic and Faroese, are in

some sense pronominal, and under certain conditions constitute a new domain to test for the developmental delay of pronouns in language acquisition. In the long-distance logophoric domain, however, the results reveal different developmental patterns for the use of *sig/seg* with this same verb class between Icelandic and Faroese children. It is argued that this difference may be explained by the fact that Icelandic still has the subjunctive mood, whereas Faroese has lost the subjunctive, and there is a close association between logophoricity and subjunctives in the world's languages. Hence, the subjunctive will function as an overt grammatical marker for the logophoric use of *sig* in Icelandic, whereas Faroese-speaking children will have to learn for each matrix verb whether it belongs to the semantic class of verbs that allows the logophoric use of *seg* in its complement clause.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er sagt frá niðurstöðum athugunar sem gerð var á túlkun færeyskra barna og nokkurra fullorðinna Færeyinga á afturbeygðum fornöfnum og persónufornöfnum. Athugunin er endurgerð á íslenskri rannsókn sem lýst er af Sigríði Sigurjónsdóttur (1992) og Sigríði Sigurjónsdóttir og Hyams (1992). Afturbeyging í færeysku og íslensku er um margt lík. Bæði málin leyfa kerfisbundna langdræga afturbeygingu þar sem afturbeygðu fornöfnin *seg/sig* vísa í nafnlið aðalsetningar þótt þau standi sjálf innan aukasetningar. Í báðum málum hafa mismunandi sagnaflokkar áhrif á það hvort *seg/sig* taka skammdrægri eða langdrægri afturbeygingu. Auk þess er hægt að nota *seg/sig* með lógófórískum hætti í báðum málum. Þrátt fyrir að færeyska rannsóknin sem lýst er hér sé smærri í sniðum en sú íslenska varpa niðurstöður hennar nýju ljósi á afturbeygingu í færeysku, bæði í máli fullorðinna og barna. Rannsóknin leiðir í ljós að færeysk börn, rétt eins og íslensk börn, eru haldin svokallaðri fornafnatregðu, þ.e. þau eiga í erfiðleikum með túlkun persónufornafna þar sem þau leyfa þeim að vísa í næsta frumlag þvert á þær reglur sem gilda í máli fullorðinna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna einnig að tölfræðilega marktæk tengsl eru milli túlkunar færeyskra barna á persónufornöfnum og afturbeygða fornafninu *seg* þegar það stendur með svokölluðum *geva*-sögnum. Með sögnum af þessum flokki leyfa flestir fullorðnir Færeyingar afturbeygða fornafninu aðeins að taka langdræga afturbeygingu en þau börn sem haldin eru fornafnatregðu leyfa *seg* með *geva*-sögnunum að vísa í næsta frumlag. Þessar niðurstöður eru sambærilegar mikilvægustu uppgötvuninni í íslensku rannsókninni, þar sem komist er að því að orðahlutafræðilega einfaldir endurvísar eins og *sig* í íslensku séu í vissum skilningi fornöfn og geti því þegar þeir standa með svokölluðum *gefa*-sögnum verið nýr vettvangur til þess að prófa fornafnatregðu í

barnamáli. Hins vegar kemur einnig fram munur á máltöku íslenskra og færeyskra barna í túlkun á *sig/seg* með *gefa/geva*-sögnum. Flest íslensku börnin hegða sér eins og fullorðnir Íslendingar og leyfa *sig* með *gefa*-sögnum í aukasetningum í viðtengingarhætti að taka langdrægri afturbeygingu. Færeysku börnin læra það hins vegar smám saman að *seg* tekur langdrægri afturbeygingu með *geva*-sögnunum. Færð eru rök fyrir því að þennan mun megi útskýra með þeirri staðreynd að íslenska hefur enn viðtengingarhátt, en færeyska hefur glatað honum, og sterk tengsl eru á milli lógófóríska notkunar á einföldum afturbeygðum fornöfnum og viðtengingarháttar í tungumálum heimsins. Þannig virkar viðtengingarháttur sem augljóst málfræðilegt merki um lógófóríska notkun *sig* í íslensku. Færeysku börnin þurfa hins vegar að læra fyrir hverja sögn aðalsetningar fyrir sig hvort hún sé hluti af þeim merkingarlega sagnaflokki sem leyfir lógófóríska notkun á *seg* í aukasetningum.

JÓHANNES GÍSLI JÓNSSON

Endurtúlkun í *ia*-stofnum í íslensku og færeysku[1]

Inngangur

Í þessari grein verður fjallað um endurtúlkun í karlkyns *ia*-stofnum í íslensku og færeysku en þessum beygingarflokki tilheyra m.a. íslensku samnöfnin *hellir, kíkir* og *læknir* og sérnöfnin *Birgir, Styrmir og Sverrir*. Endurtúlkunin er málbreyting sem felst í því að endingin *-r* í nefnifalli eintölu verður hluti af stofninum en nýja stofnmyndin berst svo yfir í aðrar beygingarmyndir, sbr. *læknir-num* og *hellir-ar* (í staðinn fyrir *lækni-num* og *hell-ar*).[2] Þróunin er þó ólík í málunum tveimur að því leyti að endurtúlkunin hefur að miklu leyti gengið til baka í íslensku, einkum í fleirtölu. Í færeysku er upprunaleg beyging karlkyns *ia*-stofna nánast alveg horfin en endurtúlkunin kemur fram í sérnöfnum (sbr. *Beinir* og *Birgir*). Samnöfn í þessum beygingarflokki hafa hins vegar annaðhvort tekið upp sterka hvorugkynsbeygingu (*helli*) eða veika karlkynsbeygingu (*lækni*).

Sá munur á íslensku og færeysku sem hér er til umræðu kemur ekki á óvart þar sem færeyska beygingakerfið hefur breyst talsvert meira en það íslenska í aldanna rás (sjá yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni o.fl. 2004). Það er þó áhugavert að í báðum málunum kemst hreyfing á karlkennda *ia*-stofna og það bendir til þess að sá beygingarflokkur hafi verið viðkvæmur fyrir málbreytingum. Eins og nánar er rakið í þessari grein má tengja þetta máltöku barna því ekki er auðvelt að greina *-r* sem beygingarendingu í nefnifalli eintölu karlkenndra *ia*-stofna. Rót hinna sögulegu breytinga á *ia*-stofnum var því hin sama í íslensku og færeysku þótt stefna þeirra hafi verið ólík í samnöfnum. Í fornnorsku og

1 Ég vil þakka áheyrendum á Frændafundi 8 fyrir líflegar umræður og tveimur nafnlausum ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar við ritun þessarar greinar.

2 Hin eiginlega endurtúlkun verður aðeins í nefnifalli eintölu. Ég mun þó til hægðarauka nota þetta hugtak (og lýsingarorðið *endurtúlkaður*) um beygingarmyndir sem breyttust vegna endurtúlkunar í nefnifallinu.

fornsænsku breyttust karlkyns *ia*-stofnar einnig á svipaðan hátt og í íslensku og færeysku (sjá t.d. Seip 1931: 311 og Wessén 1958: 86).

Greinin er byggð upp á eftirfarandi hátt. Fyrst er gefið yfirlit um beygingu sterkra karlkynsorða í fornmáli og þær hljóðkerfisbreytingar raktar sem sköpuðu skilyrði fyrir breytingum á karlkyns *ia*-stofnum. Þá er fjallað um sögulega þróun karlkenndra *ia*-stofna í íslensku og er þar einkum stuðst við rannsóknir Hreins Benediktssonar (1969) og Lindu Aspar Heimisdóttur (2008). Eins og þar kemur fram hófst endurtúlkunin á 15. öld, breiddist út til allra beygingarmynda á 17. öld og náði hámarki á 19. öld þegar hin forna beyging *ia*-stofna átti undir högg að sækja. Þá er fjallað um karlkennda *ia*-stofna í færeysku og er þar m.a. byggt á eigin athugunum höfundar. Þar er rædd þróun þessa beygingarflokks í færeysku og hún borin saman við það sem hefur gerst í íslensku. Að lokum eru mikilvægustu atriðin í þessari grein dregin saman.

Forsagan

Áður en lengra er haldið er rétt að huga að beygingu sterkra karlkynsorða í norrænu og þá einkum beygingarendinga í nefnifalli eintölu. Eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti, sem tekið er úr grein Hreins Benediktssonar (1969: 395), var *-r* algengasta endingin í nefnifalli eintölu í sterku karlkyni í norrænu:

(1)	ET.						*ia*-stofn
	nf.	arm-r	akr-Ø	mó-r	hamar-r	fjötur-r	helli-r
	þf.	arm-Ø	akr-Ø	mó-Ø	hamar-Ø	fjötur-Ø	helli-Ø
	þgf.	arm-i	akr-i	mó-Ø	hamr-i	fjötr-i	hell-i
	ef.	arm-s	akr-s	mó-s	hamar-s	fjötur-s	helli-s

Eins og Hreinn Benediktsson (1969) hefur bent á urðu tvær hljóðbreytingar á 14. öld sem höfðu mikil áhrif á beygingu sterkra karlkynsorða í íslensku. Þessar breytingar voru (i) *u*-innskot, sem braut upp ýmsa samhljóðaklasa sem áður enduðu á *r*, og (ii) stytting langs *r* í enda orðs. Áhrif þessara breytinga má sjá í (2) en þar eru nýjar beygingarmyndir af orðunum í (1) auðkenndar með skáletri.

(2)	ET.						*ia*-stofn
	nf.	*arm-ur*	*akur-Ø*	mó-r	*hamar-Ø*	*fjötur-Ø*	helli-r
	þf.	arm-Ø	*akur-Ø*	mó-Ø	hamar-Ø	fjötur-Ø	helli-Ø
	þgf.	arm-i	akr-i	mó-Ø	hamr-i	fjötr-i	hell-i
	ef.	arm-s	*akur-s*	mó-s	hamar-s	fjötur-s	helli-s

Þetta breytti stöðu einstakra endinga í nefnifalli eintölu sterkra karlkynsorða þannig að *-ur* varð algengasta endingin. Þetta má sjá í orðum eins og *armur*, *bátur*, *hestur*, *hundur*, *selur*, *staður*, *vindur* og mörgum fleiri orðum sem áður höfðu *-r*. Núllendingin fékk líka aukið vægi því hún leysti *-r* af hólmi í tvíkvæðum orðum sem enduðu á *-ar* eða *-ur*, sbr. *hamar* og *fjötur*. Hins vegar hafði beygingarendingin *-r* mjög takmarkaða dreifingu miðað við það sem áður var því hún einskorðaðist nú við einkvæð orð eins og *bæ-r*, *sjó-r* og *skjá-r* og tvíkvæð orð þar sem stofninn endar á *-i*, sbr. *helli-r* og *lækni-r*.

Endurtúlkun í karlkyns *ia*-stofnum hófst á 15. öld en þá voru áðurnefndar hljóðkerfisbreytingar um garð gengnar. Hreinn Benediktsson (1969) taldi að þessar breytingar hefðu búið í haginn fyrir endurtúlkunina enda var staða endingarinnar *-r* í nefnifalli eintölu sterkra karlkynsorða orðin mun veikari eftir þessar breytingar en hún var í fornmáli. Eins og sýnt er í (3) fól endurtúlkunin í sér að *-r* varð hluti af stofninum í tvíkvæðum orðum eins og *hellir*. Þar með var kominn nýr stofn í nefnifalli eintölu og þessi nýja stofnmynd breiddist út til annarra falla, sbr. *hellir* (í þf. og þgf. et.) og *hellirs* (í ef.et.):

(3)	a.	helli-r	(helli, helli, hellis)	Gamla beygingin (eintala)
	b.	hellir-Ø	(hellir, hellir, hellirs)	Endurtúlkun (eintala)

Hugleiðingar Hreins um stöðu nefnifallsendingarinnar *-r* er eðlilegt að tengja við hugmyndir fræðimanna um barnamál sem orsök málbreytinga (sjá t.d. umfjöllun hjá Fertig 2013: 19-41 um barnamál og breytingar á beygingu).[3] Takmörkuð dreifing nefnifallsendingarinnar *-r* þýðir að það getur verið erfitt fyrir börn á máltökuskeiði að tileinka sér hana. Í þessu sambandi skiptir einnig máli að núllendingin er útbreiddari í nefnifalli eintölu en endingin *-r* og kemur þar að auki fyrir í orðum sem eru tvíkvæð eins og *hellir* en enda á *-ar* eða *-ur* (*hamar*, *fjötur*). Því má segja að beygingakerfi sterkra karlkynsorða í íslensku

3 Tungumál geta líka breyst vegna þess að unglingar eða fullorðnir einstaklingar taka upp einhverja nýjung í máli sínu, t.d. vegna áhrifa frá öðrum tungumálum. Gott dæmi um málbreytingu af þessu tagi er nýja dvalarhorfið í íslensku (sbr. *Við vorum að leika illa í seinni hálfleik*).

kalli fremur á morfemgreininguna *hellir-Ø* en hefðbundnu greininguna *helli-r*. Líklega verða börn að læra þolfall og eignarfall eintölu til að sjá að stofninn í *hellir* hlýtur að vera *helli-*, a.m.k. í eintölunni, og þar með að *-r* í nefnifalli eintölu er beygingarending en ekki hluti af stofninum. Þolfallsmyndin *helli* er ótvírætt dæmi um stofn án endingar þar sem þolfall eintölu er endingarlaust í öllum sterkum karlkynsorðum. Eignarfallsmyndin *hellis* ætti að vera nokkuð skýrt dæmi um stofninn *helli-* að viðbættri eignarfallsendingunni *-s* því það er langalgengasta eignarfallsendingin í sterku karlkyni. Þágufall eintölu (*helli*) er hins vegar flóknara þar sem sérhljóðið *-i* getur bæði verið hluti af stofninum og þágufallsending.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram má telja líklegt að sum börn á máltökuskeiði nái ekki að heyra orð eins og *hellir* nógu oft í þolfalli og eignarfalli eintölu til að tileinka sér hina hefðbundnu morfemgreiningu. Nefnifallið er því endurtúlkað þannig að *-r* sé stofnlægt og þar með er komin ný stofnmynd sem gerir börnum erfiðara fyrir að læra beygingarmyndir eins og *helli* eða *hellis*. Og þetta gildir hvort sem horft er til máltöku barna á 15. öld eða síðar. En með börnum sem ekki læra hefðbundna beygingu karlkenndra *ia*-stofna er málbreyting komin af stað og hún getur svo breiðst út með nýjum kynslóðum.[4]

Rétt er að benda á að endurtúlkun á nefnifallsendingunni *-r* kemur fram í tvíkvæðum karlkynsorðum eins og *hellir* en ekki í einkvæðum orðum eins og *mór*. Ég kannast a.m.k. ekki við beygingarmyndir eins og *bærnum* eða *snjórs* á neinu tímabili í sögu málsins en slíkar myndir hefðu litið dagsins ljós ef endurtúlkun hefði átt sér stað. Þetta kemur ekki á óvart því af mörgum ástæðum ætti að vera auðveldara fyrir börn á máltökuskeiði að læra stofn síðarnefndu orðanna og þar með hina hefðbundnu beygingu. Í fyrsta lagi má nefna að í einkvæðu karlkynsorðunum er beygingarendingin *-r* í áhersluatkvæði og ætti því að heyrast betur en í tvíkvæðu orðunum þar sem endingin er í áherslulausu atkvæði. Í öðru lagi eru nokkur mjög algeng orð eins og *bær*, *snjór* og *sjór* í flokki einkvæðu karlkynsorðanna en engin slík orð eru meðal tvíkvæðu orðanna. Í þriðja lagi birtist stofn einkvæðu karlkynsorðanna í fjölmörgum samsettum orðum (sbr. *snjó-skafl* og *sjó-maður*) en tvíkvæðu karlkynsorðin mynda langoftast samsetningar með eignarfalli (sbr. *hellis-munni* og *læknis-frú*).

4 Það er svo vissulega áhugaverð spurning hvers vegna breytingar á *ia*-stofnum í íslensku hafa gengið til baka á 20. öld en því verður ekki svarað hér.

Þróun *ia*-stofna í íslensku

Eins og Hreinn Benediktsson (1969) hefur rakið varð endurtúlkun í karlkenndum *ia*-stofnum í nokkrum skrefum. Elstu dæmin um endurtúlkun eru frá 15. öld en þá koma fram nýjar beygingarmyndir með stofnlægu *-r* í þolfalli og eignarfalli eintölu. Á næstu öld birtist endurtúlkunin líka í þágufalli eintölu.[5] Á fyrri hluta 17. aldar kemst stofnlægt *-r* inn í fleirtöluna og fljótlega á eftir fara að birtast beygingarmyndir þar sem brottfallsreglan verkar á seinna sérhljóð stofnsins í beygingarmyndum þar sem endingin byrjar á sérhljóði.[6] Þessa þróun má sjá í eftirfarandi yfirliti frá Hreini Benediktssyni (1969: 396–7) þar sem einstök stig eru merkt með bókstöfunum A, B, C og D.

(4)		Norræna	(A) Endurtúlkun í eintölu	(B) Endurtúlkun í þgf.et.	(C) Endurtúlkun í fleirtölu	(D) Brottfalls-reglan
ET.	nf.	helli-r	hellir-Ø			
	þf.	helli-Ø	hellir-Ø			
	þgf.	hell-i/ helli-Ø		hellir-Ø		hellr-i
	ef.	helli-s	hellir-s			
FLT.	nf.	hell-ar			hellir-ar	hellr-ar
	þf.	hell-a			hellir-a	hellr-a
	þgf.	hell-um			hellir-um	hellr-um
	ef.	hell-a			hellir-a	hellr-a
			(15. öld)	(16. öld)	(fyrri hluti 17. aldar)	(17. öld)

Hreinn ræðir ekki samsett orð þar sem fyrri liðurinn er karlkenndur *ia*-stofn en endurtúlkunin náði að einhverju leyti til orða af þessu tagi. Í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans má t.d. finna orðmyndir eins og *víðir-kjarr* og *víðir-tré* en í nútímamáli eru þessi orð án stofnlægs *-r* (þ.e. *víði-kjarr* og *víði-tré*).

Eins og sjá má í (4) er þágufall eintölu án endingar á stigi B, þ.e. *hellir* en ekki **helliri*. Þetta helgast af því að tvíkvæð karlkynsorð sem enda á *-r* í stofni fá sjaldan *-i* í þágufalli eintölu (sbr. *þessum bikar* fremur en *þessum bikari*). Á stigi D kemur hins vegar *hellri* í þágufalli eintölu enda er stofn orðsins þá einkvæður vegna brottfallsreglunnar.

5 Sams konar munur þolfalls og þágufalls eintölu kemur líka fram í endurtúlkun *ia*-stofna í færeysku eins og nánar verður rakið í þessari grein.

6 Brottfallsreglan verkar einkum á undan /l, r, n/, sbr. víxl eins og *gamall – gamlir, hamar – hamri* og *slitinn – slitnir*. Eins og Eiríkur Rögnvaldsson (1993: 81–82) bendir á er þó ekki einfalt mál að setja regluna fram á formlegan hátt.

Eins og áður hefur komið fram er tvíræðni í morfemgreining hefðbundnu þágufallsmyndarinnar *helli* þar sem *-i* getur bæði verið hluti af stofninum og þágufallsending. Síðarnefnda greiningin er þó ef til vill nærtækari fyrir barn á máltökuskeiði þar sem *-i* er hin reglulega ending þágufalls eintölu í sterkum karlkynsorðum. Þetta kann að hafa valdið því að þágufall eintölu breyttist síðar en þolfallið og eignarfallið enda er breyting stofns úr *hell-* yfir í *hellir-* stærra skref en breytingin úr *helli-* yfir í *hellir-*. Stofnlægt *-r* kemur líka síðar inn í fleirtöluna en eintöluna enda er stofninn *hell-* í hefðbundinni fleirtölu.

Dæmi um stig A og B má sjá í (5) en þau dæmi um einstök stig sem sýnd eru hér eru öll úr Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans á netinu.

(5) a. þar fann Ieremias eirn **Heller (1584)**

b. að fátækir… hafi mikil not læknirsins (mið 19. öld)

c. fekk saudina hyrder nokkrum til geymslu (1584)

Nokkur dæmi um karlkennda *ia*-stofna á stigi C eru sýnd í (6). Athugið að dæmin í (6b) og (6c) eru frá nýliðinni öld og því tiltölulega ung.

(6) a. sidan kíkirar hafa uppfundist (1797)
b. að seglin hljóta að verða að geymirum (1917)
c. Auðvitað gera heimilislækningar enga læknira (snemma á 20. öld)

Hreinn Benediktsson (1969) sýnir aðeins með dæmi um beygingu orðsins *hellir* á stigi D en vitnar í Runólf Jónsson (1651: 51) sem nefnir fleirtölumyndina *hirðrar*. Ég hef ekki fundið raunveruleg máldæmi um önnur orð á þessu stigi en *hellir*, hvorki í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans né á síðunni timarit.is. Dæmin hér að neðan eru því öll með nafnorðinu *hellir*.

(7) a. við komum að hellri um síð (17. öld)
b. Allt þetta er geymt í hellrum (19. öld)
c. eru nokkrar gjár í þeim merkilegar eða hellrar? (1839)

Beygingarmynd eins og *hellrar* er athyglisverð að því leyti að þar býr brottfallsreglan til samhljóðaklasann *-llr-* innan sama morfems, klasa sem kemur annars bara fyrir á morfemaskilum (sbr. *full-ra*, *holl-ri* og *ill-rar*). Samt sem áður virðast brottfallsmyndir eins og **geymrar*, **kíkrar* og **sendrar* (af *geymir*, *kíkir* og *sendir*) vera útilokaðar þótt samhljóðaklasarnir *-mr-*, *-kr-* og *-ndr-* séu leyfilegir innan sama morfems (sbr. *glamra*, *okra* og *sundra*). Það er því engin augljós skýring á því hvers vegna stig D nær aðeins til orðanna *hellir* og *hirðir*.

Endurtúlkaðar myndir karlkenndra *ia*-stofna náðu mikilli útbreiðslu í málinu eftir að þær komu fyrst fram. Rannsókn sem Linda Ösp Heimisdóttir (2008) gerði á 297 einkabréfum alþýðufólks sýnir að um miðja 19. öld voru þessar beygingarmyndir orðnar algengari en hefðbundnu myndirnar. Alls fundust 44 dæmi um nýju beyginguna en 26 dæmi um þá gömlu en talsverður munur var á einstökum beygingarmyndum. Í þolfalli eintölu var nýja beygingin einhöfð (21 dæmi) og í þágufalli eintölu var hún algengari en hefðbundna beygingin (10 dæmi á móti 4). Hefðbundna beygingin hafði hins vegar yfirhöndina í eignarfalli eintölu (16 dæmi á móti 11) og nefnifalli fleirtölu (5 dæmi á móti 1).

Í prentuðum heimildum voru fornu beygingarmyndirnar mun algengari en endurtúlkuðu myndirnar á 19. öld ef marka má leitarniðurstöður á netsíðunni timarit.is. Til dæmis eru aðeins tvö 19. aldar dæmi um beygingarmyndina *læknirs* á síðunni en dæmin um *læknis* á sama tímabili eru hátt á annað þúsund. Um beygingarmyndina *hellrar* eru 19 dæmi á 19. öld en 58 dæmi um *hellar*.[7] Þarna er endurtúlkunin algengari en í *læknir* en það stafar sennilega af því að *læknir* er algengara orð en *hellir* og því er auðveldara fyrir börn á máltöku-skeiði að læra hefðbundnu beyginguna í *læknir*. Þetta rímar vel við þá niðurstöðu Lindu Aspar Heimisdóttur (2008: 52-54) að hefðbundna beygingin haldist best í algengum orðum í nútímamáli.

Nýja beygingin virðist enn vera algeng í talmáli á fyrri hluta 20. aldar samkvæmt vitnisburði málfræðirita frá þeim tíma (sjá Lindu Ösp Heimisdóttur 2008: 21-24 og Jóhannes Bjarna Sigtryggsson 2011: 121). Sé litið á 20. öldina í heild er þó alveg ljóst að endurtúlkaðar myndir hafa verið á miklu undanhaldi. Stofnlægt *-r* kemur þó enn fyrir, einkum í eintölu, eins og netdæmin í (8) sýna. Endurtúlkaða beygingin lifir líka góðu lífi í föstum orðasamböndum (*vera kominn á steypirinn*), málsháttum (*Í upphafi skyldi endirinn skoða*) og örnefnum (*Geysirbyggð* í Nýja-Íslandi og *Hellrar* í Mývatnssveit).

7 Um beygingarmyndina *hellirar* finnast aðeins dæmi á 20. öld og þau eru níu talsins (ef ekki eru talin dæmi þar sem beinlínis er verið að fjalla um beyginguna).

(8) a. Ég er með mjög færan og góðan læknir
b. því hann þurfti daginn eftir að spila með Fylkir
c. Hvar er endurskoðandi Glitnirs?

Munur eintölu og fleirtölu í beygingu *ia*-stofna var staðfestur í könnun sem Linda Ösp Heimisdóttir (2008) lagði fyrir 208 nemendur í grunn- og menntaskóla. Í henni voru nemendur beðnir að lesa stuttan texta með ýmsum eyðum sem myndir vísuðu til. Í stað myndanna áttu nemendurnir að setja inn orðin *hitamælir*, *kíkir*, *læknir* og *vísir* og ýmis uppfyllingarorð í viðeigandi beygingarmynd. Í ljós kom að nemendurnir voru mun líklegri til að nota stofnlægt *-r* í eintölu en í fleirtölu. Þeir notuðu það einnig oftar í þolfalli eintölu en þágufalli eintölu. Í þessari könnun kom einnig fram að endurtúlkaða beygingin er sjaldgæfust í *læknir* sem jafnframt er langalgengasta orðið af þeim sem prófuð voru.

Samtímalegar kannanir eins og sú sem hér var lýst hafa þann kost fram yfir sögulegar athuganir að í þeim fyrrnefndu er hægt að fá miklu meiri upplýsingar um eðli málbreytinga. Þannig er t.d. hægt að sjá mun á einstökum orðum sem erfitt er að greina í rituðum heimildum frá fyrri öldum. Niðurstöður Lindu Aspar kallast þó á við niðurstöður Hreins Benediktssonar (1969) um sögulega þróun *ia*-stofna þar sem endurtúlkaðar beygingarmyndir virðast því algengari í nútímamáli sem þær eiga sér lengri sögu í málinu. Eignarfall eintölu er þó undantekning frá þessu því stofnlægt *-r* er þar mjög gamalt en er samt lítið notað í nútímamáli. Þær renna líka stoðum undir niðurstöður Hreins að því leyti að þær sýna að stofnlægt *-r* í karlkenndum *ia*-stofnum er ekki einsleitt fyrirbæri að því leyti að skýr munur er á eintölu og fleirtölu og líka á þolfalli og þágufalli í eintölunni.

Þróun *ia*-stofna í færeysku

Vegna skorts á rituðum heimildum um færeysku á fyrri öldum er ekki hægt að rekja þróun karlkenndra *ia*-stofna þar á sama hátt og Hreinn Benediktsson (1969) og Linda Ösp Heimisdóttir (2008) hafa gert fyrir íslensku. Þó er ljóst að í færeysku eru sömu forsendur fyrir endurtúlkun og í íslensku því nefnifalls-endingin *-r* hvarf í mörgum sterkum karlkynsorðum vegna *u*-innskots og styttingar á löngu *r* í bakstöðu. Við þetta bætist að nefnifallsendingin *-ur* hefur verið alhæfð svo víða í sterkum karlkynsorðum í færeysku að endingin *-r* er algjörlega horfin. Í nefnifalli eintölu sterkra karlkynsorða eru aðeins tvær endingar í færeysku nútímamáli, *-ur* og núllending, en sú síðarnefnda er að

miklu leyti bundin við tvíkvæð orð eins og *hamar*, *himin*, *lykil* og *rakstur*. Þetta er sýnt í (9) þar sem færeyska er borin saman við íslensku:[8]

(9)	Stofngerð	íslenska	færeyska
	-Vs	ís-Ø	ís-ur
	-Vr	her-Ø	her-ur
	-VCs	háls-Ø	háls-ur
	-VCn	botn-Ø	botn-ur
	-VCl	fugl-Ø	fugl-ur
	Stofngerð	íslenska	færeyska
	-Vn	stein-n	stein-ur
	-Vl	stól-l	stól-ur
	-V	sjó-r	sjógv-ur

Norræn beyging karlkyns *ia*-stofna er nánast horfin í nútímafæreysku (Höskuldur Thráinsson o.fl. 2004: 409) en í færeyskum kvæðahandritum má þó finna leifar af henni (Weyhe 2011: 70). Í *ia*-stofna sérnöfnum hefur orðið endurtúlkun en samnöfnin hafa þróast í tvær áttir eins og nánar verður rakið í þessum kafla.

Henriksen (2004: 32) segir að flest samnöfn í flokki *ia*-stofna hafi flust yfir í hvorugkyn í færeysku en gefur þó ekki annað dæmi en *helli*, sbr. (10).[9] Zakaris Hansen hefur einnig bent mér á hvorugkynsorðið *felli* í færeysku en það samsvarar karlkynsorðinu *fellir* í íslensku.

(10)		norræna	nútímafæreyska
ET.	nf.	hellir	Helli
	þf.	helli	Helli
	þgf.	helli	Helli
FLT.	nf.	hellar	Helli
	þf.	hella	Helli
	þgf.	hellum	Hellum

Hér hefur aukafallsmynd eintölunnar náð til nefnifallsins og fleirtölubeygingin hefur breyst í nefnifalli og þolfalli en sterk hvorugkynsorð sem enda á *-i*, eins og *kvæði* og *ríki*, eru hugsanleg fyrirmynd að þessari nýju beygingu. Hreinn

8 Hér stendur V (e. *vowel*) fyrir sérhljóð og C (e. *consonant*) fyrir samhljóð.
9 Hér er ekkert eignarfall sýnt enda er það að miklu leyti horfið í færeysku nútímamáli (sjá Höskuld Thráinsson o.fl. 2004: 433–434).

Benediktsson (1969: 402) nefnir hvorugkynsmyndina *þyrni* (í fleirtölu) og það er eina dæmið í íslensku um þessa breytingu sem ég veit um.

Karlkyns *ia*-stofnar geta líka fengið veika beygingu án þess að skipta um kyn, sbr. orðið *lækni*, en þar hefur norræn aukafallsmynd eintölunnar komist inn í nefnifallið alveg eins og í *helli*.[10]

(11)		norræna	nútímafæreyska
ET.	nf.	læknir	lækni
	þf.	lækni	lækna
	þgf.	lækni	lækna
FLT.	nf.	læknar	læknar
	þf.	lækna	læknar
	þgf.	læknum	læknum

Að minnsta kosti þrjú önnur samnöfn hafa breyst á sama hátt, þ.e. *hersi*, *hirði* og *lætti*, en einnig eru dæmi um þessa þróun í sérnöfnum, t.d. karlmannsnafninu *Sverri*. Sterka beygingin í *Sverri* er þó enn varðveitt í götunafninu *Sverrisgøta*. Þessi breyting á sér aðeins samsvörun í íslensku að því er varðar nefnifallið en Björn Karel Þórólfsson (1925: 79) bendir á að nefnifallsmyndir eins og *hirði* og *gæti* komi fyrir í íslenskum handritum frá 16. öld og telur þetta áhrif frá þolfalli og þágufalli. Á netsíðunni timarit.is má einnig finna nokkur dæmi frá 19. öld um veikar nefnifallsmyndir með viðskeyttum greini, t.d. *lækninn* og *hellinn*:

(12) a. því að lækninn tók á móti kosningu sinni (Ingólfur 26.06 1854, bls. 121)
b. þá fæst enginn lækninn að heldur (Þjóðólfur 09.06 1855, bls. 95)
c. Hellinn var eigi stór en hlýr og skjólgóður (Bóndi 4. tbl. 1851, bls. 62)
d. Þegar niður kemur, er hellinn allvíður (Leifur 34. tbl. 1886, bls. 135)

Reyndar má deila um það hvort þessar beygingarmyndir eru í raun og veru veikar því þær koma fyrir í beygingu sem er að öðru leyti sterk. Í efnisgreininni sem (12d) tilheyrir eru t.d. beygingarmyndirnar *hellir* (nf.et.), *hellinn* (þf.et.) og *hellinum* (þgf.et.). Það er því vel hugsanlegt að hér hafi sterk beygingarmynd í nefnifalli eintölu með greini verið stytt um eitt atkvæði.

Ýmis sérnöfn í færeysku sem upphaflega fylltu flokk *ia*-stofna hafa fengið sams

Nevnast skulu verkini *Evnafrøði til realskúlar* (1963) og *Alisfrøði* bd. 1–3 (1979–81). Í hesum bókum verða eitt nú orðini *útbláur* (ísl. útfjólublár, da. ultraviolet) og *innreyður* (ísl. innrauður, da. infrarød) nýtt. Møguliga hava íslendsku orðini verið fyrimynd. Tó eru aðrar royndir gjørdar at finna hesum hugtøkum føroyskan ham, t.d. í *Alisfrøði* (1969), ið var fyrsta føroyska lærubók í alisfrøði. Har vórðu orðini *ervablákollutur* (da. ultraviolet) og *neðrareyður* (da. infrarød) nýtt. Hesi orð eru tó ongantíð komin í nýtslu.

Orðini *innreyður* og *útbláur* eru at finna í *Føroyskari orðabók* (1998; 2. uppl. 2008). Tó eru heitini slept í nýggjari alisfrøðibókum, t.e. í *Alisfrøði og evnafrøði* 1, 2, og 3 (2002–2004), og farið er aftur til *ultraviolettur* og *infrareyður*. Somuleiðis hevur høvundurin slept heitunum *jón*, *ravmagn* og *dik*, ið fingu føroyskt snið í sambandi við *Alisfrøði* (1969), og nýtir nú *jon*, *elorka* og *acceleratión* í staðin fyri. So hetta er heldur fløkt. Ikki minst tí eingin støða er tikin til, júst hvussu orð eins og *acceleratión* skulu stavast á føroyskum. Tí samsvar má vera ímillum stavseting, t.e. 'cc', og tann framburð, /-ks-/, ið orðið hevur.

Onnur nýskrivað verk eru eisini, men tað ber ikki til at nevna øll. Tó vil eg nevna formlasavnið *Alisfrøðin lítla*, ið er óprentað, men sum ein lærari á Sjómansskúlanum týddi til føroyskt (1998) til at nýta í undirvísingini. Nøkur dømi um heiti úr formlasavninum[3]:

flata	(da. areal)
rúmd	(da. volumen)
evnisnøgd	(da. massefylde)
ferð	(da. hastighed)
dik	(da. acceleration)
máttur	(da. kraft)
røringarfrøði	(da. kinematik)
elvi	(da. dynamik)
gagnstig	(da. virkningsgrad)
løgur í kvirru	(da. hydrostatik)
løgur í røring	(da. hydrodynamik)

(Simonsen 1998)

Høvundurin hevur havt *Alisfrøði* (1969) lutvíst til fyrimyndar. Henda alisfrøði var rættiliga nógv umrødd, tí hon var fyrsta stórverk á hesum øki og var

3 Her gjørdist ov trupult at finna íslendsku samheitini.

rættiliga víðtøkin, við tað at høvundurin hevði funnið fram til ella evnað til føroysk orð fyri so at siga øll frøðilig hugtøk í bókini. Mong av orðunum vóru rættiliga djørv, men málsliga tilfarið í bókini gjørdist tó lutvíst grundarlag fyri alisfrøðiligum máli í seinni útgávum.

Grundvøllur

Tá ið orð skulu finnast, er natúrligt at leita til íslendskt, ið sum vesturnorðurlendskt liggur nær at føroyskum, og sum hevur langa siðvenju við at evna orð til og hevur sett ta kós at nýta sum minst av fremmandaorðum. Tó verður eisini leitað til onnur norðurlendsk mál. Men tað er týðiligt, at íslendskt hevur verið fyrimyndin í sambandi við nógv orð.

Tað hevur tó ligið fremst at byggja á føroyskan grundvøll sum heild, tá ið frøðiligt orðfeingi skuldi finnast. Leitað hevur eitt nú verið í vanligum máli eftir orðum, og síðan eru tey uppstigað til frøðiorð, við at orðið hevur fingið eina eyka frøðiliga nýmerking, t.d. *rás* fyri da. kurve. Harumframt eru forn ella sjáldsom orð tikin í nýtslu og hevjað upp til frøðiorð.

Hóast farið er til verka við sera góðum hugsjónum um at evna eitt dygt føroyskt frøðimál til, so er í nøkrum førum farið aftur til útlendska orðið. Orsøkin er – sigur studentaskúlalærari, ið starvast sum týðari og høvundur – at næmingar longu kenna fremmandaorðið, áðrenn farið verður í miðnámsskúla, og tí verður tað ov tungt at venja teir við hesi orð, tá ið tað snýr seg um eitt evni, ið er fløkt og tungt hjá næmingum at læra. So her hevur hann hugsað um tað námsfrøðiliga, og hvussu hann kann gera tað greiðari hjá næmingum at skilja lærugreinina. Vansin er, sigur hann, at føroysk frøðiorð liva lið um lið við útlendsku tøkuorðini, og tað verður mett at vera óheppið (Simonsen 2005). Her verða føroysk heiti tí í einstøkum førum mett sum ein námsfrøðilig forðing.

Fremmandaorð ella ikki

Tað er javnan at hoyra frá foreldrum, at føroysk heiti eru ein forðing. Eitt nú skal tað vera ov trupult hjá ungum at fara í miðnámsskúla, tí tey duga ikki latínsku málløruheitini, og serliga trupult skal tað vera hjá ungum at skilja heitini á støddfrøðihugtøkum, tá ið tey fara til Danmarkar á eftirskúla ella undir hægri lestur. Føroysk heiti verða í hesum sambandi fatað sum ein forðing, tá ið ung skulu fara undir eina útbúgving. Hetta kjak hevur vundið upp á seg, men ivasamt er, júst hvussu stórur trupulleikin er.

Í royndum er tað sera lætt at leita sær stuðul – ein 25 bls. langur føroyskur-danskur orðalisti við støddfrøðiorðum er at finna á heimasíðuni snar.fo, og tað

skuldi eisini verið ein hjálp hjá teimum, ið fara til Danmarkar á eftirskúla ella at lesa. Tað skuldi borið til at uppstigað henda listan til hægri lestrarstig. Og í sambandi við málløruheiti er ein drúgvur listi við hesum heitum (føroyskur-danskur-enskur) at finna á heimasíðuni hjá Málráðnum (malrad.fo).

Hugburður

At hugburðurin hjá føroyingum til sítt egna mál og til føroysk heiti hevur týdning er eyðsæð. Hóast neiligi hugburðurin til tað at evna føroysk orð til í staðin fyri at nýta dansklig orð og fremmandaorð er batnaður, so saknast tó í ávísan mun undirtøka í einum parti av fólkinum. Summi góðtaka rætt og slætt ikki, at føroysk heiti skulu setast í staðin fyri dansklig orð ella fremmandaorð. Her er tað orðfeingismálreinsingin, ið er truplast at góðtaka, og helst hevur tað týdning, júst hvat orð verður funnið at seta ístaðin.

Tað er arbeiðskrevjandi at evna nýggj orð til ella finna fram til tey á annan hátt. Hví kunnu vit ikki nýta fremmandaorð, tá ið øll onnur lond í Evropa gera tað? spyr ein av heimildarmonnum mínum, ið er rektari á miðnámsskúla. Hugsan hansara er, at tað er eingin orsøk til at evna orð til ella týða orð, um nýggja orðið verður verri enn tað útlendska. Sum dømi nevnir hann *undirstøðukervi*, ið hann metir er ov tungt fyri da. infrastruktur, og harumframt *skammlop*, ið er heldur óskilligt fyri da. kortslutning. Her er vansin – eins og greitt verður frá niðanfyri – at fólk ikki meta hesi orð at vera nóg gjøgnumskygd.

Eitt annað dømi eru heitini á mannakroppinum. Fyrsta bók um mannakroppin – *Mannakroppurin* – kom út í 1957, og seinni hevur Skúlabókagrunnurin/Nám givið fleiri bøkur út um mannakroppin og myndatalvur við mannakroppinum, ið eru væl betur námsfrøðiliga greiddar úr hondum. Men hóast hetta, so kennir og nýtir ein stórur partur av fólkinum lutvíst donsk heiti um ein stóran part av mannakroppinum, og um tað snýr seg um ung fólk, so kennir ein partur av teimum hvørki føroyska ella danska heitið. Gott frálærutilfar er tískil ikki nóg mikið. Tað er eisini neyðugt í sambandi við undirvísingina at leggja jaligan hugburð til móðurmálið niður í næmingarnar og gera teir tilvitnar um, hvussu stóran týdning okkara móðurmál hevur. Eisini ber til at leggja dent á hetta aðrastaðni enn í skúlunum.

Føroyskt og íslendskt

Tann lítla gjøgnumgongd av undirvísingartilfari, ið eg her havi gjørt, vísir, at ein stórur partur av orðunum er tikin úr føroyska jørðildinum, tá ið nýggj orð skulu finnast, hóast fyrimyndin í flestum førum hevur verið íslendskt. Tað ber til at nevna tað føroyska nýgerð við íslendskari fyrimynd. At føroyskt og

íslendskt bæði eru vesturnorðurlendsk mál og hava nógv orð til felags hevur við sær, at trupult kann vera at meta um, hvaðan orð stavar. Kaj Larsen (1993), ið hevur granskað arbeiði dr. Jakob Jakobsens gjølliga, orðar seg soleiðis:

> Við tað at orðatilfarið í føroyskum og íslendskum er so líkt, er tað mangan ringt at siga við vissu, um eitt orð er tikið úr íslendskum ella er eitt nýgjørt føroyskt orð. Men eisini har talan er um nýgjørd føroysk orð man íslendskt ofta hava verið ein fyrimynd og stuðul, tí tílík orð eru vanliga gjørd burtur úr fornum máltilfari, sum bæði málini høvdu í felag, og sjáldan burtur úr nýggjari lántum tilfari.

Eitt nú hava íslendsku heitini á lærugreinum og frøðiøkjum havt ávirkan, tá ið hesi heiti skuldu ásetast í føroyskum, tí her er stórur líkskapur, t.d. *alisfrøði* (ísl. eðlisfræði), *bókmentafrøði* (ísl. bókmenntafræði), *evnafrøði* (ísl. efnafræði), *lívfrøði* (ísl. líffræði), *støddfrøði* (ísl. stærðfræði), *málfrøði, -vísindi* (ísl. málvísindi), *mállæra* (ísl. málfræði), *námsfrøði* (ísl. uppeldisfræði), *landafrøði, -læra* (ísl. landafræði), søga (ísl. mannkynssaga), *teldufrøði* (ísl. tölvufræði), *sjúkrarøktarfrøði* (ísl. hjúkrunarfræði) og *verkfrøði* (ísl. verkfræði).

Gjøgnumskygni

Er orð so hegnisliga evnað til ella týtt, at tað er gjøgnumskygdari á heimamálinum enn fremmandaorðið, er tað ein stórur fyrimunur, tá ið næmingur skal ognað sær nýggja vitan og gerast kendur við eina stóra nøgd av frøðiorðum. Av slíkum orðum kunnu nevnast *stuttsíða* og *langsíða* fyri da. katete og da. hypotenuse. Eitt annað dømi er *frádráttur* fyri substraktion. Men tó er hetta ikki altíð galdandi. Orðið *rætthyrningur*, ið seinni er vorðið broytt til *rektangul* í lærubókunum, er gjøgnumskygdari enn *rektangul*; av orðinum skilst, at hetta er ein (fer)hyrningur við røttum (90o) hornum, tískil skuldi tað verið lætt hjá næmingum at læra. Men her ger tað seg uttan iva galdandi, ið undan er nevnt í sambandi við kanningina hjá Skúlabókagrunninum, at tað eru lærararnir, ið eru ov vanabundnir og ikki megna at sleppa fremmandaorðunum ella donsku orðunum. Her er tað orðfeingismálreinsingin, ið ikki hevur hepnast í øllum førum. Í sambandi við undannevndu kanning av, hvørji støddfrøðiorð verða nýtt, stóð at lesa á heimasíðuni hjá Skúlabókagrunninum:

> Sum heild eru lærarar samdir um, at tað eru lærararnir sjálvir, ið hava tungt við at taka føroysku heitini til sín, tí teir av fyrstantíð hava lært fremmand heiti. Næmingarnir taka føroysku heitini til sín. Góð føroysk heiti eru tey, ið

> samstundis lýsa hugtøkini best. Dømi: stuttsíða - kateta og langsíða - hypotenusa. Dømi um føroysk heiti, ið ikki verða nógv nýtt eru: brigdil – variabul, óbrigdil – konstantur og hissini tal – tilvildarligt tal. Ein orsøk til, at nevndu heitini ikki eru so væl móttikin, kann vera, at tey hvørt sær ikki lýsa hugtøkini so væl. (www.fsg.fo/Filur/Spurnablad.%20Samandrattur.pdf) (2005)

Hetta sigur okkum, at umframt hugburð hevur tað týdning, at eitt frøðiligt orð „lýsir" hugtakið væl, t.e. at orðini eru gjøgnumskygd eins og *stuttsíða* og *langsíða*.

Ein fyrimunur er eisini, um nýggj orð eru stutt og løtt at benda, t.d. *telda*. Tað ger seg tó ikki galdandi í sambandi við orðið *dik*, ið nú er slept aftur, og orðið *acceleratión* er sett aftur í skúlabøkurnar. Orðið *acceleratión* er ikki lætt at skriva ella benda, og harumframt hevur tað ónorrøna herðing og stavseting. Helst man dik hava kenst ov fremmant, ella hevur tað verið ov trupult hjá lærarunum at venja seg við orðið.

Bágar

Frøðimál skal vera so eintýtt og neyvt sum møguligt, og tí skal bara vera *eitt* orð fyri hvørt hugtak, so týdningurin hjá orðinum verður so greiður sum gjørligt. Ein lærari vísir á, at hóast ein evnar nýggj orð til, so hvørva kendu og innarbeiddu orðini ikki, og tí er vandin, at fleiri orð verða í nýtslu fyri sama hugtak. Hetta er eyðsæð óheppið, tí tað er í andsøgn við sjálva grundregluna í sambandi við frøðimál, t.e. at fleiri heiti eru fyri sama hugtak (Simonsen 2005).

Hvat eyðkennir so orðini, ið detta niðurímillum? Í støddfrøði snýr tað seg bæði um orðfeingismálreinsing og ljóðskipanarliga málreinsing. Tað sæst júst í dømunum, sum eru slept aftur í Skygni-støddfrøðibókunum og sum eru nevnd í formælinum til *Støddfrøði. Handbók*, t.e. *brigdil, desimáltal, desimálur, ferhyrningur, ferningur, ferrót, fleirhyrningur, funksjón, hýperbil, óbrigdil, óráðin tøl, parápil, ráðin tøl, rætthyrningur, tríhyrningur* og *viðberi* (Dalsgarð og Olsen 2005).

Alt bendir á, at tey orð, ið ikki verður tikið við, eru orð, ið hava verið fyri orðfeingismálreinsing, t.d. *óbrigdil* fyri da. konstant, og harumframt eru nøkur orð, ið hava verið fyri ljóðskipanarligari málreinsing, t.d. *hýperbil* fyri da. hyperbel. Sum nevnt er orsøkin tann, at fólk hava kent fremmandaorðið, áðrenn føroyskt heiti er funnið ella evnað til, og tað hevur virkað til, at í nøkrum fáum førum er seinni farið aftur til útlendsku orðini, og nýggjyrðini ella tøkutýðingarnar eru sleptar.

At taka samanum

Mál okkara hevur verið fyri stórum og drúgvum árini frá einum øðrum størri máli, og vit hava enn at kalla eina tvímælisstøðu. Tað hevur við sær, at nógv fólk kenna betur orðið, sum verður nýtt í donskum, og tí kunnu tey kenna tað óneyðugt at evna nýggj orð til. Hetta kann vera orsøk til, at frøðiorðagerð, ið hevur støði í málreinsing, ikki hepnast. Og tað ger seg eisini galdandi í sambandi við frøðiorðanýtsluna í frálærutilfari. Kanning vísir, at lærarar hava trupult við at sleppa vanahugsan og nýta føroysk heiti í undirvísingini.

Dømi um orðfeingismálreinsing, ið ikki hevur hepnast í sambandi við alisfrøði, er, at orðini *jón*, *ravmagn* og *dik* eru slept, og farið er aftur til orðini *jon*, *elorka* og *acceleratión*. Somuleiðis er við orðunum *innreyður* og *útbláur*, her er farið aftur til *ultraviolettur* og *infrareyður*. Í sambandi við støddfrøði er farið aftur at nýta *potensur og eksponentur* í staðin fyri orðini *veldi* og *veldistal*. Somuleiðis er við orðunum *tríhyrningur, rætthyrningur, ferningur* og *ferrót*, har farið er aftur til heitini *tríkantur*, *rektangul*, *kvadrat* og *kvadratrót*. Tó hava lærarar og næmingar tikið við nógvum nýggjum orðum. Í listanum, sum liggur á snar.fo, eru 24 bls. við føroyskum støddfrøðiheitum til fólkaskúlan, t.e. fleiri enn 2000 orð. Í mun til tað er talið á broyttu heitunum ikki stórt. Sum heild má tí sigast, at orðfeingismálreinsing hepnast í rættiliga stóran mun. Men nevnast má, at orðfeingismálreinsing ikki hepnast, um frálærutilfarið bara er á føroyskum í fólkaskúlanum. Tað sæst greidliga í sambandi við útsøgn hjá miðnámsskúlalærara í lívfrøði.

At málreinsing er farin fram í sambandi við føroysk frøðiorð er neyvan ein námsfrøðilig forðing, men tað kann ørkymla, um heiti verða broytt ov ofta, og at ymsar bøkur ikki nýta somu heiti fyri somu hugtøk. Uttan iva er tað ein fyrimunur úr námsfrøðiligum sjónarhorni, um orðini eru gjøgnumskygd. Men tað hjálpir ikki altíð, at orðið er gjøgnumskygt ella stutt og lætt at stava og benda. Her snýr tað seg eisini um at fáa lærarar at draga eina línu og nýta heitini í frálærutilfarinum. Í síðsta enda snýr tað seg nógv um tann hugburð, ið tann einstaki hevur til sítt móðurmál.

HEIMILDIR

Alisfrøði og evnafrøði 1, 2, og 3. (og arbeiðs- og lærarabøkur). Týtt og tillagað: Pól Jespersen. 2002–2004. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Bókadeild Føroya Lærarafelags: www.bfl.fo

Brunstad, E. 1997. Purisme og nasjonalisme. Í: *Purisme på norsk?* Norsk språkråds skrifter nr. 4. Oslo.

Dalsgarð, Mortan, Olsen, Edvard. 2005. *Støddfrøði. Handbók.* Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Formlasavn C (Satsur: Jespersen, Pól og Fjallsbak, Snorri). 1995. Tórshavn.

Føroya landsbókasavn: www.flb.fo

Føroya náttúra. Lívfrøðiligt margfeldi. 2006. Ritstj. Anna Maria Fosaa, Eilif Gaard og Jóannes Dalsgarð. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Gunnarsson, Freysteinn. 1973. *Dönsk-íslenzk orðabók.* Endurskoðað útgáva. Ágúst Sigurðsson, Freysteinn Gunnarsson og Ole Widding. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Hammer, Herleif, rektari á Føroya studentaskúla og HF-skeiði. Samrøða 2013.

Hovgaard, Sólrun, f. 1932, næmingur síðst í 1930-árunum og 40-árunum. Samrøða 2013.

ISLEX-ordbogen: http://islex.dk/

Jakobsen, Jakob. 1961–64 (uppafturprentað 2009). *Færøske folkesagn og æventyr* (Inngangurin). H. N. Jacobsens Bókahandil, Tórshavn.

Jepersen, Pól. *Støddfrøði til HF-felagslærugrein.* 1990. Tórshavn

Jepersen, Pól. *Støddfrøði: grundbók* 1995, 2004 (endurskoðað frá 1990). Tórshavn

Joensen, Hanus Debes. 1957. *Mannakroppurin.* Føroya náttúra-Føroya skúli, Tórhavn.

Joensen, Hanus Debes. 1969. *Alisfrøði.* Landsfelagsskapur Fiskivinnuni at Frama, Tórshavn.

Joensen, Hanus Debes og Skarði, Jóhannes av. 1970. *Føroyskt orðatilfar II. Úr alisfrøði. Føroyskur-danskur og danskur-føroyskur orðalisti.* Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn.

Larsen, Kaj. 1993. Hin fyrsti málreinsarin. *Málting 9,* 3. Tórshavn.

Lenvig, Tummas, cand.phil., fyrrv. lærari, týðari og høvundur. Samrøða 2013.

Magnussen, Poul, cand.scient. í lívfrøði, exam.art. í føroyskum, á Føroya HF-skeið og Studentaskúla. Samrøða 2013.

Málræruheiti: http://malrad.fo/page.php?Id=56&l=fo

Nám: www.nam.fo

Niclasen, Bjarni. 1963. *Evnafrøði til realskúlar.* Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Niclasen, Bjarni. *Alisfrøði bd. 1–3.* 1979–81. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Poulsen, J.H.W. og fleiri. 1998 (2. uppl. 2008). *Føroysk orðabók.* Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn

Roknibøkur 1.–7. skúlaár. 1965–1971. Lagað til føroyskt eftir „Cappelens regneverk" av Torgeir Bue. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Samandráttur av spurnabløðum: www.fsg.fo/Filur/Spurnablad.%20Samandrattur.pdf (í 2005; nú www.nam.fo)

Sigma støddfrøði 1–7. 1987–1992. Týtt og lagað til føroyskt: Dalsgarð, Mortan og Edvard Olsen. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Simonsen, Hans. Alisfrøðin lítla. 1998. Óprentað tilfar.

Simonsen, Marjun A. 2005. Føroysk frøðiorðagerð. Føroysk frøði- og yrkorðagerð verður viðgjørd og greind við søguligum baksýni. Høvuðsritgerð til cand.phil.-nám. Føroyamálsdeildin. Føroya Landsbókasavn.

Thomas, George. 1991. *Linguistic purism.* Longman, London & New York.

Skygni støddfrøði 8–10. 1993–1995. Týtt og lagað til føroyskt: Dalsgarð, Morgan og Edvard Olsen. Føroya Skúlaókagrunnur, Tórshavn.

Støddfrøðiorð: http://snar.fo/uploads/tx_tcresources/Stoeddfroediord.pdf

Svabo, J.C. 1966. *Dictionarium færoense – Færøsk-dansk-latinsk ordbog*. Selskabet til Udgivelse af Færøske Kildeskrifter og Studier, København.

Tausen, Svenning, sáli, lærari, týðari, ritstjóri og høvundur. Samrøða 2005.

TØKK FÁA

Herleif Hammer, Jóhan Hendrik W. Poulsen, Poul Magnussen, Sólrun Hovgaard og Tummas Lenvig.

SUMMARY

This article discusses the use of Faroese terminology in educational material, how Faroese terminology has been influenced by puristic currents language-planning policy, and how purism functions on different linguistic levels. Until 1938, Danish was the official language of instruction in Faroese schools. Once Faroese was approved for use in public schools, scholars made a concerted effort to coin new Faroese words rather than resort to Danish loanwords or words of other origin. Faroese neologisms were, however, not always successfully integrated into popular use. The established presence of the Danish language seemed to pose an obstacle since a portion of the Faroe Islands' population continued preferring familiar loanwords to neologisms.

Much progress has been made, but some people still have an ambivalent attitude toward new Faroese words. Loanwords are occasionally reintroduced in disciplines such as mathematics and physics in order to avoid the confusion of using several terms for the same concept. According to a 2004 study conducted by Skúlabókagrunnurin (now: Nám), a Faroese publisher of textbooks and other educational resources, teachers admitted having difficulty adapting to Faroese neologisms. Some teachers were more comfortable utilizing particular loanwords during instruction. In light of this, the article concludes by comparing some Faroese and Icelandic scientific terms as well as discussing the pros and cons of promoting Faroese terms over foreign loanwords. The least successful form of linguistic purism is also identified and discussed.

ÚRTAK

Greinin viðgerð nýtslu av føroyskum frøðiorðum í frálærutilfari og hvussu føroyskt frøðimál er vorðið ávirkað av málreinsing. Greitt verður frá, hvussu málreinsing virkar ymisliga í málskipanini. Til 1938 varð danskt undirvísingarmál í Føroyum. Tá ið føroyskt gjørdist undirvísingarmál, varð farið undir at geva frálærutilfar út av álvara, og tí var neyðugt at menna frøðimálið. Tað varð gjørt við at evna til nýggjyrði ella geva orðum frøðiliga nýmerking í staðin fyri at loyva donskum tøkuorðum. Tað er tó misjavnt, hvussu tað hevur eydnast at fáa undirtøku fyri nýggju orðunum. At fólk kenna donsku orðini betur hevur stóra ávirkan á, hvussu hetta hevur hepnast og ikki minst til hugburðin hjá fólki til teirra egna mál.

Stór framstig eru gjørd, og málið er ment nógv. Men enn hava nógv fólk trupult við at góðtaka, at føroysk heiti verða sett í staðin fyri dansklig orð ella fremmandaorð. Stundum er nýggja orðið slept og farið er aftur til (danskliga) tøkuorðið, tí tikið verður ikki við nýggja orðinum í undirvísingarhøpi. Greitt verður frá kanning, ið Skúlabókagrunnurin (nú Nám) stóð fyri, og sum greinaði hesi viðurskifti. Borið verður saman við íslendskt frøðimál. Eisini verða fyrimunir og vansar við orðagerð umrøddir, og greinað verður, hvat slag av málreinsing tað er, ið ikki hevur hilnast.

BJÖRN ÆGIR NORÐFJÖRÐ

Íslensk kvikmyndagerð: Þjóðleg, þverþjóðleg og loks alþjóðleg

Æði margt hefur á daga íslenskrar kvikmyndagerðar drifið frá vorinu svokallaða í upphafi níunda áratugarins og ég tala nú ekki um ef horft er alla leið til baka til fyrstu kvikmyndasýninganna fyrir rúmri öld síðan. Ólíkt flestum öðrum helstu listgreinum þjóðarinnar hefur sú saga hins vegar ekki verið rakin skilmerkilega í heild sinni. Og augljóslega er ekki rými til þess hér; markmiðið er fremur að gefa til kynna í hverju sú saga gæti verið fólgin – draga fram hin stóru átakasvið hennar – og vísa lesendum á það umtalsverða efni, sem þó hefur verið ritað um íslenska kvikmyndagerð. Samantektin miðar þannig að ákveðinni heildarsýn þótt ekki verði öllum litbrigðum hennar komið til skila. Fyrst verður tekið fyrir það sem kalla mætti forsögu eiginlegrar íslenskrar kvikmyndagerðar – árin fram að stofnun Kvikmyndasjóðs – en þar á eftir farið í hvern áratug fyrir sig og sérkenni hans rakin.[1]

1 Bestu þakkir til aðstandenda Frændafundarins 2013 í Þórshöfn fyrir að hafa boðið mér að halda þar erindi um íslenskar kvikmyndir og ýtt þannig þessari samantekt úr vör. Einnig þakka ég Ásgrími Sverrissyni og Erlendi Sveinssyni einkar vandaðan yfirlestur. Athugasemdir þeirra hafa án efa bætt greinina en allar ambögur skrifast að sjálfsögðu á minn reikning.

Lengsta almenna ritið um íslenska kvikmyndagerð á íslensku er *Hagræn áhrif kvikmyndalistar* (2011) eftir Ágúst Einarsson en líkt og nafnið gefur til kynna er þar fyrst og fremst um að ræða hagfræðilega (og lagalega/stofnanalega) greiningu en ekki túlkun á efni og formi íslenskra kvikmynda. Fjölmargar greinar sem taka fyrir ákveðnar áherslur og þemu í íslenskum kvikmyndum er að finna í *Heimi kvikmyndanna* (Guðni Elísson 1999) en þar er ekki heldur að finna heildstætt sögulegt yfirlit. Elstu og raunar einu íslensku samantektina á íslenskri kvikmyndasögu setti Erlendur Sveinsson saman í upphafi kvikmyndavorsins (1981b: 25–32) og því sannarlega kominn tíma til að taka upp þráðinn þann. Umtalsvert meira efni um íslenska kvikmyndasögu hefur verið gefið út á erlendum tungumálum, einkum og sér í lagi ensku. Þegar árið 1995 kom út yfirlitsrit eftir Peter Cowie, endurútgefið og uppfært síðar sem *Icelandic Films 1980–2000* (2000). Á dönsku hefur komið út samantektin „Island og filmen gennem 100 år" eftir Birgi Thor Møller (2003: 255–297), þýdd og yfirfærð á ensku sem „In and Out of Reykjavik" (2005: 307–340). Þá er umfangsmestu umfjöllunina um íslenska kvikmyndagerð að finna í doktorsritgerð minni „Icelandic cinema: National Practice in a Global Context" (2005b), en samantekt þessi byggir mikið til á doktorsritgerðinni og öðru efni sem ég hef birt um íslenskar kvikmyndir á ensku mestmegnis en íslensku einnig. Yfirlitsumfjallanir eru líka til á fleiri tungumálum. En líkt og margt annað efni sem hér hefur verið tínt til eru þær komnar talsvert til ára sinna og taka því ekki fyrir þær stórkostlegu breytingar sem orðið hafa á kvikmyndagerð hérlendis á 21. öldinni.

Forsagan 1901 – 1979

Rétt er að varast þá tilhneigingu að líta svo á að íslensk kvikmyndasaga hefjist fyrst í upphafi níunda áratugarins, því þá höfðu bæði verið teknar upp kvikmyndir hérlendis og sýndar í átta áratugi. Jafnframt höfðu íslenskir kvikmyndagerðarmenn gert fjölmargar heimildarmyndir og einnig leikstýrt nokkrum leiknum myndum í svokallaðri „fullri lengd".[2] Og raunar var strax í fyrstu myndunum sem teknar voru hérlendis að finna áherslur sem enn eru um margt ríkjandi í kvikmyndagerð samtímans. Hvað það varðar er að einhverju leyti um að ræða samhangandi sögu þótt hún einkennist öðru fremur af skilum og eyðum hvers konar.

Í september árið 1901 hélt Hollendingurinn Anton Nöggerath til Íslands frá Hull á Englandi og tók upp nokkrar stuttar myndir að hætti síns tíma fyrir breska fyrirtækið Warwick Trading Company. Hann fór „gullna hringinn" og þótti sýnu mest til Geysis koma en fannst ástæðulaust að mynda Gullfoss þar sem áþekkar senur hefðu þegar verið teknar upp við Niagara-fossa til dæmis.[3] Einnig tók Nöggerath upp mikið af efni á fiskiskipum við veiðar við landið en líklegast hefur þar verið um að ræða bresk eða frönsk skip. Myndir Nöggeraths hafa ekki varðveist en Íslendingar gerðu sér strax vonir um að upptökurnar myndu hvetja ferðamenn til að sækja landið heim. Því má vera ljóst að þegar í upphafi íslenskrar kvikmyndasögu vonuðust menn til að framandi myndir af landi og þjóð gætu eflt ferðamannaiðnað landsins, en þetta eru í dag ein helstu rökin sem haldið er á lofti til að réttlæta fjárhagslegan stuðning ríkisins við íslenska kvikmyndagerð.[4] Þá leikur kvikmyndin strax hlutverk tengiliðar á milli Íslands og umheimsins.

Það voru hins vegar Norðmennirnir D. Fernander og R. Hallseth sem

2 Á íslensku hefur myndast hefð fyrir því að þýða „feature length" sem kvikmynd í fullri lengd. Uppruna enska orðsins má rekja til þess tíma þegar sýndur var fjölda mynda á hverri sýningu og aðalmyndin aðgreind frá styttri leiknum myndum, teiknimyndum og fréttamyndum sem „the feature". Íslenska hugtakið „full lengd" er hins vegar um margt vafasamt því það gefur til kynna að til staðar sé einhver æðri lengd og að styttri myndir séu á einhvern hátt „ófullnægjandi" hvað lengd varðar. Þótt ég í sjálfu sér hafni því kemst ég ekki hjá því að binda umfjöllun mína mestmegnis við leiknar frásagnarmyndir og að einhverju leyti heimildarmyndir í fullri lengd, en ræði ekki stuttmyndir, tilraunamyndir, vídeólist eða sjónvarpsmyndir. Hafa skal þó í huga að íslensk kvikmyndasaga verður ekki að fullu skráð nema hún nái yfir þau form líka. Ástæðan fyrir því að ég ræði styttri verk í upphafi yfirferðarinnar er einfaldlega sú að á fyrstu tveimur áratugum kvikmyndasögunnar voru kvikmyndir miklu styttri að lengd. Sakir takmarkaðs rýmis er yfirferðin jafnframt bundin við leikstjóra – líkt og löng hefð er fyrir – en rétt er að gleyma því ekki að kvikmyndagerð byggir á samvinnu þar sem auk leikstjóra koma við sögu framleiðendur, handritshöfundar, kvikmyndatökumenn, klipparar, tónlistarmenn, sviðs- og fatahönnuðir, leikarar o.s.frv.

3 Sjá um Nöggerath og ferð hans um landið í grein Ivo Blom „The First Cameraman in Iceland: Travel Film and Travel Literature" (2007: 68–81).

4 Sjá til dæmis forsíðugrein í *Landi og sonum* (1998: 1), málgagni Félags kvikmynda-gerðarmanna, og skýrslu Samtaka kvikmyndagerðarfélaga um fjármögnun íslenskra kvikmynda (2010: 8).

stóðu fyrir fyrstu kvikmyndasýningunni hérlendis á Akureyri í september árið 1903, en auk landslagsmynda og portretta (þar á meðal af Henriki Ibsen) frá Noregi voru á dagskránni svipmyndir af Búastríðinu auk leikinna mynda. Erfitt er að gera sér í hugarlund hverslags viðbrigði það hljóta að hafa verið fyrir Íslendinga að sjá lifandi myndir – líkt og snemma var farið að kalla þær – af fólki og atburðum utan úr heimi. Enginn vafi leikur á því að kvikmyndamiðillinn átti stóran þátt í þeim hræringum í upphafi tuttugustu aldarinnar sem færðu einangraða eyjarskeggja nær umheiminum. Þegar árið 1904 stóðu Ólafur Johnson og Magnús Ólafsson fyrir reglulegum sýningum í Bárubúð í Reykjavík en mættu fljótt samkeppni frá Dananum Peter Petersen, sem nefndur var Bíópetersen, og sýndi íslenskar upptökur í bland við erlent efni á sýningum sínum. Elstu íslensku myndina sem varðveist hefur *Slökkviliðsæfing í Reykjavík* tók Bíópetersen einmitt ásamt landa sínum Alfred Lind árið 1906. Eins og nafnið gefur til kynna er um dæmigerða hversdagsmynd (e. *actualities*) að ræða þar sem æfing slökkviliðsins er fönguð á filmu, en augljóst er af myndinni sjálfri að tökuvélin hefur ekki vakið minni athygli viðstaddra en slökkviliðið.[5] Hvað varðar sýningarhald áttu Ólafur og Bíópetersen eftir að etja kappi með rekstri kvikmyndahúsanna Nýja bíós og Gamla bíós, sem einokuðu sýningarhald í höfuðborginni fram í seinna stríð (Skarphéðinn Guðmundsson 1999: 839–851).

Heimildarmyndir

Bíópetersen var jafnframt einn helsti kvikmyndagerðarmaður þjóðarinnar allt fram á þriðja áratuginn, en þorri mynda hans urðu eldi að bráð í Kaupmannahöfn og er það mögulega mesti skaði sem íslensk kvikmyndagerð hefur orðið fyrir. Nægur fjöldi mynda eftir hann hefur þó varðveist til að glöggva megi sig á helstu einkennum þeirra sem virðast alla tíð hafa einkennst af fagurfræði hversdagsmyndanna. Úr talsverðri fjarlægð myndar Bíópetersen lykilbyggingar og viðburði í höfuðborginni en einnig úti á landi. Íslendingar komu líka að gerð slíkra mynda, en tímamót áttu sér stað með frumsýningu á kvikmynd Lofts Guðmundssonar *Ísland í lifandi myndum* árið 1925. Hún var fyrsta íslenska kvikmyndin sem gerð var í fullri lengd og vakti mikla athygli þjóðarinnar sem hún var sannarlega óður til. Loftur fór vítt og breitt um landið (og hafið) og myndaði þjóðina við leik og störf og skreytti með ljóðrænum textaspjöldum. Þannig kjarnaði myndin það sem einmitt var tekið að kalla í

5 Um „landnám“ kvikmynda á Íslandi almennt sjá umfjöllun Eggerts Þórs Bernharðssonar í „Landnám lifandi mynda“ (1999: 803–831). Þá hefur Erlendur Sveinsson rakið ævi Bíópetersens í stuttu máli (1981a: 14–17).

framhaldi af henni Íslandsmyndir og var vinsælasta form íslenskra kvikmynda allt fram að seinni heimsstyrjöld.[6]

Kvikmyndir Nöggeraths áttu sér ljóslega áþekk markmið og þegar í framhaldi af heimsókn hans sóttu margir gestir Ísland heim í von um að fanga land og þjóð. Og unnu þannig bæði íslenskir og erlendir kvikmynda-gerðarmenn, einkum danskir, þýskir, breskir og franskir, að gerð Íslandsmynda, og stundum í sameiningu. Frægasta dæmið um það er samstarf Guðmundar Kambans og Þjóðverjans Pauls Burkert árið 1935, þar sem á tókust ólík sjónarmið um þjóðarímynd Íslendinga. Kamban vildi „leiðrétta" þá frumstæðu ímynd sem sumar Íslandsmyndir drógu upp af þjóðinni (Erlendur Sveinsson 1999b: 853), en hafði greinilega ekki erindi sem erfiði þar sem fallegar myndir Burkerts sýna Íslendinga sem næsta framandi þjóð fjarri nútímanum. Titlarnir *Sommer auf Island* (1935, *Sumar á Íslandi*) og *Unheimliche Erde* (1935, *Ógnvekjandi jörð*) eru lýsandi fyrir bæði nálgun og efni myndanna þar sem gestsauga sýndi landann mikið til fastan í viðjum fortíðar og umvafinn rómantískri náttúrusýn. Með tilkomu sjálfstæðisins árið 1944 má þó segja að Íslendingar hafi jafnframt náð yfirráðum yfir eigin þjóðarímynd á hvíta tjaldinu. Þótt Bandaríkjamenn, ekki síst Samuel Kadorian, hafi tekið upp umtalsvert af myndefni á hernámsárunum batt stríðið mikið til enda á hefðbundnar heimsóknir evrópskra kvikmyndagerðarmanna, auk þess sem sjálfstæðið virðist hafa blásið heimamönnum baráttuanda í brjóst. Loftur gerði nú Íslandsmynd í lit, sem hann nefndi einfaldlega *Ísland* (1947), en er mikið til endurgerð á fyrri myndinni. Nýstárlegri voru kvikmyndir Óskars Gíslasonar *Reykjavík vorra daga*, frumsýnd í tveimur hlutum 1947 og 1948, og *Björgunarafrekið við Látrabjarg* (1949). Þá myndaði Ósvaldur Knudsen *Eld í Heklu* árið 1947, auk þess sem fjöldi annarra mynda var tekinn á fimmta áratugnum. Fljótlega sneru þó bæði Loftur og Óskar sér að gerð leikinna kvikmynda, og halda mætti því fram að frásagnarmyndin hafi verið ráðandi allar götur síðan. Því fer þó fjarri að heimildarmyndagerð hafi lagst af en merkjum hennar héldu á lofti meðal annarra Ósvaldur (ekki síst upptökur hans af Surtsey), Ásgeir Long og síðar Reynir Oddsson.

Leiknar frásagnarmyndir

6 Sjá frekar um mynd Lofts og Íslandsmyndir í grein minni „Iceland in Living Pictures: A Meeting Place of Cinema and Nation" (2011b: 169–183) og um kvikmyndagerð Lofts má lesa sérstaklega í „Frekar bogna en brota" (Erlendur Sveinsson 2002: 19–62). Sjá einnig um sögu Íslandsmynda í bók Írisar Ellenberger *Íslandskvikmyndir 1916–1966* (2007). Íslandsmyndir (sem og hversdagsmyndir) tilheyra ljóslega sviði heimildarmynda en rétt er að hafa í huga að á ensku var hugtakið „documentary" fyrst notað árið 1926 (John Grierson 1979: 25) og ef marka má gagnagrunninn *Tímarit.is* er íslenska orðið fyrst notað á prenti í *Vísi* árið 1952, 17. október.

Ekki verður komist hjá því að ræða myndirnar *Berg-Ejvind och hans hustru* (1917, Viktor Sjöström, *Útlaginn og kona hans*), *Borgslægtens historie* (1919, Gunnar Sommerfeldt, *Saga Borgarættarinnar*) og *Höddu Pöddu* (1924, Guðmundur Kamban) þótt langsótt sé að telja þær til íslenskra kvikmynda. *Berg-Ejvind och hans hustru* er líklega helsta tilkall Íslands til hlutdeildar í úrvalssögu kvikmyndamiðilsins, en leikstjórinn Viktor Sjöström er jafnan talinn meðal þeirra fyrstu sem nýttu af listfengi óspillta náttúru við gerð leikinna frásagnarmynda. En þótt um sé að ræða aðlögun á leikverki Jóhanns Sigurjónssonar er myndin sænsk framleiðsla sem tekin var upp í Norður-Svíþjóð. Aðlögunin á skáldsögu Gunnars Gunnarssonar *Borgslægtens historie* var vissulega tekin upp hérlendis en hún var gerð af framleiðsluteymi danska fyrirtækisins Nordisk Film Kompagni með mestmegnis dönskum leikurum. Og þótt *Hadda Padda* sé fyrsta leikna kvikmyndin í fullri lengd sem Íslendingur leikstýrir, og Guðmundur Kamban hafi jafnframt gert hana eftir eigin leikriti, var um að ræða danska framleiðslu, þar sem útisenur teknar á Íslandi voru klipptar saman við innisenur myndaðar í Kaupmannahöfn.[7] Þótt allar myndirnar þrjár eigi það sameiginlegt að vera gerðar eftir bókmenntaverkum eftir Íslendinga og fjalli um Ísland var þeim öðru fremur ætlað að höfða til erlendra áhorfenda rétt eins verkin sem þau voru byggð á (sem voru raunar rituð á dönsku) og ber birtingarmynd þjóðarinnar þess skýr merki. Íslensku persónurnar birtast ekki aðeins sem sterkar tilfinningaverur sakir nálægðar við óhamin náttúruöfl heldur eru þær leynt og ljóst útskýrðar sem slíkar fyrir áhorfendum. Kvikmyndirnar eru því þverþjóðlegar í þeim skilningi að sú ímynd sem dregin er upp af íslenskri þjóð er fyrst og fremst ætluð öðrum þjóðum.[8] Umleitanir Halldórs Laxness í Hollywood nokkrum árum síðar eru af sama toga, þar sem hann setur saman nokkurs konar drög að handriti (e. *treatment*) fremur en eiginlegt handrit, sem hann kallaði sjálfur „nokkrar útlínur" („some outlines" á frummálinu). Frásagnarlýsing þeirra er ansi hrá þótt vissulega megi greina í þeim einhverja vísa að skáldsögunni *Sölku Völku*.[9]

7 Það getur verið vandasamt að greina þjóðerni kvikmynda, og ekki síst þegar um nýlendur er að ræða. Ég held mig hér við hefðbunda aðgreiningu á Íslendingum og Dönum, en horfi í því sambandi ekki til þjóðernis leikstjórans heldur framleiðslulands myndarinnar. Þannig eru að mínu mati kvikmyndir Bíópetersens íslenskar þar sem þær voru gerðar hérlendis fyrir íslenska áhorfendur, en *Hadda Padda* dönsk þar sem hún var framleidd af dönsku fyrirtæki fyrir erlenda áhorfendur jafnvel þótt henni hafi verið leikstýrt af Íslendingi og eftir leikverki hans.

8 Sjá umfjöllun um hugtakið þverþjóðleika og þjóðarbíó í til að mynda greinasafninu *Transnational Cinema* (Elizabeth Ezra og Terry Rowden 2006) og í sérhefti af *Ritinu* (Björn Norðfjörð og Úlfhildur Dagsdóttir 2010).

9 Sjá ítarlega greiningu á þessum aðlögunum og kvikmyndaskrifum Laxness í greininni „Adapting a Literary Nation" (Björn Norðfjörð 2010a: 12–40) og um væringjana svo-kölluðu

Það var Loftur Guðmundsson sem gerði fyrstu eiginlegu íslensku frásagnarmyndina, stuttmynd innblásna af Charlie Chaplin sem hét *Ævintýri Jóns og Gvendar* (1923), og hefur varðveist af henni hér um bil tveggja mínútna bútur, þar sem sjá má Tryggva Magnússon líkja eftir flækingi Chaplins. Aldarfjórðungi síðar leikstýrði Loftur svo fyrstu íslensku leiknu myndinni í fullri lengd, *Milli fjalls og fjöru* (1948), og ekki löngu síðar *Niðursetningnum* (1952). Þá vöktu myndir Óskars Gíslasonar *Síðasti bærinn í dalnum* (1950) og *Reykjavíkurævintýri Bakkabræðra* (1951) ekki minni áhuga hjá landsmönnum. Ólíkt heimildarmyndum fimmta áratugarins horfðu allar þessar myndir til fortíðar og sóttu þjóðarímyndina til sveita landsins. Birtist það skýrast í *Síðasta bænum* þar sem dularfull og ókunn ógn herjar á hefðbundinn íslenskan bóndabæ, en síst í *Reykjavíkurævintýrinu* þar sem Bakkabræður glíma við nútíma borgarinnar á gamansaman máta. Þá gerðist síðasta mynd þessa annars stutta skeiðs, *Nýtt hlutverk* (1954, Óskar Gíslason), í Reykjavík samtímans, þar sem takast á gömul og ný gildi.[10] Þótt almennt hafi þessar myndir notið mikilla vinsælda og áhorfendur ekki látið ýmsar tæknilegar ambögur slá sig út af laginu þarf ekki að koma á óvart að þessi uppgangur í leiknum frásagnarmyndum hafi fljótt runnið sitt skeið. Ljósmyndararnir Óskar og Loftur voru báðir frumherjar í fyllstu merkingu orðsins og réðust í kvikmyndagerð af áhuganum einum saman. Þeir nutu hvorki fjárhagslegs stuðnings né gátu þeir leitað á náðir reyndra eða lærðra kvikmyndagerðarmanna. Ennfremur taldi fjöldi landsmanna um miðbik 20. aldar ekki nema rétt rúmlega 140 þúsund manns (Hagstofan 2014), og engin von var til að dreifa þessum kvikmyndum erlendis. Þó ber að geta þess að undir lok fimmta áratugarins fjölgaði mjög kvikmyndahúsum í höfuðborginni en þá tóku til starfa Trípólí-bíó og Hafnarbíó í bröggum, sem höfðu þjónað sama tilgangi á meðan á hernáminu stóð, og með öllu meiri glæsibrag Stjörnubíó og Austurbæjarbíó.[11]

Í ljósi vandkvæða við innlenda kvikmyndagerð leitaði fyrirtækið Edda-film sem stofnað var til árið 1949 hófanna um erlent samstarf, en helsta markmið þess var engu að síður að kvikmynda íslensk bókmenntaverk (Arnaldur Indriðason 1999: 886–893). Þannig birtist *Salka Valka* (Arne Mattson) í kvikmyndaformi árið 1954, með fallegum útitökum Svens Nykvist af íslenskri náttúru, en fyrst

í grein Jóns Yngva Jóhannssonar „Jøklens Storm svalede den kulturtrætte Danmarks Pande“ (2001: 33–66). Þá má lesa um dvöl Halldórs í Los Angeles í ævisögu Halldórs Guðmundssonar (2004: 236–242).

10 Sjá einnig um þetta tímabil í grein Erlends Sveinssonar „Árin tólf fyrir daga Sjónvarps og Kvikmyndasjóðs“ (1999a: 868–873).

11 Sjá um sögu kvikmyndasýninga hérlendis í *Ljósin slökkt og filman rúllar* (2003) eftir Björn Inga Hrafnsson.

og fremst var um að ræða sænska kvikmynd. Næsta verkefni Edda-film var aðlögn á skáldsögu Indriða Þorsteinssonar, *79 af stöðinni* (Erik Balling), og var þar á ferðinni kvikmynd sem var í nær öllum skilningi íslensk, þrátt fyrir þátttöku dansks upptökuteymis. Hún var mynduð á íslensku og með íslenskum leikurum. Þótt vel hafi tekist til varð ekki framhald á framleiðslu Edda-film, en áður en yfir lauk aðstoðaði fyrirtækið við gerð dönsku myndarinnar *Den Røde knappe* (1967, *Rauða skikkjan*).

Í dag er það með nokkrum ólíkindum að hugsa til þess að aldarfjórðungur hafi liðið þar til næst var frumsýnd leikin íslensk kvikmynd en það var *Morðsaga* Reynis Oddssonar árið 1977. Það býður þó heim ákveðinni hættu að einblína í þessu sambandi um of á kvikmyndir einar sér því í millitíðinni, nánar tiltekið í september árið 1966, hóf Ríkissjónvarpið útsendingar og varð í framhaldi þungamiðja íslenskrar kvikmyndagerðar í ákveðnum skilningi allt fram að stofnun Kvikmyndasjóðs. Þar var einnig um að ræða stakkaskipti í þeim bókstaflega skilningi að þeir sem unnið höfðu að kvikmyndagerð fyrir daga Ríkissjónvarpsins tóku lítinn þátt í starfi hins nýja miðils.

Þegar á upphafsárum Ríkissjónvarpsins var sýndur á skjánum fjöldi sjónvarpsleikrita sem naut mikilla vinsælda meðal áhorfenda. Og þótt þau væru til að byrja með mikið til einfaldar upptökur af leikhússviðsetningum þróuðust þau smátt og smátt í átt að uppbyggingu leikinna frásagnarmynda, líkt og birtist til að mynda skýrt í sjónvarpsmyndum Hrafns Gunnlaugssonar (Björn Norðfjörð 2005b: 41–45). Hrafn var þó fjarri því að vera eini íslenski kvikmyndagerðarmaðurinn sem öðlaðist reynslu við gerð verka fyrir Ríkissjónvarpið.

Samtíminn

Kvikmyndirnar sem ræddar hafa verið fram að þessu tilheyra með einum eða öðrum hætti íslenskri kvikmyndasögu. Þótt sumar hafi einungis verið teknar upp hér á landi og/eða gerðar eftir íslenskum bókmenntaverkum eru aðrar ljóslega íslensk framleiðsla. Það er því fjarri lagi að íslensk kvikmyndagerð hefjist fyrst með tilkomu myndanna sem fylgdu í kjölfar stofnunar Kvikmyndasjóðs árið 1978. Hins vegar veldur tilkoma sjóðsins sögulegum hvörfum enda var það fyrst með stofnun hans að tryggð var regluleg framleiðsla á íslenskum kvikmyndum, jafnvel þótt hann legði á endanum aðeins út fyrir litlum hluta af kostnaði myndanna sem styrktar voru. Það er alls ekki sjálfgefið að kvikmyndir

séu framleiddar með reglubundnum hætti í smáríki sem Íslandi og ef sjóðsins nyti ekki við væri alls óvíst um framtíð íslenskrar kvikmyndagerðar.[12]

Hvatinn að stofnun Kvikmyndasjóðs var sá sami og bjó að baki stofnun og viðhaldi annarra menningarstofnana líkt og Ríkisútvarpsins (1930), Þjóðleikhússins (1950), Sinfóníuhljómsveitarinnar (1950), Ríkissjónvarpsins auk launasjóða rithöfunda (1975; auk eldri fordæma) og annarra listamanna. Um var að ræða viðleitni til að hlúa að íslenskri menningu; það var talið mikilvægt fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar að gerðar væru kvikmyndir á Íslandi, sem fjölluðu um íslenskt samfélag og sögu á íslensku, og af íslenskum kvikmyndagerðarmönnum (sem höfðu lengi barist fyrir því að geta sinnt ástríðu sinni). Kannski þótti þetta sérstaklega knýjandi þegar kom að kvikmyndum í ljósi þess að á sýningartjöldum þessarar kvikmyndaóðu þjóðar (Charles Ackland 1998: 253–255), sem sótti kvikmyndahús í meira mæli en flestar aðrar var auðvitað lítið annað að sjá en erlendar myndir, og ekki síst Hollywood-myndir. Beint eða óbeint lá því við að gera ætti þjóðlegar myndir og kvikmyndir vorsins bera þess svo sannarlega merki.

9. áratugurinn: Þjóðleg kvikmyndagerð

Þótt þær séu um margt ólíkar draga lykilmyndir upphafsársins 1980 *Land og synir* (Ágúst Guðmundsson) og *Óðal feðranna* (Hrafn Gunnlaugsson) skýrt fram þessa þjóðlegu nálgun. Báðar voru gerðar á íslensku, alfarið af íslenskum kvikmyndateymum og fjölluðu um séríslenskan veruleika.[13] Samband sveitar og borgar var í brennidepli í báðum myndum, en sú nostalgíska sýn sem einkenndi mynd Ágústar Guðmundssonar var á öndverðum meiði við biturt uppgjör Hrafns Gunnlaugssonar. Þjóðlega áherslan á níunda áratugnum birtist líka í talsverðum fjölda aðlagana á virtum bókmenntaverkum, en auk *Lands og sona* eru mikilvægar í því sambandi *Punktur punktur komma strik* (1981, Þorsteinn Jónsson), *Jón Oddur og Jón Bjarni* (1981, Þráinn Bertelsson), og sérstaklega *Útlaginn* (1981, Ágúst Guðmundsson), *Atómstöðin* (1984, Þorsteinn Jónsson) og *Kristnihald undir Jökli* (1988, Guðný Halldórsdóttir). Þessi áhersla á aðlaganir á bókmenntaverkum reyndist þó ekki lífsseig og það eru fá merki þess að aðlaganir séu algengari í íslenskri kvikmyndagerð en öðrum þjóðarbíóum –

12 Sjá umfjöllun um íslenska kvikmyndagerð í samhengi við fræðilega greiningu á þjóðarbíóum og sérstöðu smærri þjóðarbíóa í innleggi mínu fyrir *The Cinema of Small Nations* (2007: 43–59).

13 Þriðja myndin, *Veiðiferðin* (Andrés Indriðason), sem frumsýnd var árið 1980 var að sama skapi íslensk en að öðru leyti annars konar mynd. Þar er um að ræða barna- og fjölskyldumynd, og þótt slíkar myndir hafi aldrei orðið ráðandi þáttur í íslenskri kvikmyndagerð, hafa þær verið gerðar nokkuð reglulega, og full ástæða til að rekja sögu þeirra sérstaklega þótt ekki sé svigrúm til þess hér.

vel mæti færa rök fyrir hinu öndverða. Önnur lífsseig goðsögn telur víkinga og Íslendingasögur skipa stóran sess í þjóðarbíói Íslendinga (Gunnar Iverson, Astrid Soderbergh Widding og Tytti Soila 1998: 95), en staðreyndin er sú að *Gísa saga Súrssonar* er ennþá eina Íslendingasagan sem gerð hefur verið eftir leikin kvikmynd. Því er þó ekki að neita að þríleikur Hrafns, *Hrafninn flýgur* (1984), *Í skugga hrafnsins* (1987) og *Hvíti víkingurinn* (1991), gefur áratugnum nokkuð „víkingalegt" yfirbragð þótt fyrirmyndir hans væru ekki síður sóttar út fyrir landsteinana en til Íslendingasagnanna (Bjørn Sørenssen 2005: 341–356).

Hvað varðar tæknilega útfærslu skildu himinn og haf að myndir þeirra Lofts og Óskars og kvikmyndavorsins, en þær voru engu að síður fagurfræðilega séð almennt látlausar. Frásögnin var í brennidepli og kvikmyndagerðarmenn gerðu sér far um að miðla henni með sem skýrustum hætti til áhorfenda. Gamanmyndir – sem ósjaldan eru taldar öðrum myndum staðbundnari – voru einkar áberandi og mætti í því sambandi nefna *Með allt á hreinu* (1982, Ágúst Guðmundsson), *Stellu í orlofi* (1986, Þórhildur Þorleifsdóttir) og *Lífs*-þríleik Þráins Bertelssonar (1983–1985). Þá er vert að geta þess hversu áberandi kvenleikstjórar eru á þessum fyrsta áratugi eiginlegrar íslenskrar kvikmyndagerðar en Guðný Halldórsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, Kristín Pálsdóttir, Róska og Þórhildur Þorleifsdóttir þreyttu allar frumraun sína á honum. Því miður hefur hlutur kvenna orðið æ rýrari allar götur síðan og hefur það ljóslega komið niður á fjölbreytileika íslenskra kvikmynda, sem eru æði karlmiðaðar. Kvenleikstjórar er ekki aðeins líklegri til að segja sögur af konum heldur eru það þeir sem helst beygja frá hefðbundnum viðmiðum við gerð kvikmynda á níunda áratugnum, samanber myndirnar *Sóley* (1982, Róska/Manrico Pabolettoni), *Á hjara veraldar* (1983, Kristín Jóhannesdóttir) og að einhverju leyti *Kristnihald undir Jökli* (1988, Guðný Halldórsdóttir). Heimildarmyndir urðu hins vegar útundan hjá Kvikmyndasjóði í öllu umstanginu í kringum hinar langþráðu leiknu frásagnarmyndir, en engu að síður hófu á áratugnum Erlendur Sveinsson og Sig. Sverrir Pálsson víðtæka umfjöllun sína um íslenskan sjávarútveg með *Lífið er saltfiskur* (1986) og *Silfri hafsins* (1987) sem nær ákveðnu hámarki með kvikmynd Erlends um *Verstöðina Ísland* (1991). Þá vöktu mikla athyglir myndir Friðriks Þórs Friðrikssonar, *Rokk í Reykjavík* (1982) og *Kúrekar norðursins* (1984), en hann átti eftir að verða mikilvægasti kvikmyndagerðarmaður landsins á tíunda áratugnum.

Í upphafi áratugarins nutu íslensku myndirnar óheyrilegra vinsælda og sá næstum helmingur þjóðarinnar *Land og syni*, *Óðal feðranna* og *Með allt á hreinu* í kvikmyndahúsum. Þegar nýjabrumið fór af frumsýningu íslenskra mynda tók aðsókn hinsvegar að dvína og einstaka myndir hlutu mjög dræma

aðsókn. Þar sem að kvikmyndagerðarmenn þurftu að fjármagna myndir sínar að mestu leyti sjálfir þrátt fyrir tilkomu Kvikmyndasjóðs var áhættan oftast nær á þeirra eigin herðum. Þannig að ef kvikmynd gekk illa í miðasölu sátu kvikmyndagerðarmenn sjálfir uppi með tapið og áttu óhægt um vik með frekari fjármögnun. Það blés því ekki byrlega fyrir íslenskri kvikmyndagerð í lok níunda áratugarins.

Loks ber að geta þess að á miðju kvikmyndavorinu áttu sér stað stórkostlegar breytingar á sýningarhaldi kvikmynda, þar sem með tilkomu Regnbogans árið 1977 byrjuðu fjölsalabíó smátt og smátt að taka yfir markaðinn, auk þes sem eldri einsala kvikmyndahús bættu við smærri sölum. Með opnun Bíóhallarinnar í Mjóddinni árið 1982 tók sýningarhald samfara að færast úr miðbænum yfir í úthverfin, og nú er svo komið að fyrsta fjölsalabíóið, nú undir nafninu Bíó Paradís, er eina kvikmyndahúsið sem eftir lifir í miðbænum. Það er áhugavert að þessi ameríkuvæðing á sýningarhaldi skuli eiga sér stað í miðju hins mjög svo þjóðlega kvikmyndavors þótt þarna hafi sýningarhald einfaldlega fylgt breyttum alþjóðlegum áherslum.

10. áratugurinn: Þverþjóðleg kvikmyndagerð

Það var tilkoma erlendra kvikmyndasjóða, einkum Eurimages sjóðs Evrópuráðsins, Norræna kvikmynda og sjónvarpssjóðsins auk MEDIA áætlunar Evrópusambandsins, sem kom íslenskri kvikmyndagerð til bjargar. Á meðan þorri mynda níunda áratugarins hafði að fullu verið fjármagnaður hérlendis heyrði það til undantekninga á þeim tíunda ef fjármagn íslenskrar myndar var ekki að stórum hlut sótt til alþjóðlegra sjóða og erlendra samframleiðenda. Kvikmyndasjóður gegndi þó ennþá lykilhlutverki því án vilyrðis frá sjóðnum var ekki hægt að leita frekari styrkja. Þetta breytta fjármálaumhverfi íslenskra kvikmynda átti eftir að gerbreyta íslenskri kvikmyndagerð.

Á níunda áratugnum höfðu öll viðmið verið þjóðleg: staðbundnum sögum (margar sóttar í bókmenntaverk), oft með áherslu á sveitina, var miðlað til íslenskra áhorfenda. Hin dæmigerða mynd tíunda áratugarins gerðist hins vegar oft jafnt erlendis sem innlendis, tók mið af fagurfræði evrópsku listamyndarinnar og var ekki síður gerð með erlenda áhorfendur og sýningar á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum að leiðarljósi. Þótt greina megi vísi að þessum alþjóðlegu áherslum í víkingaþríleik Hrafns Gunnlaugssonar, var þar fyrst og fremst um að ræða tveggja þjóða samstarf Íslendinga og Svía, og að frátöldu *Ryði* (1990) voru kvikmyndir Lárusar Ýmis Óskarsson sænskar að öllu leyti. Það er kvikmynd Friðriks Þór Friðrikssonar *Börn náttúrunnar* (1991) sem innleiðir þessi umskipti umfram aðrar myndir. Fagurfræðilega séð var hún evrópsk

ekki síður en íslensk (Bruno Ganz birtist *nota bene* sem engillinn úr kvikmynd Wim Wenders *Himmel über Berlin* [1987]), og naut myndin mikillar hylli á kvikmyndahátíðum auk þess sem hún hlaut tilnefningu til óskarsverðlauna fyrir bestu erlendu kvikmyndina. Alþjóðlegu viðmiðin eru svo enn skýrari í næstu mynd Friðriks Þórs *Bíódögum* (1994) og ná ákveðnu hámarki með *Cold Fever* (1995, *Á köldum klaka*), sem fjallar um japanska og bandaríska gesti á Íslandi og er nær alfarið á ensku (Björn Norðfjörð 2005b: 132–159). Þessi alþjóðlegu umskipti eru þó fjarri því að vera bundin við Friðrik Þór: Hilmar Oddson yfirgaf afskekktan íslenskan fjörð í *Eins og skepnan deyr* (1986) fyrir Þýskaland nasismans í *Tári úr steini* (1995), Guðný Halldórsdóttir hélt af Snæfellsnesi *Kristnihaldsins* í kórferðalag með Hvergerðinga til Þýskalands í *Karlakórnum Heklu* (1992) og Frakkar sækja Kristínu Jóhannesdóttur heim í kvikmynd hennar *Svo á jörðu sem á himni* (1992) og Gísla Snæ Erlingsson í *Stuttum Frakka* (1993).

Þannig birtist hin alþjóðlega fjármögnun íslenskra kvikmynda í þverþjóðlegum áherslum – sem ganga þvert á þjóðir en tilheyra ekki stakri þjóð – hvað varðar bæði fagurfræði og efnivið. Í sumum tilfellum tókst þessi bræðingar vel upp en í öðrum var fyrst og fremst um að ræða stirða frásagnarumgjörð sem var ætlað að uppfylla kvaðir um samframleiðslu. Er fram liðu stundir tók að losa um slíkar kvaðir – ekki síst sakir gagnrýni á svokallaða Evrubúðinga (e. *europudding*) í álfunni sem þóttu almennt innihaldsrýrir – auk þess sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn fundu leiðir til að dylja hið erlenda framlag. Í *Ungfrúnni góðu og húsinu* (1999) myndaði til dæmis sænski tökumaðurinn Per Källberg innisenur í Svíþjóð jafnvel þótt þær gerðust í íslenskum söguheimi. Og í *Mávahlátri* (2001, Ágúst Guðmundsson) ljáir Magnús Ragnarsson þýska leikaranum Heino Ferch rödd sína. Þá tók Friðrik Þór sjálfur skyndilega u-beygju í sínum næstu tveimur myndum, sem báðar voru gerðar eftir vinsælum íslenskum samtímaskáldsögum, *Djöflaeyjunni* (1996) og *Englum alheimsins* (2000), og nutu þær svo mikilla vinsælda hérlendis að rifja þurfti upp áhorfstölur frá upphafi kvikmyndavorsins til samanburðar.[14] Vinsældir þeirra staðfestu ennfremur að íslenskum áhorfendum líkaði betur við staðbundnar kvikmyndir en þær sem ætlað var að herja á erlend mið.

Tveir óvæntir smellir, nokkuð smærri í sniðum, í upphafi áratugarins innleiddu aðrar nýjungar í íslenska kvikmyndagerð. Og jafnvel þótt þeir leituðu fyrirmynda erlendis – og fremur vestur um haf en austur – þá var útfærslan staðbundin. *Sódóma Reykjavík* (1992, Óskar Jónasson) og *Veggfóður*

14 Sjá ítarlega greiningu á þessum og fleiri íslenskum kvikmyndaaðlögunum í hefti af *Ritinu* sérstaklega tileinkuðu efninu (Guðni Elísson og Jón Ólafsson 2001).

(1992, Júlíus Kemp) miðluðu gamansömum sögum af lífi ungs fólks í Reykjavík með glæpsamlegu ívafi þar sem tónlist spilaði jafnframt stórt hlutverk. Og það eru þessar myndir sem innleiddu tilfærsluna úr sveit í borg í íslenskri kvikmyndagerð miklu fremur en *101 Reykjavík* (2000, Baltasar Kormákur) sem kannski sakir titilsins er stundum eignaður heiðurinn.[15] Áþekkar áherslur var einnig að finna hjá eina nýja kvenleikstjóra áratugarins, Ásdísi Thoroddsen, í myndinni *Draumadísir* (1996) jafnvel þótt fyrsta mynd hennar *Ingaló* (1992) hefði verið talsvert alvörugefnari.

Fyrsti áratugur nýrrar aldar: Kvikmyndagreinar og Hollywoodvæðing

Ekki var annað að sjá en að íslensk kvikmyndagerð stæði í blóma í upphafi 21. aldarinnar en óvenju margar kvikmyndir voru frumsýndar árið 2000. Atkvæðamest þeirra var *Englar alheimsins* sem hlaut bæði metaðsókn og góðar viðtökur og virtist þannig staðfesta ráðandi stöðu Friðriks Þór Friðrikssonar en breytingar lágu í loftinu. Enda sýndu alls fjórir leikstjórar frumraun sína í kvikmyndahúsum um aldamótaárið og var í öllum tilfellum um að ræða nokkuð grallaralegar Reykjavíkurmyndir ekki ósvipaðar *Sódómu Reykjavík* og *Veggfóðri*: *Fíaskó* (Ragnar Bragason), *Óskabörn þjóðarinnar* (Jóhann Sigmarsson), *101 Reykjavík* og *Íslenski draumurinn* (Róbert I. Douglas). Þótt að sú síðastnefnda hafi notið mestrar hylli í kvikmyndahúsum voru það Ragnar Bragason og sérstaklega Baltasar Kormákur sem áttu eftir að láta mest að sér kveða er fram liðu stundir af þeim leikstjórum sem þreyttu frumraun sína aldamótaárið.

Frumherjar vorsins áttu hins vegar í nokkrum erfiðleikum og virtust jafnvel horfa aftur til þess með eftirsjá. Eftir *Mávahlátur* leikstýrði Ágúst Guðmundsson framhaldsmynd að *Með allt á hreinu*, *Í takt við tímann* (2004), og Guðný Halldórsdóttir gerði mynd um *Stellu í framboði* (2003). Hrafn Gunnlaugsson sem hlotið hafði stóran skell með *Myrkrahöfðingjanum* (1999) stýrði að því er virðist sinni síðustu mynd *Opinberun Hannesar* árið 2003, en hennar er helst minnst fyrir ásakanir um spillingu við fjármögnun.[16] Mest um vert var þó gjaldþrot framleiðslufyrirtækis Friðriks Þórs Íslensku kvikmyndasamsteypunnar sem hafði verið þungamiðja íslenskrar kvikmynda-framleiðslu á tíunda áratugnum. Það var tímanna tákn þegar Friðrik Þór leikstýrði *Niceland* (2004, *Næsland*) fyrir framleiðslufyrirtækið Zik Zak því jafnvel þótt myndin hafi misheppnast

15 Ég ræði tilfærsluna úr sveit í borg meðal annars í greinarkorninu „Urban/Wilderness: Reykjavík's Cinematic City-Country Divide" (2012: 42–43) sem er að finna í bók tileinkaðri senum sem eiga sér stað í höfuðborginni, *World Film Locations: Reykjavík*, og þá hefur Heiða Jóhannsdóttir fjallað um *Reykjavík 101* í greininni „Under the Tourist Gaze" (2006: 111–21).

16 Sjá til að mynda samantekt um *Opinberun Hannesar* á alfræðivefsíðunni *Wikipedia*.

og Friðrik Þór aðeins leikstýrt einni leikinni kvikmynd síðan þá hefur Zik Zak haldið velli og framleitt fjölda kvikmynda. Það má því segja að *Niceland* sé táknræn fyrir tilfærsluna frá leikstjóramiðaðri kvikmyndaframleiðslu til eiginlegra framleiðenda sem sjálfir koma lítið eða alls ekki að leikstjórn verkefna sinna. Í sumum tilfellum eru mörkin þó alls ekki skýr eins og hjá framleiðslufyrirtækinu Sögn/Blueeyes productions sem hefur einkum framleitt myndir í leikstjórn Baltasars Kormáks en hefur verið að færa út kvíarnar í breyttri mynd sem Rvk. Studios. Þá koma fyrirtækin Pegasus og Saga Film að gerð sjónvarpsþátta og auglýsinga ekki síður en hefðbundinni kvikmyndagerð auk þess sem þau þjónusta erlend framleiðslufyrirtæki. Þegar hér er komið sögu er því um allt annað iðnaðar-umhverfi að ræða en í upphafi níunda áratugarins.

Ekki er ólíklegt að þetta breytta umhverfi kvikmyndaiðnaðarins – sem einkennist meðal annars af valdatilfærslu frá leikstjórum til framleiðslufyrirtækja – hafi átt umtalsverðan þátt í breyttum áherslum í íslenskri kvikmyndagerð er líða tekur á áratuginn.[17] Í sem skemmstu máli víkur listræna hátíðarmyndin sem ruddi sér til rúms á tíunda áratugnum tiltölulega hratt fyrir greinamyndum að hætti Hollywood.[18] Rétt er þó að hafa í huga að þessi umskipti sem kenna má við nýfrjálshyggju eru alls ekki bundin við íslenskt þjóðarbíó því það fylgir mikið til í kjölfar breytinga sem þegar höfðu átt sér stað annars staðar á Norðurlöndunum (Andrew Nestingen 2008: 67–71) og víðar í Evrópu. Hvað það varðar má segja að íslensk kvikmyndagerð mótist enn af straumum og stefnum í evrópskri kvikmyndagerð jafnvel þótt uppruna viðmiðanna megi mestmegnis rekja til Hollywood.

Dagur Kári er í raun eini leikstjórinn sem heyr frumraun sína á áratugnum sem vinnur klárlega í anda listrænu myndarinnar (Björn Norðfjörð 2010b), en mynd hans *Nói albínói* (2003) naut mikillar velgengi á kvikmyndahátíðum. Á meðan hann hefur haldið nokkurri tryggð við formið í *Voksne mennesker* (2005, *Fullorðið fólk*) og *The Good Heart* (2009, *Góðhjarta*) hafa aðrir leikstjórar snúið við því baki. Eftir tvíleikinn *Börn* (2006) og *Foreldra* (2007) snéri Ragnar

17 Varast ber þó að leggja öll fyrirtækin að jöfnu hvað þetta varðar og aðstandendur Zik Zak hafa til dæmis lagt sig sérstaklega fram um að hlúa að leikstjórum listrænna hátíðarmynda á borð við Dag Kára og Rúnar Rúnarsson.

18 Það er lítil hefð hérlendis fyrir hugtakinu greinamynd en með því er átt við kvikmynd sem tilheyrir ákveðinni (kvikmynda)grein (rétt eins og bókmennta- eða íþróttagrein) eða það sem er á bæði frönsku og ensku nefnt „genre“. Stundum er á íslensku rætt um formúlumyndir en orðið hefur á sér helst til neikvætt yfirbragð auk þess sem formúla er afmarkaðra hugtak en grein. Sjá um kvikmyndagreinar og raunar listrænu kvikmyndina sömuleiðis í safnritinu *Kvikmyndagreinar* (Guðni Elísson 2006).

Bragason sér að sjónvarpi og leikstýrði *Vakta*-þáttunum (2007–2009) vinsælu sem voru kórónaðir með stórsmellinum *Bjarnfreðarsyni* (2009). Eftir *101 Reykjavík* og *Hafið* (2002) gerði Baltasar glæpamyndirnar *A Little Trip to Heaven* (2005, *Skroppið til himna*) og *Mýrina* (2006), og með vinsældum þeirrar síðarnefndu bæði heima og heiman leysti hann Friðrik Þór af hólmi sem helsti kvikmyndagerðarmaður þjóðarinnar, þótt ekki gerðist hann jafn umsvifamikill í framleiðslu mynda og forverinn.

Þetta var svo sem ekki í fyrsta skipti sem íslenskir leikstjórar gerðu glæpamyndir eða hvað þá gamanmyndir en greinamyndirnar sem lögðu undir sig íslenska kvikmyndagerð er á leið áratuginn líktu nú hvað efni, form og fagurfræði varðar í hvívetna eftir Hollywood-fyrirmyndum sínum. Þótt glæpamyndirnar væru mest áberandi, samanber *Kalda slóð* (2006, Björn Br. Björnsson), *Reykjavík-Rotterdam* (2008, Óskar Jónasson), *Stóra planið* (2008, Ólafur Jóhannesson) auk fjölda sjónvarpssería, mætti einnig tína til fantasíuna *Astrópíu* (2007, Gunnar B. Guðmundsson), hryllingsmyndina *Reykjavik Whale Watching Massacre* (2009, Júlíus Kemp, *Hvalaskoðunarblóðbaðið í Reykjavík*) auk barnamyndarinnar *Algjör Sveppi og leitin að Villa* (2009, Bragi Þór Hinriksson).

Heimildarmyndin varð aftur gjaldgeng hjá Kvikmyndasjóði á áratugnum og fjöldi mynda skapaði umræðu í samfélaginu og nutu jafnvel vinsælda í kvikmyndahúsum. Mætti í því sambandi nefna *Lalla Johns* (2001, Þorfinnur Guðnason), *Í skóm drekans* (2002, Hrönn Sveinsdóttir og Árni Sveinsson), *Hlemm* (2002, Ólafur Sveinsson) og *Blindsker* (2004, Ólafur Jóhannesson). Annars voru helstu viðfangsefni heimildarmynda áratugarins tónlist, þjóðþekktir einstaklingar eða utangarðsmenn, mannlífið á afmörkuðum stað, og fjölmenning eða breytt ásýnd íslensks samfélags – ekki síst í kvikmyndum Ólafs Jóhannessonar (Björn Norðfjörð 2008: 114–149). Efnhagshrun, stóriðja og eldgos í Eyjafjallajökli hafa verið áberandi viðfangsefni undanfarin ár og í mörgum tilfellum eru myndirnar ekki síður gerðar með erlenda áhorfendur að leiðarljósi, og eiga þær hvað það varðar ýmislegt sammerkt með Íslandsmyndum, og má nefna sem dæmi *Guð blessi Ísland* (2009, Helgi Felixson), *Draumalandið* (2009, Þorfinnur Guðnason og Andri Snær Magnason) og *Ösku* (2013, Herbert Sveinbjörnsson). Þá er það til marks um gróskuna í íslenskri heimildarmyndagerð að á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði, sem fyrst var haldin árið 2008, er frumsýndur mikill fjöldi mynda árlega þótt ekki séu þær allar í fullri lengd.

Annar áratugurinn: Alþjóðleg kvikmyndagerð

Það eru gömul sannindi og ný að erfitt getur verið að greina helstu útlínur samtíma síns. Líklegt verður þó að telja að annars áratugarins verði ekki síst minnst fyrir mikla ásókn kvikmyndaframleiðenda frá Hollywood og víðar úr heiminum í að taka upp lengri eða styttri hluta mynda sinna hérlendis. Slíkar upptökur eiga sér vissulega þónokkra forsögu, samanber James Bond myndirnar *A View to a Kill* (1985, John Glen) og *Die Another Day* (2002, Lee Tamahori), og þótt fjöldi þeirra hafi farið stigvaxandi alla 21. öldina á fjöldi slíkra verkefna í upphafi annars áratugarins sér engin fordæmi. Sumarið 2012 voru kvikmyndateymi við tökur fyrir meðal annars Hollywood-myndirnar *Noah* (2014, Darren Aronofsky), *Oblivion* (2013, Joseph Kosinski), *Thor: The Dark World* (2013, Alan Taylor) og *The Secret Life of Walter Mitty* (2013, Ben Stiller), og jafnvel þótt sú síðastnefnda gerist einnig að hluta á Íslandi geta þessar kvikmyndir ekki talist íslenskar í hefðbundnum skilningi. Þær eru vissulega hluti af íslenskum kvikmyndaiðnaði en þær tilheyra heimi Hollywood sem umbreytir íslensku landslagi í dramatíska umgjörð frásagna sem sjaldnast hafa neitt með Ísland að gera (Björn Norðfjörð 2015b).

Það má velta því fyrir sér hvort þessi Hollywood-væðing leiði eðlilega af breyttum skilningi á eðli og mikilvægi íslenskrar kvikmyndagerðar. Líkt og þegar hefur komið fram var Kvikmyndasjóði komið á fót á menningarlegum forsendum; gera átti myndir á íslensku, um íslensk efni (ekki síst bókmenntaaðlaganir), fyrir Íslendinga og af Íslendingum. Myndirnar áttu ekki síst að vera þjóðlegt, menningarlegt og listrænt mótvægi við Hollywood. En smátt og smátt varð Hollywood að hinni eiginlegu fyrirmynd þar sem ekki aðeins voru gerðar myndir í anda bandarískra kvikmyndagreina heldur var áherslan mikið til á skemmtanagildi (fremur en menningarleg og listræn viðmið), arðbærni, sköpun starfa, gjaldeyristekjur og svo ekki sé minnst á hina lífseigu hugmynd um landkynningargildi íslenskra mynda. Að einhverju leyti fylgir hér íslensk kvikmyndagerð í kjölfar nýfrjálshyggjunnar á Íslandi almennt, en talsmenn kvikmyndaiðnaðarins hafa mikið til fylkt sér að baki henni og leggja í baráttu sinni fyrir auknum ríkisstyrkjum til handa iðnaðinum áherslu á margvíslegan fjárhagslegan ávinning fremur en hin þjóðlegu menningargildi sem bjuggu að baki stofnunar sjóðsins.[19]

Líkt og nú má vera orðið ljóst leysir nýjabrum hvers áratugar ekki af

19 Hér mætti vísa aftur til skýrslu Samtaka kvikmyndagerðarfélaga sem snýr nær alfarið að margvíslegum fjárhagslegum ávinningi íslenska ríkisins af styrkjum til handa íslenskri kvikmyndaframleiðslu þótt á einum stað sé vikið stuttlega að menningargildi sem ekki verði metið „til fjár“ (2010: 6).

hólmi eldri viðmið heldur bætist það í flóru kvikmyndagerðar á Íslandi og þá sem ráðandi þáttur fyrst um sinn hið minnsta. Þannig hættu íslenskir kvikmyndagerðarmenn auðvitað ekki að gera eigin myndir þrátt fyrir ásókn Hollywood, og stendur þar upp úr áframhaldandi velgengni glæpamyndarinnar, líkt og *Borgríki* (2011, Ólafur Jóhannesson) og *Svartur á leik* (2012, Óskar Axelsson) eru til vitnis um.[20] Það sem af er áratugnum hefur sú síðarnefnda hlotið mestu aðsóknina ásamt *Djúpi* (2012) Baltasars Kormáks. Á meðan Ólafur Jóhannesson og Óskar Axelsson sóttu mjög í brunn erlendra glæpamyndahefða leikstýrði Baltasar bókstaflega tveimur Hollywood-myndum *Contraband* (2010), endurgerð á *Reykjavík Rotterdam*, og *2 Guns* (2012), sem hlutu ágætar viðtökur vestra.[21] Annars konar greinamyndir að hætti Hollywood hafa einnig litið dagsins ljós: Reynir Lyngdal leikstýrði rómantísku gamanmyndinni *Okkar eigin Osló* (2011) og spennutryllinum *Frost* (2012), Óskar Jónasson, Toby Genkel og Gunnar Karlsson teiknimyndinni *Hetjur Valhallar: Þór* (2011) og óhætt að segja að Ágúst Guðmundsson hafi ferðast langa leið frá *Landi og sonum* til draugagrínsins *Ófeigur gengur aftur* (2013).

Og reyndar stingur endurkoma Ágústs í stúf af fleiri ástæðum: áratugurinn einkennist nefnilega mjög af innkomu nýrra leikstjóra á sviðið. Auk þeirra Reynis og Óskars Axelssonar mætti nefna Baldvin Zophoníasson, Benedikt Erlingsson, Bjarna Hauk Þórsson, Grím Hákonarson, Hafstein G. Sigurðsson, Jón Atla Jónasson, Martein Þórsson, Rúnar Rúnarsson og Þór Ómar Jónsson. Á meðan þessi langi listi talsvert ólíkra leikstjóra er til vitnis um nokkra grósku í íslenskri kvikmyndagerð samtímans er það með miklum ólíkindum að það sé ekki eina einustu konu að finna á honum sem óneitanlega setur á hana skammarblett. Það verður að fara allt aftur til ársins 2010 til að finna kvikmynd sem kona leikstýrir en þá var kvikmynd Valdísar Óskarsdóttur *Kóngavegur* frumsýnd og jafnvel þótt *Sveitabrúðkaup* (2008) hafi verið fyrsta mynd hennar getur hún varla hafa talist nýgræðingur í faginu – einhver virtasti klippari landsins í rúma tvo áratugi. Það var Silja Hauksdóttir sem síðust kvenna þreytti eiginlega frumraun í gerð leikinna kvikmynda, en hefur ekki fylgt eftir mynd sinni *Dís* frá árinu 2004.[22]

20 Uppgang íslensku glæpamyndarinnar hef ég tekið til umfjöllunar meðal annars í greininni „'A Typical Icelandic Murder?' The 'Criminal' Adaptation of *Jar City*" (2011a) og bókarkaflanum „Crime up North" (2015a).

21 Í greininni „The Transnational Remake: Crossing borders with *Contraband*" (2014) bendi ég á að það sé ákveðin einföldun að skilgreina *Contraband* sem endurgerð á *Reykjavík Rotterdam* þar sem íslenska myndin sjálf er endurvinnsla á kunnuglegum bandarískum hefðum og viðmiðum.

22 Svo fyllstu nákvæmni sé gætt er rétt að nefna að Sólveig Anspach leikstýrði *Queen of Montreuil* (2012, *Drottning Montreuil*), en þar er um franska framleiðslu að ræða, og Eyrún Ósk Jónsdóttir

Að endingu er vert að geta mikilvægrar nýjungar í íslenskri kvikmyndagerð samtímans sem lítið hefur farið fyrir. Í stuttu máli hefur í þremur nýlegum myndum mátt greina að íslensk kvikmyndagerð sé loksins að eignast eigin hefð; að kvikmyndagerðarmenn sæki í og vinni úr eigin sögu fremur en að leita viðmiða alfarið út fyrir landsteinana. Líkt og rætt var hér að framan var Friðrik Þór Friðriksson í fararbroddi þeirra leikstjóra sem leituðu fyrirmynda til evrópsku listamyndarinnar, en í *Mömmu Gógó* (2010) fjallar hann um eigin kvikmyndagerð og ekki síst *Börn náttúrunnar*. Slík naflaskoðun leikstjóra segir kannski ekki mikið ein og sér en þegar tveir hæfileikaríkir leikstjórar vinna náið úr sömu kvikmynd með afar ólíkum hætti telst það til tíðinda í íslenskri kvikmyndagerð. Í *Eldfjalli* (2011, Rúnar Rúnarsson) eru þemu og fagurfræði *Barna náttúrunnar* endurvakin í raunsæisdrama á meðan í *Á annan veg* (2011, Hafsteinn G. Sigurðsson) er þeim umbreytt á gamansaman hátt.[23] Myndirnar staðfesta einnig að listræna hátíðarmyndin er enn með lífsmarki í íslenskri kvikmyndagerð, þótt allajafna eigi hún erfitt uppdráttar í miðasölu hérlendis. Markverð í þessu samhengi þó er velgengni *Hross í oss* (2013, Benedikt Erlingsson), *Fúsa* (2015, Dagur Kári) og *Hrúta* (2015, Grímur Hákonarson) á erlendum kvikmyndahátíðum samfara sæmilegri aðsókn í íslenskum kvikmyndahúsum.[24] Það er við hæfi að enda þessa yfirferð á orðum sem Benedikt Erlingsson lét falla eftir að mynd hans *Hross í oss* vann til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í San Sebastian á Spáni: „Lögmálið er að því meira lókal sem maður er, því meira glóbal. Og það virkar“ (*RÚV* 2014). Ekki skal fullyrt að Benedikt hafi hér fundið hina fullkomnu formúlu, en orð hans og velgengni þessara þriggja mynda gefa til kynna að þau átök hins þjóðlega og alþjóðlega sem hafa mótað íslenska kvikmyndagerð á aðra öld geti verið skapandi ekki síður en hamlandi.

og Helgi Sverrisson leikstýrðu saman barnamyndinni *L7: Hrafnar, Sóleyjar og Myrra* (2011), sem gerð var án stuðnings Kvikmyndasjóðs. Nokkuð stór hópur karlleikstjóra hefur einnig gert kvikmyndir þannig á eigin vegum. Lækkandi framleiðslukostnaður með tilkomu stafrænnar upptökutækni hefur eflaust mikið með það að gera, og eru þar glæpamyndir enn og aftur áberandi.

23 Ég greini þessar myndir og tengsl þeirra við *Börn náttúrunnar* ítarlega í bókakaflanum „The Emergence of a Tradition in Icelandic Cinema“ (2015).

24 Það var aðeins nokkrum vikum áður en þessi grein var prentuð að *Fúsi* vann aðalverðlaunin á Tribeca hátíðinni í New York og *Hrútar* Un Certain Regard verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Samtök myndrétthafa á Íslandi geyma upplýsingar um aðsókn á einstaka íslenskar myndir, auk þess sem Hagstofan tekur saman árlega upplýsingar um kvikmyndaáhorf hérlendis. Ásgrímur Sverrisson hefur með aðstoð þessara upplýsinga bent á að þrátt fyrir nokkrar sveiflur megi greina almennt aukningu í aðsókn á íslenskar myndir það sem af er nýrri öld (2013).

Lokaorð

Af þessari yfirferð um íslenska kvikmyndasögu má vera ljóst að hún hefur verið sveiflukennd með eindæmum þar sem tekist hafa á þjóðlegar og alþjóðlegar áherslur. Hún á sér eðlilega alþjóðlegar rætur í upphafi tuttugustu aldar þegar hingað koma til lands kvikmyndagerðarmenn til að taka bæði upp efni og sýna, en jafnvel hinar svokölluðu Íslandsmyndir eru ekki síður gerðar af erlendum kvikmyndagerðarmönnum og ætlaðar til sýninga erlendis. Þær eru því dæmi um þverþjóðlega kvikmyndagerð líkt og raunar einnig þær leiknu frásagnarmyndir sem danskir og sænskir kvikmyndagerðarmenn gerðu eftir íslenskum bókmenntaverkum á þöglu árunum. Í framhaldi af stofnun lýðveldisins tóku Íslendingar hins vegar að gera þjóðlegar heimildarmyndir í miklum mæli og svo í framhaldi leiknar kvikmyndir. Þrátt fyrir einstaka norrænt samvinnuverkefni í millitíðinni eru það þessar þjóðlegu áherslur sem einkenna kvikmyndavorið í upphafi níunda áratugarins. Samfara aukinni erlendri fjármögnun á tíunda áratugnum kemur til sögunnar þverþjóðleg kvikmyndagerð, sem mótast mikið til af viðmiðum evrópsku listamyndarinnar, þar sem hvorki kvikmyndagerðin sjálf né frásagnirnar voru bundnar við Ísland líkt og tilfellið var almennt á níunda áratugnum. Í upphafi 21. aldarinnar má greina ígildi átaka á milli þessa þjóðlegu og þverþjóðlegu áherslna en er á líður áratuginn taka Íslendingar að gera staðbundnar myndir sem fylgja aftur á móti hefðum Hollywood-greina. Þannig eru þær vissulega þverþjóðlegar – innlendar í tungumáli og efni en erlendar að formi og uppbyggingu – en með allt öðrum hætti en áður. Segja má svo að skrefið til Hollywood hafi verið stigið til fulls á síðustu árum þegar Ísland varð að allsherjar náttúrulegu kvikmyndaveri fyrir Hollywood og aðra erlenda kvikmyndaframleiðendur.

Þessi stórkostlegu umskipti birtust með skýrum hætti á forsíðu sunnudagsblaðs *Morgunblaðsins* undir lok árs 2012 þar sem undir flennistórri fyrirsögn „Bíólandið“ hafði verið sett saman kort af Íslandi sem samanstóð af frægum leikstjórum og kvikmyndastjörnum sem sótt höfðu heim landið. Ekki er einn einasta Íslending að finna á landinu né heldur íslenska kvikmynd á kortinu inni í blaðinu sem sýnir helstu tökustaði Hollywood-myndanna (Pétur Blöndal 2012: 48–49). Þessi skilningur á „bíólandinu“ er á öndverðum meiði við þær hugmyndir sem bjuggu að baki stofnun Kvikmyndasjóðs þar sem einmitt átti að verja íslenska menningu og sjálfsmynd andspænis ofurvaldi Hollywood. Það sem gerst hefur er að íslensk kvikmyndagerð er ekki lengur skilgreind á menningarlegum forsendum heldur fyrst og fremst iðnaðarlegum, en á forsendum iðnaðar skiptir litlu máli hvort framleiðsluvaran sé íslensk eða bandarísk.

HEIMILDIR

Acland, Charles R. 2003. *Screen Traffic: Movies, Multiplexes and Global Culture*. Duke University Press, Durham.

Arnaldur Indriðason. 1999. Stofnun og saga kvikmyndafyrirtækisins Edda-film. Guðni Elísson (ritstj.): *Heimur kvikmyndanna*, bls. 886–893. Forlagið og art.is, Reykjavík.

Ágúst Einarsson. 2011. *Hagræn áhrif kvikmyndalistar*. Háskólinn á Bifröst, Bifröst.

Ásgrímur Sverrisson. 2013, 21. september. Mælingar sýna mikla hylli íslenskra mynda. *Klapptré*. Sótt af http://klapptre.is/2013/09/21/maelingar-syna-mikla-hylli-islenskra-mynda/.

Björn Ingi Hrafnsson. 2003. *Ljósin slökkt og filman rúllar: Saga Félags sýningarmanna við kvikmyndahús og þróun kvikmyndasýninga á Íslandi frá 1903 til vorra daga*. FÍK, Reykjavík. Sótt af http://www2.rafis.is/fsk/bokin/index.htm.

Björn Norðfjörð. 2005a. „Excuse me. Do you speak English?“: Höfundarverk Friðriks Þórs Friðrikssonar og alþjóða-slagsíðan í íslenskri kvikmyndasögu. Guðni Elísson (ritstj.): *Kúreki norðursins: Kvikmyndaskáldið Friðrik Þór Friðriksson*, bls. 132–159. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Björn Norðfjörð. 2005b. *Icelandic Cinema: A National Practice in a Global Context*. Doktorsritgerð, University of Iowa.

Björn Norðfjörð. 2007. Iceland. Mette Hjort og Duncan Petrie (ritstj.): *The Cinema of Small Nations*, bls. 43–59. Edinburgh University Press, Edinburgh.

Björn Norðfjörð. 2008. Einsleit endurreisn: Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld. *Saga* 46: 114–149.

Björn Norðfjörð. 2010a. Adapting a Literary Nation to Film: National Identity, Neoromanticism and the Anxiety of Influence. *Scandinavian Canadian Studies* 19: 12–40.

Björn Norðfjörð. 2010b. *Dagur Kári's Nói the Albino*. University of Washington Press, Seattle.

Björn Norðfjörð. 2011a. A Typical Icelandic Murder? The 'Criminal' Adaptation of *Jar City*. *Journal of Scandinavian Cinema* 1(1): 37–49.

Björn Norðfjörð. 2011b. Iceland in Living Pictures: A Meeting Place of Cinema and Nation. *Studia Humanistyczne* 10: 169–183.

Björn Norðfjörð. 2012. Urban/Wilderness: Reykjavík's Cinematic City-Country Divide. Jez Conolly og Caroline Whelan (ritstj.): *World Film Locations: Reykjavík*, bls. 42–43. Intellect, Bristol.

Björn Norðfjörð. 2014. The Transnational Remake: Crossing borders with *Contraband*. *Journal of Scandinavian Cinema* 4(2): 93–97.

Björn Norðfjörð. 2015a. Crime Up North. Pietari Kääpä og Tommy Gustafsson (ritstj.): *Nordic Genre Film*, bls. 61–75. University of Edinburgh Press, Edinburgh.

Björn Norðfjörð. 2015b. Hollywood Does Iceland. Anna Westerstahl Stenport og Scott MacKenzie (ritstj.): *Films on Ice: Cinemas of the Arctic*, bls. 176–186. University of Edinburgh Press, Edinburgh.

Björn Norðfjörð. 2015c. The Emergence of a Tradition in Icelandic Cinema: From *Children of Nature* to *Volcano*. Mette Hjort og Ursula Lindquist (ritstj.): *Blackwell's Companion to Nordic Cinema*. Wiley-Blackwell, New York.

Björn Norðfjörð og Úlfhildur Dagsdóttir (gestaritstj.). 2010. *Ritið* 10(2): *Heimsbíó*.

Blom, Ivo. 2007. The First Cameraman in Iceland: Travel Film and Travel Literature. Laraine Porter og Bryony Dixon (ritstj.): *Picture Perfect: Landscape, Place and Travel in British Cinema before 1930*, bls. 68–81. The Exeter Press, Exeter.

Cowie, Peter. 2000. *Icelandic Films 1980–2000*. Kvikmyndasjóður Íslands, Reykjavík.

Eggert Þór Bernharðsson. 1999. Landnám lifandi mynda: Af kvikmyndum á Íslandi til 1930. Guðni Elísson (ritstj.): *Heimur kvikmyndanna*, bls. 803–831. Forlagið og art.is, Reykjavík.

Erlendur Sveinsson. 1981a. 100 ára fæðingarafmæli Bíópetersens brautryðjanda í kvikmyndahúsarekstri og kvikmyndagerð á Íslandi. Erlendur Sveinsson (ritstj.): *Kvikmyndir á Íslandi*, bls. 15–17. Kvikmyndasafn Íslands, Reykjavík.

Erlendur Sveinsson. 1981b. Kvikmyndir á Íslandi í 75 ár. Erlendur Sveinsson (ritstj.): *Kvikmyndir á Íslandi*, bls. 25–32. Kvikmyndasafn Íslands, Reykjavík.

Erlendur Sveinsson. 1999a. Árin tólf fyrir daga Sjónvarps og Kvikmyndasjóðs. Guðni Elísson (ritstj.): *Heimur kvikmyndanna*, bls. 868–873. Forlagið og art.is, Reykjavík.

Erlendur Sveinsson. 1999b. Landsýn-heimssýn: Kynningarmáttur kvikmyndarinnar á fjórða áratugnum. Guðni Elísson (ritstj.): *Heimur kvikmyndanna*, bls. 852–858. Forlagið og art.is, Reykjavík.

Erlendur Sveinsson. 2002. Frekar bogna en brotna: Um frumkvöðul í íslenskri kvikmyndagerð. Inga Lára Baldvinsdóttir (ritstj.): *Enginn getur lifað án lofts: Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður í Reykjavík*, bls. 19–62. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Ezra, Elizabeth og Terry Rowden (ritstj.). 2006. *Transnational Cinema*. Routledge, New York og London.

Grierson, John. 1979. Flaherty's Poetic *Moana*. Lewis Jacobs (ritstj.): *The Documentary Tradition*. W. W. Norton, New York.

Guðni Elísson (ritstj.). 1999. *Heimur kvikmyndanna*. Forlagið og art.is, Reykjavík.

Guðni Elísson (ritstj.). 2005. *Kúreki norðursins: Kvikmyndaskáldið Friðrik Þór Friðriksson*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Guðni Elísson (ritstj.). 2006. *Kvikmyndagreinar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstj.). 2001. *Ritið* 1(1): *Kvikmyndaaðlaganir*.

Hagskinna. 2014. Lykiltölur mannfjöldans 1703–2014. Hagstofa Íslands, Reykjavík. Sótt af http://hagstofan.is/ Hagtolur/Mannfjoldi/Yfirlit.

Halldór Guðmundsson. 2004. *Halldór Laxness: Ævisaga*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Halldór Laxness. 2004. Some Outlines of a Motion Picture from Icelandic Coast-Life. *Tímarit Máls og menningar* 65: 11–22.

Heiða Jóhannsdóttir. 2006. Under the Tourist Gaze: Reykjavík as the City that never Sleeps. Ástráður Eysteinsson (ritstj.): *The Cultural Reconstruction of Places*, bls. 111–121. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Iverson, Gunnar, Astrid Soderbergh Widding og Tytti Soila. 1998. *Nordic National Cinemas*. Routledge, London og New York.

Íris Ellenberger. 2007. *Íslandskvikmyndir 1916–1966: Ímyndir, sjálfsmynd og vald*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Jón Yngvi Jóhannsson. 2001. ‚Jøklens Storm svalede den kulturtrætte Danmarks Pande': Um fyrstu viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku. *Skírnir* 175: 33–66.

Land og synir. 1998, sept./okt. Ný skýrsla frá Aflvaka um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar: Tekjur ríkisins af kvikmyndagerð eru tæpar 500 milljónir á ári.

Møller, Birgir Thor. 2003. Island og filmen gennem 100 år: En rejse mellem land og by, fortid og samtid. *Kosmorama: Tidsskrift for filmkunst og filmkultur* 50: 255–297.

Møller, Birgir Thor. 2005. In and Out of Reykjavik: Framing Iceland in the Global Daze. Andrew Nestingen and Trevor G. Elkington (ritstj.): *Transnational Cinema in a Global North: Nordic Cinema in Transition*, bls. 307–340. Wayne State University Press, Detroit.

Nestingen, Andrew. 2008. *Crime and Fantasy in Scandinavia: Fiction, Film and Social Change*. University of Washington Press, Seattle.

Ólafur Arnarson, Hilmar Sigurðsson og Anna María Sigurjónsdóttir. 2010. Ný skýrsla frá Aflvaka um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar: Tekjur ríkisins af kvikmyndagerð eru tæpar 500 milljónir á ári. Samtök kvikmyndagerðarfélaga, Reykjavík.

Pétur Blöndal. 2012. Bíólandið. *Morgunblaðið*, 25. nóvember.

RÚV. 2013, 29. september. Verðlaunin styrkja stöðu Benedikts. Sótt af http://www.ruv.is/frett/verdlaunin-styrkja-stodu-benedikts.

Skarphéðinn Guðmundsson. 1999. Ekki fleiri bíó: Afstaða yfirvalda til kvikmyndasýninga á fyrri helmingi aldarinnar. Guðni Elísson (ritstj.): *Heimur kvikmyndanna*, bls. 838–851. Forlagið og art.is, Reykjavík.

Sørenssen, Bjørn. 2005. Hrafn Gunnlaugsson – The Viking Who Came in from the Cold? Andrew Nestingen and Trevor G. Elkington (ritstj.): *Transnational Cinema in a Global North: Nordic Cinema in Transition*, bls. 341–356. Wayne State University Press, Detroit.

Vísir. 1952, 17. október. Stóðrekstur og fjárflutningar í flugvél þekkjast aðeins hér. Þótt ekki væri annað myndi Íslandskvikmyndin vekja athygli. Sótt af http://timarit .is/view_page_init.jsp?issId=82189&pageId=1175431&lang=is&q=heimildarmynd.

Wikipedia. Opinberun Hannesar. Sótt af http://is.wikipedia.org/wiki/Opinberun_ Hannesar.

SUMMARY

This essay offers a succinct but comprehensive overview of Icelandic cinema from its early 20th-century emergence to the present day. Split into two parts, the first half focusses on filmmaking in Iceland prior to the founding of the Icelandic Film Fund in 1980, which was to establish a continuous local film production for the first time. Prior to that filmmaking in Iceland boiled down to the occasional efforts of local amateurs, albeit often quite skilled ones, and professional filmmakers visiting from abroad. Indeed, the few silent feature films made in the country all stemmed from foreign filmmakers adapting Icelandic literature and taking advantage of its photogenic landscapes. The first Icelandic feature was not made until 1948, and although immensely popular, like those that followed in its wake, the national audience was simply too small to sustain filmmaking without financial support.

Although this changed fundamentally with the Icelandic Film Fund, which instigated contemporary Icelandic cinema and the subject of the essay's second half, the Fund's support proved insufficient as the novelty of Icelandic cinema began to wear of at the local box office in the late 1980s. Again the rescue came from outside sources, now in the form of Nordic and European film funds, whose support was to transnationalize Icelandic cinema in terms of not only financing and production but also themes and subject material. These changes are most apparent in Icelandic cinema of the 1990s which also began to garner interest at the international film festival circuit. In the first decade of the twenty first century, however, American genre cinema began to replace the European art film as the typical model for Icelandic filmmakers. Hollywood itself also began to show extensive interest in Icelandic landscapes for its runaway productions, as did many other foreign film crews. In this way Icelandic cinema is characterized by not only national and transnational elements but also international ones.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er stiklað á stóru í sögu íslenskra kvikmynda allt frá upphafi sýninga í byrjun tuttugustu aldar fram til dagsins í dag. Greininni er skipt í tvo hluta og varpar sá fyrri ljósi á kvikmyndagerð fyrir daga Kvikmyndasjóðs, sem árið 1980 innleiddi í fyrsta skipti reglubundna kvikmyndaframleiðslu á Íslandi. Fyrir daga sjóðsins urðu landsmenn að reiða sig á óeigingjarnt starf og fjárútlát einstakra frumherja, sem höfðu allajafna lítt verið skólaðir í kvikmyndagerð, eða erlenda gesti sem einir síns liðs eða í samstarfi við heimamenn komu að gerð bæði heimildar- og leikinna frásagnarmynda. Þær fáu þöglu myndir sem gerðar voru hérlendis voru einmitt aðlaganir erlendra kvikmynda-

gerðarmanna á íslenskum bókmenntaverkum þar sem náttúra landsins fékk að njóta sín. Fyrsta eiginlega íslenska leikna myndin var ekki gerð fyrr en um miðja öld og þótt hún nyti mikillar hylli meðal áhorfenda, líkt og raunar þær myndir sem fylgdu í kjölfar hennar, var þjóðin einfaldlega of fámenn til að standa undir kvikmyndarekstri án utanaðkomandi stuðnings.

Tilkoma Kvikmyndasjóðs gjörbreytti kvikmyndalandslaginu hvað þetta varðar og til aðgreiningar er nýja landslagið kennt við samtímann í seinni hluta greinarinnar — aðgreining í tíma vissulega en ekki síður á innviðum íslenskrar kvikmyndagerðar. Nutu fyrstu myndir níunda áratugarins mikilla vinsælda en ört dró úr aðsókn er á leið áratuginn. Aftur kom þá aðstoð erlendis frá og nú í formi evrópskra og norrænna styrkja, og fylgdu þeim ekki aðeins þverþjóðlegar áherslur í fjármögnun og framleiðslu heldur einnig formi og efni. Koma þessar hræringar skýrast fram í þeim myndum tíunda áratugarins sem vöktu athygli utan landsteinanna og unnu jafnvel til verðlauna á kvikmyndhátíðum. Á fyrsta áratugi nýrrar aldar tóku bandarískar greinamyndir (einkum glæpamyndir) hins vegar að velta úr sessi evrópsku hátíðarmyndinni sem helstu fyrirmynd íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Ennfremur gerðu skyndilega farfuglar frá Hollywood sig heimakomna á Íslandi (yfir sumarmánuðina að hætti annarra farfugla) og tóku upp fallegar landslagsmyndir fyrir sín eigin ævintýr. Með þessum hætti er íslensk kvikmyndagerð ekki lengur einungis þjóðleg eða þverþjóðleg heldur einnig alþjóðleg.

NOOMI Í DALI

Føroysk bindimentan í søguligum og nútíðarligum høpi
Trupulleikin at staðfesta tað, sum er so sjálvsagt, at tað verður ikki sagt

Evnið í hesi grein eru tær broytingar, sum eru farnar fram í bindimentanini í Føroyum. Bindimentanin er sett saman av fleiri tættum. Eitt eru mynstrini, sum av H. M. Debes eru varðveitt í *Føroyskum bindingarmynstrum*, men annað er bindisiðurin, tað er bæði, hvussu tógvið verður hildið, har tráðurin verður havdur á fremstafingri á høgru hond, hvussu sniðið á ymisku pløggunum verður roknað út og skapað, og hvørji krøv hava verið til dygdina.

Fyri føroyska samfelagið hevur seyðurin havt stóran týdning, og ullin var eitt virðismikið tilfeingi, líka til fiskiskapurin menti seg sum høvuðsvinna. Nær farið varð at binda, hava vit onga keldu at siga okkum, men vit vita, at heilt aftur til 1500-talið bundu tey (Beder 2010: 185–188).



Mynd 1: Mynd hjá C. L. V Born kommandanti, úr *Mondli* nr. 3 1977 s. 9

Binding var arbeiði. Øll máttu duga at binda, og øll bundu, bæði mannfólk og konufólk. Hetta arbeiði var alneyðugt fyri at yvirliva. Øll skuldu hava klæði upp á kroppin, og her vóru tey bundnu pløggini nakað, sum bar til at virka hjá øllum. Eisini vóru bundnu pløggini ein týdningarmikil sølu- og útflutningsvøra.

Grundarlagið fyri bindingini var ullin, og tógvið, sum varð fingið burtur úr henni. Byrjað verður tí við at siga frá týdninginum, sum mátin at spinna tógv hevur fyri tað, sum virkað verður burtur úr tóvnum.

Síðani verður nortið við tað at skapa og broyta mynstur, soleiðis sum tað varð gjørt fyri umleið 80 árum síðani. Her verður samanbering gjørd millum bindibókina hjá H. M. Debes, og teknað mynstur, sum stava frá Poulinu Reinert í Kaldbak (1881–1959). Eftir hana liggur eitt hefti, sum hon hevur teknað bindingarmynstur uppí. Á forsíðuna á heftinum hevur hon skrivað dagfesting: „11/2 1934“ og „Strikkebog for Pouline Reinert Kaldbak“.

Til at lýsa broytingina í bindimentanini, sum nú er um at henda, verður støði tikið í einari bundnari troyggju – festivaltroyggjan – og við narrativari og fyribrigdafrøðiligari tulking av egnari reaktión upp á hesa troyggju verður farið inn í munin ímillum at hava eina mentanarliga siðbundna handverksvitan og ikki at hava hana.

At enda verður ein lítil spurnarkanning (Dali 2012) um binding í fólkaskúlanum tikin uppí sum frásjónargerð.

Spuni, vevnaður og binding

Í Føroyum varð bert spunnið á handsnældu inntil stutt áðrenn ár 1700. Í seinasta fjórðingi av 17.øld komu tveir hetlendingar, maður og kona, til Føroya at læra tey at spinna á skotrokki (Svabo 1781–1782: 281–282). Hetta eydnaðist so mikið væl, at skotrokkurin, inntil spunavirkini komu, var mest nýtta spunaamboð í Føroyum.

Tó varð altíð spunnið á handsnældu eisini. Hetta var av tí, at tógvið hevur ymiskar eginleikar, alt eftir hvørji tól verða nýtt. Grundleggjandi verður tosað um tvey sløg av tógvi, kembt tógv (kambgarn) og karðatógv. Tá spunnið verður á handsnældu eins og á fótarokki, verður ullin givin út við báðum hondum, og tægrirnar verða sostatt strektar, meðan spunnið verður. Hetta tógvið verður slættari og sterkari. Garnið til renning mátti spinnast á henda hátt. Fótarokkurin var ikki vanligur í Føroyum, (tó at nakrir komu við útlendskum konum, sum giftust til Føroya), so tí mátti rennigarnið aloftast spinnast á handsnældu.

Tá spunnið verður á skotrokki, verður givið út við vinstru hond, meðan

høgra snarar hjólinum, sostatt verða tægrirnar ikki strektar, meðan spunnið verður. Hetta tógvið er lodnari, og ikki líka sterkt. Tað egnar seg væl at binda, og til veft (Beder 2010: 113).

At spinna á rokki er nógv skjótari enn at spinna á handsnældu. Hetta gjørdi, at eftir at skotrokkurin gjørdist vanligur, bar til hjá føroyingum at spinna nógv meira enn fyrr.

Søluvøra, sum til bar at framleiða í størri nøgdum, var í fyrstani serliga hosupør. Svabo sigur frá í yvirliti yvir, hvat varð selt í Kongliga Handlinum frá 1729–1781, at talið á hosupørum vaks í hesum tíðarskeiði frá 34.700 pørum í 1729 til 129.170 pør, tá tað var mest í 1779. Um hesa tíðina tók Kongligi Handilin ikki ímóti troyggjum (Svabo 1781–82: 283), men hetta broyttist fá ár seinni, og sum frá leið gjørdust skipstroyggjur ein tann størsta útflutningsvøran.

Fyrsta vit vita um mynsturbinding í Føroyum

Lucas Debes (1673: 251) skrivar, at konufólkini binda bæði „fine hoser og uldenskjorter", sum ikki standa aftan fyri tær ensku í góðsku. Hann skrivar ikki, um tær eru mynsturbundnar, men sigur frá, at litað verður í mongum ymiskum litum. Svabo sigur um klædnabúnan, at: „trøjen er en strikked eller lænked trøje, finere eller grovere, af 2 eller 3 farver", og at „Trøjer, fine og grove, har man begyndt at arbejde, endskjønt de ikke antages i den Kongelige Handel. Skjønt der vel forarbejdes nogle enkelte, saa ere dog de dobbelte de almindeligste" (Svabo 1781–82: 283). Jørgen Landt (1798–99) skrivar meiri nágreiniliga um, at bundnar verða fínar og grovar troyggjur „med forskellige kolørte figurer", og at føroyingar brúka sjálvir tær fínaru og selja tær grovaru skipstroyggjurnar (Landt 1798–99: 232–233).

Troyggjur sum handilsvøra

Í 1832 og 1833 fer brævaskifti fram millum F. Tillisch (amtmaður 1830–1837) og „Den administrerende Direktion for den Kongelige færøske og grønlandske handel" um góðskuna á føroysku troyggjunum. Í 1832 sigur direktiónin frá, at góðskan er versnað, ov illa er vrakað. Tillisch svarar aftur, at modell-troyggjurnar eru ov vánaligar, og nýggj modell mugu gerast. Handilsforvaltarin sigur í 1833 frá, at sjey troyggjur eru gjørdar, soleiðis at ein verður til hvønn av teimum seks sýslumonnunum, og ein til Leigubúðina.

Í sama brævaskifti eru nágreinilig krøv sett til góðskuna á skipstroyggjunum, har verður greitt frá vekt, støddd, eygatali, mynstri og liti. Um mynstur stendur, at jú meira mynstrað troyggjan er, tess betri. Mynstrini kundi ein sjálvur velja, tó ikki størri enn, at buktirnar ikki máttu vera oman fyri 4 eygu. Eisini verður

tilskilað at stokkar og tógv má veljast, so hvørt er eftir øðrum (Beder 2010: 196–199).

Eingin ivi er um, at hesi krøv hava haft ávirkan á føroysku bindingarmynstrini. Serliga um hugt verður at bátsmanstroyggjumynstrunum, eru tey eyðkend við at mynstrini eru tøtt. Nøkur fá hava buktir upp í sjey eygu, men tey allarflestu fylgja krøvunum frá Tillisch – tey hava stuttar buktir.

Føroysk bindingarmynstur. Binding umleið 1930

Stutt eftir ár 1900 vóru føroyingar so at siga givnir at brúka mynsturbundnar troyggjur. Tó at tey bundu skipstroyggjur til útflutnings, vóru føroyingar sjálvir farnir at brúka einlittar troyggjur (Beder 2010: 215–216). Hetta var atvoldin til, at M. A. Jacobsen og Jógvan bóndi á Skælingi tóku stig til at savna saman gomul mynstur. Tað eydnaðist at savna saman 30 mynstur, sum Rakul Egholm í Leynum bant í ein mynsturgeira, har navn varð sett a ymisku mynstrini. Tey vórðu í 1921 latin Forngripasavninum. Mynstrini vórðu sýnd fram á ólavsøku í 1927 í Havn, og aftur í 1929 í Teknologisk Institut í Keypmannahavn. Her hendi so tað, at Alexandrina drotning fekk áhuga fyri mynstrunum og spurdi Hans M. Debes, sum har var staddur, um hon kundi keypa tey. Tá tað ikki bar til, bað hon hann royna at fáa tey útgivin í bók (Debes 1969, Fororð).

Hans M. Debes, Skraddar Debes kallaður, fór síðani undir at savna saman so nógv ymisk mynstur, sum hann fekk fatur á. Tað eydnaðist at finna umleið hundrað mynstur aftrat, og hann gav í 1932 út bókina *Føroysk bindingarmynstur*, í dagligari talu nevnd Bindibókin. Bókin gav mynsturbindingini í Føroyum nýggjan íblástur og gjørdi sítt til, at bindimentanin fekk nýtt lív. Síðani er bókin givin út í 1949, 1969 og 2008, og hvørja ferð hevur nýtt ættarlið av kvinnum glett seg um vøkru mynstrini, og bindingin hevur aftur tikið dik á seg.

Samstundis sum bindibókin hjá Hans M. Debes hevur verið við til at stuðla mynsturbindingini, hevur hon sett eitt mark fyri, hvørji mynstur eru „tey røttu" føroysku bindingarmynstrini, og forðað, at nýggj mynstur vórðu gjørd. Har hava uttan iva verið nógv onnur mynstur, og nógvar variatiónir av teimum, sum ongantíð eru vorðin almannakunngjørd.

Í bókini (Debes 1932) er bert eitt stjørnumynstur,. Tað er áttablaðastjørnan, sum eisini er kend nógvastaðni í londunum rundan um okkum. Hetta er eitt mynstur til konufólkatroyggju.

Mynd 2: Úr bókini *Føroysk Bindingarmynstur*, Debes 1969.

Bindibókin hjá Poulinu Reinert

Tað er eydnast mær at fáa innlit í eitt handrit, sum stavar frá somu tíð sum bindibókin hjá H. M. Debes. Í 1934 byrjaði Poulina Reinert í Kaldbak, sum tá var 52 ára gomul, upp á sína „Strikkebog 2", sum hon teknaði upp í eitt hefti við puntutum pappíri.

Poulina Reinert var bóndadóttir og bóndakona, og hon livdi alt sítt lív í Kaldbak. Hon og maðurin Ole Christian Reinert áttu níggju børn. „Ikki hevði hon gingið í skúla, men kláraði tó allar útrokningar, sum fylgja við, tá man bindur eitt plagg" (Hansen 2005).

Poulina var ófør at binda, men hon tímdi ikki so væl at binda tað sama umaftur, og tí teknaði og broytti hon mynstrini og setti tey saman á ymiskan hátt (Hansen 2005). Í familjuni hjá Poulinu finst myndatilfar, sum vísir troyggjur, ið hon hevur bundið, og onkrir prøvar kliptir burturúr uppslitnum troyggjum eru eisini til. At bókin kallast Strikkebog 2 sigur okkum, at Poulina hevur teknað mynstur upp í eina bók áðrenn, men ta bókina hevur ikki lukkast at finna. Í heftinum eru uppteknað oman fyri 150 mynstur og variatiónir yvir mynstur. Poulina hevur fýra ymiskar áttablaðastjørnur, og serliga hevur hon nýtt tær á ymiskan hátt, tær eru gjørdar størri og minni og eru settar saman við ymiskum millummynstrum. Her eru dømir um, hvussu ein stjørna er vorðin partur av størri mynstri og hevur fingið ein annan lit til miðju og royndir at seta tvær ymiskar stjørnur inn í sama bakgrundsmynstur (Dali 2011).

Á sama hátt sum Poulina Reinert hevur broytt mynstrini, hava óivað nógvar aðrar bindikonur gjørt.

Mynd 3: Navnaspjaldur á „Strikkebog 2“ hjá Poulinu Reinert.

Binding umleið 2010. Tað sjálvsagda, tað sum vit halda at øll vita, tí vit vita tað so væl

Bindisiðurin hevur verið varðveittur munnliga, og ymisku sniðini fylgdu ávísum reglum. Uppskriftirnar vóru ikki niðurskrivaðar, tí øll vistu, hvussu tað átti at vera. Tað varð sagt fyri tær, meðan tú lærdi at binda – og so visti tú tað. Gamli mátin at sniðgeva var at hava eina grundvegleiðing til tey ymisku pløggini og síðani skapa mynstursamanseting sjálv. Sniðgevingin í heimavirkingini fór fram í hvørjum húsi í Føroyum. Grundreglurnar vóru so sjálvsagdar, at hetta var at rokna sum almenn vitan, at soleiðis átti at vera. Men hetta er um at fara í søguna. Nógv halda seg ikki til at skapa sítt egna, men mugu hava eina uppskrift.

Vansin við hesum munnligu vegleiðingum er, at bert tvey ættarlið skulu fara ímillum, so er tað gloymt. Tí kann henda vitanin um, hvussu tað eigur at vera, so ógvuliga skjótt farast. Hesin mátin, at vegleiðing verður latin frá munni til munn, er eisini ein orsøk til, at vit vita so lítið um, hvussu troyggjur vóru sniðgivnir, áðrenn fototólið var uppfunnið. Til at viðgera henda sniðgevingarhátt verður trivið í egnar royndir og bindingarsið, soleiðis sum eg havi lært við munnligari frálæru. Í øðrum familjum eru kanska aðrir siðir og reglur.

Festivaltroyggjan

Har kom ein troyggja í okkara hús fyri nøkrum árum síðani. Hon var gloymd eftir á einum festivali, og annar sonurin hjá mær tók hana heim við, so hon ikki skuldi farast. Tá eg sá hana, var mín fyrsta reaktión: „Hasari troyggjuna hopi eg ikki at nakar hevur sæð teg í, hon er púra skeivt bundin!“ Eg vildi ikki, at nakar skuldi halda, at mamma hansara hevði bundið eina troyggju, sum so nógv skeivt var við.

Men síðani havi eg hugsað um hesa troyggju. Hvat var tað, sum gjørdi, at eg helt hana vera so púra skeivt gjørda, og hvussu ber tað til, at eg haldi meg vita so akkurát, hvussu ein troyggja eigur at vera?

Vit hava her at gera við ein hugburð til binding, sum er samantvinnaður við handverksliga hugsan um, hvussu troyggjur eiga at vera. Hvaðani er so henda forfatanin um ta røttu troyggjuna? Hana havi eg frá mammu og ommu mínari, og tær aftur frá langommu og hennara formøðrum, tí henda vitan gongur í kvinnuætt.

Eg hevði ongantíð fyrr hugsað um, at har kundi verið nakar ivi um, hvussu ein troyggja skal vera bundin, men sá her, at tað ber væl til at binda eina troyggju, har ikki er tikið atlit til reglurnar, sum eg slett ikki visti vóru reglur, fyrr enn eg bleiv so forargað um hesa troyggjuna. Og tó hevur onkur bundið hana lidna, heft endarnar, og er farin á festival í henni. Kanska veit viðkomandi ikki av, at so nógv er øðrvísi á troyggjuni, enn tann handverksliga siðvenjan, sum eg kenni hana, krevur.

Mynd 4: Mynd av festivaltroyggjuni, har tað sæst at mynstrið stendur tilvildarliga oman fyri hvørt annað, og at raglanavtøkurnar eru sama veg.

Hvat er galið?

Rendurnar eru bundnar á somu stokkum sum troyggjan sjálv, og har er sama eygatal á rondini sum á bulinum.

Troyggjan er gjøgnummynstrað, men mynstrið er ikki regluligt, og har er feilur í, t.d. eitt mynstur, har tað næstan allastaðni stendur skákað av, er onkrastaðni beint omanfyri, og summastaðni er eitt eyga av tilvild tikið uppá, so mynstrið avskeplast.

Tá avtøkurnar fyri raglan byrja, er einki skil á, hvussu mynsturbordarnir

standa í mun til hvønn annan. Avtøkurnar til raglan eru bundnar sama veg, soleiðis at tað sær ikki líka út hvørjumegin avtøkugeiran.

Ermarnar hava sama lýti sum bulurin, hvat viðvíkur rondunum, tær eru víðar og hylkja, tí somu stokkar eru nýttir, og sama eygatal er á rond og ermu.

Úttøkurnar á ermunum eru hvørjumegin ein geira, sum breiðkar uppeftir, og geirin er bundin hvítur t.e. uttan mynstur, so har er ein hvít strípa uppeftir, har buktirnar á ranguni verða longri og longri. Hálskanturin er aftur bundin á somu stokkum sum bulurin.

Meginreglur fyri troyggjusniðgeving

Burtur úr øllum tí, sum fyri mær sær skeivt út, ber til at útleiða nakrar meginreglur fyri troyggjubinding, sum eg uttan at vita av tí haldi vera sjálvsagdar:

1. Tá bundið verður rætt og rangt, verður víðari, enn tá tú bindur slætt, tí skal rondin bindast á eitt ella tvey nummar fínari stokkum enn sjálv troyggjan.
2. Nøkur eygu kunnu verða tikin uppá, fyri at rondin ikki skal hylkja, umleið sætta hvørt eyga.
3. Tá bundið verður við tveimum litum, má sami litur vera fremri á fingrinum gjøgnum alla troyggjuna.
4. Mynstrið má hóska til eygatalið, og um troyggjan er gjøgnummynstrað, skal mynstrið vera tað sama um alla troyggjuna, feilir verða rættaðir so hvørt.
5. Tá tikið verður av til raglan, skulu avtøkurnar bindast hvønn sín veg, frá høgru øðrumegin tvey millumeygu og frá vinstru hinumegin.
6. Úttøkurnar á ermuni skulu møtast við tveimum eygum ímillum, og mynstrið skal bindast út til samankomingina, so tað er regluligt á sjálvari ermuni.

Alt hetta, sum eg helt vera so sjálvsagt, er í veruleikanum ein handverksvitan, sum er givin víðari munnliga og verkliga. Eg havi lært tað so mikið ung, at tað er vorðið internaliserað, og goymt sum almennur kunnleiki. Ikki fyrr enn eg standi við einum plaggi, har tann, ið hevur bundið, ikki kennir tær somu reglurnar sum eg, síggi eg, hvat eg veit.

Hvat skulu vit brúka hetta til?

Tann fyrsti spurninguri er, ger tað nakað? Skal tað vera ein ávísur bólkur av eldri kvinnum, sum ráða fyri, hvat er rætt og skeivt?

Tað veldst um, hvørt tað er vert at halda fast við siðbundnu bindingina ella ikki. Um troyggjan nú er heit og fjálg at vera í, er tað so nóg mikið? Ella vilja vit varðveita og geva døtrum okkara tað, sum vit sjálvar hava lært?

Spurningurin er eisini, um tað hevur eitt virði, sum er galdandi í nútímans høpi.

Ætlanin er á ongan hátt at lítilsmeta tað arbeiði, sum er lagt í hesa troyggjuna. Bert vil eg gera vart við eina handverksliga siðvenju, sum kanska er um at fara fyri skeyti. Tá allar mammurnar og ommurnar eru til arbeiðis og ikki hava tíð at seta seg við børnunum – helst áðrenn tey fara í skúla –, hvussu skulu so børnini vita, hvussu tað eigur at vera?

Eitt sum hoyrist viðhvørt, tá ein eldri vil leggja lag á, um tað nú er ein mamma ella omma, ella kanska vermamma ella lærari, tað er: „eg geri upp á mín máta“. Og tað er kanska í lagi.

Eg havi sum læraraskúlalærari í handarbeiði á linju sæð nógvar mátar at halda tóvnum millum fingrarnar, summi vinda eina ella tvær ferðir um fingurin, summi hava tráðin undir fremstafingri. Og tað ber til at fáa tað til eygu, og kanska til eina troyggju. Men ikki ber til at binda mynstur javnt og skjótt. Har er tann gamli mátin serliga væl egnaður.

Kanska skulu vit, sum hava handverksvitan, virða hana so mikið, at vit leggja video av, hvussu tað kann gerast á YouTube, so at tey ungu, sum ikki læra tað heima, kunnu fara har, tey eru von at læra seg, og hava møguleika at læra upp á gamla mátan, men gjøgnum ein nýggjan miðil.

Tað nyttar einki at fyrigykla sær, at tað gamla kemur aftur. Um vit vilja varðveita tað, sum vit halda vera eina góða siðvenju og týdningarmiklan mentanararv, so mugu vit, uttan at forargast um tey ungu, geva teimum møguleikan, at taka ímóti tí, sum vit vita. Um tey so taka tað til sín, ella velja at gera upp á sín máta, tað kunnu vit einki gera við.

Kanning í fimm skúlaflokkum

Í sambandi við ritgerðina „Håndarbejde i læreplan og praksis“ (Dali 2012), um hvussu tað stendur til við binding í føroyska fólkaskúlanum, varð gjørd ein lítil spurnakanning. 66 næmingar í 13–15 ára aldri, í fimm flokkum í Havn og á bygd vórðu spurd, um tey høvdu lært at binda, í hvørjum aldri, og hvør hevði lært tey. Av hesum vóru 36 gentur og 30 dreingir.

Hetta er sjálvandi eitt sera lítið grundarlag fyri at siga nakað við vissu, men eitt mynstur er kanska at hóma.

Av 36 gentum hava 35 lært at binda, og av 30 dreingjum hava 2 lært at binda. Aldursbýtið er soleiðis, at av teimum 37, sum hava lært at binda, hava

tólv lært tað tá tey vóru 5–6 ár, átta tá tey vóru 7–8 ár, átta tá tey vóru 9–10 ár, og fýra tá tey vóru oman fyri 11 ár. Tvey minnast ikki, nær tey lærdu tað. 23 hava lært frá mammu síni, trettan frá ommu síni og sjey hava lært tað í skúlanum (summi hava svarað mamma og omma, ella mamma og lærari).

Hóast kanningin er lítil, fæst okkurt burturúr: flestar gentur læra at binda, flestir dreingir læra tað ikki. Nær tey læra tað, er ymiskt, men umleið helvtin lærir, áðrenn tey eru átta ár, og tríggir fjórðingar áðrenn tíggju ár. Nógv tann størsti parturin hevur lært at binda í familjuni, meðan nøkur fá hava lært tað í skúlanum.

Í námsætlanini fyri handarbeiði í fólkaskúlanum stendur hetta brotið í byrjanini (http://www.namsaetlanir.net/handarbeid):

> Dentur verður lagdur á at varðveita okkara heimliga handarbeiði, og týdningarmiklir tættir av mentanar- og siðaarvi okkara verða viðgjørdir, eins og ljós verður varpað á tað virðið, handarbeiði hevur fyri hvønn einstakan og samfelagið sum heild.

Aftrat hesum er nærri útgreinað í fakligu førleikamálunum, hvat børnini skulu duga innan binding í ymiskum flokkum. Samanborið við hvussu stórur partur av námsætlanini í handarbeiði snýr seg um binding, og hvussu stórur dentur verður lagdur á mentanar- og siðaarvin, er tað hugvekjandi, at so fá børn læra at binda í skúlanum.

At enda kann eg bert taka uppaftur, at um føroysku bindimentanini skal vera lív lagað, so má eitt miðvíst arbeiði gerast fyri, at leggja ta vitanina, sum vit kanska ikki sjálvar eru greiðar yvir, at vit hava, út á almennu miðlarnar til tey ungu. Fyrst mugu vit gera okkum greitt, hvat tað er, sum mentanin inniheldur, og síðani bjóða hana fram.

Um hon varðveitist, broytist ella fer fyri skeyti, tað fer framtíðin at vísa.

Eg vóni, at tað letur seg gera at fáa hesa vitan festa niður, tí handverksvitan tekur øldir at byggja upp, men bert tvey ættarlið at gloyma aftur.

HEIMILDIR

Beder, Nicolina Jensen. 2010. *Seyður, ull, tøting*, Sprotin, Tórshavn.

Dali, Noomi í. 2011. Strikke for at overleve, leve for at strikke, Uppgáva í „Didaktik, Materiel kultur“, Danmarks Pædagogiske Universitet, København.

Dali, Noomi í. 2012. Håndarbejde i læreplan og praksis, Uppgáva í „Didaktik, Materiel kultur“, Danmarks Pædagogiske Universitet, København.

Debes, Hans M. 1932, 1949, 1969, 2008. *Føroysk bindingarmynstur*. Tórshavn.

Debes, Hans Jacob. 2000. *Føroya søga 3, frá Kongligum einahandli til embætisveldi*. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Debes, Lucas. 1963 [1673]. *Færoæ & Færoa reserata*, Einars Prent og forlag, Tórshavn.

Hansen, Julia 2005. Eitt sindur um binding. Handrit, privat ogn.

Landt, Jørgen. 1965 [1800]. *Forsøg til en beskrivelseover Færøerne*. Einars forlag, Tórshavn.

Reinert, Poulina 1934. Strikkebog 2. Handrit, privat ogn.

Svabo, Jens Chr. 1959. *Indberetninger fra en Reise i Færøe 1781 og 1782*. Selskabet til udgivelse af færøske kildeskrifter og studier, København.

SUMMARY

The Faroese knitting culture is undergoing changes. Within the knitting culture there are several aspects. The traditional patterns are important, but how to hold the yarn, how to calculate the stitches and shape the pieces of clothing, and how the quality should be, are also part of the traditional knowledge.

It is not known when the Faroese first started to knit, but it has been an important part of the country's identity, not to mention economy, for hundreds of years.
The export of woolen goods is no longer vital for the economy of the country, and as most women today work outside the home, the traditional way of designing knitted clothes is no longer a part of every girl's upbringing.

The article compares hand-drawn knitting patterns from 1934 with the patterns documented by H. M. Debes in 1932, as an example of how the patterns were varied by the Faroese women.

A sweater fashioned by someone not familiar with traditional Faroese knitting is described as an example of recent decline in the knitting culture.

A small inquiry about whether children learn to knit, at which age and from whom, is included. This shows a clear indication that girls learn to knit while boys do not, that most of the learning takes place within the family, and that most girls learn to knit before they are 10 years old.

The conclusion is that if the traditional Faroese way of knitting is to be preserved for future generations, it is high time we used digital media in order to make the knowledge available. Whether or not young people choose to receive it is out of our hands.

ÚRTAK

Evnið í hesi grein eru tær broytingar, sum henda í føroysku bindimentanini. Bindimentanin er sett saman av fleiri tættum. Ein táttur er mynstrini, annar er bindisiðurin, hvussu tógvið verður hildið, hvussu sniðið á ymisku pløggunum verður roknað út og skapað, og hvørji krøv hava verið til dygdina.

Í greinini verða mynstrini í bókini *Føroysk bindingarmynstur* samanborin við dømir úr handriti frá 1934 til tess at vísa á margfeldið í mynsturnýtsluni; ein troyggja, sum er bundin uttan kunnleika til føroyska bindisiðin, verður nýtt sum dømi um, hvussu handverksvitanin er um at detta burtur.

Niðurstøðan er, at um føroyska bindimentanin skal varðveitast mugu tær, sum hava vitanina, gera hana atkomuliga fyri ungdómin. Um tey taka ímóti ella ikki, fer tíðin at vísa.

HLYNUR HELGASON

Höfundarverkan Níelsar Hafsteins

Níels Hafstein myndlistarmaður hefur verið áberandi á vettvangi myndlistar á Íslandi undanfarin 40 ár. Í upphafi ferils hans vöktu verk hans strax talsverða athygli fyrir einbeitta hugmyndafræðilega nálgun og stíl í ætt við naumhyggju.[1] Má þar nefna sýningu á verkum hans á Kjarvalsstöðum árið 1980. Allt frá því snemma á níunda áratug síðustu aldar hefur hann þó kosið að einbeita sér í auknum mæli að öðrum störfum sem tengjast myndlist á marga vegu, fyrst við uppbyggingu Nýlistasafnsins í Reykjavík frá stofnun þess árið 1978 fram á tíunda áratuginn[2] og frá 1995 við að byggja upp Safnasafnið sem starfar jöfnum höndum við að safna og kynna alþýðulist í samhengi við verk annarra listamanna[3]. Undir lok 20. aldar flutti hann safnið til Eyjafjarðar þar sem það hefur verið starfrækt síðan þá. Það er athyglisvert að skoða samhengi listar Níelsar í gegn um tíðina og þá sér í lagi hvernig hans eigin listsköpun hefur að mörgu leyti skarast við safnaáhuga hans og sýningarstarfsemi. Á Parísartvíæringnum 1980 byggðu verk hans á fornri aðferð sauðfjármerkinga hér á landi sem hann nýtti sér sem efnivið. Áhugi hans á því að vernda og sýna alþýðulist kom sterklega fram í sýningu hans á smíðisgripum Benedikts Eyþórssonar í Nýlistasafninu árið 1992. Níels sýndi ný verk á einkasýningu sinni, *Viðkvæmur farangur II*, í Nýlistasafninu árið 2012, verk sem byggja á söfnun hans sjálfs á allskonar glingri sem felur í sér sjónarspil sem hann sýnir gjarnan gestum í Safnasafninu. Á þeirri sýningu mátti sjá að viss skörun var að eiga sér stað á milli safnastarfs Níelsar og eigin myndlistarstarfs. Þessi skörun leiðir af sér að ekki er lengur hægt að greina vel á milli þessara ólíku sviða í starfi Níelsar. Það er því spurning að hvaða leyti hann er höfundur verka sinna

1 Gagnleg umföllun um þessar áherslur og þá athygli sem Níels vakti snemma á ferlinum má sjá í viðtali við hann sem birtist í *Tímanum* árið 1983 (Bjarghildur Stefánsdóttir 1983: 12).

2 Áhugaverð sýn á fyrstu ár Nýlistasafnsins birtist í viðtali sem Ólafur Engilbertsson tók við forvígismenn þess á 10 ára afmæli safnsins (Ólafur Engilbertsson 1988: 15).

3 Farið verður nánar í skilgreiningu Níelsar á „alþýðulist“ seinna í greininni. Um þetta er áhugavert að skoða viðtal sem Huginn Þór Arason tók við Níels árið 2009 og birtist í tímaritinu *Sjónauka* (Huginn Þór Arason 2009: 44–51).

og hvenær starfið felst í að liðka fyrir birtingu á verkum annarra. Til að svara þessu er gagnlegt að skoða útvíkkaða og endurskoðaða notkun höfundarhugtaksins á síðari hluta 20. aldar. Hér er sérstaklega vísað til fjölbreyttra skrifa frönsku fræðimannanna Roland Barthes, Michel Foucaults, Henri Lefebvre og Jean-François Lyotard um höfundarhugtakið á síðari hluta 20. aldar. Hugmyndir þeirra, og greining á merkingu og mikilvægi höfundarins í 20. aldar list, verða hér því grundvöllur fyrir frekari umfjöllun um höfundarferil Níelsar sem listamanns og safnstjóra.

Níels fæddist árið 1947. Hann lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1973 og fór þá strax að láta að sér kveða í íslensku listalífi, auk þess sem verk hans vöktu athygli erlendis sem leiddi til þess að honum var meðal annars boðið að taka þátt í Parísartvíæringnum árið 1980 (Huginn Þór Arason 2009: 44–51). Hann dró sig eftir það út úr sýningarhaldi að mestu, bæði í útlöndum og á Íslandi og lýsti því yfir að umstangið og kostnaður vegna erlendra sýninga væri of mikill: „en ég ákvað að klippa á allt slíkt stúss, þar sem mér þótti það ekki svara tilkostnaði.“[4] Í þessu hléi sem hann tók sér frá sýningarhaldi átti hann ríkan þátt í að byggja upp vinnuaðstöðu á vegum Myndhöggvarafélagsins fyrir listamenn á Korpúlfsstöðum við Reykjavík. Í kjölfarið einbeitti hann sér jöfnum höndum að myndlistariðkun og að því að byggja upp safnastarfsemi fyrir nýjungar í myndlist á Íslandi, í Nýlistasafninu og í Safnasafninu. Árið 1995 settu hann og kona hans, Magnhildur Sigurðardóttir, Safnasafnið á laggirnar á óformlegan hátt í íbúð sinni í Reykjavík. Þau fluttu safnið norður á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð árið 1998 og þá dró Níels verulega úr eigin starfi við myndlist. Í safninu hugðust þau allt frá upphafi einbeita sér að söfnun og sýningum á afar fjölbreyttum menningarlegum minjum eftir menntaða, ómenntaða og ónafngreinda listamenn. Eins og vikið verður að síðar markaðist safneignin fremur af því sem ákveðið var að taka inn í það fremur en af fyrirframákveðinni ætlan. Það var undir þessum formerkjum sem safnið var tileinkað „alþýðulistamönnum“.[5]

Áherslur í starfsferli Níelsar eru af tvennum toga; tími hans og vinna hefur farið í gerð eigin myndlistar og í að draga fram og kynna verk annarra, bæði menntaðra listamanna og þeirra sem hann kýs að kalla alþýðulistamenn. Æviverk hans liggur í þessu samspili. Sífelld skörun á milli þessara tveggja sviða

4 Hér er vísað í viðtal sem Ólafur Gíslason tók við Níels í tilefni sýningar sem hann hélt í Nýlistasafninu árið 1986, þeirrar fyrstu eftir Parísartvíæringinn (Ólafur Gíslason 1986: 9).

5 Bragi Ásgeirsson lýsir safninu og áherslum þess vel eftir að það flutti á Svalbarðsströnd í grein sem hann skrifaði í *Morgunblaðið* sumarið 1998 (Bragi Ásgeirsson 1998).

vekur spurningar, annarsvegar um merkingu höfundarins í samtíðar-listinni og hinsvegar um mörkin á milli listar og annarra skapandi starfa í samfélaginu.

Höfundur og höfundarverk

Ein áhrifamesta umfjöllunin um höfundarhugtakið frá liðinni öld er grein franska tákn- og bókmenntafræðingsins Roland Barthes frá 1968, „La mort de l'auteur" (Barthes 2002), sem þýdd hefur verið á íslensku sem „Dauði höfundarins" (Barthes 1991). Í greininni ræðst Barthes að valdi höfundarins til að ákvarða og skilgreina; hann færir fyrir því rök að ákvörðunarvald — *authorité* — höfundarins yfir textanum sé ekki til staðar. Eftir að höfundurinn hefur látið textann frá sér sé hann svo gott sem dauður; eftir sitji munaðarlaus texti sem lesandinn er frjáls um að túlka og setja saman, án tillits til fyrri ætlunar höfundarins. Að mati Barthes er það því tungumálið sjálft, eins og það birtist í verki höfundarins, sem talar og tjáir sig: „c'est le langage qui parle, ce n'est pas l'auteur" (Barthes 2002: 41). Annað atriði í merkingu höfundarins, sem Barthes ræðst gegn, er hugmyndin um frumleika höfundarins. Barthes telur að öll skrif séu í reynd ekki nema endursamsetning á því sem þegar er til; höfundurinn dragi til sín það sem hann þekkir og veit, og vinni með. Þetta efni verði hinsvegar aldrei að neinu nýju, það sé ekkert nýtt undir sólinni. Það sem Barthes gerir, með hinu táknræna drápi á höfundinum, er að benda á að það sé í reynd samhengi verksins sjálfs og samspil þess við þann veruleika sem tungumálið er sem sé forsenda skilnings lesandans á merkingu þess og áhrifum. Áhrifa höfundarins og ætlunar hans gætir ekki lengur; hér er það í reynd verkið og táknaður veruleiki þess í samhengi tungumálsins sem talar. Verkið er því ekki lengur miðill sem ber ætlun höfundarins til móttakara, sem er lesandinn, heldur er eins og það mæli sjálft í tengslum við samhengi sitt innan menningarinnar. Í þessu samhengi, segir Barthes, hefur ritarinn tekið við af höfundinum og starf hans felst í því að raða óteljandi textabrotum og tilvísunum þannig að úr verði samhangandi texti sem lesandinn tekur við og vinnur áfram með (Barthes 2002: 43–44).

Fljótlega eftir að Barthes birti grein sína um dauða höfundarins tók franski heimspekingurinn Michel Foucault höfundinn, merkingu hans og mikilvægi, fyrir í fyrirlestri sem hann flutti á ráðstefnu hjá Sociéte Française de Philosophie í janúar 1969 (Foucault 1983). Foucault tók upp þráðinn þar sem Barthes lauk sinni hugleiðingu; hann tekur undir það að höfundurinn sé í reynd fjarverandi í textanum, að hann eyði sjálfum sér við gerð verksins í þágu orðræðunnar sem taki við og beri „ætlunina" í kjölfarið. Foucault telur þessa niðurstöðu þó ekki þýða að umræðunni um höfundinn sé lokið, heldur gefi

þessi niðurstaða þvert á móti kost á því að hefja rannsókn á mikilvægi hins fjarverandi höfundar. Hann heldur því fram að þótt höfundarins gæti ekki í reynd í verkinu sé höfundarmerkingin þó mikilvægur þáttur í flóknu samspili verksins og veruleikans. Til að skýra tilveru höfundarins í verkunum notar Foucault hugtakið *auteur-fonction*, „höfundarverkan“. Þótt höfundarins gæti ekki beint í verkinu þá hefur það að merkja verkið höfundi margslungin áhrif. Höfundurinn og það sem hann stendur fyrir ræðst af þeim verkum sem honum eru eignuð; höfundarmerkingin skapar viss tengsl á milli verkanna sem skapar þeim sérstöðu innan táknkerfisins eða tungumálsins. Höfundarverkanin er lykill að margræðni textans; höfundurinn er í þessu skyni aldrei einn eða ákvarðaður heldur inniber hann margskonar sjálfsvísanir eftir afstöðunni til textans og með tilliti til lesandans. Höfundarverkanin tengir því verkin en gerir þau jafnframt á sama tíma margbrotin og klofin í tilliti sínu og afstöðu þess sem kallað er höfundur (Foucault 1983: 13–28).

Til að tengja umræðuna við myndlistina er áhugavert að skoða umfjöllun heimspekingsins Henri Lefebvre um hugtakið *œuvre* í bók sinni *Le production du l'éspace* (Lefebvre 2000: 83–86), eða *Framleiðslu rýmisins*. Í bókinni ræðir hann um það hvernig rýmið, eða umhverfi mannsins, verður til í efnislegri og huglægri merkingu. Hann nýtir sér breiða merkingu franska orðsins yfir verk, œuvre, og hvernig merking þess nær bæði yfir listaverkið sjálft og það safn verka sem er höfundarverkið. Í umfjöllun hans er því um að ræða skoðun á höfundarverkan, en án höfundar. Í skilningi Lefebvre er skýrasta dæmið um verkið í þessari merkingu fólgið í náttúrunni; verkið er fyrir honum það sem einkennist af sífelldum margbreytileika, þar sem aðgreining þátta og atriða er ekki fyrirfram gefin. Þetta getur einnig birst í borginni sem menningarleg samstæða rýmis, sem er „einstök frumleg og upprunaleg“ (Lefebvre 2000: 89). Hann leggur áherslu á verkið til mótvægis við framleiðslu, *production*. Í framleiðslu ræður stöðlun ríkjum og þar er mikilvægt að sameiginlegur mælikvarði gildi um sem flesta þætti rýmisins. Í verkinu á þetta hins vegar ekki við, sérhvert atriði er fyrirfram sérstakt og einstakt; verkið er ekki fyrirfram skilgreinanlegt eins og framleiðslan er.

Lefebvre notar hugtökin *domination*, yfirráð, og *appropriation*, ráðstöfun[6],

6 Um íslenska þýðingu á *appropriation* þarf að taka tillit til merkingarvísana hugtaksins í frönsku. Bein merking er yfirleitt ólögmæt yfirtaka á eignum annarra. Í þeirri merkingu er orðið meðal annars notað um ritstuld en einnig um eignarnám opinberra aðila í almannaþágu. Lefebvre nýtir sér þá merkingu en jafnframt að orðið sjálft er nafnorð dregið af sögninni *approprier* sem þýðir að laga eitthvað þannig að það passi eða eigi saman, sem aðlögun. Hér er reynt að fara bil beggja með því að nota orðið „ráðstöfun“ yfir *appropriation*, en það er í samræmi við þýðingu í íðorðaskrá endurskoðenda.

til að túlka nánar afstöðuna til framleidds rýmis og rýmis sem verks eða œuvre (Lefebvre 2000: 191–195). Hugtökin lýsa aðkomu fólks að verkinu. Þau eru um það hvernig og hvort fólk nýtur þess rýmis sem verkið skapar, með ráðstöfun, eða hvort það er brotið á bak aftur og umbreytt í framleitt rými, með yfirráðum. Þegar ráðstöfun á sér stað er stigið varlega til jarðar og ekki reynt að brjóta verkið undir hið framleidda rými, heldur er verkinu eins og ráðstafað til bráðabirgða. Yfirráðin reyna hinsvegar á skipulegan hátt að brjóta verkið undir sig og umbreyta því endanlega og óafturkræft. Þegar reynt er að beita hugmyndinni um *yfirráð* á höfundarverkið samsvarar það því að það sé lokað, skilgreinanlegt og takmarkað heildarsafn verka höfundar. Hugmyndin um *ráðstöfun* er hinsvegar meira í anda þess að höfundarverkið sé virkt og síkvikt, þegar það verður til og vinnur verk sín í áhorfandanum eða lesandanum.

Franski heimspekingurinn Jean-François Lyotard, ekki síður en Barthes, vantreysti valdi höfundarins til skilgreininga því hann taldi að það vald ætti sinn þátt í uppbyggingu og viðhaldi stigveldis, reglu og röðunar í samfélaginu. Eins og Lefebvre leitaði hann að opnari og virkari skilgreiningu á höfundarhugmyndinni og verkinu. Í síðari verkum sínum tekst hann á við þessar hugmyndir á gagnrýninn hátt og nýstárlegan. Í grein sinni „Idée de un film souverain" veltir hann því fyrir sér hvort hægt sé að hugsa sér listaverkið, eða kvikmyndina sem er umfjöllunarefni hans í þessu tilviki, sem „fullvalda" (*souverain*), sem hlut sem hægt væri að halda utan við efnahagskerfið og víxlverkun þess þannig að það væri óháð ákvörðunarvaldi þess. Fyrir Barthes hefði slíkt sjálfstæði verksins ekki verið mögulegt vegna þess að efnahagskerfið og táknkerfið eru fyrir honum tengd órofa böndum. Þess vegna verður verkið, þegar það er búið til, sjálfkrafa hluti af því kerfi sem það er búið til í. Lyotard, á hinn bóginn, sér fyrir sér að verkið gæti orðið fullvalda þannig að því sé ekki stýrt af því kerfi sem það tilheyrir, vegna þess að það tekur ekki þátt í þeirri sölumennsku sem fylgir vöruskiptum markaðarins. Þegar verkið er ekki lengur þátttakandi í markaðskerfinu, hefur höfundurinn ekki lengur ákvörðunarvald: „Viðburðurinn er ekki lengur framleiddur af höfundinum, heldur kemur hann fyrir hann (Lyotard 2000: 221)." Viðburðurinn, sem er listaverkið í þessu tilviki, er þannig eitthvað sem *gerist*, en ekki eitthvað sem höfundurinn fyrirskipar eða framkvæmir beint. Þannig verður verkið skilgreint á forsendum ráðstöfunar, en ekki yfirráða, það á í þessum skilningi ekki þátt í skiptum markaðar eða táknkerfa. Lyotard vinnur síðar með svipaðar hugmyndir í fyrirlestri sem hann flutti árið 1993, „Le fait pictural aujourd'hui" (Lyotard 2012: 224–239) eða „Myndgjörðin í samtímanum". Þar ræðir hann hvernig málverkið hlýtur líf

í samtíðarlistinni þegar „vitrun“ (*apparition*) leysir „birtingu“ (*apparence*) af hólmi. Þegar vitrun á sér stað er höfundurinn ekki einn um að byggja upp einstaka hugmynd verksins sem hann kemur síðan á framfæri, eins og á við þegar höfundarverkið er birt eða sýnt. Þess í stað vinnur höfundurinn með táknræna þætti og efniskennd sem mynda umgjörð verksins. Sköpun verksins er þannig hugsuð sem ferli þar sem ætlun listamannsins leiðir af sér verkið, skref fyrir skref. Verkið er þannig búið til í uppgötvunarferli sem er að mörgu leyti opið og utan þess sem tengja má við ætlun listamannsins. Verkið sem leiðir af þessu ferli verður óháð listamanninum þegar því er lokið, eins og það er óháð áhorfandanum. Skynjun verksins verður álíka vitrun hjá höfundinum sjálfum eins og hjá öðrum áhorfendum. Verkið sem vitrast er þannig fullvalda og óháð því umhverfi sem það er sprottið úr, valdakerfinu, efnahagskerfinu eða því kerfi sem höfundurinn og listin er (Lyotard 2012: 238). Það er því spurning hér, sem við komum til með að víkja nánar að síðar, hvort aðferðir Níelsar þegar hann byggir upp samhengi safns með verkum ónafngreindra, óþekktra og þekktra listamanna leiði í sýningarskipulaginu til fullvalda listar þar sem mörk höfunda og völd hafa í reynd gefið eftir.

Mörkun sem kerfi

Á tvíæringnum í París árið 1980 sýndi Níels tvö verk, *Dessinez-moi un mouton* (Teiknaðu fyrir mig kind) og *Pardon, mon petit* (Fyrirgefðu litli vinur) sem voru dæmigerð fyrir list hans á þeim tíma. Grunnþema þeirra var svonefnd „tæming“, þar sem hann einbeitti sér á kerfisbundinn hátt að því að tæma, eða fullnýta alla formræna möguleika vissrar hugmyndar (Ólafur Gíslason 1986). Fyrir sýninguna í París vann Níels hinsvegar með afar sterka íslenska vísun, þar sem hann birti áhorfendum á kerfisbundinn hátt alla möguleika á því að marka sauðfé. Jafnframt því að birta tæmandi teikningar af möguleikum fjármarka sýndi hann einnig skyggnur með ljósmyndum af bændum að marka, samhliða markinu sem verið var að marka með. Þetta verk er fjölþætt; í grunninn er Níels að vinna út frá hugmyndinni um merkingu sem slíka; kerfi eyrnamarka á fé hefur frá landnámi verið nauðsynlegt til auðkennis á eignarhaldi bænda á fé sínu í íslensku bændasamfélagi (Sveinbjörn Rafnsson 1974: 89). Markakerfið er hefðbundið og byggir á vissum aðferðum við að skera í eyru sauðfjár, ýmist eitt merki eða fleiri í hvort eyra. Þótt ímynda mætti sér að kerfið mætti þróa og breyta á ýmsa vegu hefur reyndin orðið sú að sömu táknaðferðirnar hafa verið notaðar frá aldaöðli. Trúlega gæti það tengst tengingu markanna við tungumálið; hvert merki á sér nafn. Þannig er hægt að segja frá því hvert markið er án þess að sýna það. Markið er þannig skylt

tungumálinu, nema hvað hér er um myndrænt merki að ræða. Í reynd er því markið í samræmi við fyrri verk Níelsar þar sem myndrænar forsendur sem byggðu á formkerfi voru tæmdar og allir möguleikar nýttir á kerfisbundinn hátt. Í markinu er fólgin hagnýt og efnahagsleg nauðsyn, það er táknkerfi sem einnig er grunnur myndhugsunar sem bændur tengja hinsvegar ekki við myndlist. Því má líta á markið sem hefðbundna aðferð bænda til að takast á við „verk" náttúrunnar, í skilningi Lefebvres; í samhengi náttúrlegs rýmis heiðanna var markið aðferð til „ráðstöfunar" fremur en „yfirráða" heiðanna, vegna þess að það gerði það að verkum að ekki var þörf á girðingum eða annarskonar afmörkun á heiðum;[7] í staðinn var afmörkunin tengd hverju dýri beint og yfirráðin fólust í því að sérhvert dýr var beitt ofbeldi.

Verkin sem Níels vann fyrir sýninguna í París voru tvö og tengdust bæði kerfi eyrnamarka. Annar hlutinn sýndi yfirlit yfir eyrnamörkin sett upp í kerfi, ekki ólíkt áherslum Níelsar þegar hann tæmdi möguleika ákveðinnar formrænnar breytingar. Auk yfirlitsins voru í þessum hluta nokkrar myndir þar sem tvö og tvö eyrnamörk voru sýnd til að draga fram myndrænar áherslur þeirra og gerð. Þetta verk hét *Dessinez-moi un mouton,* „Teiknaðu fyrir mig kind". Hitt verkið voru myndfletir þar sem birtust annarsvegar 4 ljósmyndir sem sýndu bónda marka lamb, hinsvegar 5 myndir sem byggðu á lambinu á einni af ljósmyndunum. Á þessum myndum var línuteikning af lambinu þar sem dregin höfðu verið fram ákveðin atriði höfuðs skepnunnar, nasir, munnur eða augu — þau atriði sem gáfu dýrinu persónuleika. Það verk hét *Pardon, mon petit,* „Fyrirgefðu litli vinur".

Dessinez-moi un mouton er setning tekin úr bók Antoine de Saint-Exupéry, *Le Petit Prince.*[8] Þannig tengir Níels verkið við eitt þekktasta bókmenntaverk Frakka. Í kaflanum þar sem setningin kemur fyrir biður litli prinsinn sögumann um að teikna fyrir sig kind. Fyrstu þrjár tilraunir sögumanns til að gera það reynast hinsvegar alveg ófullnægjandi, þar til hann í bræði ákveður að teikna kassa og segja prinsinum að kindin sé í kassanum. Þá fyrst var prinsinn ánægður með myndina af kindinni (Saint-Exupéry 2001: 3–7). Nálgun Níelsar á þetta viðfangsefni hlýtur því að teljast vera fremur kaldhæðin; í stað þess að bjóða áhorfendum upp á kassa með loftgötum sem sýnir mátt tungumálsins til að tákna hvað sem er, býður Níels upp á teikningar af kindum þar sem markið

7 Hér þarf að taka fram að rætt er um markið sem hefðbundið tákn og hvernig það var fyrr á öldum notað til að merkja geldfé það og sauði sem ekki voru í fylgd smala og gekk frjálst á heiðum. Markið þjónaði sama tilgangi til að merkja fé sem ef til vill slyppi úr haldi smalanna og var því þekkjanlegt á heiðum.

8 Nafnlaus ritrýnir á þakkir skildar fyrir að benda höfundi á þessa tengingu, enda er hún mikilvæg fyrir breiðari skírskotun verksins.

táknar kindina sjálfa, eyrnamarkið sem jafnframt er eignamark. Hér er táknunin ekki ævintýraleg og barnsleg heldur hluti-fyrir-heild, í kerfi þar sem ofbeldi er beitt við mörkunina. Í stað þess að teikna ímyndaðan stað fyrir kind eru teikningar Níelsar ítrekaðar teikningar í kindina sjálfa, merking lífverunnar í afskræmingu eyrna hennar. Hér snýst myndin um yfirráð verunnar. Það er sú mynd sem snýr að áhorfendum í Frakklandi. Þeirra afstaða verður því ólík viðhorfi þeirra sem þekkja forsendur bændasamfélagsins sem notar þessa aðferð til að forðast yfirráð landsins. Í stað aðferðar sem sýnir landinu virðingu setur Níels fram ofbeldisfullan leik sem sýnir kerfisbundið söguleg yfirráð mannsins í nafni eignarréttarins yfir náttúrunni.

Sýning Benedikts Eyþórssonar

Árið 1992 stýrði Níels sýningu í Nýlistasafninu, sem þá var í sínum upphaflegu húsakynnum í bakhúsi við Vatnsstíg 3b. Titill sýningarinnar er lýsandi fyrir það sem bar fyrir: *Fundin form á verkstæði Benedikts Eyþórssonar, trésmiðs.*[9] Níels átti engin verk sjálfur á þessari myndlistarsýningu sem hann stýrði til minningar um Benedikt, eða Skíða-Bensa eins og hann var gjarnan kallaður, stuttu eftir að hann lést. Gripirnir á sýningunni voru allt verkfæri sem Benedikt, sem lengi rak trésmiðju á fyrstu hæðinni í húsnæðinu sem Nýlistasafnið starfaði í, hafði smíðað til þess að auðvelda sér vinnuna við smíðarnar. Þegar smiðjunni var lokað og hreinsað til í húsnæðinu fyrir nýja starfsemi valdi Níels það sem honum þótti áhugavert og markvert úr því sem að öðrum kosti hefði kallast rusl. Níels hélt þessum munum til haga, mundi hvaðan þeir komu, og lagði á sig að skilja upphaflegan tilgang höfundar þeirra, smiðsins. Á sýningunni tók hann þessa muni fram og stillti þeim skipulega upp á veggjum sýningarsalarins. Níels breytti hlutverki þeirra; í stað þess að vera hjálpartæki við smíði urðu þessir smíðisgripir Benedikts „fundin form". Níels var ekki höfundur smíðisverkanna í þessu tilviki, heldur hafði hann tekið muni Benedikts og sýnt í nafni hans. Hann eignar Benedikt smíðina og merkir sýninguna ekki sér sjálfum. Aðgerð Níelsar við framkvæmd sýningarinnar var því að koma höfundarverkan á hluti sem áður höfðu ekki verið verk, í listrænum skilningi, og því án höfundarverkanar. Á sama tíma breytir Níels hlutunum úr verkfærum yfir í „fundin form", nokkuð sem er í sögulegu samhengi myndlistar vísun í „fundna hluti" (*objet trouvé*) sem felur í sér sérstaka aðgerð innan myndlistar.[10] Fyrir Benedikt höfðu þessir hlutir

9 Upplýsingar um sýninguna eru byggðar á samtölum við Níels Hafstein auk gagna og ljósmynda í skrám Nýlistasafnsins.

10 Hér er áhugavert að vísa í ritgerð Margaret Iversen, „Found Object, Readymade, Photograph"

verið sérútbúin tæki sem nýttust við smíði skíða og innanstokksmuna. Það voru þau smíðisverk sem voru fyrir honum höfundarverk. Munirnir sem Níels fann voru fyrir Benedikt ekkert nema verkfæri sem í reynd misstu tilgang sinn þegar smíðinni var lokið og þeirra var ekki lengur þörf. Þegar Níels bjargaði þessum munum úr ruslinu sem skilið hafði verið eftir þegar verkstæðinu var lokað gaf hann þeim þannig tilgang á ný. Hann bjó hlutina til sem verk þar sem formræn áhersla var dregin fram, áhersla sem bar með sér sterka tilfinningu og vísun í ómeðvitaða tjáningu. Í þeirri aðgerð dró hann einnig Benedikt sjálfan fram sem ómeðvitaðan höfund tilfinningaþrunginna hluta. Þannig verður *höfundarverkanin* sem Níels eignar Benedikt einnig til sem fundið form. Aðgerð Níelsar fól því í sér að draga fram „fundinn listamann", þar sem höfundarverkanin var fyrir fram ómeðvituð, en augljós um leið og búið var að draga hana fram.

Áður en Níels hélt þessa sýningu á verkum Benedikts Eyþórssonar hafði hann þegar skipulagt nokkrar sýningar á því sem hann kaus á þeim tíma að kalla „æskulist".[11] Þetta voru sýningar á verkum fólks sem almennt naut ekki viðurkenningar sem listamenn, þótt það hafi unnið af mikilli einlægni og krafti við listsköpun (Aðalsteinn Ingólfsson 1991). Myndlist þessara listamanna, sem Níels á síðari árum hefur kosið að nefna „alþýðulistamenn" er að mörgu leyti sjálfsprottin og fyrir utan framleiðslukerfi listarinnar: skóla, stofnanir og sölugallerí. Þetta eru listamenn sem Níels gerði að skjólstæðingum sínum, fólk sem hélt sig oftar en ekki til hlés með listsköpun sína og hafði sjaldan uppi áform um sýningarhald eða almenna viðurkenningu. Níels fór höndum um verk þessa fólks af áhuga og hafði unnið að því um nokkurt skeið að stofna sérdeild innan Nýlistasafnsins sem einbeitti sér að æskulist, að sýna og vernda sem safneign verk alþýðulistamanna. Þetta safn er það sem seinna lagði grunninn að Safnasafninu (Ólafur Engilbertsson 1993). Í störfum sínum með alþýðu-listamönnum lagði Níels sig fram við að koma þeim á framfæri sem listamönnum á þeirra eigin forsendum og gera þannig veg

frá 2004 þar sem hún bendir á sérstöðu fundinna hluta í list súrrealista, þar sem þessir hlutir fela í sér sérstaka tengingu við undirmeðvitundina. Þeir draga þannig fram tilfinningaþrungna merkingu sem ekki er í reynd fólgin í ásýnd þeirra (Iversen 2004: 48–49).

11 Árið 1993, eða tveimur árum áður en Safnasafnið varð upphaflega til, hafði Níels stofnað sérstaka deild fyrir það sem hann kallaði „æskulist" í Nýlistasafninu (Ólafur Engilbertsson 1993). Níels notaði hugtakið æskulist á þessum tíma um alþýðulistamenn sem oft voru komnir á efri ár en störfuðu að gerð listaverka og listhluta af miklum ákafa. Notkun hugtaksins yfir slíka listamenn, sem oftar en ekki hafa verið kallaðir „naive" eða „næfir" sætti töluverðri gagnrýni á þessum tíma, eins og til dæmis í umfjöllun Aðalsteins Ingólfssonar í gagnrýni á sýningu sem Níels setti upp árið 1991 í Nýlistasafninu. Aðalsteinn leit svo á að hugtakið „æskulist" væri villandi um listaverk fólks sem oftar en ekki var komið á efri ár (Aðalsteinn Ingólfsson 1991). Níels féll síðar frá notkun hugtaksins og notar nú fremur víðtækara hugtak, „alþýðulistamenn", yfir þá ómenntuðu listamenn sem Safnasafnið sýnir.

þeirra sem mestan. Þetta var einn þáttur í safnauppbyggingarstarfi hans, að auka veg þeirra á vettvangi myndlistar með því að tengja þá innan safnsins við aðra listamenn sem höfðu hlotið viðurkenningu sem slíkir. Sýningin á verkum Benedikts þjónaði sama tilgangi. Þó gekk hún lengra í því en flestar aðrar slíkar sýningar. Í flestum þeirra fólst sýningarstarfið í því að vekja athygli á alþýðulistamanni sem áður hafði ekki notið virðingar sem höfundur; í sýningunni á verkum Benedikts Eyþórssonar varð til höfundur þar sem enginn var fyrir. Hér hafði fagmennskan leitt af sér nýja og óvænta vídd í verkfærum Benedikts, vídd sem fólst í því sem kalla mætti fornleifar safnbyggingarinnar sjálfrar og voru leifar verkstæðis Benedikts. Níels safnaði munum saman og birti þá áhorfendum í nafni höfundarins til þess að heiðra minningu þess sem bjó þá til. Á vissan hátt er hér um að ræða að safnið sjálft væri að birta sjálft sig sem veru, að verk Bensa væri það sem safnið hefði sjálft knúið úr iðrum sínum og sýnt þannig það sem bjó í undirstöðum þess áður fyrr. Níels hafði þá þegar, í starfi sínu við að byggja safnið upp, fjarlægst þungamiðju listrýmisins, vinnustofu listamannsins, en í staðinn lagt undir sig allt safnið sem starfsvettvang. Í þeim gjörningi sem sýningin á fundnum formum Benedikts var, fólst viss staðfesting á þessum breytta starfsvettvangi. Þegar fyrra vinnurými og starfsemi í safnbyggingunni, trésmíðaverkstæðið, birtist í sýningu í samhengi nýs hlutverks hússins, sem verk á sýningu í safni í minningu þess sem fyrr starfaði í húsinu. Þannig verður sýning á fundnum formum sem geta að vissu leyti talist forvitnilegir, en eru ekki listaverk sem slík, að sýningu sem birtir okkur safnið sjálft og þann jarðveg íslensks smáiðnaðar sem er viss grundvöllur slíkrar starfsemi.

Hér hefur Níels ráðstafað hagnýtum hlutum og yfirfært þá yfir á svið myndlistar. Með því hefur hann jafnframt gert verk smiðsins sem einungis voru ætluð sem ósýnilegur hluti smíðaferilsins að höfundarverki og smiðinn þannig að höfundi. Ætlun Benedikts við smíðarnar, óyrt og efnisleg, er nú orðin höfundarmerking undir höfundarheiti Benedikts Eyþórssonar. Hefði Benedikt lifað til að sjá hlutina í því samhengi má án efa ætla að það hefði vakið honum allnokkra furðan. Í ráðstöfun Níelsar felst því ekki einungis staðfesting á fullveldi þessara verka gagnvart höfundi sínum, heldur býr ráðstöfunin til höfundarverkan þar sem engin var fyrir. Það kemur því í þessu tilviki ekki neitt annað til greina en fullveldi verkanna og því ljóst að höfundarverkanin er það eina sem gerir hlutina að eiginlegum listaverkum. Hér er tvöföld aðgerð í gangi; höfundarverkan Níelsar við val á fundnum hlutum verður grundvöllur nýrrar heildar sem er tilbúin. Í sömu aðgerð á sér stað höfundarverkan Benedikts um þessa fundnu hluti. Í þessu tilviki staðfestir

aðgerðin hugmyndir Foucaults um höfundarverkanina sem margbrotinnar í viðmóti sínu til þess sem kallað er höfundur.

Sýndarmunir

Haustið 2012 hélt Níels Hafstein sýningu undir heitinu *Viðkvæmur farangur II* í Nýlistasafninu, eftir langt hlé frá sýningarhaldi í Reykjavík (Hlynur Helgason 2012b; Delicate Luggage II; 2012). Um var að ræða sýningu sem var að hluta til yfirlit yfir feril Níelsar og að hluta til sýning á nýjum verkum. Segja má að eldri verkin hafi þjónað sem tenging við feril listamannsins, sem unga kynslóðin þekkti ekki lengur, og verið þannig nauðsynleg undirstaða nýju verkanna. Nýju verkin á sýningunni voru um margt óvenjuleg. Að megninu til var um að ræða fundna muni sem fólu í sér sjónrænan blekkingarleik af ýmsu tagi. Á meðal þessara verka var til dæmis bláleit málmskál með málmspíral innan í sem flaut ofan á spegli; hér var verk þar sem segulkraftur hélt skálinni í sviði þar sem hún snerist mjúklega um öxul sinn. Annað verk var einfalt: plastlinsa með rákum sem virkaði þannig að þegar gengið var fram hjá henni virtist spíralmynstur í glerinu vera á hreyfingu. Á meðal slíkra muna var ein ljósmynd, titluð *Augnskolun*, þar sem ung stúlka sem var að skola annað augað með þar til gerðum bolla birtist áhorfandanum. Þessi mynd virkaði eins og lykill að sýningunni í einfaldleika sínum; það var sem áhorfendum væri boðið að hreinsa skynjun sína með verkunum. Verkin buðu upp á leik með skynjunina. Þessi nýja sýn beindist í fyrsta lagi að hlutunum í sýningunni sjálfri, en bauð ekki síður áhorfendum upp á vitrun, nýja sýn á umheiminn.

Þeir sem þekkja til Níelsar við afgreiðslu á Safnasafninu sjá fljótt samræmi milli þess starfs og sýningarinnar í Nýlistasafninu. Þar tekur hann á móti gestum í móttökunni og kynnir fyrir þeim safnið, hugmyndirnar á bak við það og þær sýningar sem eru uppi. Að þessu loknu, sér í lagi ef börn eru viðstödd, á hann til að skipta yfir í annarskonar viðmót sem byggir á safni hans af skemmtilegum tækjum og hlutum sem byggja á tækni eða sjónhverfingum. Hann kynnir fyrir fólki virkni þessara hluta sem byggja á sjónrænum eða eðlisfræðilegum forsendum. Að vissu leyti er þessi performans þungamiðja í safninu, afhelgun á forsendum þess og útvíkkun yfir í aðra og hversdagslegri hluti en fólk á almennt að venjast í safnastarfi.

Þetta starf Níelsar í móttökunni á sér reyndar hliðstæðu sem er áhugaverð í listsögulegu samhengi; það er í sýningum Marcel Duchamps á sjónar-spilaplötum þeim sem hann bjó til og kallaði *Rotorelief*. Bandarískí listfræðingurinn Rosalind Krauss lýsir því skemmtilega, í bók sinni *The Optical Unconscious,* hvernig Duchamp leigði sér bás á messu uppfinningamanna í París snemma

á fjórða áratugnum til að kynna þessa sjónuppgötvun sína. Þar var hann að sögn nokkuð vandræðalegur að taka á móti fólki: „Eins og brosandi sölustúlka“ (Krauss 1993: 97). Í þessu verki vann Duchamp á grundvelli hugmynda sinna um að aðgreina listaverkið frá höfundinum. Þarna voru hlutir sem hann hafði sjálfur hannað — plötur með margskonar hringmynstrum sem verkuðu á augu áhorfenda þegar þær snerust þar sem litir og form runnu saman í óstöðuga sýn. Þetta voru hlutir sem Duchamp hafði látið framleiða fyrir sig og í básnum á sýningunni var hann í hlutverki „sölustúlku“. Hér voru því hlutir sem voru ólíkir fyrri *ready made* eða tilbúningsverkum Duchamps þar sem iðnaðarframleiddir hlutir voru á skipulegan hátt settir í samhengi myndlistar til að hafa áhrif. Tilbúningarnir voru aðferð Duchamps til að grafa undan hugmyndinni um höfund, til þess að aðskilja sig sem höfund frá verkinu. Þar liggur grundvöllur arfleifðar Duchamps, þess sem kallað hefur verið *The Duchamp effect*, Duchamp-effektinn, þar sem verkan listaverksins er skipulega aðskilin frá höfundinum sem slíkum í skipulegri aðgerð þar sem verkin bera hvorki persónueinkenni eða mark höfundarins (Iversen 2004: 47–48). *Rotorelief*-gjörningurinn var ekki tilbúningur í þessum skilningi. Hann byggði þó í verkan sinni á hliðstæðu við tilbúninginn; þegar Duchamp kemur fram á sýningu uppfinningamanna með muni sína, þá er gjörningurinn í heild — tækin, plöturnar og persóna Duchamps á staðnum — til þess gerður að aðskilja listamanninn og höfundinn Duchamp frá verknaðinum. Verkið er byggt á almennri fagurfræðilegri hugsun sem leggur meira upp úr sjónarspili en innihaldi. Í því að vera aðskilið listamanninum felast því áhrif þess og fullveldi.

Leikföngin sem Níels sýndi í Nýlistasafninu árið 2012 eru samansafn af fundnum skynrænum tækjum. Þetta er iðnaðarvarningur sem þó felur ekki í sér gagnrýna afstöðu eins og í tilviki tilbúninga Duchamps. Þetta eru fundnir hlutir sem eru þó ekki tilfinningalega hlaðnir eins og fundnir hlutir voru í verkum súrrealistanna. Verk Níelsar falla ekki auðveldlega að þessari flokkun. Í staðinn felast áhrif hlutanna í samhengi sínu og tengingu við önnur verk á sýningunni — sem leiðir beinlínis af höfundarverkan Níelsar. Það er þessi höfundarverkan sem gerir samsetningu hlutanna að „verki“ og sameinar þetta annars ósamstæða safn sjónrænna furðuhluta. Í þessari aðgerð í samhengi sýningarinnar felst ráðstöfun þessara hluta í skilningi Lefebvres. Á hinn bóginn verða þeir ekki að verkum á sama hátt þegar Níels performerar með þá í afgreiðslu Safnasafnsins; þar eru þeir einugis til fyrir sjónarspil sitt og verða þannig hluti af þeim karakter sem Níels gefur safninu, en verða ekki fyrir áhrifum höfundarverkanarinnar. Þannig vinnur Níels á tvennan hátt með þessa muni; annarsvegar með því að raða þeim saman í samhengi sem

er listrænt og þar sem höfundarverkan hans sjálfs tengir hlutina þótt persóna hans sé þar ótengd; hinsvegar í því að nota sömu eða samskonar hluti sem furðuleg fyrirbæri og án ráðstöfunar eða höfundarverkanar í persónulegum leik sínum í afgreiðslunni. Í fyrra tilvikinu er um ráðstöfun að ræða og þar verða hlutirnir óvænt settir í innbyrðis samhengi sem á forsendum Lyotards er bæði óvænt vitrun og fullvalda. Í því síðara eru þeir undirseldir þeim yfirráðum sem felast í persónu þess sem performerar og háðir því samhengi; birting hlutanna er að sönnu sjónarspil en jafnframt fyrirsjáanlegt þar sem þessir hlutir eru núna notaðir til þess sem þeir voru frameiddir fyrir.

Niðurlag

Hugmyndir og vangaveltur samtíðarfræðimanna um höfundarhugtakið í víðri merkingu eiga sér að mörgu leyti, eins hér hefur verið fjallað um, samhljóm í þáttum sem tengjast list og ævi Níelsar Hafstein. Þegar hann vann ungur með kerfi fjármarka fyrir verkin sem hann gerði fyrir Parísartvíæringinn 1980 fólst í því hliðstæða við fyrri verk hans, þar sem hann vann út frá ákveðnu kerfi og tæmdi möguleika þess. Þegar hann tók kerfi fjármarkanna og vann með þau á álíka máta, þá fólst í því ráðstöfun – að hætti Lefebvre – sem jafnframt hafði þá verkan að byggja verkið upp sem fullvalda einingu. Kerfið sem verkið byggði á hlaut sjálfstæða verkan sem varð aðskilin frá höfundinum og óháð honum. Höfundarverkanin var ekki í þessu tilviki að skapa heild úr aðskildum listaverkum, heldur var hún safn skyldra aðgerða sem tengdi saman ólík táknkerfi.

Þegar Níels vann síðar sýningu upp úr fundnum hlutum úr fórum Benedikts Eyþórssonar varð höfundarverkanin tvöföld. Í fyrsta lagi tengdust þessir ótengdu hlutir saman í verk sem átti sitt undir höfundarmerkingu Benedikts; í öðru lagi byggði þessi heild – listaverk *og* höfundur – á höfundarverkan Níelsar. Sýningin sótti kraft sinn og áhrif að miklu leyti til þess að höfundurinn Níels Hafstein stóð fyrir henni. Í sýningunni í Nýlistasafninu árið 2012 ráðstafaði Níels fundnum hlutum sem eigin höfundarverki, hlutum sem hann dagsdaglega dró fram í allt öðru samhengi til að skemmta gestum í afgreiðslu Safnasafnsins. Í sínu nýja samhengi tengdust þessir hlutir öðru höfundarverki hans og öðluðust þannig sína höfundarverkan. Hlutverk þeirra var að bjóða upp á nýja og óvænta sýn undir merki augnskolunar. Hér var áhorfandanum boðið upp á fullvalda sýn þar sem hann gat annaðhvort litið gagnrýnið á hlutina og efast um listrænan tilgang þeirra – eða lifað sig inn í vitrunina sem fylgdi ráðstöfun þessara muna fyrir tilstilli höfundarverkanar Níelsar Hafstein.

HEIMILDIR

Aðalsteinn Ingólfsson. 1991. Æskulist aldraðra. *DV*, 16. janúar.

Barthes, Roland. 2002. *Oeuvres complètes: Livres, textes, entretiens: 1968–1971*. Seuil, Paris.

Barthes, Roland. 1991. Dauði höfundarins. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir (ritstj.): *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskíj til Foucault*, bls. 174–180. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Bjarghildur Stefánsdóttir. 1983. Dýnamít. *Tíminn*, 18. nóvember.

Bragi Ásgeirsson. 1998. Safnasafn. *Morgunblaðið*, 20. maí.

Deleuze, Gilles og Félix Guattari. 1980. *Mille plateaux. Capitalisme et schizophrénie* 2. Éditions de minuit, París.

Delicate Luggage II. 2012. *Nýló*. Vefsíða. Sótt 15. apríl 2014 af http://nylo.is/english/ index.php?option=content&task=view&id=237&Itemid=240.

Foucault, Michel. 1983. Qu'est-ce qu'un auteur? *Littoral* 9: 3–32.

